



RÍKI TRÖLLANNA

Rae St. Clair Bridgman


Þýtt af Halldóru Tómasdóttur

RÍKI TRÖLLANNA

RÍKI TRÖLLANNA

Rae St. Clair Bridgman

Þýtt af Halldóru Tómasdóttur



Copyright © 2024 by Rae St. Clair Bridgman

All rights reserved.

Translated from *The Kingdom of Trolls* published by FriesenPress 2023.

[English edition first published in Canada by Sybertooth Publishing in 2011.]

This is a work of fiction. Names, characters, places, and incidents are used fictitiously or are the product of the author's imagination. Any resemblance to actual persons, living or dead, is entirely coincidental.

No part of this publication may be reproduced in any form, or by any means, electronic or mechanical, including photocopying, recordings, or any information browsing, storage, or retrieval system, without permission in writing from the author.

ISBN

978-1-7782893-0-9 (eBook)

Juvenile Fiction, Fantasy & Magic



www.raebridgman.com

THE MIDDLEGATE BOOKS

THE SERPENT'S SPELL

AMBER AMBROSIA

FISH & SPHINX

THE KINGDOM OF TROLLS

*SAXA ET RUPES - QUALES RES
NISI DENTES ET OSSA GIGANTUM MORTUUM
VIVANT GIGANTES!*

HNULLUNGAR OG STEINAR - HVAÐ ERU ÞEIR ANNAÐ
EN TENNUR OG BEIN LÖNGU LIÐINNA TRÖLLA?
TRÖLLIN LENGI LIFI!



EFNISYFIRLIT

Persónur sögunnar

Það sem hefur gerst hingað til

Kafli I	Hörmulegur dagur
Kafli II	Galdur
Kafli III	Örlagaríkur föstudagur
Kafli IV	Leiður laugardagur og ógæfusamur sunnudagur
Kafli V	Púslhöll
Kafli VI	Svindl
Kafli VII	Fjár sjóðsleit Fjólu frænku
Kafli VIII	Að Grunion torgi
Kafli IX	Fullkomlega úr lagi gengið
Kafli X	Stórt (eða ættum við frekar að segja lítið) ævintýri
Kafli XI	Lögmál hinna slæmu fréttu
Kafli XII	Alheims akabradabra
Kafli XIII	Fyrirgangur á Aðalstræti (Þar fór nágrannakærleikurinn)
Kafli XIV	Iðnaðarnjósir
Kafli XV	Frú Rósa og félagar
Kafli XVI	Leynardómsfulla askjan
Kafli XVII	Gamlir steinar
Kafli XVIII	Níu klukkutímar og níu mínútur
Kafli XIX	Jómfrúarferðin
Kafli XX	Auga drekans
Kafli XXI	Snarlið
Kafli XXII	Fleiri undarlegir, óhuggulegir og skelfilegir hlutir
Kafli XXIII	Skinn og bein
Kafli XXIV	Hótel Galdur

Kaflí XXV	Ferðaáætlunin
Kaflí XXVI	Ritstofan
Kaflí XXVII	Fyrir löngu síðan
Kaflí XXVIII	Föst í tíma
Kaflí XXIX	Smá útúrdúr
Kaflí XXX	Á meðan ...
Kaflí XXXI	Einstakt
Kaflí XXXII	Undarleg hreyfing
Kaflí XXXIII	Innan hins fullkomna
Kaflí XXXIV	Skrýtið og skrýtnara
Kaflí XXXV	Furður Íslands
Kaflí XXXVI	Tröllahellir
Kaflí XXXVII	Gýgurin
Kaflí XXXVIII	Heilagi steinninn
Kaflí XXXIX	Tunga ufsagrýlunnar
Kaflí XL	Tveir hringir
Eftirmáli	
Um höfundinn	

PERSONUR SÖGUNNAR

REPE AUT ARESCE. CADE AUT NATA
VOLA AUT DECEDE VITA. CURRE AUT PERI.

SKRÍDDU EÐA VISNAÐU. SÖKKTU EÐA SYNTU
FLJÚGÐU EÐA DEYÐU. FLÝÐU EÐA ÞÚ ERT ALLUR.

William (Wil með einu li) Wychwood

Frændi Soffíu með andlitið alsett freknum, brúnan hárlubba og sömu dökku möndlulaga augun og Rue frænka. Missti foreldra sína sem barn og varð heimilislaus þegar amma hans dó í dularfullum eldsvoða. Þá flutti hann í lítið, hrörlegt múrsteinshús við Hálfmánagötu, hús sem byggt var úr samtíningi af svörtum, brúnum, ljósgulum, dimmrauðum og bláum múrsteinum. Upp að húsinu lá steinlagður stígur hálf kaffærður í rósa- og rifsberjarunnum. Hann býr nú hjá frænkum sínum þeim Fjólu, Rue og Soffíu. Þegar greyið strákurinn kom fyrst til fræknanna vissi hann blessunarlega ekkert um að hann væri af galdramönnum kominn langt aftur í aldir. Tvo hluti skilur Wil aldrei við sig: dularfulla svarta medalíu og gullhring. Talið er að þessir hlutir hafi verið í eigu ævagamals, galdrafélags sem kallaðist Snákakedjan. Og ekki megum við gleyma því að gæludýrið hans er snákurinn Esmé. Svo margar bækur eru yfirleitt í rúmi Wils að sjaldnast er pláss fyrir hann í því. Óseðjandi lestrarhestur eða hvað!

Soffía Isidor

Frænka Wils. Líkt og Wil varð hún munaðarlaus sem smábarn þegar foreldrar hennar hurfu við mjög dularfullar kringumstæður. Óteljandi teikningar eftir hana veggfóðra vegg, loft og jafnvel spegilinn í herberginu hennar. Hún er jafnmikil hetja og Wil og er oft hálfu til heilu skrefi á undan honum. Já, og á meðan ég man! Takið eftir gleraugnaumgjörðinni hennar. Liturinn á henni breytist stundum snögglega, alveg eftir því í hvernig skapi Soffía er.

Fjóla frænka

Fjólublátt hár, fjólubláir kjólar, fjólubláir skór ... hjá Fjólu frænku er allt fjólublátt. Að vísu litaði hún einu sinni hárið á sér eldrautt fyrir Valentínusarveislu nágrennans en það var algjör undantekning. Viðskiptaáætlun hennar Fjólu frænku framtíðarspár hefur slegið í gegn í Aðalstræti. Fjóla frænka er gjörn á að nöldra í Soffíu og Wil en auðvitað hefur hún aðeins gott eitt í huga. Hún er skyld Rue frænku á einhvern fjarlægum og undarlegum hátt. Kannski eru þær þremmenningar eða eitthvað því um líkt?

Það er best að minnast á notalegan vana sem hún hefur. Hún spjallar við alla hluti eins og þeir séu lifandi hvort sem það eru gleraugun hennar eða leirtauðið.

Rue frænka

Trúföst systir Cyrils Isidors. Á hverju kvöldi tendrar hún kerti í þeirri von, sama hversu veik, að hann birtist aftur einn góðan veðurdag. Hún vinnur í Leyniráðinu um stöðu töfravera (LSTV til styttingar) og ber allar heimsins áhyggjur á herðum sér. Þrátt fyrir það virðist einhver léttleiki í göngulagi hennar þegar herra Bertram er til staðar. Þykkar gráar fléttur eru einkenni hennar.

Bartholomew Bertram

Náinn vinur föður Wils. Fyrrum eigandi Fornbókaverslunar Pirsstle og Bertrams í Toronto. Nú er hann yfirbókavörður í Middle Gate bókasafninu. Hann spænir í sig töfratexta um ýmis óskiljanleg málefni, svo sem um samhliða ummyndanir í víddum, grundvallar aðferðafræði og ósýnileika. Hann vitnar stöðugt í hina ýmsu höfunda þótt tilvitnanirnar og þar af leiðandi skilningurinn séu stundum óljós.

Beatriz og Phinneas Bain

Tvíburasystkin, bæði mjög freknótt. Þau eru langbestu vinir Soffíu og Wils og svo skemmtilega vill til að þau búa í stóra gamla húsinu við endann á Hálfmánagötu, nærri ánni. Þau þrátta góðlátlega allan liðlangan daginn en traustari vini er ekki hægt að hugsa sér.

Cadmus

Ástkær köttur Soffíu. Hann hefur gaman af því að leika sér að samankuðluðum teikningum Soffíu sem hafa hafnað á gólfinu. Hann hefur átt það til að liðsinna á afdrifaríkum augnablikum með því einu að vera köttur. Hvort hann er töfrum gæddur eða ekki skiptir ekki máli. Hann er ótvíráð persóna í bókinni.

Cyriel Isidor

Faðir Soffíu, bróðir Rue frænku og góður vinur Bartholomew Bertrams. Hann var einu sinni orðafræðikennari Gruffuds og eyddi frítíma sínum í að leita uppi gömul handrit. Fyrir mörgum árum var hann ákærður fyrir morðið á yfirbókaverði Middle Gate bókasafnsins. Málið vakti mikla athygli og var forsíðuefni dagblaðanna í margar vikur, sérstaklega eftir flóttu hans, að því er talið var, úr Púslhöllinni (Steinveggja fangelsinu)

og skyndilegt og óvænt hvarf hans. Málið var aldrei upplýst en ég er hrædd um að margir í Middle Gate muni enn eftir þessum bletti á fjölskyldunni.

Esme

Félagi Wils. Esme er eggjasnákur með enga venjulega krafta. Þótt erfitt sé að geta sér til hvað snákar hugsu, því snákar fara sínar eigin leiðir, en gerum við það svo sem ekki öll, þá er ljóst að dyggari vin en Esme á Wil varla.

Alba O

Hún er ráðgáta, háttsett í Snákakeðjunni og tengist alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Þetta er í raun allt sem um hana er vitað. Ó, jú. Hún er með hvítt hár og stingandi blá augu og virðist birtast á ólíklegustu stöðum. Er það tilviljun? Hmm ...

Frú Oleander

Nágranni Soffíu og Wils sem virðist aldrei geta sagt neitt gott um nokkurn skapaðan hlut. Örugglega illskeyttur og fúllyndur fýlupoki. Af hverju þetta illa innræti?

Eldveiðarar

Þetta er viðeigandi heiti á þeim sem sjá um að halda uppi töfralögum og -reglum. Þeir gegna einnig lykilhlutverki í því að dylja tilvist MiddleGate fyrir umheiminum. Fólk hræðist þá almennt vegna hugarrannsóknaraðferða sem þeir ráða yfir. Algengasta aðferð þeirra er að nota reyk en hann ruglar alla, sem anda honum að sér, í ríminu. Rauðar skikkjur þeirra gera andlit þeirra óljós og eykur það enn á ótta þeirra sem þurfa að hafa eitthvað saman við þá að sælda.

Hazel Wychwood

Amma Wils en hann hann hafði það gott hjá henni þar til hún fórst í dularfullum bruna. Hún hafði óbeit á töfrum og leit svo á að þeir væru eitthvert hókus þókus rugl. Hún leyfði Wil ekki einu sinni að lesa stjörnuspána í blöðunum.

Ivy and Virgil Wychwood

Foreldrar Wils. Samkvæmt ömmu Wils fórust þau bæði í alvarlegu bílslysi þegar Wil var smábarn. Ivy fjarlægðist því miður systur sína Rue eftir að hún giftist Virgil Wychwood þvert á óskir fjölskyldunnar. Ef til vill spilaði þar einnig inn í andstyggð Hazel Wychwood á töfrum. Virgil Wychwood, Cyril Isidor, Bartholomew Bertram og Rufus Crookshank voru æskuvinir, það er að segja, allt þar til Rufus hneigðist til hinna svörtu lista.

Isabelle Isidor

Móðir Soffíu var listamaður og giftist Cyril Isidor. Niðurbrotin vegna skyndilegs hvarfs eiginmannsins og ásakananna á hendur honum, hvarf hún dag einn á dularfullan hátt dag og hefur ekkert spurst til hennar síðan.

Lucretia Daggar

Aðstoðardeildarstjóri í Leyniráðinu um stöðu töfravera (LSTV). Hún hefur gert líf Rue frænku í vinnunni að hreinu helvíti. Það er deginum ljósara að þessi kvenmaður ætlar sér eitthvað illt. Varið ykkur á háum pinnahælum, náhvítri húð og hári sem er dökkt eins og tunglskinslaus kvöldhiminn.

Adderson galdramaður

Sá kennari sem Soffíu og Wil finnst leiðinlegastur við Gruffudsskóla. Hún er þekkt fyrir vægðarlaust og harðbrjósta viðmót, beinabert andlit og oddhvasst nef. Adderson galdramaður kennir talnafræði og er sannfærð um yfirburði talna og ótvíræð áhrif þeirra á alla þætti mannlegs lífs.

Quartz galdramaður

Leikjameistarinn í Gruffudsskóla. Hress kennari með þrumandi rödd. Hann krefst þess að nemendur hans leggi stund á námið jafnvel á brennheitum sumardögum. Gefið gaum að snákahúðflúrinu og fléttunum þremur í skegginu.

Radix galdramaður

Grasafræðikennari við Gruffudsskóla og býflugnabóndi skólans. Góðhjartaður náungi sem er jafn breiður og hann er hár. Grunur leikur á að hann kjósi fremur félagsskap dýra og plantna en manna. Hann talar við plönturnar, spilar tónlist fyrir

þær og skírir þær meira að segja. Katarína, snákaplanta með leðurkennd, sverðlaga blöð, hefur verið í fjölskyldu hans í næstum sjötíu ár.

Terpsy galdramaður

Klárlega uppáhaldskennari Wils við Gruffudsskólann. Einstakur hæfileiki Terpsy til að rugla fyrstu stöfunum í orðum veldur því að nemendur við skólann halda vikulega keppni um hver getur safnað flestu terpsyrugli. Eftirminnilegasti ruglingur hennar er án efa: Ég sakka hléstaklega til að vita upp á hverju þú finnur næst!. Hvernig þekkirðu hana? Hún hefur eitt blátt og eitt brúnt auga og þríhyrningslaga gleraugu.

Tibor galdramaður

Uppáhaldskennari Soffíu við Gruffudsskóla. Tibor galdramaður sérhæfir sig í kortafræði (það eru fræðin um kort og landafræði heimsins). Hann lýkur öllum setningum með löngu hmmm – aðlaðandi ávani sem jaðrar við að vera óþolandi. Kort, stjörnukort og frásagnir af minnisverðum atburðum fylla hvern krók og kima í kennslustofu hans og skrifstofu. Loftið er ekki einu sinni undanskilið. Hann er einnig ákafur sandfræðingur og safnar sandsýnum frá öllum heimshornum. Gleraugu hans eru hálfmánalaga með dökkbláum glerjum og eru stanslaust við það að detta af nefinu á honum.

Skelch ráðherra

Ráðherra í Ráðuneyti um stöðu töfravera (RSTV) og næsti yfirmaður Rue frænku. Hann á óviðjafnanlegt safn plussloppa. Hann er ótrúlegur gortari og hefur mikið álit á sjálfum sér. Hann hefur þó einn veikleika sem hann leynir vel þótt Wil gruni eitthvað. Hann er haldinn snákafælni, aumingja maðurinn. Þetta þýðir að hann er logandi hræddur við alla snáka, jafnvel fræga snáka eins og Esme.

Peerslie gægir

Staðardraugur á Miðgarðsbókasafninu. Núna heyrirðu í honum, en ekki núna (hann er sem sagt ósýnilegur). Hann er kallaður gægir vegna þess að hann gægist oft yfir öxlina á fólki og klárar heimavinnuna þeirra, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Aðvörun: Hann er mikill stríðnisþúki.

Portia og Portius

Sögufrægur hliðvörður með tvö steinhöfuð eða réttara sagt eitt höfuð með tvö andlit. Hefurðu heyrt um Janus, guðinn í rómverskri goðatru með andlitin tvö, sem gætir hliða, innganga, upphafs og endis. Hliðvörðurinn tvöfaldi býr, eða líklega væri réttara að segja, er ofan á súlunni við inngang skólans. Hann er um það bil fimm hundruð ára,

að minnsta kosti í núverandi birtingarmynd sem hliðvörður, því hann var hluti af upprunalega skólanum í Bretlandi. Þótt Portíus stígi í vænginn við sína ástkæru Portíu næturlangt þá rifast þau oft heiftarlega (þau myndu án efa ekki kalla það rifrildi heldur rökræður) um næstum því allt, hversu fátánlegt sem það hljómar, sem tengist grjóti á daginn. Þau hafa oft hjálpað Soffíu og Wil úr klípu. Jafnvel þótt þau virðist ekki eiga mjög auðvelt með að verja hlið skólans í raun og veru, því margra tonna steinstöpull hreyfist ekki auðveldlega úr stað, þá er betra að gæta sín á snákafléttunum og snákaskeggi Portíusar.

Rufus Crookshank

Alræmdur glæpamaður sem er snillingur í dulargervum og flóttaleiðum. Leyninafn hans er Snákurinn í grasinu og er það tilvísun í hið forna galdraleynifélag Snákakeðjuna. Hann talar alltaf um sjálfan sig í fleirtölu. Þegar hann vill leynast þá á hann það til að hverfa af yfirborði jarðar. Hann er alls ekki aðlaðandi maður. Erfitt er að festa hönd á einhverjum atriðum sem auðvelda manni að þekkja hann en þú skalt gæta þín ef þú hittir einhvern sem talar með áberandi s-hljóði.

Snákakeðjan

Fornt leynigaldrafélag í Evrópu. Tilvist þess er hægt að rekja allt aftur til miðalda. Leynardómsfullir og duldir helgisíðir, sem aðeins hinir innvígðu þekkja, eru stundaðir í félaginu. Utanaðkomandi geta gleymt því að sækja um! Ungir galdramenn læra með því að framkvæma – syntu eða sökktu, flýðu eða deyðu, hlauptu eða þú ert allur – skilurðu hvað ég er að fara? Síðan gerðist það sem alltaf gerist – dálitlar mútur hér, smá svindl þar, spilling, hið illa spillir því góða, þú veist hvað ég á við. Þeir sem valdið höfðu ofsóttu alla sem ekki voru með þeim í liði. Leynifélagið var leyst upp með valdi, meðlimir teknir höndum og fangelsaðir að eilífu ... eða drepnir. En hvað kemur þessi forna saga okkur við í dag? Talið er að Snákakeðjan sé komin aftur og það alla leið til Miðgarðs. Þú vilt ekki flækjast í keðjunni!

Snákarnir í Narcisse

Meinlausir sokkabandsnákar sem þekkjast á rauðri rák eftir bolnum endilöngum (fræðiheiti: *Thamnophis sirtalis parietalis*). Þeir safnast saman á hverju hausti, dvelja í þúsunda tali í kalksteinshellum yfir veturinn og þegar vorar birtast þeir þúsundum saman. Hvergi annars staðar í heiminum safnast svona margir snákar saman. Án snákanna í Narcisse væri Miðgarður ekki til og þar með væri enga sögu að segja.

Ursula von Scrum

Málar andlitsmyndir af fólki. Augu fólksins í myndum hennar virðast fylgja þér. Það er dálítið óhugnanlegt. Hún er með mjög langar rauðar neglur, málaðar bogadregnar augabrúnir, munnurinn á hennir hreyfist varla þegar hún talar (og talandi um hreim). Það er ótrúlegt að hún skuli geta málað með þessar hræðilegu neglur. Hvernig fer hún að því?°

ÞAÐ SEM HEFUR GERST HINGAÐ TIL ...

„Hvað ef svarta medalían virkar eins og áttaviti,“ spurði Soffía „og beinir þér í þá átt sem þú átt að fara, líkt og Pólstjarnan? Ég spyr vegna þess að þegar þú snýrð hringnum og medalían snýst hratt þá birtist stjarnan.“

„Svo snákurinn, býflugan og nú fiskurinn eru öll skref í þá átt að við nálgumst stjörnur,“ sagði Wil hægt. Hann sneri svörtu medalíunni við og leit á tóman silfurþríhyrninginn á hinni hlið hennar. „Hvað ætli það séu mörg skref í viðbót?“

[Úr *Fiskurinn og Svingsinn*]

Snúðu svörtu medalíunni hans Wils og þá sérðu að silfurörin og silfurþríhyrningurinn mynda fimmarmastjörnu. Með hverju nýju ævintýri birtist pínulítið gulltákn á töframedalíunni.

Fyrst var það snákur en Wil og Soffía koma í veg fyrir að snákunum frá Narcisse sé slátrað. Með hjálp Esme, gæludýrasnáks Wils, verður banvænt einvígi glefsandi dreka hápunktur dagsins.

Þá birtist býflugan. Snákakeðjan ætlaði að stela töfrahunanginu frá býflugum Miðgarðs. Soffíu og Wil tókst að bjarga býflugunum en það mátti ekki tæpara standa.

Og síðan fiskurinn. Vegna aðgerða dularfullrar konu að nafni Steinbýtar króast Wil og Soffía inni í vatnstanki, í ísköldu vatninu. Á síðustu stundu bjarga þau Höll Purpuraprýðinnar frá Snákakeðjunni.



KÆFLI I

HÖRMULEGUR DÁGUR

CONDE, PETE
SPECTA, IRA
SECRETUM, MYSERIUM
HEI, STRIDIT
HEU, INGEMISCIT!

ELTINGALEIKUR
GÆGJAST OG STYGGJA
ÓLJÓS DULÚÐ
Æ, ÞAR HEYRIST MARR
Ó NEI, ÞAÐ VAR BRAK!

Fjóla frænka æddi um eldhúsið. „Ég get ekki beðið eftir að segja Elvíru Oleander fréttirnar,“ sagði hún. Mylsna úr bláberjamúffunni hennar dreifðist um allt en Fjóla frænka virtist ekki kippa sér upp við það. „Gott á leiðindabikkjuna. Loksins brosir gæfan við okkur! Rue, trúirðu þessu? Við erum á leið til Íslands!“ Fjóla frænka beit í það litla sem eftir var af múffunni. Rue frænka skælbrosi raunar. Wil hafði aldrei séð hana smyrja svona miklu smjöri á múffuna – og þetta var þriðja múffan hennar! Honum tókst að kreista fram bros (jafnvel þótt það væri aðeins lítið, veiklulegt bros), svo tók hann bréfið varlega af borðinu, hið vítaverða bréf sem bar með sér nokkuð örugga ógæfu Hann vonaði að Soffía væri með áætlun því hugur hans var tómur, jafn galtómur og tunglið sem sást í gegnum eldhúsgluggann. Það var eins og snjád

skýin hefðu þússað tunglið tandurhreit. Það var nakið, tóm, gerilsneytt. Eitthvað hafði farið um það, eitthvað sem hreinsar burt allar hugmyndir sem þú hefur einhvern tímann fengið eða munt nokkurn tímann fá.

Soffía ... liturinn á gleraugnaumgjörð hennar hafði breyst úr hörðum gljáa grýlukerta yfir í leðjubrúnan. Það var augljóst að lítið yrði á henni að græða.

Wil sneri sér aftur að bréfinu og vonaði enn að um einhver risastór mistök væri að ræða.

Kannski höfðu þau ekki unnið.

Kannski var undankomuleið.

Eða kannski var þetta einfaldlega brandari.

Kæra frú Isidor:

Það er okkur mikil ánægja að tilkynna yður að þér hafið unnið hin árlegu verðlaun Fullkominnar framleiðslu. Verðlaunin eru ferð fyrir tvo fullorðna og tvö börn. Allt innifalið.

Til þess að nálgast verðlaunin verður þú að framvísa kassastrimlinum frá Fullkominni framleiðslu og svara nokkrum spurningum.

Ísland, land miðnætursólar og norðurljósa, handanheims landslags auðnar og fegurðar líkt og þú sért stödd á tunglinu. Sjóðandi hverir, eldfjöll, íshellar og svartar hraunmerkur. Land þar sem Íslendingasögurnar lifa. Hetjusögur fylltar töfrum og yfirnáttúrleika verma hjartað og kæla beinin. Ótal söfn, gallerí, tónlistarhátíðir og menningarviðburðir tryggja frábæra Íslandsferð stútfulla af galdri. Allt þetta í boði Fullkominnar framleiðslu hf.

Og munið að einkunnarorð okkar eru: praemonitus, praemunitus – viðbúinn er vígbúinn!

Kær kveðja,

Guðrún Helgadóttir

Frábær ferð til Íslands stútfull af galdri ... en hvað þýddi þetta orð? Af þessu orði og einkunnarorðunum *viðbúinn er vígbúinn* – auk alls sem hinn frægi könnuður Vitellus Albumen hafði sagt þeim Soffíu um Ísland – var ljóst að þessi ferð var hin versta hugmynd.

Daginn sem Vitellus Albumen hafði komið í kortafræðitíma hjá Tibor galdramanni hafði hann sagt þeim allt um Ísland. Varla var hægt að ímynda sér dimmari og villtari stað, óbyggðan og eyðilegan. Ekki lifandi sála svo langt sem augað eygði og himinn og jörð runnu saman í eitt. Sjóðandi heitir hverir sem áttu upptök sín í iðrum jarðar og mörg hundruð ára eldfjallaglæður. Eirðarlausar sálir sem réðust á ferðamenn sem áttu sér einskis ills von og drógu þá niður í djúpar sprungur. Ísland var grýttur staður álíka eyðilegur og tunglið. Daunninn af stropuðum eggjum hvar sem þú ferð. Og sandurinn svartur, svartur sem beinaaska. Það var ljóst af öllu að Ísland var ömurlegasti staður í heimi.

Vitellus Albumen var auk þess einn af örfáum manneskjum sem hafði í raun og veru séð logandi eldfugl í auðnum Íslands og komist lífs af. Honum hafði meira að segja tekist að taka með sér nokkur eitruð blá eldfuglsegg sem hann hafði fundið í yfirgefnu hreiðri.

Fjóla frænka var búin að æsa sig upp í gleðikast og lét móðan mása. „Hvernig skyldi veðrið verða á Íslandi, ég hef heyrt að veðrið breytist frá einni mínútu til annarrar þannig að við verðum líklega að hafa með okkur nokkur fatasett, ó guð, ætli við eigum nógu margar ferðatöskur, kannski Elvíra Oleander geti lánað okkur eina, ég efast þó um að hún hafi nokkurn tíma farið í ferðalag um ævina, ég trúi því ekki að við skyldum vinna ferð á vegum Fullkominnar framleiðslu, hvernig skó ætli við þurfum að taka með okkur, líklega góða gönguskó, hvar ætli við gistum, hversu mikið ætli maður gefi í þjófnefni, maður verður að gæta sín, síst af öllu viljum við móðga einhvern, við verðum að lesa okkur til um þetta áður en við förum, kannski hefur einhver úr Jurtafélaginu verið áður á Íslandi, hvenær ætli við förum, Rue þú verður að láta ráðuneytið vita, ég vona svo sannarlega að þeir láti okkur ekki fara um vetur, það væri miklu skemmtilegra að sumri til, held ég og ætli ég verði ekki að loka búðinni minni þessa viku ...“

Hún hafði greinilega ekki tekið eftir því að hvorki Wil né Soffía höfðu sagt orð.

„Við verðum að koma í veg fyrir þetta,“ hvíslaði Wil, þar sem þau Soffía þrömmuðu þunglega upp stigann síðar um kvöldið.

Þau heyrðu Rue kalla. „Tannburstið ykkur nú, bæði tvö.“

„Þær eru báðar yfir sig spenntar,“ hvíslaði Wil. „En ömurlegur dagur!“



„Ég held að ég viti hvað gera skal,“ sagði Soffía, „en við verðum að flýta okkur, áður en þær koma upp.“

„Hvað?“ spurði Wil. „Hvað ætlum við að gera? Eigum við að skrifa til Fullkominnar framleiðslu og segja þeim að við finnum ekki kassastrimilinn? Eða eigum við að klúðra einföldu spurningunum?“

„Pegiðu og hlustaðu á mig!“ sagði Soffía. „Þú ert með verri munnræpu en Fjóla frænka. Það eina sem við þurfum að gera er að læðast inn í herbergið hennar. Þú manst að hún setti strimilinn í kassann undir rúminu.“

„Þú ert að grínast,“ sagði Wil. „Ég hef aðeins einu sinni áður stigið fæti inn í herbergi Fjólu frænku, í fimm mínútur, þegar hún litaði hárið á sér eldrautt fyrir Valentínusardagsveisluna. Við getum ekki ruðst þangað inn.“

Soffía gretti sig. „Skilurðu þetta ekki?“ spurði hún. „Ef við finnum ekki kvittunina og týnum henni og það fljótt, þá endum við á Íslandi!“

„Allt í lagi þá,“ sagði Wil „ég skil. Í fyrsta lagi: Finna kvittunina, í öðru lagi: Týna henni.“

Dyrnar að herbergi Fjólu frænku voru lokaðar. Þegar Soffía opnaði þær ískraði svo ógurlega í hjörunum að Wil var viss um að báðar frænkurnar kæmu hlaupandi upp. Að vísu hafði hann aðeins séð þær hlaupa einu sinni áður (eða réttara sagt tvisvar) og í bæði skiptin var það þegar snákurinn hans hafði sloppið úr búrinu.

Herbergi Fjólu frænku var fullkomlega fjólublátt. Allt sem mögulega gat verið fjólublátt var það: púðarnir og teppin á himinsænginni, rósóttar gardínurnar, veggfóðrið, náttborðin. Hún var svo hrifin af fjólubláa litnum að hún litaði jafnvel hárið á sér fjólublátt. Hárliturinn var alls ekki daufur heldur þvert á móti skær fjólublár eins og hlaup.

„Ertu viss um að þetta sé góð hugmynd?“ spurði Wil. „Hvað ef hún finnur okkur hér?“

„Við getum sagt að Cadmus hafi læðst inn í herbergið hennar og að við hefðum verið að reyna að ná honum út,“ svaraði Soffía. „Manstu hvað Rue frænka verður alltaf brjáluð út af kattahárunum út um allt hús?“

„En Cadmus er steinsofandi í sófanum niðri,“ mótmælti Wil.

„Ef við hættum að tala og byrjum að leita þá þurfum við ekki að hugsa upp einhverjar afsakanir,“ muldraði Soffía um leið og hún fór á fjóra fætur og kíkta undir rúmið.“ Hafðu dyrnar opnar svo við heyrum ef hún kemur upp.“ Svo hvarf hún undir rúmið.

„Ég sé engan kassa,“ sagði hún kæfðri röddu. Hún bakkaði undan rúminu og lagaði fötin. Ló hékk í hárinu á henni. „Ég fann bara helling af bókum og ég þori að veðja að þær fjalla allar um það hvernig á að reka verslun.“

„Ég skal kíkja,“ sagði Wil og tróð sér undir rúmið. Það var satt. Það voru að minnsta kosti tíu bækur undir rúminu. En í horninu fjærst var eitthvað lítið, ferkantað og dökkt. „Ég sé eitthvað,“ sagði hann.

„Hvað?“ spurði Soffía og kippti í fætur Wils. „Hvað sérðu?“

Wil mjakaði sér hóstandi undan rúminu og bandaði frá sér rykinu. Sigrihrósandi sýndi hann henni það sem hann hafði náð í. Rykugan, gamlan kassa. Það var ljóst að Fjóla frænka hafði ekki opnað hann lengi.

Auðvelt var að opna boxið og í því var hellingur af krumpuðum pappír. Soffía sléttaði úr honum í flýti. „Ekkert bleikt hér en líttu á þetta,“ sagði Soffía og rétti honum gamla, fölnaða ljósmynd.

Þetta var ljósmynd sem hafði verið tekin á sólríkum sumardeg. Á myndinni var Fjóla frænka ung, íklædd gulum kjól með púffermum. Hár hennar var stutt og ljóst. Þetta líktist varla Fjólu frænku, að minnsta kosti ekki þeirri Fjólu frænku sem þau þekktu, en stúlkan á myndinni var með sama villta brosið. Hún virtist brosa við þeim sem tók myndina. Wil velti því fyrir sér hvenær Fjóla frænka hefði ákveðið að klæðast engu öðru en fjólubláu.

„Sjáðu, hér eru nokkur gömul bréf,“ sagði Soffía.

„Við ættum ekki að vera að hnýsast,“ sagði Wil.

En Soffía hafði þegar opnað eitt bréfið. Lítið, þurrkað fjólublátt blóm datt úr bréfinu og niður á gólf.

Elsku Fjóla.

Ég bíð með óþreyju þess dags er við getum loks verið saman.

Skrifaðu eins fljótt og þú getur –

„Þetta er ástarbréf,“ ískraði í Soffíu, og gleraugnaumgjörð hennar skipti úr leðjubrúnum yfir í ljóspurpurarauðan. „Og undir það skrifar *Pinn Magnús*“.

„Þetta er einkamál,“ sagði Wil og óskaði þess að þau hefðu ekki læðst inn í herbergi Fjólu fænku.

„Hvað heldur þú að ger ...“

Soffía og Wil frusu er þau heyrðu hægt, þunglamalegt fótatak á leið upp stigann. Þau heyrðu Fjólu frænku segja: „Ég er viss um að ráðuneytið leyfir þér að fara, Rue.“

„Drífðu þig, settu bréfið aftur á sinn stað,“ sagði Wil skelfingu lostinn. Hann tók blómið upp af gólfinu en það varð að dufti í hendinni á honum. Hann flýtti sér að setja leifarnar í bréfið. „Fullvissaðu þig um að allt sé eins og það var. Fljót!“

Fjóla frænka leit inn í herbergi Soffíu þar sem þau Wil sátu og voru að spila á spil. „Ég hélt ég hefði sagt ykkur að fara að búa ykkur undir svefninn, sagði hún. „Þótt við höfum fengið svona frábærar fréttir þýðir það ekki að þið getið vakað lengi.“ Hún horfði á þau full grunsemda. „Af hverju eruð þið svona rykug?“

„Spilin hennar Soffíu dattu undir rúmið,“ flýtti Wil sér að segja áður en Soffía gat nokkuð sagt. „Ég hjálpaði henni að ná þeim.“

„Jæja ef herbergið þitt er svona rykugt, Soffía, þá verðurðu að fara að þrifa það, ekki satt?“ „Jæja, ég ætti kannski ekki að segja mikið. Ekki langar mig til að sjá það sem er undir rúminu mínu. En fyrst þið minnst á það þá ættum við að þrifa húsið rækilega frá toppi til táar. En við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þrifum í kvöld. Nei, nei, nei, alls ekki. Talandi um ryk og þrif, ég gleymdi að segja ykkur að búið væri að fjarlægja TIL SÖLU skiltið úr glugganum í búðinni við hliðina á minni. Þið munið gömlu ljótu tölvubúðinni sem hefur verið lokað í langan tíma. Loksins fáum við nýja nágranna.“


„Góða nótt, elskurnar mínar. Dreymi ykkur vel. Í rúmið bæði tvö eða þið verðið dauðsyfjuð í fyrramálið.“

„Já, en skólinn er næstum búinn,“ mótmælti Soffía. „Við lærum hvort eð er ekkert nýtt lengur.“

„Auk þess,“ bætti Wil við „þá er enginn skóli á morgun.“

„Hvað, eruð þið strax búin að gleyma prófunum?“ hrópaði Fjóla frænka upp yfir sig. „Þið þurfið örugglega að læra eitthvað fyrir þau. Í rúmið bæði tvö.“

„Hver er nú að ljúga,“ hvíslaði Soffía að Wil um leið og hún tók saman spilin.



KÆFLI II GÆLDUR

*SAXUM FIRMUM.
GUTTA CAVAT LAPIDEM.*

GRJÓT ER HART
SAMT SEM ÁÐUR HOLAR DROPINN STEININN.

Eins og Fjóla frænka hafði spáð voru næstu tvær vikur undirlagðar áhyggjum vegna prófa og próflestrar. Allt snerist um prófin hvort sem það var svefn, draumar eða matur.

Það gafst enginn tími til að hafa áhyggjur vegna hinnar skelfilegu Íslandsferðar. Fjóla frænka var í sínum eigin heimi í Spádómsbúð Fjólu frænku og Rue frænka var önnum kafin í vinnunni í Ráðuneyti um stöðu töfravera (RSTV). Fyrir nokkrum mánuðum hafði hún sótt um stöðu aðstoðar deildarstjóra og síðan þá hafði hún unnið myrkranna á milli. Þótt undarlegt megi virðast virtist ekkert bóla á því að einhver yrði ráðinn í stöðuna.

Þótt Wil og Soffía sætu á hverjum degi á bókasafninu við lestur höfðu þau ekki haft uppi á íslenskri orðabók, til að athuga hvað orðið galdur þýddi. Kannski langaði þau bara ekki að finna hana,

Eitt síðdegi, síðasta fimmtudaginn fyrir skólafrí, höfðu Wil og Soffía, ásamt vinum sínum Phinneas og Beatriz, komið sér þægilega fyrir í fjarsta horni bókasafnsins. Daginn eftir var síðasta prófið þeirra.

Hátt hvolfþak bókasafnsins ásamt teppalögðu gólfinu og bókahillum troðfullum af bókum, sem engum myndi endast ævin til að lesa, jafnvel mörg hundruð ævir, kæfðu hvísl fjórmenninganna. Jafnvel steindir gluggarnir juku á myrkrið, myrkrið sem lampi á hverju borði og stór kristalsljósakróna, sem hékk niður úr loftinu, náðu ekki að minnka.

Bókasafnið var yfirleitt hljóðlátur staður þar sem eina hljóðið sem rauf þögnina var pappírspár og skrif í blaðsíðum þegar bókum var flett. Aftur á móti reyndi húsdraugurinn, Peerslie gægir sitt besta til að koma róti á hlutina þ.e.a.s. einhver stundi eða muldraði reiðilega í hvert sinn sem sá hinn sami uppgötvaði að Peerslie gægir hefði lokið við að fylla eyðurnar í námsbók eða fengið penna, reglustiku eða glósubók lánaða.

Orðafræði var síðasta próf annarinnar. Terpsy galdramaður hafði sagt þeim að þau gætu í raun ekki lært fyrir það. „En ef þið viljið rifja eitthvað upp þá getið þið litið yfir glósumnar ykkar úr köflum I–VI og kafla XIII–XVII í *Galdramálfræði og spjall*. Það getur verið að ég geri nokkrar aukaspurningar fyrir ykkur úr þessum köflum.“

Wil var alveg orðinn ringlaður af því að reyna að muna hvert smáatriði eins og t.d. hvers vegna y væri yfirleitt notað í stað i á töfragripum, hver hefði samið fyrstu bókina um töfraþulur, hvaða ár hann eða hún var handtekinn og hvers vegna.

Herra Bertram gekk fram hjá borðinu þeirra á leið á fund en gaf sér þó tíma til að spjalla örstutt við þau. „Það verður að bæta lýsinguna í þessu horni bókasafnsins,“ sagði hann en bætti svo við „En það má einnig segja að bjarmi ímyndunarinnar vísi veginn. Varið ykkur á birtu ljóssins því hún truflar innblásturinn.“

„Talandi um innblástur, þá þarf ég að taka mér pásu,“ hvíslaði Phinneas. Hann ranghvolfdi í sér augunum og lokaði *Galdramálfræði og spjalli*. „Ég get ekki troðið meiru í hausinn á mér.“ Það birti yfir honum. „Jæja hvað er að fréttu af ferðinni til Íslands? Þið hafið ekki nefnt hana í marga daga. Þið farið er það ekki eða er það leyndarmál?“

„Við viljum helst ekki tala um það, „ sagði Soffía „sérstaklega ekki eftir það sem Vitellus Albumen sagði okkur um Ísland. Auk þess höfum við haft í nógu að snúast í prófunum. Ég hélt ég myndi deyja í morgun í talnafræðiprófinu þegar Adderson

galdramaður bað okkur að skilgreina steinaltari. „Ég hef aldrei heyrt um steinaltari áður, en þið?“

„Steinaltari er fornt borð sem er notað í sérstökum athöfnum,“ hvíslaði Beatriz. „Stór, flatur steinn er lagður ofan á þrjá lóðrétta steina. Þetta er örugglega eitthvað skylt grafhýsi.“

„Hvaða máli skiptir það hvort eð er?“ sagði Soffía niðurdregin.

„Steinaltari er einnig skrifað cromlech. Það var minnst á þetta í einni neðanmálgreininni í bókinni,“ hvíslaði Wil. „Hafið þið ekki tekið eftir því að Adderson er oft með spurningar úr neðanmálgreinum?“

Soffía andvarpaði aftur og lokaði bókinni. Gleraugnaumgjörðin hennar var orðin dökkgrá. Það var ljóst að hún var viss um að henni hefði gengið hræðilega á talnafræðiprófinu. „Sem betur fer var kortafræðiprófið auðvelt. En af hverju setti Tibor galdramaður okkur verkefni fyrir í sumarfríinu? Og hvernig eigum við að safna steinum hér í Miðgarði þegar einu steinarnir sem hér finnast eru undir Brimstone snákunum á Gruniontorgi? Það er ómögulegt að vera steinasafnari og búa í Miðgarði.“

„Það er einn stór steinn hérna fyrir utan,“ benti Phinneas henni á.

„Þú getur ekki rogast með þann risahnullung inn í tíma!“ sagði Beatriz, og lokaði einnig bókinni sinni. Svo bætti hún við dreymandi á svip, „Mér þætti frábært að fá að fara til Íslands. Ímyndið ykkur alla steinana sem hljóta að vera þar! Hverjum er svo sem ekki sama hvað Vitellus Albumen sagði?“

„Já, en hann er einn af mestu landkönnuðum heims,“ sagði Soffía og mátti heyra æsing í rödd hennar. Rauðir deplar sveimuðu um gleraugnaumgjörðina. „Tibor galdramaður sagði það.“

„Viljið þið gjöra svo vel að þegja!“ hvæsti nemandi á næsta borði. „Sum okkar eru að reyna að læra hérna.“

„Við líka,“ svaraði Beatriz og starði á hann á móti.

Phinneas laut höfði og hvíslaði: „Kannski fór Vitellus Albumen aðeins til hluta Íslands, þess hluta þar sem eru sjóðandi hverir og svimandi háir klettar, frosin eyðilönd og egghvasst hraun og allt líkist landslaginu á tunglinu. Ef Fjólu frænku langar svona mikið þá getur þetta ekki verið svo hættulegt. Auk þess gæti verið samasemmerki á milli hættulegs og skemmtunar.“

„Já, einmitt,“ sagði Wil. „Þá eignastu dauða vini.“

„Ja, það hljóta að vera aðrir hlutar á Íslandi sem eru ekki eins, eins ...“ sagði Phinneas.

„Hræðilegir?“ hvíslaði Soffía.

„Einmitt,“ sagði Phinneas. „Og hver segir að Vitellus Albumen sé mesti landkönnuður sem uppi hefur verið?“

„Nú, Vitellus Albumen,“ svaraði Beatriz strax.

„Nákvæmlega,“ hvíslaði Phinneas. „Vitellus Albumen finnst Vitellus Albumen mesti landkönnuður í heimi.“

„Og Tibor galdramanni,“ sagði Soffía þrjúskulega. „Tibor galdramanni finnst það líka.“

„Jæja, þá það. Og Tibor galdramanni,“ endurtók Phinneas vanþakklátur. „Já, en samt. Það virðist eitthvað bogið við þetta, ekki satt? Beatriz Bain finnst Beatriz Bain ...“ Phinneas hikaði og var augljóslega að reyna að láta sér detta eitthvað hnyttið í hug.

„Beatriz Bain finnst Beatriz Bain mesti galdramaður allra tíma!“ sagði Beatriz skælbrosandi.

„Parna sérðu,“ sagði Phinneas. „Hún sagði það og þá hlýtur það að vera satt.“

„Við vorum öll svo upprifin eftir að hann kom í kortatíma til okkar,“ hvíslaði Beatriz, „en vitið þið hvað, við spurðum pabba hvort hann þekkti hann og hann hafði aldrei heyrt hans getið. Svo hló hann.“

„Af hverju?“ spurðu Wil og hækkaði röddina. Hann laut höfði því einhver af næsta borði sussaði á þau.

„Pabbi sagði að Vitellus Albumen væri frekar fyndið nafn,“ hvíslaði Beatriz. „Foreldrar hans hljóta að hafa haft gott skopskyn, og bætti svo við, ímyndið ykkur að sitja uppi með svona nafn.“

„Hvað meinarðu með *að sitja uppi með?*“ spurði Soffía.

„Nú, nafnið hans þýðir Egg Egg,“ svaraði Beatriz.

„Hvað þá?“ hrópaði Wil. „Já, en það er ekkert vit í því!“

Sex nemendur sem höfðu setið við annað borðið í þessu horni bókasafnsins stóðu skyndilega á fætur og tóku saman bækurnar sínar. Um leið og þeir gengu burt muldraði einn þeirra, „Snákablóð, einmitt, þið eruð augljóslega að læra eða hitt þó heldur.“ Wil taldi að þeir væru örugglega níundu bekkingar því þeir voru allir með hvíta og bláa borða.

Wil, Soffía, Beatriz og Phinneas reyndu að vera alvarleg á svipinn, nema Soffía flissaði og Phinneas, muldraði, „Afsakið.“

„Snákafætur, alveg hreina satt,“ hvíslaði Beatriz, „vitellus þýðir egg á latínu.“

„Og albumen,“ hvíslaði Phinneas, „þýðir eggjahvíta.“

„Svo þú heldur að allar sögurnar sem Vitellus Albumen sagði okkur séu uppspuni?“ hvíslaði Wil.

„Við höldum því ekki endilega fram að sögurnar séu ósannar,“ sagði Beatriz.

„Ég heyri ekki hvað þið segið,“ sagði Soffía, og hallaði sér nær Beatriz og Phinneas. „Purfum við enn þá að hvísla?“

„Við höldum því ekkert endilega fram að sögurnar séu ósannar,“ sagði Beatriz aftur herra.

„Ég meina bara, mynduð þið trúá einhverjum sem hétu Egg Egg?“ spurði Phinneas.

„Já en hann sýndi okkur egg eldfuglsins,“ sagði Soffía órugg. „Og Tibor galdramaður er ekki sú eina sem finnst mikið til hans koma. Hvað með herra Egbertine á Eggjasafninu?“

„Herra Egbertine er með egg á heilanum þannig að hann myndi trúá öllu sem maður að nafni Egg Egg segði honum,“ svaraði Phinneas. „Og þótt Vitellus Albumen hafi komið með þessi egg frá Íslandi er ekki þar með sagt að hann hafi fundið þau sjálfur.“

„Kannski keypti hann þau?“ hvíslaði Beatriz.

„Munið að hann sagði okkur í raun ekkert um eldfuglana,“ sagði Wil. „Það er hægt að lesa sér til um öll hin furðudýrin sem hann sagði okkur frá svo sem yetann, sasquatch og ogopogo, en enginn veit í rauninni neitt um eldfugla því þeir eru svo hættulegir, ekki satt?“

„Þú hefur rétt fyrir þér,“ sagði Phinneas. „Við spurðum hann út í eldfuglinn en nú man ég að hann svaraði aldrei þeim spurningum beint. Í raun og veru minnst ég þess ekki að hann hafi sagt nokkurn skapaðan hlut um þá.“

„Fuglarnir verpa bláum eggjum og ef eggin brotna gýs upp eitruð gufa,“ sagði Soffía.

„Já, en við vissum það fyrir og það af eigin reynslu,“ sagði Wil. „Ég sá blátt egg í fyrsta sinn á safni herra Egbertine. Það var varðveitt á bakvið gler og á spjaldi við hlið þess stóð: *Gefandi: Vitellus Albumen.*“

„Wil braut eggið,“ sagði Soffía og hló. „Ekki falleg sjón.“

„Allt í lagi. Við vitum að blá egg eru til,“ sagði Betraiz „og við vitum hvað gerist þegar þau brotna, en vitum við hvort eldfuglar séu til í raun og veru? Þessi egg gætu hafa komið einhvers staðar annars staðar frá. Kannski eru þau ekki einu sinni fuglasegg. En hverjum er svo sem ekki sama. Mergur málsins er sá að mig dauðlangar til Íslands. Af hverju verðið þið ekki kyrr hér og við Phinneas förum í staðinn. Pabbi sagði okkur að Íslendingar væru rúmlega 370.000. Þeir byggju varla í þessu landi ef þar væru bara klettar, eldfjöll og brennisteinspyttir. Fólk þarf að borða. Fólk þarf að lifa.“

„Ísland,“ heyrðist hvínandi rödd segja yfir höfðum þeirra. „Heyrði ég rétt? Nefndi einhver Ísland?“

„Sæll Peerslie,“ sagði Wil, og starði upp í loftið þótt hann vissi fullvel að ómögulegt væri að sjá hinn ósýnilega Peerslie. „Já við vorum að tala um Ísland.“

„Peerslie, varstu búinn að fréttu að Wil og Soffía unnu ferð til Íslands?“ spurði Beatriz. „Þau eru ekkert smá heppin, það eina sem við gerum í sumar er að heimsækja ömmu og afa.“

„Mér er sagt að Ísland sé bæði undarlegt og dásamlegt,“ hvíslaði Peerslie gægir. „Rúnameistarar og nornir, draugar og tröll, álfar og dvergar, huldufólkið, hið hulda fólk. Verktakafyrirtæki hætti við að leggja veg því fyrir var stærðarsteinn sem talinn var heimili huldufólks. Ríkisstjórnin borgaði fyrir að láta fjarlægja steininn.“

„En varið ykkur á tröllunum. Gretta er bros og bros er gretta, en óttist ekki, hlátur er hlátur hvar sem þið eruð stödd!“ Hann hneggjaði af hlátri um leið og hann sagði „Homo gigantus islandicus, eða með öðrum orðum Tröll. Einu sinni var saga um einfætt, einhent og eineygt skrímsli. Þetta var tröll sem reyndi að tæla fólk í sjóinn og drekkja því. Það sauð svo fólkið og át það á staðnum.“

Peerslie sagði þetta með þvílíkri nautn að Wil hryllti sig.

„Og svo eru það hinar sögurnar,“ hélt Peerslie gægir áfram, „sögurnar um hina hræðilegu mannætu Grýlu. Já Ísland er svo sannarlega ríki tröllanna.“

„Jæja,“ sagði Soffía þurrlega. „Þetta eru bara sögur, Peerslie. Tröll eru ekki til.“

„Það getur vel verið að þetta séu aðeins sögur,“ hvíslaði Peerslie gægir, „en þetta eru góðar sögur og mér þætti frábært að fá minjagrip.“

„Auðvitað myndum við færa þér eitthvað,“ svaraði Wil, „líklega steina af því að við þurfum hvort eð er að finna steina fyrir námskeiðið hjá Tibor særingarmanni, það er að segja ef við værum í raun og veru að fara til Íslands, sem við erum ekki!“

Peerslie gægir hló glettnislega og einhver dró bók úr efstu hillunni nærri þeim. Bókin lenti opin á borðinu fyrir framan þau.

„Peerslie, þú ert snillingur,“ sagði Phinneas. „Þetta er orðabók.“

„En Peerslie,“ sagði Wil, „hvers vegna þurfum við orðabók.? Ekki hjálpar hún okkur í prófinu á morgun.“

„Sjáðu hvaða orðabók þetta er,“ sagði Phinneas. „Varstu ekki að segja að þig vantaði íslenska orðabók? Hér er bókstafurinn G.“ Hann renndi fingrinum niður blaðsíðuna og staðnæmdu við orðið Galdur. „Galdur, látum okkur sjá hvað orðið þýðir.“

galdur (k.) töfrar, seiður, fjölkynngi, álög, töfrabrögð. Skyld orð: galdramaður: töframaður, særingarmaður, sjónhverfingamaður; galdranorn: norn, seiðkona.

„Lofaði Fullkomin framleiðsla ekki fullt af galdri í ferðinni?“ spurði Beatriz þar sem þau hölluðu sér öll yfir blaðsíðuna.

„Hvernig getið þið staðist þetta?“ spurði Phinneas með öfundarsvip.

„Kannski er þetta ekkert svo slæm ferð,“ sagði Soffía hikandi en gleraugnaumgjörðin hennar var orðin blá með mjólkurlitum hringiðum.

„Takk Peerslie,“ hvíslaði Wil og leit upp í loft um leið og þau yfirgáfu bókasafnið. Peerslie svaraði ekki, kannski var hann þegar farinn, en Wil tók eftir því að kristalsljósakrónan sveiflaðist fram og til baka – eitthvað sem aldrei gerðist nema þegar Peerslie var nálægur.



Soffía var enn þungt hugsuð yfir orðabókarbragði Peerslies gægis þegar hún sótti skissubókina sína í skápinn. Orðið galdur þyrlandist um huga hennar.

Wil, Phinneas og Beatriz voru þegar lögð af stað heim. Soffía stoppaði hins vegar til að kasta kveðju á Portiu og Portius við skólahliðið þar sem aðrir nemendur ruddust hver um annan þveran til þess að komast burt frá skólanum.

Venju samkvæmt voru steinhöfuðin tvö efst á hliðstólpunum niðursokkin í ákafar samræður. Soffíu fannst ótrúlegt hvernig Portia og Portius gátu enn fundið umræðuefni eftir að hafa verið saman í fimm hundruð ár.

Að þessu sinni snerist deilan um villisteina og hússteina og nokkrir snákanna í skeggi Portíusar hlykkjuðust fram og aftur eins og þeir væru að bíða eftir því að röðin kæmi

að þeim. Soffía hafði aldrei spáð í það hvort steinar væru villisteinar eða hússteinar og gat því ekki staðist þá freistingu að leggja við hlustir.

„Tökum steininn í grasinu þarna sem dæmi,“ sagði Portius. „Hann er augljóslega villtur, hefur eflaust verið þarna síðan á ísöld. Hann er fullkomið dæmi um hið náttúrulega og hefur eflaust verið þarna í þúsundir ára. Bísonuxarnir notuðu hann örugglega til að nudda af sér vetrarfeldinn. Við, aftur á móti, þrátt fyrir að vera langt frá upprunastað okkar, erum tilhogginn og því tamin. Við erum bundin vilja mannanna og þangað til við veðrumst upp eða verðum jafnvel mölvuð ...“

„Aldrei,“ svaraði Portia skelfd á svip.

„Mundu hvað kom fyrir steinufsagrýluna í fyrra,“ sagði Portius. „Jafnvel steinar deyja og hverfa til Sandlandsins.“

„Þetta er aðeins spurning um mælikvarða, elsku Portius,“ svaraði Portia þrjóska. „Örsmá sandkorn fela í sér anda steinsins, þótt það sé aðeins hluti hans ... og ekki reyna að skipta um umræðuefni. Þú varst að gefa í skyn að það væri stéttakerfi meðal steina. Að segja að sumir steinar séu æðri öðrum óháð stærð er dæmi um dómhörku. Um eitthvert stigveldi meðal steina er að ræða, sumir eru náttúrulega magnaðri en aðrir ...“

„Þú ert að leggja mér orð í munn,“ hvæsti Portius. „Ég var alls ekki að segja þetta.“

Soffía skildi við þau í miðju rifrildi og gekk út í heitt síðdegið. Hún gekk að stóra steininum á miðri grasflötinni rétt við inngang Gruffud skóla og ákvað að nema staðar eitt andartak. Þótt þau gengju fram hjá steininum nánast á hverjum degi hafði hún aldrei veitt honum neina athygli. Þetta var svartur hnallungur, næstum jafnstór Soffíu og hvít æð lá í gegnum hann. Brúnir hans voru sorfnar, næstum bónaðar, og glóðu í síðdegissólinni. Steinninn var heitur viðkomu en hvíta æðin köld. „Ertu villisteinn?“ spurði hún. „Ég veit að þú getur ekki svarað mér því þú ert aðeins steinn og steinar geta ekki talað. Það er ekki að marka Portiu og Portius ... það að þau eru lifandi er einhvers konar galdur.“

Soffía hristi höfuðið og hljóp af stað til að ná hinum.



KAFI III

ÖRLAGARÍKUR FÖSTUDAGUR

*TRITA VERBA LUXURIANT:
SUB TECTO TENEBRARUM
TRANQUILLITAS ANTE TEMPESTATEM
QUAESTIO PENDET
NE SUMMA EXPLORATIONE QUIDEM
NIHIL NON FACTUM EST
IN RARUM AETHERA EVANUIT
LOCO VELATO IN MYSTERIO.*

FULLT AF FRÁBÆRUM KLISJUM:
SEM MYRKRIÐ HYLUR
Í LOGNINU Á UNÐAN STORMINUM
HVÍLIR SPURNINGARMERKI
ÞRÁTT FYRIR MIKLA LEIT
ÞAR SEM ÖLLUM STEINUM ER VELT VIÐ
HVARF ÞAÐ ÚT Í BLÁINN
STAÐSETNING ÞESS HULIN.

Blessunarlega heyrði enn eitt skólaárið sögunni til. Tibor særingarmaður óskaði öllum gleðilegs sumars og minnti þau á að koma með alla steina sem voru á einhvern hátt sérstakir til hennar í september. „Munið að skrá ... uhm ... hvar þið funduð steinana, eiginleika þeirra, sögurnar sem eru tengdar þeim og ef mögulegt er, að greina þá.

Terpsy særingarmaður kvartaði tárbot yfir því hvað skólaárið hefði liðið hratt, hversu mikið allir hefðu stækkað, hvað hún myndi sakna þeirra mikið. „Ég hlakka til að lesa allt um semmtilega skumarfríð ykkar þegar þið komið aftur í september,“ sagði hún og ruglaði upphafsstöfunum á sinn einstaka hátt.

Radix særingarmaður gaf Wil og Soffíu krukku af fersku hunangi svo þau færu rétt inn í sumarið eins og hún orðaði það. Adderson særingarmaður gat augljóslega ekki beðið eftir því að sumarfríð hæfist og fjandinn hafi þau fannst Soffíu hún geta lesið úr svip Adderson. Quartz særingarmaður hvatti þau til að halda sér í formi „því ég verð tilbúinn með fullt af nýjum leikjum handa ykkur í haust,“ sagði hann og neri saman höndunum af spenningi.

Fjóla frænka fór alveg yfir um og útbjó föstudagshátíðarkvöldverð til að fagna upphafi sumarfrísins. Bakaðar kartöflur, steiktur kjúklingur, salat, nýbökuð smábrauð og jarðarberja-rabbarbarabaka í eftirrét. Herra Bertram hafði einnig verið boðið og mætti hann með fullan kassa af bókum sem bókasafnið var að afskrá.

Soffía og Wil stukku á kassann.

„Þetta minnir mig á Pirsstle og Bertram's þegar bókakassarnir komu!“ sagði Wil.

Herra Bertram hló og ýfði hárið á Wil. „Ég veit nákvæmlega hvað þú átt við, Wil. Það er eins og það sé snákaöld síðan, finnst þér það ekki? Ég er viss um að amma þín væri ánægð að sjá hvað þér gengur vel hér í Miðgarði hjá frænkum þínum ... og auðvitað Soffíu!“ flýtti hann sér að bæta við þegar hann sá að Soffía ætlaði að setja upp fýlusvip. „Þið finnið allnokkrar merkilegar bækur í kassanum, meðal annars eina bók um söfnun steina um víða veröld.“

„Hérna er hún,“ sagði Soffía. Nokkrir stórir steinar sköguðu út úr bókarkápunni. Þeir leiftruðu þegar hún lyfti bókinni upp. „Hvernig vissirðu að við þurftum þessa?“ spurði Soffía.

„Ég hitti Tibor galdramann í morgun,“ sagði herra Bertram, „og mér datt í hug að þessi bók myndi koma að góðum notum.“

„Þakka þér kærlega fyrir herra Bertram,“ sagði Wil og fletti hratt í bókinni. Hann nam staðar og las: „Sumir telja að steinar bæði andi og hreyfi sig. Þeir séu lifandi verur. Tveir franskir jarðfræðingar halda því fram að það taki steina allt frá þremur dögum upp í tvær vikur að draga andann og að hver hjartsláttur vari í þrjá daga.

Vísindamennirnir hafa tekið ljósmyndir af steinum yfir ákveðið tímabil og geta rökstutt að steinar geti hreyfst um allt að tommu á tveimur vikum.“

Herra Bertram hélt glasi sínu með trönuberjasafanum hátt á loft. „Skál fyrir Soffíu og Wil fyrir að klára öll prófin sín og skál fyrir upphafi sumarfrísins. Erfiðleikarnir eru liðin tíð. Vandræðin á bak og burt. Gæfan brosir við ykkur. Skál fyrir ævintýrum á Íslandi, landi miðnætursólarinnar!“

Rue frænka lyfti safaglasinu sínu, brosti til herra Bertrams og skálaði við hann. Kinnar hennar voru rjóðar og heitar. „Skál fyrir því að erfiðleikarnir séu liðin tíð. Erfiðleikarnir eru liðin tíð og jafnvel þótt ég fái aldrei þessa fjandans aðstoðardeildarstjórastöðu þá er mér alveg sama.“

Glaðvært skvaldur kvöldveislunnar hrakti allar hugsanir um orðfræðiprófið á braut. Að vísu hafði prófið reynst léttara en þau áttu von á því það eina sem þau þurftu að gera í prófinu var að lesa stutta sögu um gjarðarsnákinn. Hann beit í halann á sér og rúllaði á eftir bráð sinni líkt og hjól. Svo áttu þau að líkja þessu atferli snáksins við tvær goðsagnir sem þau höfðu lesið um í kennslustund.

Rue frænka hélt uppi fjörugum samræðum milli bita af steiktum kjúklingi og sopa af trönuberjasafa. Soffía hafði ekki séð hana svona líflega í langan tíma. Hún montaði sig meira segja af því að Ursula von Scrum ætlaði að mála málverk af Fjólu frænku. „Við munum þurfa að hjálpa henni að velja kjól!“ sagði hún.

Soffía tók eftir því að af einhverjum ástæðum virtist Fjóla frænka ekki lengur eins spennt fyrir hugmyndinni, eins og svo oft áður. Áætlunin gekk út á það að Fjóla frænka ætlaði að láta málverkið hanga í búðinni sinni þar sem viðskiptavinirnir gætu séð það og þá myndu þeir spyrja hver listamaðurinn væri. Í staðinn fengi Fjóla frænka málverkið ókeypis. Þetta var frábær áætlun en Fjólu frænku virtist ekki þykja það í kvöld. Hún hafði varla snert matinn sinn.

Rue frænka sagði öllum frá því hvað hefði gerst þennan dag í ráðuneytinu um leið og hún bar fram jarðarberja-rabbarbarabökuna. „Ákveðin manneskja, sem við látum vera ónafngreinda, köllum hana bara frú Pink, kom í ráðuneytið seinnipartinn í dag til að skrásetja naggrísinn sinn. Við skulum segja að hann heiti Snickers. Frú Pink er þess fullviss að Snickers sé töfranaggrís. Hann getur víst orðið skærbleikur en óljóst er hverju það breytir. Greyið litli naggrísinn harðneitaði að skipta litum eftir pöntun. Hann er voða sætur með skær augu og súkkulaðibrúnn á lit. Eigandinn gat hins vegar ekki sannað að naggrísinn hefði í sér einhverja örðu töfrahæfileika auk þess sem hún kom ekki með neina ættbók með dýrinu.“

„Já en við komum ekki með neina ættbók þegar við skráðum Esme,“ mótmælti Wil.

„Esme er frægur snákur og hæfileikar hennar vel skjalfestir,“ sagði herra Bertram. „Aftur á móti er hinn elskaði litli Snickers lítið þekktur. Eina manneskjan sem heldur því fram að hann sé einhverjum töfrahæfileikum gæddur er eigandi hans. Þótt frú Pink haldi því fram að Snickers sé töfranaggrís gerir það hann ekki að töfranaggrís.“

„Ekki bætti úr skák,“ sagði Rue frænka, „að frú Flyboottom hélt að frú Clop, þið munið að þær vinna báðar í leyfisveitinga – og sektadeildinni, ætlaði að fá kast því naggrísinn ..., jæja þið vitið hvað..., út um allt á gljáandi skrifborðinu hennar auk þess sem hann hrein eins og stunginn grís, í orðsins fyllstu merkingu.“

„Á meðan ég man,“ hélt hún áfram, „ég spurði loksins Skelch ráðherra hvort ég gæti fengið frí fyrir Íslandsferðina. Það er ekki alveg öruggt þar sem ákveðinn skilafrestur er í deildinni einmitt í lok júlí. Sumarið er alltaf annasamasti tími okkar, þið vitið þegar skordýrin eru á fullu, en þetta lítur samt vel út.“ Hún brosti til Fjólu frænku. „Ættum við ekki að fara að heyra frá Fullkominni framleiðslu, Fjóla? Hvenær sendirðu þeim kassakvittunina? Það eru örugglega liðnar tvær vikur, er það ekki? Ætli spurningarnar sem við þurfum að svara séu erfiðar? Ég hef heyrt að þær séu yfirleitt ekki erfiðari en $3 \times 5 + 2 - 1$ jafngildir einhverju.“

Fjólu frænku, sem rétt í þessu hafði tekið einn bita af bökunni sinni, svelgdist heiftarlega á honum.

„Wil, náðu í vatnsglas,“ sagði Rue frænka „fljótur.“

„Wil velti glasinu sínu um koll áður en honum tókst að hella í nýtt glas fyrir Fjólu frænku. Hann rétti henni glasið og hún tók þakklát við því.

„Þakka þér fyrir, Wil,“ sagði hún að lokum hásrí röddu.

„Við verðum að fara að ákveða dagsetningu fyrir ferðina okkar,“ sagði Rue frænka þegar allir höfðu komið sér aftur þægilega fyrir í sófanum. „Júlí væri besti tíminn. Ef við bíðum þar til í ágúst ...“

Fjóla frænka hafði enn ekki sagt orð og það var svo ólíkt henni að Rue frænka hætti í miðri setningu. Allra augu hvíldu á Fjólu frænku sem starði á bökuleifarnar á diskinum sínum.

„Uhm ...,“ sagði Fjóla frænka og þurrkaði sér um munninn með servíettunni.

„Þú sendir strimilinn, er það ekki?“ spurði Soffía og fékk skyndilega það hugboð að það væri einmitt það sem Fjóla frænka hefði ekki gert.

Fjóla frænka starði á Soffíu og var á svipinn eins og hún hefði verið slegin utan undir.

„Þú sendir strimilinn?“ endurtók Rue frænka.

Pegar hér var komið titraði hakan á Fjólu frænku.

Herra Bertram spurði lágt „Hvað er að Fjóla?“

Fjólublá gleraugu Fjólu frænku stækkuðu tárivot augu hennar.

„Þú veist ekki hvar strimillinn frá Fullkominni framleiðslu er, er það nokkuð?“ sagði Rue frænka hærrí röddu.

„Ja, ég veit hvar hann er ekki,“ sagði Fjóla frænka veikum rómi.

„Hvað meinarðu með að þú vitir hvar hann er ekki?“ sagði Rue frænka og krafðist svars.

„Ég hef leitað á öllum þeim stöðum þar sem ég er vön að setja hluti,“ sagði Fjóla frænka. Hún dró gult umslag upp úr vasa sínum. „Við fengum annað bréf frá Fullkominni framleiðslu Ef við staðfestum ekki ferðina við þá innan þriggja daga þá missum við af verðlaununum.“

„Þú veist að ég vil ganga frá hlutum, þannig að ... þú skilur... maður getur aldrei verið of öruggur. Einhver gæti brotist inn.“

„En ef þú getur ekki einu sinni fundið hlutina hvernig á þjófur þá að geta það?“ sagði Rue frænka pirruð.

„Fórstu með strimilinn aftur í búðina?“ spurði Wil.

„Nei, Wil,“ sagði Fjóla frænka og það lifnaði aðeins yfir henni. „Ég hefði líklega átt að gera það. Nei, hann er hérna einhvers staðar. Ég veit það.“ sagði hún og virtist verða vissari í sinni sök. „Ég er viss um það.“

„Hefurðu leitað ráða hjá rúnunum þínum?“ spurði Soffía. „Spurðirðu kristalskúluna? Hvað um teblöð? Kannski geta tarrotspilin hjálpað.“

„Þetta er nú ekki svo einfalt, Soffía,“ sagði herra Bertram. „Slíkir hlutir eru aðeins til leiðbeiningar en veita ekki nákvæmar upplýsingar um hvar pappírssnepill er niðurkominn.“

„Til hvers eru þeir þá,“ hrópaði Soffía „ef þeir geta ekki hjálpað Fjólu frænku þegar hún þarf á hjálp að halda. Þetta er ekki sanngjarnt. Það er henni að kenna að við komumst ekki til Íslands.“

Fjóla frænka var niðurbrotin þegar hún heyrði orð Soffíu en Soffíu virtist vera sama.


Soffía renndi sér undir sængina og reyndi að trufla ekki köttinn sinn, hann Cadmus, sem lá endilangur á rúminu. Snoppan á honum var falin undir annarri loppunni og hann hreyfðist ekki einu sinni þótt hún stjakaði aðeins við honum.

Enn var bjart í herberginu þótt sólin væri sest enda klukkan næstum orðin tíu. Soffía lokaði augunum og reyndi að neyða sig í svefn. Henni leið illa yfir því sem hún hafði sagt við Fjólu frænku en reyndi að telja sér trú um að þetta væri Fjólu sjálfri að kenna.

Nú færu þau ekki til Íslands og nú skipti ekki lengur máli að þau höfðu læðst inn í herbergi Fjólu frænku til að stela kassakvittuninni svo þau kæmst ekki til Íslands. Þetta var allt liðin tíð.

Í að minnsta kosti klukkustund fór Soffía í huganum yfir þá staði í húsinu þar sem Fjóla frænka hefði getað falið kvittunina. Frystirinn, undir sófanum, bak við klósettið. Kannski var hún undir klukkunni hans afa, bak við ofninn...

Eftir mikil heilabrot sofnaði Soffía að lokum. Hún svaf órólegum svefni og hana dreymdi að hún væri að leita dyrum og dyngjum að penna til að teikna Brimstone snákana á Grunion-torgi. Pennarnir höfðu allir horfið en hún var svo heppin að finna hrafnshjöldur. Hún dýfði henni í blekbyttuna en allt blekið var búið. Ekki einn einasti dropi eftir.



KÆFLI IV

LEIÐUR LAUGARÐAGUR OG ÓGÆFUSAMUR SUNNUDAGUR

*TURBA, TUMULTUS, TURBATIO.
CALAMITAS, CLADES, STRAGES.
PRIMO UNA RES, ET POSTEA ALIA.
ET QUIS POTEST PRAEDICERE
UTRUM OMNIA TURBATA AN RECTA?
CERTUM EST QUOD
NON POSSUMUS DISSIMULARE
STATUM RERUM DIRUM,
USQUE AD FINEM ACERBUM.*

SAURGAST, RUGLAST, BLOSSAST
FALLA, BROTNÁ OG BRÁÐNA
FYRST EITT OG SVO ANNAÐ
OG HVER GETUR SAGT HVORT ÞEIR BOÐA
ÖFUGT EÐA RÉTT!
EITT ER ÖRUGGT
VIÐ GETUM EKKI LÁTIÐ SEM
ÁSTANDIÐ SÉ EKKI ALVARLEGT,
LÍKLEGA FRAM Í RAUÐAN DAUÐANN.

Laugardagurinn leið í endalausum rigningarúða. Cadmus vafði sig um Soffíu allan liðlangan daginn. Esme gróf sig niður í botninn á búrinu sínu og neitaði að koma út. Wil leitaði með hálfum huga að kassakvittuninni en fór svo að lesa *Stóru bókina um snáka* sem frænkur hans höfðu gefið honum í afmælisgjöf á síðasta ári. Í bókinni voru margar sögur um snáka meðal annars ein mjög skemmtileg um snák sem hafði gleypst dvergflóðhest í heilu lagi og svo ælt honum.

Rue frænka eyddi öllum deginum í að skrifa skýrslu sem átti að vera tilbúin á mánudag. Fjóla frænka var upptekin í eldhúsinu við að þvo upp hreina diska. Hún hlaut að vera mjög æst, hugsaði Wil.

Eftir kvöldmat leitaði Soffía aftur að kassakvittuninni, alveg jafnvonlaus og Wil. Glæraugnaumgjörðin hennar varð dekkri og dekkri þangað til hún var orðin næstum svört. Eftir hálf tíma gafst hún upp á leitinni og það eina sem hún hafði haft upp úr krafsinu var að hún var bara orðin bæði rykugri og skapverri en þegar hún byrjaði að leita.

„Ég vildi óska að þið hættuð að leita að fjárans kvittuninni,“ hreytti Fjóla frænka út úr sér að lokum.

Seint næsta morgun gekk Soffía inn í eldhúsið með teikniblokkina sína eftir aðra svefnlausu nótt. Himinninn var alsettur dökkum skýjum. Hún geispaði og velti því fyrir sér af hverju enginn hefði vakið hana. Fjóla frænka hélt yfirleitt fast í þá reglu að þau ættu að fara snemma að sofa og snemma á fætur, meira að segja þegar þau voru í frí.

Wil sat við eldhúsbordið og starði dapur ofan í skál með hafragraut og púðursykri sem hann hafði enn ekki bragðað á. Hárið á honum líktist illa klipptu limgerði. Hann hafði greinilega sofið illa um nóttina.

Aftur á móti var það sú staðreynd að Rue og Fjóla frænka voru límdar við útvarpið sem skelfdi hana mest. Þær voru náhvítar í framan. Syfjan hvarf á svipstundu. „Hvað er að?“ spurði hún.

„Uss“ sussaði Rue frænka á hana. „Við erum að hlusta á útvarpsþátt Elvis Moxley – eitthvað virðist vera horfið af bókasafninu. Og Bartholomew –“

Ótugtarleg rödd í útvarpinu truflaði Rue frænku. „Velkomin í þátt Elvis Moxley. Það sem er nýtt er það sem er nú. Ó mínir hungruðu áheyrendur. Aldrei er reykur án elds, hræðileg tíðindi selja. Þið eruð að hlusta á Rás 101, nýjustu útvarpsstöðina í Miðgarði.“

Þetta var rödd sem óx og dafnaði á því að gefa eitthvað í skyn. Rödd sem lifði fyrir það eitt að dreifa safaríku slúðri, ósönnnum staðreyndum og stuðla að vænisýki meðal

áheyrenda. Um leið og hún heyrði rödd Elvis Moxley byrjaði Soffía reið að krota í teiknibókina sína.

Wil langaði mest af öllu að slökkva á útvarpinu. Rödd Elvis Moxley sargaði í eyrum hans. Á sama tíma langaði hann samt að hlusta. Hvar var herra Bertram? Hvað hafði komið fyrir hann?

„Finnst ykkur eins og verið sé að leyna einhverju? Leitið þið svara við spurningum? Viljið þið velta við steinum og sjá hvað er að finna? Sláist þá í för með mér í leit okkar að afhjúpanði slúðri. Hvort sem þið leitið slyngra stjórnmalaskýringa, neytendaskýrsla, djarfra afhjúpana eða sjóðandi heitra fréttu, þá er Elvis Mosley ykkar maður.“

„Hér er nýjasta dramað úr Miðgarði. Ómetanlegu og algjörlega einstöku litlu handriti hefur verið stolið úr þeirri deild Miðgarðsbókasafnsins þar sem mjög sjaldgæfar bækur eru varðveittar. Yfirbókavörðurinn Bartholomew Bertram hefur verið ásakaður og situr nú í varðhaldi í Púslhallar fangelsinu. Aumingja herra Bertram ...“

Rue frænka tók andköf og Fjóla frænka hrópaði, „Nöðrublóð!“

Wil hafði aðeins heyrt Fjólu frænku blóta einu sinni eða tvisvar áður. Þar að auki var nöðrublóð eitt það versta sem nokkur gat sagt. Miklu verra en snákablóð.

„Þetta virðist vera áhætta sem fylgir starfi,“ hélt Elvis Moxley áfram eitruðri röddu. „Bókaverðir Miðgarðsbókasafnsins hafa vissulega fengið sinn skerf af vandamálum síðustu áratugi. Þetta eru slæmar fréttir fyrir þá sem dreymir um að verða bókaverðir. Það má meðal annarra nefna ungfrú Heese sem reyndist vera Rufus Crookshank, einn af illræmdustu þrjótum aldarinnar en hann situr nú í varðhaldi. Oswald Persimmons, aumingja maðurinn, sem var myrtur fyrir næstum tólf árum. Cyril Isidor var ákærður fyrir morðið og handtekinn en hvarf tveimur dögum síðar. Málið er enn óupplýst.“ Þau gátu næstum séð Elvis Moxley sleikja út um af ánægju.

„Hvað segja Eldveiðararnir um þessa nýjustu hrakför? Ólyginn segir að textinn týndi hafi verið eign forns leynifélags. Hann var í einkaeigu um aldir en síðan gefinn Miðgarðsbókasafninu fyrir nokkrum árum. Enginn veit hvar hann er nú. Handritið horfna var hér í Miðgarði og það í okkar vörslu.“

„Þetta eru alvarlegar og þá meina ég al-var-leg-ar ásanir. Lögmál töfrásáttmálans hafa verið rofin og rofin af engum öðrum en þeim sem áttu að gæta þeirra, Eldveiðurunum sjálfum. Og allt vegna sögusagna um að Snákakeðjan hefði snúið aftur.“

Wil stífnaði þegar hann heyrði minnst á Snákakeðjuna. Honum fannst óþægilegt að hlusta á Elvis Moxley en þó gat hann ekki annað. Rödd Moxleys fangaði mann einhvern veginn.

„Snáka hvað?“ Orðin streymdu áreynslulaust út úr Elvis Moxley. „Snáka keðjan var fornt leynigaldrafélag í Evrópu, þekkt fyrir leyndardómsfulla og dularfulla helgisiði sem aðeins hinir innvígðu þekktu. Félagið var gróðrarstía fyrir unga galdramenn. En svo breyttist það. Aðeins hinir útvöldu máttu vera með, félagið varð að grimmu valdi sem öllu réði, siðferðilega gjaldþrota og einráða. Allir sem ekki lutu sjálfskipuðu valdi þess voru miskunnarlaust ofsóttir. Leynifélagið var sem betur fer leyst upp. En hvaða máli skiptir þetta fyrir daginn í dag? Í stuttu máli sagt, ágætu áheyrendur, er það risið upp. Snákakeðjan er risin upp og sýnir sinn ljóta haus enn á ný hér í Miðgarði. Varið ykkur á Keðjunni. Yfirvöld í Miðgarði vilja ekkert kannast við orðróminn. Við hvað eru þau svona hrædd? Enginn virðist vita það.“

„Því miður verð ég að segja ykkur, kæru áheyrendur, að allar tilraunir okkar til að hafa samband við Ráðuneyti Galdralagaframkvæmdar og aðalskrifstofu Eldveiðaranna hafa ekki borið neinn ávöxt. Ráðuneytið, birti náðarsamlegast, eftir óþægilega þögn þar sem rödd mín bergmálaði í helgum göngum stjórnarinnar, eftirfarandi tilkynningu sem er vægast sagt aumingjaleg.“ Elvis Moxley þagnaði til að auka áhrif orða sinna „Við fylgjumst náið með ástandinu. En hvað þýðir að fylgjast með í þessu tilviki? Að stara út um gluggann til að athuga hvernig himinninn er á litinn í dag. Hin snoppuljóta Melvina Freestone, talsmaður Eldveiðaranna sendi frá sér þessa ekki tilkynningu: *Við verðum að varast að spilla rannsókninni sem er í gangi auk þess sem við megum ekki ganga á grundvallarréttindi hinna grunuðu.* Þetta er allt góðra gjalda vert er ég viss um. Aftur á móti kom einn opinber starfsmaður fram gegn því að nafnleynd væri heitið og sagði eða ættum við kannski frekar að segja hvíslaði (við viljum ekki vera leiðinleg og segja að hann hafi vælt, er það nokkuð) *Líklegt er að þetta komi úr röðum ríkisstjórnarinnar. Úr röðum ríkisstjórnarinnar. Óhugguleg tilhugsun, finnst ykkur það ekki?*“

„Undanfarið hafa Eldveiðararnir alltaf verið of seinir á staðinn og glæpamennirnir á bak og burt. Eftir hverju eru þeir að bíða, boðsbréfi?“ Wil fannst sem hörkuleg rödd Elvis Moxleys væri eins og edik á sár.“

„Rufus Crookshank betur þekktur sem Snákurinn í grasinu hefur leikið lausum hala í mörg ár þrátt fyrir tilraunir Eldveiðaranna til að handsama hann,“ hélt Elvis Moxley áfram. „Verið var að slátra snákunum úr Narcisse í hundraða eða þúsundatali en samt voru það tveir tíu ára krakkar, William Wychwood og Soffía Isidor, af hinni alræmdu Isidor fjölskyldu, sem redduðu málunum.“

„Svo ekki sé talað um þegar töfrabýflugurnar í Miðgarði voru í útrýmingarhættu. Eldveiðararnir misstu næstum af öllu. Lucretia Daggar, aðstoðardeildarstjóri í

Ráðuneytinu um stöðu töfravera og ástkona Rufus Crookshank til margra ára, var loks handsömuð á grundvelli alvarlegra ásakana meðal annars svika í tengslum við dauða býflugnanna. Þau eru enn í haldi en hversu lengi? Aðalatriðið er að þau eru bæði talin hafa sambönd inn í raðir Snákakeðjunnar.“

Wil fannst Elvis Moxley vera hugfanginn af eigin rödd. Hann smjattaði á hverju orði eins og rjómakaramellu.

„Og svo er það málið þegar varúðarreglur voru brotnar vinstri hægri og Höll Purpuraprýðinnar var yfirtekin,“ hélt Elvis Moxley áfram. „Töfravarnir Hallarinnar sjálfrar voru virkjaðar en, ágætu hlustendur, enginn veit hvernig það gat gerst. Eldveiðurunum tókst að hverfa aðeins sekúndum áður en almennir borgarar, sem ekkert vita um galdra, og herinn komu á staðinn. Hrollvekjandi brestur í vörnum Miðgarðs.“ Elvis Moxley flissaði. „Til að kóróna allt tókst ekki að sækja þá til saka sem voru ákærðir fyrir að hafa ráðist inn í Höll Purpuraprýðinnar á grundvelli einhverra tæknilegra atriða. Hér á ég meðal annars við hina alræmdu Alba O, hina glóhærðu og bláeygðu, og ekki vitum við fyrir hvað Oið stendur. Hún sem á meðal annars að hafa tengsl við alþjóðleg hryðjuverkamtök. Ágætu Eldveiðarar. Reynslan hefur kennt okkur að aldrei er reykur án elds, aldrei er skrölt án orms!“

„Alba O,“ hvíslaði Wil að Soffíu. „Það hlýtur að hafa verið konan með hvíta hárið sem ég sá í Höll Purpuraprýðinnar. Hún var með skærblá augu og talaði einhverja útlensku. Hún leit beint á mig og brosti. Ég skildi ekki hvað hún sagði en ég held að hún hafi nefnt orðið fönix.“

„Það er óhuggulegt,“ hvíslaði Soffía og beit í neðri vörina. „Hún heitir mjög undarlegu nafni og hún er hryðjuverkamaður.“

„Alþjóðlegur hryðjuverkamaður,“ bætti Wil við.

„Suss!“ sagði Rue frænka. „Nú kemur eitthvað um Bartholomew.“

„Og nú, nýjustu mistökin. Þetta er hreinasta snilld,“ hélt Elvis Moxley áfram. „Mál hins horfna handrits. Þeir eru að reyna að klína því á blóraböggulinn Bartholomew Bertram en eins og þið munið er hann góður vinur annarrar alræmdrar persónu, Cyril Isidor. Hversu mikið á hinn almenni borgari að vita? Eru heimildamenn okkar innan raða stjórnmalanna að bregðast okkur? Þetta hljóta allt að vera einstök og ótengd tilvik hugsíð þið með ykkur. Ég held ekki. Hvar eru Eldveiðararnir þegar við þurfum á þeim að halda? Ég vil minna lesendur mína á þrjú grundvallaratriði Töfrásáttmálans þótt hvert skólabarn ætti að þekkja þau:

I VIRÐIÐ JÖRÐINA.

II SKAÐIÐ EKKI NEINA LIFANDI VERU OG STUÐLIÐ AÐ FRÍÐSAMLEGUM MÁLALOKUM ÁN ÓTTA VIÐ OFSÓKNIR EÐA MISMUNUN.

III VITNESKJA VERÐUR EKKI SELD ÁN ÞESS AÐ SPILLA BÆÐI SELJANDA OG KAUPANDA.“

„Er ég sá eini sem finn fúlan fnyk spillingar? Er ekki einhver sem krefst ytri rannsóknar Töfraráðsins? Ágætu áheyrendur, Elvis Moxley langar til að heyra hvað ykkur finnst um þessa vellandi frásögn af vankunnáttu og svikum auk ótta við að Snákakeðjan hafi smeygt sér inn í raðir ríkisstjórnarinnar.“

„Og hvaða afleiðingar hefur þetta?“

„Því miður veit það enginn.“

„En þið getið verið viss um að þetta endar illa.“

„Það sem ég les út úr þessu öllu.“

„Varið ykkur á keðjunni.“

„Við megum ekki gleyma því að kosningar eru á næsta leiti og mætti ég biðja ríkisstjórnina að hugsa meira um réttlæti og öryggi heldur en sitt eigið pólitíska líf.“

Wil hallaði sér að útvarpinu og slökkti á því. „Ég þoli ekki... ég þoli ekki Elvis Moxley,“ stamaði hann. „Ég vona að ég þurfi aldrei að hlusta á vitleysuna í honum aftur.“ Hann settist aftur og starði reiðilega á ískaldan grautinn sinn í skálinni.

Soffía potaði í öxlina á honum og sýndi honum það sem hún hafði verið að teikna. Á blaðinu var mynd af píreygum manni með þunnar varir og langt og mjótt nef og höku og hárið sleikt aftur. Búkurinn var aftur á móti stutt og pattaraleg eðla. Wil fann fyrir brosi en ekki einu sinni skemmtileg myndin lét honum líða neitt betur.

Wil stóð á fætur. „Getum við ekki farið og heimsótt Bertram á morgun?“ spurði hann. „Hvað er Púslhöll?“

Rue frænka leit á hann döprum augum. „Þetta er eins og þegar Cyril var handtekinn,“ sagði hún dauflega. „Fyrir tuttugu árum síðan.“

„Púslhöll er hið rammgerða fangelsi Miðgarðs,“ sagði Soffía. „Þar eru Rufus Crookshank og Lucretia Daggar geymd.“

„Ekki besti staðurinn til að heimsækja,“ sagði Fjóla frænka hágrátandi. „Ég veit ekki einu sinni hvort unglíngum er hleypt þar inn.“



KAFLI V PÚSLHÖLL

*MALEDICTA IN TANTUM MALUM UNIVERSUM
PEIUS SIT, MULTO PEIUS FORTASSE.
SED INVERTE ET CONVERTE:
MELIUS SIT
MULTO MELIUS.*

BÖLVUN Á SPILLTAN HEIM
ÞETTA GÆTI ALLTAF ORÐIÐ VERRA
MIKLU VERRA BÝST ÉG VIÐ.
EN UMSNÚNINGUR OG ANDSTÆÐA:
ÞETTA GÆTI ALLTAF ORÐIÐ BETRA
MIKLU, MIKLU BETRA.

Wil ímyndaði sér að Stonewall fangelsi væri gömul steingerð bygging. Kastalasíki væri líklega einum of gamaldags en hann gerði sér í hugarlund að hár steinveggur umkringdi fangelsið og að á veggnum væru mörg hlið sem Eldveiðararnir gættu.

Fætur hans urðu þyngri og þyngri þar sem þau gengu yfir Gruniontorg, fram hjá minnismarkinu með Brimstone snákunum og beygðu niður götu sem Wil hafði aldrei áður tekið eftir. Þetta virtist ætla að verða heitur og klístraður mánudagsmorgunn. En það var ekki aðeins þessi mollulegi mánudagur sem gekk á orkubirgðir hans. Honum leið eins og hann berðist áfram á móti einhverju ósýnilegu afli.

Í fjarska gnæfði stór steinsteypt bygging. Það lá hvorki veggur í kringum hana né heldur voru sjáanleg nokkur hlið. Byggingin líktist fremur virki en höll með litlum, dimmum skorum fyrir glugga.

Þau fóru inn um dyr á jarðhæð byggingarinnar og komu inn í blálýst herbergi þar sem lágt var til lofts. Herbergið var galtómt ef frá var talinn stór steypusívalningur sem blárri birtu stafaði af. Við sívalninginn stóð einn af hinum rauðklæddu Eldveiðurum. Rauð skikkja hans virtist fjólublá í blárri birtunni. Ómögulegt var að sjá andlit Eldveiðarans því það var hulið hettunni. „Hvaða erindi eigið þið hingað?“ spurði Eldveiðarinn og rödd hans virtist berast langt að.

„Við erum hér til að hitta Bartholomew Bertram. Við erum skyld honum,“ sagði Rue frænka og rödd hennar skalf aðeins.

Það virtist einnig sem rödd hennar bærst langt að, eins og hún hefði gleypt hana. Wil fékk það skyndilega á tilfinninguna að einhver eða eitthvað hængi á öxlunum á honum.

„Skilríki,“ bað Eldveiðarinn um.

Bæði Rue og Fjóla frænka settu aðra höndina ofan á sívalninginn og Fjóla frænka benti Wil og Soffíu að gera slíkt hið sama. „Komið þið, elskurnar,“ sagði hún og rödd hennar hljómaði einnig eins og hún kæmi langt að.

Pegar Wil og Soffía settu hendur sínar á sívalninginn lýsti hann skyndilega mjög skært og hönd Wil varð köld. Hann hryllti sig.

Bláa ljósið í herberginu varð bjartara.

Veran í skikkjunni hneigði sig. „Þið getið skilið töskurnar ykkar eftir hér.“

„En við komum með nokkra hluti handa ...“ sagði Fjóla frænka.

„Enginn má fara með neitt inn.“

„Fyrir tólf árum máttum við ...“ rödd Fjólu frænku dó út.

Eldveiðarinn sneri sér við og benti þeim niður gang hægra megin við dyrnar. „Bláa ljósið mun lýsa ykkur að heimsóknarherberginu.“

Þau gengu niður þröngan, loftlausan gang sem var upplýstur af sama bláa ljósinu. Gangurinn var skínandi hreinn og hljóðlaus. Hann var of hreinn, of hljóðlaus. Wil varð sorgmæddari með hverju skrefinu. Honum fannst eins og bláa kalda ljósið vætlaði smátt og smátt inn í huga hans. Hann leit snögg á Soffíu. Gleraugnaumgjörðin hennar var orðin blá.



Þau fylgdu bláa ljósinu niður hvern ganginn á fætur öðrum. Wil var alveg búinn að týna tölunni á því hversu oft þau hefðu beygt til vinstri og hægri. „Núna skil ég af hverju þetta er kallað Púslhöllin,“ hvíslaði hann að Soffíu en rödd hans hljómaði eins og hún bærisk úr áldós.

Eftir að því er virtist langa stund sem var þó í raun aðeins fáeinir mínútur staðnæmdest bláa ljósið snögglega við dyr sem á stóð letrað HEIMSÓKNARHERBERGI.

Dyrnar opnuðust hljóðlaust og þau gengu inn í stórt herbergi. Bláa ljósið myndaði óhuggulega gardínu sem skipti herberginu í tvennt.

Þau höfðu ekki séð neinn annan allan þann tíma sem þau höfðu verið þarna.

„Erum við eina fólkið hérna?“ spurði Wil. „Hvar er herra Bertram?“

„Hann er að koma,“ sagði Rue frænka en útskýrði ekki hvernig hún vissi það.

„Ekki snerta bláa flötinn,“ sagði Fjóla frænka snögg. „Þetta er öryggisveggur.“

Það var ekki annað að gera en að bíða svo þau settust á stóla gegnt bláu gardínunni.

Handan gardínunnar var einn stóll í tómu rýminu og dyr á endaveggnum.

Wil velti því fyrir sér hvenær þau sæju herra Bertram en skyndilega opnuðust dyrnar á endaveggnum og herra Bertram birtist.

Hann var með bauga undir augunum baðaður óþægilegri blárri birtunni. „Þakka ykkur fyrir að koma,“ sagði hann og brosti þreytulega til þeirra.

„Ó, Bartholomew,“ sagði Rue frænka og tárin byrjuðu að renna niður kinnar hennar. Hún rétti fram höndina en varaðist að snerta glitrandi bláa gardínuna.

„Svona, svona Rue. Ekki hafa áhyggjur,“ sagði Bertram. „Þetta verður í lagi. Ég er saklaus.“

„Cyril var líka saklaus,“ sagði Rue frænka og tárin streymdu áfram niður andlit hennar.

„Þetta er víst fallega myndskreytt handrit,“ sagði herra Bertram. „Ég sá það þó aldrei – en ég gerði yfirvöldunum viðvart um leið og ég áttaði mig á því, að það væri horfið.“

„Og sjáðu nú í hverju þú ert lentur,“ veinaði Rue frænka.

„Ég hafði lagt til að öll gömlu handritin, öll handrit sem væru einhvers virði, yrðu færð í öryggisgeymslur,“ sagði herra Bertram „og geymd við sömu aðstæður og í Miðgarðsbókasafninu. Gömul handrit verða að dufti eða ryki ef þau eru ekki varðveitt við viðunandi aðstæður. Samkvæmt skýrslunum var þetta sjaldgæft handrit. En ég hafði svo mikið að gera dags daglega að ég þrýsti ekki nægilega á að þetta yrði gert. Og nú ... nú virðist þetta ákveðna handrit tengjast Snákakeðjunni á einhvern hátt.“

Andlit Fjólu og Rue voru náföl í blárri lýsingunni.

„Þess vegna eru allir taugaóstyrkir,“ hélt herra Bertram áfram, „og þess vegna vilja þeir að ég játi.“

Varir Rue frænku voru mjóar sem strik og hún hallaði sér fram. „Bartholomew,“ sagði hún og sendi Soffú og Wil þýðingarmikið augnaráð.

Herra Bertram kinkaði ógreinilega kolli og ræskti sig.

Rue frænka þurrkaði sér í framan með vasaklút sem Fjóla frænka hafði rétt henni. „Er hugsað vel um þig?“ spurði hún og reyndi að vera styrkari í máli.

„Ég hef það ágætt,“ endurtók herra Bertram. „Það er hljótt hérna inni,“ sagði hann „en jafnvel það tekur á taugarnar eftir smátíma.“

Bláa ljósið glitraði og frænkurnar stóðu skyndilega á fætur.

„Jæja, við verðum að fara, elskurnar,“ sagði Fjóla frænka.

Svo virtist sem Fjóla og Rue gætu ekki beðið eftir því að yfirgefa heimsóknarherbergið. Wil hélt að ef til vill væri svona erfitt fyrir þær að hitta herra Bertram. Kannski minnti heimsóknin núna þær á það þegar þær heimsóttu Cyril Isidor hér fyrir 12 árum. Eða kannski hafði þunglyndislega bláa ljósið þessi áhrif á þær.

Herra Bertram horfði sorgmæddur á eftir þeim. „Wil, Soffía,“ hvíslaði hann, „hjálpðu Fjólu og Rue frænku að finna kvittunina. Það er síðasti séns á morgun. Ekki hafa áhyggjur af mér. Það má vel vera að ég hafi verið vængstýfður,“ sagði hann og brosti mæðulega, „en ég bjargast. Þið vitið hvar ég er og maður getur ekki lent í miklum vandræðum hér inni. Finnið kvittunina svo þið getið farið til Íslands.“

Soffía dró teikningu sem hún hafði gert upp úr vasa sínum. Þetta var lítil blekteikning af bók með vængi. Hún rétti teikninguna í átt að herra Bertram.

„Ég teiknaði þessa mynd handa þér,“ sagði hún.

„Ó, þakka þér fyrir Soffía ...“ sagði herra Bertram.

En áður en hann gat klárað setninguna snertu brúnir blaðsins bláu ljósagardínuna og snarkandi hvellir heyrðust. Myndin fuðraði upp í appelsínugulum logum og hvarf augnabliki síðar í reykskýi.

Soffía og Wil bökkuðu skelfingu lostin út úr herberginu og hlupu á eftir Rue og Fjólu frænku. Þau ráku spor sín aftur til baka út úr byggingunni og sögðu ekki orð hvert við annað. Það var ekki fyrr en þau voru komin út í heitan sumardaginn að Wil fannst hann ná andanum aftur.

Tilhugsunin um herra Bertram í haldi djúpt inni í Púslhöllinni, bláa kalda ljósið og teikning Soffíu sem hafði fuðrað upp var allt nóg til þess að gera hann örvæntingarfullan, sérstaklega þegar hann leit á Soffíu og sá að gleraugun hennar voru enn í sama hræðilega bláa litnum.



Soffía og Wil fleygðu sér í stofusófann á meðan Fjóla frænka gekk um eldhúsið og undirbjó hunangssnittur í hádegisverð „svona til að hressa okkur við,“ eins og hún orðaði það. Hún muldraði með sjálfri sér „Af hverju þurfti Rue að fara í ráðuneytið í dag, fáránlegt.“

Soffía tók af sér gleraugun. „Sjáðu umgjörðina. Hún er helblá.“

„Ljósið í Púslhöllinni gerði allt blátt,“ sagði Wil.

„Já, og ég náði varla andanum,“ sagði Soffía.

„Ekki ég heldur,“ sagði Wil. „Það var eins og eitthvað sygi súrefnið út úr byggingunni.“

„Óhuggulegt,“ sagði Soffía. Hún lækkaði röddina. „Sástu hvernig Rue og Fjóla frænka voru á svipinn þegar hann sagði „Þeir eru að reyna að fá mig til að játa,“ og Rue frænka hallaði sér í áttina til hans og starði á hann?“

„Í hvert sinn sem minnst er á Snákakeðjuna verða þær þögular sem gröfin,“ sagði Wil. „Og þær hafa aldrei spurt mig út í svörtu medalíuna mína. Manstu þegar Fjóla frænka snerti hana og féll í trans og byrjaði að tala með undarlega djúpri og hástri röddu og sagði, *Varið ykkur á Snákakeðjunni?* Wil dró svörtu medalíuna fram undan bolnum sínum ásamt gullhringnum sem hann hafði erfð eftir ömmu sína. Litlu gulltáknin á medalíunni glitruðu – snákur, býfluga og fiskur – umlukin silfurör.

„Við gætum prófað að spyrja þær aftur,“ hvíslaði Soffía.

„Líklegt að það skili einhverju eða hitt þó heldur,“ svaraði Wil óþolinmóður og setti medalíuna og hringinn aftur undir bolinn. „Þær hafa aldrei sagt okkur neitt frá Snákakeðjunni, a.m.k. ekki neitt sem við vissum ekki fyrir. Einu sinni reyndi ég meira að segja að spyrja Peerslie gægi um Snákakeðjuna, manstu, og hann trylltist, allt varð ískalt og hann hvarf. Hann, sem er draugur! Hvað getur Snákakeðjan gert einhverjum sem þegar er dauður?“

Þau þögðu bæði. Allt sem var á seyði var of yfirþyrmandi.

„Jæja, hvernig eigum við svo að finna kvittunina?“ spurði Soffía jafn kæruleysislega og hún væri að spyrja hvað klukkan væri.

„Hvernig í ósköpunum geturðu verið að hugsa um hana?“ spurði Wil „sérstaklega nú þegar herra Bertram er í fangelsi og allt?“

„Já en það er það sem hann vill,“ svaraði Soffía þrjóska. „Hjálp þú Fjólu og Rue frænku að finna kvittunina sagði hann og það er einmitt það sem við ætlum að gera.“

„Já, en ef við finnum kvittunina þá neyðumst við til að fara til Íslands,“ mótmælti Wil, „og við getum ekki farið til Íslands á meðan herra Bertram situr í fangelsi.“

„Ef við gerum ekki neitt þá ...,“ sagði Soffía óþolinmóð.

Hún lauk ekki við setninguna en Wil vissi hvað hún átti við. Ef þau gerðu ekki neitt myndi líklega allt verða verra en það var nú þegar.

„Það er ljóst að herra Bertram verður ekki sleppt úr Púslhöllinni í brád,“ sagði Soffía „ekki fyrr en þeir finna einhvern annan sem þeir geta skellt skuldinni á. Þetta handrit hlýtur að vera mjög sérstakt. Þannig að það besta sem við getum gert til þess að hressa hann, hressa okkur öll, er að finna kvittunina.“

„Ég veit, ég veit,“ svaraði Wil. „En ég fæ bara ekki séð hvernig við getum farið til Íslands og skilið hann eftir á þessum stað. En ef þú ...“

„Gott,“ sagði Soffía eins og málið væri útrætt. Hún leit í átt til Fjólu frænku sem var enn þá að óskapast með sjálfri sér yfir því að Rue frænka hefði þurft að fara í vinnuna. „Ég var að velta því fyrir mér hvort við ættum ekki að fara í feluleik,“ hvíslaði Soffía. „Um leið og við leitum hvor annars þá leitum við að kvittuninni í leiðinni. Þá verður Fjóla frænka heldur ekki leið yfir því að við höldum að hún finni aldrei kvittunina.“

„Fjár sjóðsleit væri betri,“ sagði Wil. „Þá er annað okkar ekki fast einhvers staðar í felum og við getum bæði leitað út um allt. Fjóla frænka getur falið fjár sjóðinn og við getum boðið Phinn og Bea í heimsókn. Fjögur höfuð og átta augu eiga betri möguleika heldur en tvö höfuð og fjögur augu. En hvað eigum við að nota sem fjár sjóð? Það má ekki vera of lítið og ekki of stórt. Okkur verður einnig að finnast það vera fjár sjóður.“

„Það er fallegur steinn aftan á bókinni sem herra Bertram gaf okkur. Getum við ekki notað hann?“

„Flott,“ sagði Wil. „Ég þori að veðja að ef við værum býflugur þá værum við löngu búin að koma auga á kvittunina með augunum fimm.“

„Kannski, kannski ekki,“ svaraði Soffía glottandi.

„En við verðum að vera viss um að Fjóla frænka skrifi niður hvar hún felur fjár sjóðinn,“ sagði Wil.

„Þú hefur rétt fyrir þér,“ svaraði Soffía og skellihló.

„Af hverju eruð þið að hlæja þarna?“ spurði Fjóla frænka móðguð á svip. „Komið þið, við skulum fá okkur hádegisverð. Hunangssnitturnar eru tilbúnar.“



Eftir því sem Wil velti fjár sjóðsleitinni meira fyrir sér því heimskulegri fannst honum hún. Þau voru þegar búin að leita hátt og lágt um allt húsið. Þau höfðu leitað í öllum skápum í eldhúsinu, undir blómunum, bakvið púðana í stofunni, undir teppinu.

Þau höfðu jafnvel dirfst að leita undir ufsagrýlunni í bakgarðinum eftir að hafa blíðkað hana með hráu egg. Ufsagrýlan virtist hafa róast mikið eftir að Esme, slangan hans Wils, fannst undir henni í fyrra en maður gat samt aldrei verið viss um í hvernig skapi hún væri. Wil mundi enn hvað hafði gerst þegar hann hellti óvart vatni yfir styttuna. Hún hafði tryllst og hent hverri drulluklessunni á fætur annarri á eftir honum, og eyðilegt garðinn hennar Fjólu frænku.

Og þrátt fyrir alla leitina hafði hvorki sést tangur né tetur af bleiku kvittuninni.



KÆFLI VI SVINDL

*SUB, SUPER, INTER,
INTRA, EXTRA, JUXTA, INFRA,
SUB, PONE, SUBTER,
AUT USQUAM DICAM.*

UNDIR, OFAN Á, MILLI, Á MILLI
INNAN Í EÐA UTAN Á, VIÐ HLIÐINA Á EÐA NEÐAN VIÐ
NIÐRI, FYRIR AFTAN EÐA FYRIR NEÐAN
HVAR SEM ER ÉG FÆRI YÐUR.

„Fjóla frænka,“ sagði Soffía um leið og hún rétti fram gljáandi, svartan stein.
„Geturðu falið þennan stein fyrr okkur?“

„Hvers vegna í ósköpunum?“ spurði Fjóla frænka undrandi.

„Við ætlum í fjársjóðsleit og Phinneas og Beatriz ætla að koma í heimsókn á eftir,“
sagði Wil.

„Það er góð hugmynd,“ sagði Fjóla frænka, „ en munið þið bara að það má ekki fara
inn í herbergið hennar Rue, né heldur mitt ... og ekki heldur þitt herbergi Wil, út af
Esme, já og auðvitað er stranglega bannað að fara inn í skrifstofu Cyrils.“

„Já, en þá getum við bara leitað í eldhúsinu, stofunni, baðherberginu og anddyrinu, já og í kjallaranum,“ sagði Wil í kvörtunartóni.

„Og í mínu herbergi,“ bætti Soffía við.

„Þetta eru alveg nógu mörg herbergi fyrir fjársjóðsleit,“ sagði Fjóla frænka ákveðin. „Og þið megið auðvitað ekki rusla til og heldur ekki fara niður í kjallarann. Það er allt of rykugt þar.“

„Allt í lagi Fjóla frænka,“ sagði Wil, og bætti svo snöggt við, „og skrifaðu niður hvar þú felur steininn ...“

Fjóla frænka gretti sig.

„ ... já svo við getum fundið hann ef þú skildir fara út og við gæfumst upp á leitinni á meðan,“ útskýrði Soffía.

Það birti yfir Fjólu frænku. „Allt í lagi, en ég er eiginlega alveg viss um að ég fer ekki út á eftir. Ég myndi bráðna. Farið þið og náði í Phinneas og Beatrice á meðan ég fel fjársjóðinn.“

„Sástu svipinn á Fjólu frænku þegar ég bað hana um að skrifa niður felustaðinn?“ spurði Wil um leið og hann og Soffía stungu sér út um dyrnar og gengu út í heitt síðdegið. Þau stytta sér leið í gegnum hindberjaplönturnar fyrir framan húsið og töltu niður Hálfmánagötu að húsi Phinneas og Beatriz.

„Hún var á svipinn eins og hún væri að fara að gráta,“ svaraði Soffía.

„Við verðum að finna fjárans kvittunina,“ sagði Wil um leið og hann veifaði nágretta þeirra, frú Oleander, sem sat á veröndinni sinni og kældi sig með blævæng.

Síðdegið var ógurlega heitt og rakt. Gulbröndótti kötturinn hennar frú Oleander, Calvino, lá eins og slytti á veröndinni og minnti helst á flata, úfna mottu. Frú Oleander var vön að horfa á börnin með reiðisvip, vegna hins sorglega og eittraða hneykslis sem tengdist Isidor fjölskyldunni, en í dag veifaði hún til þeirra og brosti jafnvel.

„Brjáluð,“ sagði Wil. „Ég held að hún hafi virkilega brosað til okkar.“

„Það gerir mann bara tortrygginn,“ sagði Soffía sem oft hafði átt í útistöðum við frú Oleander því Cadmus laumaðist víst oft inn í garðinn hennar og réðst á Calvino. Það var að minnsta kosti það sem frú Oleander sagði. Það skipti ekki máli þótt Calvino væri alltaf að ráðast á Cadmus. Frú Oleander trúði Soffíu aldrei þegar hún sagði henni frá því.

Þegar Soffía og Wil börðu að dyrum Bainhússins heyrðu þau mikil læti og óp í Ziggy, yngsta bróður Phinneas og Beatriz.

„Alfreð rotta, nei Alfreð rotta?“

„Þessi rotta er alltaf að sleppa úr búrinu,“ sagði Wil. „Það er kraftaverk að hún skuli enn vera á lífi.“

„Heldurðu að það sé óhætt að opna dyrnar?“ spurði Soffía.

„Nei,“ svaraði Wil, „hvað ef Alfreð hleypur út?“

„Kíkjum inn um gluggann,“ sagði Soffía.

„Eins og þegar við kíktum inn um gluggann þegar fasteignasalinn var að reyna að selja húsið?“ sagði Wil.

Soffía flissaði. „Manstu eftir fótunum sem hún var í? Þau voru skærbleik. Og þegar hún sá okkur öskraði hún á okkur og kallaði okkur villinga.“

„Hvernig get ég gleymt því?“ spurði Wil og gretti sig um leið og þau hlupu að hliðarglugga á húsinu. Þau kíktu inn um gluggann standandi á tám.

Beatriz og Phinneas skriðu um á fjórum fótum við aðra hlið sófans og eldri bræður þeirra, Olly og Luther, við hina. Öll kíktu þau undir sófann. Elenie, elsta systkinið, stóð á verði fyrir framan arininn með stóran kúst í hendinni.

Á milli allra krakkanna dansaði Ziggy fram og aftur og hrópaði, „Ekki hræða hann, ekki hræða hann! Hann fær hjartaáfall.“

„Þú ert sá eini sem ert að fá hjartaáfall,“ sagði Luther fúll.

„Finnst þér að við ættum að hjálpa?“ spurði Wil, „þú gætir kannski prófað skóbragðið þitt aftur.“

Soffía kinkaði kolli og þau hlupu aftur fram fyrir húsið. Enginn tók eftir því þegar þau komu inn.

„Hann er ekki undir sófanum,“ sagði Olly um leið og hann stóð upp og þurrkaði af höndunum í skyrtuna.

„Ég sá hann,“ mótmælti Ziggy. „Ég sá hann hlaupa undir sófann.“

„Jæja hvert hefur fjandans rottan farið?“ sagði Luther.

„Alfreð rotta er ekki fjandans rottan!“ gargaði Ziggy. „Hann er besta rotta í heimi!“

Soffía sá einhverja hreyfingu út undan sér. Burstinn sem hékk við arininn hafði hreyfst örsnöggt. Þá tók hún eftir því að langt hreistrugt skott hékk út úr burstanum. Hún stökk yfir að arninum og áður en Elenie vissi hvað var að gerast hafði Soffía rífið af sér skóinn og hélt honum nú niðri við gólfið.

Alfreð rotta hefur greinilega fundið á sér að leikurinn væri búinn því hann renndi sér niður í skóinn hennar Soffíu. Hún lyfti sigri hrósandi skónum, sem skott stóð út úr, hátt á loft.

„Alfreð rotta er besta rotta í heimi,“ endurtók Ziggy um leið og Soffía rétti honum skóinn.

Olly og Luther, greinilega báðir í vondu skapi, hristu hausinn og fóru inn í eldhús til að fá sér samloku. Á leiðinni þangað heyrðust þeir tauta: „Leiðinda litla rotta ... við skulum koma henni fyrir kattarnef ...“ og fleiri álíka setningar.



Wil, Soffía, Beatriz og Phinneas gengu hægt eftir Hálfmánagötu á meðan Wil og Soffía sögðu Beatriz og Phinneas frá öllu sem gerst hafði: Útvarpsþætti Elvis Moxleys, Púslhöllinni og undarlega bláa ljósinu, hvernig Rue frænka hafði grátið og teikning Soffíu fuðrað upp þegar hún snerti bláleitu gardínuna.

Phinneas sagði raunsær: „Það var þá eins gott að það var ekki höndin á þér sem snerti bláu ljósagardínuna.“

„Já, þá hefðir þú kannski fuðrað upp líka!“ bætti Beatriz við.

„Voða fyndið,“ sagði Soffía.

„Jæja, og hvernig ætlum við að fara að þessu?“ spurði Phinneas.

„Við verðum að finna kvittunina frá Fullkominni framleiðslu annars komumst við ekki til Íslands,“ sagði Soffía.

„Íslands?“ spurði Beatriz undrandi. „Ég hélt að þið vilduð ekki einu sinni fara.“

„Herra Bertram sagði okkur að fara,“ sagði Soffía, „og þess vegna förum við.“

„Lát heyra, hvað þið viljið að við gerum,“ sagði Phinneas. „Ósk yðar er okkar skipun. Ó, vitra Soffía. Ég bjóst við að við myndum eyða öllu síðdeginu í að eltast við Alfreð rottu. Það ætti að skoða alvarlega hausinn á þeirri manneskju sem datt í hug að gefa Ziggy rottu.“

„Varst það ekki þú sem stakkst upp á því, Phinn?“ spurði Beatriz hlæjandi.

„Við munum finna kvittunina,“ sagði Soffía. „Í dag. Á morgun er lokadagurinn og ef Fjóla frænka segir Fullkominni framleiðslu ekki að við ætlum með, þá nær það ekki lengra.“

„Við erum nú þegar búin að kemba allt húsið,“ sagði Wil. „og kvittunin er ekki þar.“

„Wil, enga vitleysu,“ sagði Soffía. „Auðvitað hlýtur kvittunin að vera einhvers staðar heima. Fjóla frænka hefði aldrei fleygt henni.“

„Kannski lenti hún óvart í dagblaðabunkanum einn morguninn ...“

„Þá getum við alveg eins gleymt þessu, er það ekki?“ hvæsti Soffía. „Jæja, en það sem við höfum í hyggju er eftirfarandi: Fjóla frænka er einmitt þessa stundina að fela stein. Steinninn er fjársjóðurinn. Hann getur verið hvar sem er í húsinu. Að vísu megum við hvorki fara inn í herbergi Fjólu frænku né Rue frænku. Kjallarinn er einnig bannsvæði sem og skrifstofan hans pabba.“

„Við megum heldur ekki fara inn í mitt herbergi út af Esme,“ sagði Wil.

„Einmitt,“ sagði Soffía. „Og þótt við séum að leita að steininum þá erum við í raun og veru að leita að kvittuninni frá Fullkominni framleiðslu.“

„Og hún er bleik,“ sagði Wil.

„Ég náði þessu,“ sagði Phinneas.

„Þetta er *fullkomin* áætlun!“ bætti Beatriz við.



„Jæja elskurnar,“ sagði Fjóla frænka og leit upp úr bókinni sem hún var að lesa við eldhúsbordið. „Ég er búin að fela steinninn og það á mjög góðum stað þótt ég segi sjálf frá. En ég hélt að þið kæmuð miklu fyrr til baka. Ef þið hefðuð verið lengur þá hefði ég gleymt hvar ég faldi fjársjóðinn.“

„Við urðum að aðstoða við að veiða Alfred rottu,“ sagði Soffía. „Ziggy var að tryllast. Skrifaðirðu ekki niður hvar þú faldir fjársjóðinn, Fjóla frænka?“

„Hafðu engar áhyggjur, Soffía,“ sagði Fjóla frænka og bandaði frá sér hendinni. „Þú gerir allt of mikið mál úr þessu.“

„Jæja krakkar. Tilgangurinn með leiknum er að finna fjársjóðinn,“ sagði Soffía. Hún talaði hægt og lagði áherslu á hvert orð. „Sá sem fyrstur finnur fjársjóðinn vinnur.“

„Hver er fjársjóðurinn?“ spurði Beatriz og augu hennar ljómuðu.

Wil fannst hún trúverðug miðað við þá staðreynd að bæði hún og Phinneas vissu fullvel að hverju þau væru að leita og hvers vegna.

„Ætli það sé ekki best að ég svari því fyrst ég faldi fjársjóðinn,“ sagði Fjóla frænka og geislaði af gleði. „Fjársjóðurinn er lítill flatur steinn á stærð við höndina á þér, skínandi svartur. Þú getur speglað þig í honum. Fallegur steinn. En ég segi ekki meira. Þetta er nóg í bili. Ó, og hann getur verið undir, ofan á, á milli, innan í, úti, við hliðina á, fyrir aftan, fyrir neðan, neðan undir – í stuttu máli sagt: Hann getur verið hvar sem er. Og þegar þið finnið hann þá getið þið fengi ykkur sítrónuferninga en það eru nokkrir eftir frá Jurtafélagsfundinum í síðustu viku. Ég hef verið að spara þá fyrir aðstæður einmitt eins og þessar.“

„En hvað ef við finnum hann ekki?“ spurði Beatriz.

„Umm – “ sagði Soffía óviss eins og sú niðurstaða hefði ekki flögrað að henni.

„Auðvitað finnið þið hann,“ sagði Fjóla frænka ákveðin. „Eruð þið tilbúin?“

„Ætlarðu ekki að gefa okkur smá vísbendingu?“ spurði Wil.

„Bara eina,“ bað Soffía.

Wil fannst þetta ganga mjög vel. Fjólu frænku virtist ekki gruna neitt. Vonandi gengi þetta upp og þau myndu það sem þau væru að leita að í raun og veru.

„Þá verður þetta allt of auðvelt,“ sagði Fjóla frænka.

Þegar hún sá hvað allir urðu vonsviknir sá hún að sér. „Jæja, allt í lagi þá. Fjársjóðurinn er inni en ekki úti. Eruð þið tilbúin? Viðbúin, tilbúin, af stað.“



KÆFLI VII FJÁRSJÓÐSLEIT FJÓLU FRÆNKU

*SCIS TU QUOD QUODCUMQUE
PETIS SAEPE IN TE INTUETUR?*

HVERJU SEM ÞÚ LEITAR AÐ
ÞÁ ER ÞAÐ ÖRUGGLEGA BEINT FYRIR FRAMAN ÞIG!

Wil flýtti sér að velta við pullunum í þægilegu hægindastólunum í stofunni. Hann leit yfir bókahillurnar til að athuga hvort nokkurs staðar glitti í bleikt. Síðan tók hann viðarbox niður af efstu hillunni og opnaði það. En það voru bara nokkur gömul þurrkuð blóm í því. Hann hnerraði ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur fimm sinnum.

Svo fór hann niður á fjóra fætur og kíkti undir bókahillurnar. Þá tók hann eftir dálitlu holrými sem hann hafði ekki tekið eftir áður. Þetta var fullkomið rými til að fela eitthvað en það var tóm. Hann stóð á fætur án þess að taka eftir því að Phinneas var beint fyrir ofan hann að fara í gegnum bækurnar, eina af annarri. Höfuð Wil skall í nefið á Phinneas.

„Á,“ veinaði Phinneas og táraðist. Strákarnir gáfust upp á að leita í stofunni og héldu upp á efri hæðina. Þeir kíktu inn í herbergi Soffíu sem var yfirfullt af teikningum allt frá gólfi og upp í loft.

Phinneas leit yfir herbergið. „Frábærar myndir,“ sagði hann fullur aðdáunar og augu hans beindust að skissu af dreka sem lá á risastóru egg.

Peir heyrðu fliss sem barst innan úr skápnum hennar Soffíu.

Wil skaust yfir herbergið og opnaði skápinn. Soffía og Beatriz kíktu út.

„Þið haldið þó virkilega ekki að kvittunin sé þarna?“ spurði Wil.

„Ja, einhvers staðar verðum við að byrja, er það ekki?“ svaraði Soffía móðguð. „Ég bjó til lista yfir staðina sem ég hef leitað á og ég hef ekki leitað hér enn.“

Beatriz stakk höfðinu út úr skápnum og leit á Phinneas. „Hvað kom fyrir nefið á þér Phinn?“ spurði hún strax.

„Ekkert,“ sagði Phinneas og skýldi nefinu með hendinni.

„Á meðan þið voruð að fela ykkur þarna inni,“ sagði Wil, „vorum við aftur á móti að leita að þið vitið hverju. Við verðum að skipuleggja okkur. Ef við skipuleggjum okkur ekki finnum við aldrei steininn, hvað þá kvittunina.“

„Ekki segja þetta upphátt,“ hvæsti Soffía. „Fjóla frænka gæti heyrt í þér. Auk þess gengur okkur Beatriz vel. Við erum skipulagðar.“

„En það er fáránlegt af okkur að leita öll á sömu stöðunum,“ sagði Wil. „Hvaða staðir eru á listanum þínum?“

Soffía dró snjáðan pappírshleðið upp úr vasanum. Efst á honum stóð Staðir þar sem ég hef leitað. Á blaðsíðunni voru þrír dálkar og við hvern stað var lítið merki um að búið væri að leita þar.

„Ertu búin að leita á öllum stöðunum á listanum?“ spurði Phinneas hrifinn. „Hvar ertu ekki búin að leita.“

„Í mínu herbergi,“ svaraði Soffía snögg.

„En hvers vegna ætti Fjóla frænka að fela kvittunina í þessu herbergi?“ spurði Wil. „Þú ert nú þegar búin að veggfóðra allt með teikningunum þínum.“

„Já, en ég er sú eina sem geymdi verðmiðann frá Fullkominni framleiðslu á speglinum mínum og ekki týndist hann,“ sagði Soffía. Í raun er hann hér enn.“

Þau litu öll fjögur á pínulítinn, bleikan verðmiðann sem var límdu á spegil Soffíu.

„Af hverju þurfum við að finna kassakvittunina ef þú ert með verðmiðann,“ spurði Beatriz.

„Við verðum að sýna þeim upprunalegu kassakvittunina,“ sagði Soffía og stundi.

Pau voru svo niðursokkin í spjallið að þau höfðu ekki tekið eftir því að Fjóla frænka hafði komið upp stigann og horfði inn í herbergið til þeirra af ganginum.

„Gengur þetta ekkert hjá ykkur, krakkar mínir?“ spurði hún hress.

„Uhm,“ sagði Wil og hélt niðri í sér andanum. Hann velti því fyrir sér hvað hún hefði staðið þarna lengi.

Soffía svaraði stamandi, „Við erum að skipuleggja okkur ...“

„ ... svo að við rekumst ekki hvert á annað,“ bætti Phinneas við.

„ ... og leitum ekki öll á sama stað,“ sagði Beatriz gáfulega.

„Góð hugmund,“ sagði Fjóla frænka. „Hvaða blað ertu með þarna, Soffía, með öllum merkjunum um að þú sért búin?“

„Uhm, þetta er ... heimavinnan sem Tibor galdramaður setti okkur fyrir í sumar,“ sagði Soffía.

„Og ertu búin með hana?“ sagði Fjóla frænka og lagaði gleraugun. „Það eru ár og dagar síðan ég þurfti síðast að hugsa um heimavinnu ... en nú er nóg komið af gömlum minningum.“ Að því sögðu yfirgaf hún þau og gekk inn ganginn í átt að herberginu sínu.

Wil sneri sér að hinum. „Af hverju er það svona flókið að reyna að finna hlut sem hefði aldrei átt að týnast?“ spurði hann án þess að búast við svari.

„Fjóla frænka hlýtur að vera alveg miður sín,“ sagði Soffía. „Hún spurði mig ekki einu sinni af hverju ég væri að hugsa um heimavinnuna mína í miðri fjársjóðsleit.“

„Jæja, snúum okkur aftur að fjársjóðsleitinni,“ sagði Wil strangur. „Baðherbergið er of blautt og það er ekki pláss fyrir meiri pappír í herbergi Soffíu. Fjóla frænka sagði okkur að hún hefði aðeins sett kvittunina á einn ákveðinn stað inni hjá sér og við vitum að hún er ekki þar. Og hún hefði ekki farið að fela kvittunina inni hjá Rue frænku af þeirri einföldu ástæðu að það er inni hjá Rue frænku og Rue frænka samþykkti ekki ...“

„ ... einu sinni kaupin á kristalskúlunni,“ sagði Soffía og lauk við setninguna fyrir Wil. „Auk þess er kjallarinn of rykugur og enginn má fara inn í skrifstofu föður míns nema Rue frænka.“

„En hvað með eldhúsið? Spurði Beatriz. „Frænka ykkar eyðir miklum tíma þar.“

„Þar er of mikill matur og of mikið vatn,“ svaraði Soffía.

„Þá er aðeins einn staður eftir,“ sagði Beatriz.

„Stofan,“ sagði Phinn.

Þau ruddust niður stigann öll í einu. Wil rak augun í standklukkuna. Það voru dagar, jafnvel vikur síðan hann hafði skoðað hana í raun og veru. Fyrst eftir að hann flutti í Miðgarð hafði hringing hennar á klukkustundar fresti vakið hann á hverri nóttu. En eftir nokkrar vikur tók hann varla eftir henni.

Þar sem hann gat alls ekki haft augun af hringlaga klukkuskífunni gekk hann í átt að klukkunni. Um leið opnaði Soffía klukkudyrnar og kíkti inn í hana.

„Bara gamall rykugur pendúll,“ sagði hún. „Ég var búin að leita hérna.“

„Amma okkar og afi eiga klukku eins og þessa,“ sagði Beatriz, „hún er bara ekki svona há.“

Wil benti á hringlaga klukkuskífuna. „Soffía, kíktirðu á bakvið skífuna?“

„Nei,“ svaraði Soffía. „Heldurðu að hún hafi sett kvittunina þarna?“

„Við skulum athuga það,“ sagði Wil. Hann sótti eldhússtól, setti hann upp að klukkunni og steig upp á hann.

„Þú verður líklega að losa rofann,“ sagði Phinneas „til að losa skífuna.“

Wil fann rofann. Dálítill smellur heyrðist og klukkuskífan opnaðist.

Bleikur renningur sveif niður til Soffíu sem greip hann.

Þarna var hún komin. Kassakvittunin.

Wil fékk það allt í einu á tilfinninguna að klukkan brosti að þeim í laumi. Hefði horft á þau hlæjandi með sjálfri sér allar mínúturnar, klukkustundirnar, dagana, vikurnar og mánuðina sem hefðu liðið.

„Fjóra frænka, Fjóra frænka,“ öskraði Soffía. „Sjáðu hvað við fundum!“



Fjóra frænka rétti fram bakka með ljúffengum sítrónuferningum. „Phinneas og Beatriz, fáid ykkur meira, elskurnar.“

„Bíðið aðeins,“ sagði Soffía og dustaði flórsykur af nefbroddinum. „Við fundum aldrei steininn.“

„Of seint,“ sagði Wil. „Það er ekki hægt að taka sítrónuferningana aftur!“


„Það skiptir ekki máli,“ sagði Fjóla frænka hlæjandi.

„Segðu okkur nú hvar hann er Fjóla frænka,“ sagði Soffía.

Wil, Soffía, Phinneas og Beatriz horfðu með eftirvæntingu á Fjólu frænku sem skyndilega varð alveg tóm í framan.

„Þú manst hvar þú faldir hann, er það ekki?“ spurði Wil og hafði það á tilfinningunni að eitthvað væri við það að fara að endurtaka sig.

„Ó nei, ekki aftur,“ veinaði Soffía.



KAFLI VIII AÐ GRUNIONTORGI

*FESTINAS, PROPERAS,
SUDAS, GEMIS.
TARDUS ES –
QUID TIBI VALET FESTINATIO?*

ÞÚ ÞÉR FLÝTIR, ÞÚ HENDIST,
ÞÚ SVITNAR OG ÞÚ PIRRAR ÞIG.
ÞÚ ERT SEINN!
EN AF HVERJU ÞESSI FLÝTIR?

Einhver var að kalla á hana, „Soffía, Soffía!“ Í draumnum var Soffía að hlaupa niður eftir stígnum meðfram ánni í átt að gamla pílviðnum. Það var Steinbýtur sem var að kalla á hana.

Það voru margir mánuðir síðan hún og Wil sáu Steinbýti síðast og það þótt þau hefðu oft lagt leið sína niður að ánni í þeirri von að sjá veiðihár hennar kljúfa vatnið. Steinbýtur hafði sýnt þeim leiðina að Sfinxunum á þaki Hallar Purpuraprýðinnar, leitt þau um vatnið í laug hinnar Svörtu stjörnu og hjálpað þeim að koma í veg fyrir að Höll Purpuraprýðinnar yrði hernumin af Snákakeðjunni.

Í draumnum steig Soffía út af stígnum og rann niður leðjuna á bökkum árinna. Hún settist á hækjur sér við ána og dýfði höndunum í kalt vatnið. „Steinbýtur,“ kallaði hún. „Það er ég, Soffía. Steinbýtur ertu þarna?“

„Soffía, Soffía.“

Aftur heyrðist röddin en nú var hún miklu nær. Einhver hristi hana.

Soffía vaknaði af djúpum svefninum og sá allt í móðu þegar hún opnaði augun. Hún sá tryllt andlit Fjóla frænku aðeins nokkrum sentimetrum frá sínu eigin. Enn var myrkur úti en Fjóla frænka var alklædd.

„Hvað er að?“ spurði Soffía rúm og hélt dauðahaldi í sængina.

„Við verðum að fara strax til Fullkominnar framleiðslu,“ sagði Fjóla frænka. „Soffía, heyrirðu í mér? Þú verður að vakna strax.“

„Já en er ekki mið nótt?“ spurði Soffía og var enn að reyna að opna augun alveg. „Af hverju verðum við að fara um miðja nótt?“

„Tímastururinn á verðlauninum er mjög strangur. Ég veit ekki öll smáatriði en þegar stururinn er útrunninn þá gufar allt í sambandi við ferðina okkar upp. Hlekkirnir munu ekki virka. Þeir deyja.“

Soffía var nú glaðvöknuð. „Er Wil kominn á fætur?“

„Já hann er að klæða sig. Við Rue frænka erum tilbúna.“

Soffía klöngraðist fram úr rúminu og tókst að lenda á fótunum. „Hvert þurfum við að fara og hvernig komumst við þangað?“

En Fjóla frænka var þegar farin út úr herberginu.

Soffía dreif sig í fötin sem hún hafði verið í daginn áður. Fötin lágu á gólfinu þar sem hún hafði farið úr þeim. Hún klóraði Cadmus á bak við eyrun en hann lá steinsofandi upprúllaður í einum snúð á rúminu hennar. Ekki einu sinni rófan hreyfðist.

Hún læddist út úr herberginu og rakst á Wil á stigapallinum.

„Hvert erum við að fara? Veistu hvar þetta er?“ spurði hann svefndrúkkinni röddu.

„Nei,“ sagði Soffía. „Fjóla frænka vildi ekki segja mér neitt. Bara að þetta væri mjög áriðandi.“

„Wil og Soffía, við megum engan tíma missa,“ kallaði Rue frænka til þeirra. „Við verðum að fá okkur eitthvað að borða seinna.“

„Hvern langar hvort eð er til að borða núna?“ hvíslaði Soffía að Wil. „Maginn í mér er steinsofandi.“

„Hvert erum við að fara Rue frænka?“ spurði Wil. „Hvar er Fullkomin framleiðsla? Förum við til Íslands núna?“

„Almáttugur nei!“ svaraði Rue frænka. „Þegar farið er til Íslands er um millilandaferð að ræða og það ferli er miklu flóknara. Núna erum við bara að bregða okkur milli héraða. Næsta skrifstofa Fullkominnar framleiðslu er í Richmond Hill, fyrir norðan Toronto.“

„Já en, já en, hvernig komumst við þangað og hver mun sjá um Cadmus og Esme á meðan?“ spurði Soffía.

„Þetta er stutt ferð,“ svaraði Rue frænka. „Við förum í gegnum Brimstone snákana á Gruniontorgi.“

„Áttu við að Brimstonesnákarnir flytji ekki aðeins fólk til Narcisse?“ spurði Wil. „Flytja þeir einnig fólk á aðra staði.“

„Svo virðist vera,“ sagði Rue frænka. „Eftir að yfirvöld uppgötvuðu að hægt væri að nota Brimstone snákana sem hlið þá hafa þeir notað þá mikið.“

Þau flýttu sér út um dyrnar, út í dimman morguninn og fóru eftir hliðargötum til Grunion torgsins án þess að segja svo mikið sem eitt aukatekið orð. Þegar þau gengu fram hjá einu götuljósinu heyrðu þau örmjótt blístur í einhverjum litlum spörfugli sem hafði gert sér hreiður í ljósinu.

„Mun einhver taka á móti okkur á Gruniontorgi?“ spurði Soffía andstutt.

„Já, Eldveiðararnir verða þar örugglega,“ másaði Fjóla frænka sem kom brokkandi á eftir þeim.

Rue frænka leit áhyggjufull aftur fyrir sig á Fjólu frænku. „Er allt í lagi með þig, Fjóla?“

„Já, það er allt í lagi með mig,“ sagði Fjóla frænka másandi, „Allt í lagi með mig.“

„Ertu með kassakvittunina á þér, Fjóla frænka,“ spurði Wil.

Fjóla frænka svaraði ekki og í eitt hræðilegt augnablik hélt Soffía að Fjóla hefði gleymt kvittuninni.

Hún sneri sér við og mætti sigri hrósandi augnaráði Fjólu frænku sem hélt kassakvittuninni hátt á lofti.

„Það er best að þú setjir kvittunina aftur á öruggan stað,“ sagði Rue frænka. „Ertu viss um að þú viljir ekki að ég geymi kvittunina?“

„Enga vitleysu Rue,“ sagði Fjóla frænka. „Kvittunin er alveg örugg hjá mér.“

Soffía glotti til Wil sem endurgalt glottið. Hún var viss um að hann hafði það sama í huga og hún. Kvittunin var allt annað en örugg hjá Fjólu frænku.

Bleik sólin gægðist yfir sjóndeildarhringinn þegar þau komu á Gruniontorgið. Torgið var mannlaust en þegar þau hlupu yfir hellulagt torgið stigu tveir rauðklæddir Eldveiðarar út úr skugga Brimstone snákanna.

„Við erum Isidorfjölskyldan,“ sagði Rue frænka. „Fullkomin framleiðsla bókaði ferð fyrir okkur til Toronto.“

Annar Eldveiðaranna kinkaði kalli og benti þeim á að standa fyrir neðan Brimstone snákana.

„Hvað gerist núna?“ hvíslaði Wil.

„Ég veit það ekki,“ svaraði Soffía.

„Uss,“ sagði Rue frænka, „verið þolinmóð.“

Risastórir hnullungarnir í stöpli Brimstone snákanna fóru allt í einu að færast í sundur með hljóði sem líktist mest djúpri stunu. Í þeirra stað birtust tröppur sem lágu upp minnismarkið. Eldveiðararnir bentu þeim að fara upp tröppurnar.

Þau klifruðu upp og þaðan sem þau stóðu á steinpallinum efst uppi virtust Eldveiðararnir þínulitlir.

Fjóla frænka og Rue frænka tóku í hendur Wil og Soffíu og brostu uppörvandi til þeirra. Hátt fyrir ofan þau glitruðu snákarnir í morgunsólinni. Ein einmana stjarna var enn sýnileg á himninum.

Soffía skalf og tennurnar glömrðu. Hún myndi aldrei gleyma deginum þegar hún uppgötvaði að minnismarki Brimstone snákanna væri töfrahlið sem leiddi til Narcisse snákanna. Eina stundina hafði hún setið klovvega á höfði eins snáksins og hina næstu hafði hún misst andann þegar ískalt loft sogaði hana niður í gin snáksins. Jafnvel öskur hennar höfðu kafnað.

Með miklum hvini og ískri, eins og í gömlu hliði, stukku Brimstone snákarnir að Eldveiðurunum sem hörfuðu undan. Snákarnir risu upp í átt að himninum, komu svo aftur að stöplinum og vöfðu sig saman. Langar tungur þeirra klufu loftið og þeir sneru

sér við og litu á frænkurnar og Wil og Soffíu. Hreistrið glitraði og skoltar þeirra voru uppglennfir.

Eitt hryllilegt augnablik hélt Soffía að snákarnir myndu gleypa þau með húð og hári. Höfuð snákanna þutu niður í átt að þeim og allir vöfðu þeir sig þétt saman. Þeir byrjuðu að snúast, hraðar og hraðar, eins og skopparakringla.

Soffía kreisti hendur Rue frænku og Wil og hún fann hvernig fætur hennar lyftust af steinpallinum.

Fjóla frænka, Rue frænka, Soffía og Wil spunnust upp í loftið, hausar þeirra snertust næstum en fæturnir voru eins og pílárar í hjóli.

Soffía heyrði einhvern öskra en áttaði sig svo á því að það var hún sjálf.



KÆFLI IX

FULLKOMLEGA ÚR LÆGI GENGID

*UNUM ARCANUM, DUO ARCANA, TRIA ARCANA, QUATTUOR.
QUINQUE ARCANA, SEX ARCANA, SEPTEM ARCANA ... PLURA.
EXPRICA UNUM EXPLICA DUO, EXPLICA TRIA, EXPLICA QUATTUOR.
PLURA SINT MELIORA - SALTEM NON POTES STERTERE.*

EIN RÁÐGÁTA, TVÆR RÁÐGÁTUR, ÞRJÁR RÁÐGÁTUR, FJÓRAR.
FIMM RÁÐGÁTUR, SEX RÁÐGÁTUR, SJÖ RÁÐGÁTUR ... FLEIRI!
LEYSTU EINA, LEYSTU TVÆR, LEYSTU ÞRJÁR, LEYSTU FJÓRAR.
ÞVÍ FLEIRI, ÞVÍ BETRA - ÞÉR MUN ALLAVEGA EKKI LEIÐAST.

Varla höfðu Fjóla frænka, Rue frænka, Wil og Soffía fyrr þeyst upp í loftið en fætur þeirra snertu aftur jarðfastan steininn. Nema hvað Brimstone snákarnir voru hvergi sjáanlegir.

Þau stóðu á steyptum landgangi milli tveggja svartra stöpla, nærri byggingu úr glampandi stáli og gleri. Efst á byggingunni var stórt skilti með skínandi speglastöfum:

Fullkomin framleiðsla hf

Hátt yfir höfðum þeirra gnæfði risavaxin steinstytta af hermanni sem hélt á spjóti og skildi. Á höfði styttunnar var langur og hvass goggur, ránfuglsgoggur, og minnti þetta Wil einna helst á höfuð sjakala. Tveir stórir og ryðgaðir hrafnar úr málmi sátu á öxlum styttunnar og horfðu hvor til sinnar áttar.

„Jæja, þetta var spennandi,“ sagði Fjóla frænka um leið og hún lagfærði nokkra fjólubláa hárlokka.

„Ég venst því aldrei að ferðast um þessi hlið,“ sagði Rue frænka andstutt. Hún leit taugaóstyrk í kringum sig. „Það er skrýtið að enginn skuli vera hér til að taka á móti okkur. Mér var sagt að við yrðum að koma hingað eins fljótt og mögulegt væri. Auk þess eru hliðin sjaldnast eftirlitslaus eins og hér, sérstaklega þegar fólk er á ferð um þau.“

Soffía benti í átt að byggingunni. „Eigum við að fara þangað?“ spurði hún.

„Skiltið öskrar Fullkomin framleiðsla, ekki satt?“ sagði Fjóla frænka. „Svo virðist sem við séum á réttum stað.“

Hurðirnar fyrir innganginum voru svo gljáfægðar að Wil var viss um að einhver kæmi samstundis til að fjarlægja fingraför hans af glerinu. Wil fannst doppótt marmaragólfið, kaldir glerveggirnir, hörð og svört húsgögnin, sem litu út fyrir að vera óþægileg, allt of glansandi. Hangandi hátt yfir höfðum þeirra var risastór glerkúla sem endurspeglaði allt fyrir neðan. Í hverju kúlan hékk var óljóst. Hvorki sáuust bönd né vírar en samt snerist kúlan hægt eins og fyrir áhrif frá einhverjum ósýnilegum kröftum.

Ekki einu sinni rykkorni fyndist það vera velkomið á þessum stað hugsaði Wil. Soffía, Rue frænka og Fjóla frænka virtust vera kvíðnar því þær horfðu áhyggjufullar allt í kringum sig.

„Get ég aðstoðað yður?“ spurði kona sem sat á bak við afgreiðsluborð úr málmi og gleri. Hárið á henni var togað aftur í þéttan snúð, hver einasti hárlökkur sleiktur niður með gljáandi hárgeli. Andlit hennar var slétt eins og bónað vax.

„Við unnum, uhm ..., leyndardómsfulla ferð frá Fullkominni framleiðslu,“ sagði Rue frænka, „og við erum hingað komin til að ...“

„Unnuð ferð,“ greip konan fram í fyrir henni og horfði forvitin á fjórmenningana. „Gjörið svo vel að fá yður sæti,“ sagði hún. „Þið þurfið að bíða andartak.“

„Þetta er ekki eins og ég átti von á,“ hvíslaði Fjóla frænka. „Þetta er allt svo ...“ Hún þagnaði á meðan hún leitaði að rétta orðinu.

„Skínandi,“ sagði Soffía.

„Já, einmitt. Það er rétt. Skínandi,“ sagði Fjóla frænka.

„Hvað heldurðu að við þurfum að bíða lengi?“ spurði Soffía.

„Ég veit það ekki,“ sagði Rue frænka.

Nokkrar mínútur liðu og enn kom enginn þeim til aðstoðar. Konan með vaxbornu húðina virtist hafa gleymt tilvist þeirra.

Wil var farinn að halda að þetta væri allt einn stór brandari og engin verðlaunaferð í boði. Hann fann nú að hann var glorsoltinn. Honum varð hugsað til Esme sem var enn steinsofandi í bælinu sínu. Hann geispaði og augun lokuðust. Lágt hljóð hárra hæla sem skullu á marmaragólfinu og raddir sem bergmáluðu í stálinu og glerinu í anddyrinu minntu hann á risastóra býflugnabúið. Það vantaði bara sætan hunangsilminn og notalegt suðið.

„Fyrirgefið, fyrirgefið biðina,“ sagði einhver.

Augu Wil glenntust upp og við blasti lítill maður með ljóst hár sem virtist límt á höfuðið á honum og lítið gult yfirvaraskegg sem líktist mest loðinni liffu. „Fyrirgefið,“ endurtók maðurinn. „Annasamur morgunn þar sem eitt hefur rekið annað. Við áttum von á ykkur ... hljótum að hafa ruglast á tíma. Ég heiti Eyþór Jónsson, umsjónarmaður flutningsþjónustunnar. Þið skuluð koma með mér svo við getum fullkomlega klárað alla skriffinnsku Fullkominnar framleiðslu. Þegar það er búið þá getið þið farið. Við erum ykkur þakklát fyrir að gera ykkur ferð hingað. Ég býst við að þér séuð frú Isidor?“ sagði hann og horfði á Rue frænku.

„Ég er Rue Isidor,“ svaraði hún og leit á Fjólu frænku. „Það er í raun Fjóla frænka, ég á við, Fjóla Isidor sem keypti kristalskúluna hjá ykkur. Þetta eru svo frændsystkin okkar, Soffía og Wil,“ bætti hún við.

„Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju. Frábært, frábært ... yndisleg ferð til Íslands! Höfðuð þér ekki örugglega frumritið af kassakvittuninni með?“

„Jú,“ sagði Fjóla frænka, og dró kvittunina upp úr tösku sinni með tilþrifum.

Hann tók við kvittuninni og leit yfir hana. „Frábært, frábært,“ sagði hann. „Það er virkilega gott að fara til Íslands á þessum árstíma. Land miðnætursólarinnar og allt það.“

Þau fylgdu Eyþóri Jónssyni fram hjá konunni með glansandi vaxhúðina og stigu inn í glerlyftu. Maðurinn ýtti á hnappinn fyrir 9. hæð, hurðirnar skullu saman og lyftan

skutlaðist upp á við. Spegilmynd lyftunnar í risastóru glerkúlunni varð minni og minni. Skyndilega varð Wil ringlaður því lyftan fór svo hratt. Allt innan Fullkominnar framleiðslu virtist of fullkomið, of slétt og fellt, of hratt og Eyþór Jónsson var of hvumpinn, taugaveiklaður og annars hugar.

Lyftan hægði á sér og stöðvaðist og kvenmannsrödd sagði:

„Níunda hæð. Skrifstofa flutningsþjónustu.“

„Þá erum við komin,“ sagði Eyþór Jónsson.

Pau stigu út úr lyftunni inn í risastórt skrifstofurými. Í skrifstofurýminu voru stólar og skrifborð úr gljáandi gleri. Pappírsblöð voru á stöku stað. Bolli með rjúkandi heitu kaffi var á einu borðinu rétt eins og eigandi þess hefði skroppið frá fyrir andartaki. Þótt undarlegt megi virðast var skrifstofurýmið mannlaut. Ekkert fólk sat við skrifborðin.

Wil velti því fyrir sér hvar allir væru.

„Jeminn, allir virðast hafa yfirgefið skútuna,“ sagði Eyþór Jónsson með uppgerðarhlátri. Hann dró nokkra stóla að skrifborðinu næst lyftunni. „Gjörrið svo vel að fá ykkur sæti.“ Hann dró fram bunka af blöðum úr skrifborðsskúffunni og setti hann fyrir framan Fjólu frænku.

Hún kom sér fyrir á stólnum og gjóaði augunum taugaóstyrk á blaðabunkann.

„Hefðbundin eyðublöð,“ sagði Eyþór. „Ekkert leyndardómsfullt. Við munum einnig fara í gegnum hæfnisspurningarnar. Þetta eru auðvitað bara formsatriði en nauðsynleg svo við getum gefið út ferðaáætlanina. Við verðum að virða *Alþjóðlegar reglur um galdrasamkeppnir, happdrætti, fjárhættuspil og tombólur.*“ Hann ræskti sig. „Verð að fylgja reglunum, verð að fylgja reglunum,“ muldraði hann með sjálfum sér um leið og hann renndi í gegnum blöðin. „Skrifið nafn yðar hér á punktalínuna,“ sagði hann og benti neðst á síðasta blaðið.

Þegar hann sá óvissuna í svip Fjólu frænku brosti hann þvingað. „Takið yður allan þann tíma sem þér þurfið. Allan þann tíma sem þér þurfið. Ég kem aftur eftir augnablik og svara þá öllum þeim spurningum sem þér kunnið að hafa.“ Þegar hann hafði sagt þetta flýtti hann sér út um dyrnar á endaveggnum hinum megin í skrifstofurýminu og skildi þau alein eftir.

„Hvað ætli sé á seyði hjá Fullkominni framleiðslu,“ sagði Rue frænka. „Það er eitthvað mikið að.“

Fjóla frænka tók blaðabunkann upp og hélt á honum eins og hann væri sprengja. „Þú ættir aldrei að skrifa undir neitt fyrr en þú hefur lesið það almennilega,“ sagði hún.

„Já, en þú last ekki allan samninginn þegar þú keyptir kristalskúluna,“ sagði Soffía.

„Þetta er öðruvísi,“ sagði Fjóla frænka hvasst. „Hér verðurðu að vera viss um að skilja hverja málsgrein, hverja setningu, hvert orð, hverja kommu, hverja málhvöld.“

Hún renndi yfir fyrstu blaðsíðuna. „Hlustið á þetta: Þátttaka hefur í för með sér áhættu, þar á meðal hættu á persónulegum meiðslum ... Hér með leysi ég Fullkomna framleiðslu undan allri ábyrgð á persónulegum meiðslum (þar á meðal dauða og aflimun) ... skemmdum, tapi, hvort sem það er af slysnis eða óvart sem afleiðing af ...“

„Hvað þýðir aflimun?“ spurði Soffía.

„Það þýðir að missa fótlegg eða handlegg eða einhvern líkamshluta,“ sagði Wil.

Sjáöldur Soffíu vikkudu.

Fjóla frænka las áfram á næstu síðu. „... ekki er hægt að beina neinni kröfu eða kvörtun til Fullkominnar framleiðslu ... Þetta afsal bótakröfu skal vera bindandi fyrir mig og meðlimi fjölskyldu minnar sem og erfingja mína, skiptastjóra, stjórnendur, framseljendur og þeirra sem fá þetta úthlutað.“ Hún leit upp frá lestrinum, augun voru uppglennt. „Mér líður eins og ég sé að afsala mér lífi mínu. Og þínu Rue og barnanna og þeirra barna? ÉG HEF LESIÐ OG SKILIÐ AFSALIÐ OG MÉR ER LJÓST AÐ MEÐ ÞVÍ AÐ UNDIRRITA ÞAÐ AFSALA ÉG MÉR ÁKVEÐNUM LAGALEGUM RÉTTINDUM. Ég er ekki viss ...“ sagði hún og rétti Rue frænku pappírshunkann. „Mér datt ekki í hug að það væri svona hættulegt að fara til Íslands.“

„Ég er viss um að þetta eru allt hefðbundnir fyrirvarar, Fjóla,“ sagði Rue um leið og hún tók við pappírshunknum og blaðaði í gegnum þá.

„Ég held að þetta sé aðallega til að varna því að við lögsækjum Fullkomna framleiðslu. Ég held að Ísland sé ekkert hættulegra land en hvert annað.“

„Hvað gerist ef við dettum ofan í eitthvert hyldýpi —,“ spurði Soffía.

„— eða eldfjall gleypir okkur?“ bætti Wil við.



Á meðan Fjóla og Rue lásu í gegnum afganginn af blöðunum ráfuðu Wil og Soffía að öðru skrifborði sem á var hár blaðabunki. Á skýrslu efst í bunkanum hafði verið stimplað TRÚNAÐARGÖGN rauðum áberandi stöfum.

Rue frænka leit upp og hnyklaði brýnnar. „Passið að snerta ekki neitt krakkar.“

„Allt í lagi, Rue frænka,“ sögðu Wil og Soffía samtímis.

„Ef eitthvað á að vera voðalegt leyndarmál, af hverju er það þá efst í blaðabunka á yfirgefnu skrifborði?“ hvíslaði Soffía.

„Já einmitt, þar sem allir geta séð það,“ hvíslaði Wil. Hann leit aftur fyrir sig á Rue og Fjólu en þær voru niðursokknar í að ræða samninginn. Hann lyfti varlega einu horni skýrslunnar.

Orðin Miðgarður, *brot á trúnaði og meiriháttar öryggisleki* blöstu við þeim.

„Heldurðu að þetta tengist eitthvað Snákakeðjunni?“ hvíslaði Wil.

En áður en þau gátu lesið meira opnuðust dyrnar og Eyþór Jónsson geystist inn. Wil og Soffía stukku frá skrifborðinu og vissu upp á sig sökina en hann virtist ekki taka eftir því að þau hefðu verið að snuðra. Hann var rjóður í framan og nokkur hár stóðu upp í loftið. Wil fannst eins og þau væru að reyna að flýja. Meira að segja lifu yfirvaraskeggið hans var eitthvað óhrjálegt eins og það langaði til að skríða eins fljótt og það gæti burt af efri vörinni.

„Fyrirgefið, fyrirgefið biðina,“ sagði Eyþór Jónsson svo hraðmæltur að það var varla hægt að skilja hann. „Ég er ansi hræddur um að við séum ekki hinir fullkomnu gestgjafar í dag. Uhm ... áriðandi ... neyðartilvik ... ahm,“ honum svelgdist á en missti að lokum út úr sér, „Einhverjar spurningar í sambandi við eyðublöðin?“

„Þetta virðist allt vera í lagi,“ sagði Fjóla frænka. Rue frænka kinkaði ógreinilega kolli.

„Okkur sýnist það að minnsta kosti,“ sagði Fjóla frænka. Hún ýtti pennanum sem henni hafði verið réttur til hliðar og dró uppáhalds fjólubláa pennann sinn upp úr töskunni, hikaði, dró djúpt andann og undirritaði eyðublaðið með tilprifum. „Gjörðu svo vel,“ sagði hún og rétti Eyþóri blöðin.

„Yfirleitt gerum við meira úr þessu,“ sagði Eyþór og rétti Fjólu aftur bleiku kassakvittunina. Hann tróð pappírnum í vasann. „Eins og ég sagði þá er ég hræddur um ... að ... það kom dálítið upp á í morgun ... mikilvægur fundur.“ Rödd hans dó út um leið og augu hans beindust að dyrunum á endavegg rýmisins.



„En hvað með hæfnisspurningarnar?“ spurði Soffía við kvöldverðarborðið þetta sama kvöld. Þar sem hún var nýbúin að stinga kúfaðri skeið af kartöflumús upp í sig voru orðin óskiljanleg. Það var eins og hún segði „En hvað með hænuungana?“

„Það er dónaskapur að tala með fullan munninn, Soffía,“ sagði Rue frænka. „Ljúktu við að tryggja matinn þinn og talaðu svo.“

Soffía svolgraði mjólkina í sig og kyngdi kartöflumúsinni.

„Og ekki svolgra svona heldur,“ sagði Rue. „Snákar á himnum, hvar eru mannasiðir þínir, Soffía? Jæja hvað varstu að reyna að segja?“

Soffía kyngdi öðrum mjólkursopa. „Áttum við ekki að svara einhverjum hæfnisspurningum?“ spurði hún.

„Hæfnisspurningum?“ sagði Rue frænka ringluð.

„Þessum sem við áttum að svara,“ sagði Soffía, „smáatriðaspurningar svo sem: Hvað eru mörg horn á einhyrningi? Eða ...“

„hvað er 2 sinnum 30 plús 10 plús 29 jafnt og?“ sagði Wil.

„Hún hefur rétt fyrir sér, Rue,“ sagði Fjóla frænka og þurrkaði sér um munninn með servíettunni. „Við áttum að svara hæfnisspurningum.“ Hún varð skelfingu lostin á svipinn. „Hvað ef þeir leyfa okkur ekki að fara í ferðina vegna þess að við fylgdum ekki reglum samkeppninnar?“

„Hvað er 2 sinnum 30 plús 10 plús 29 jafnt og?“ spurði Soffía.

„99,“ svaraði Wil um hæl.

„Mér fannst mín spurning betri,“ sagði Soffía hálfvúl.

„Þeir hljóta að hafa gleymt hæfnisspurningunum,“ sagði Rue frænka, og ýtti baununum á disknum fram og aftur með gafflinum. „Vitið þið hvað? Mér fannst þetta allt mjög undarlegt í dag. Í fyrsta lagi var eins og þeir vissu ekki að við værum að koma en samt voru það þeir sem sögðu að við þyrftum að koma strax. Svo þegar við vorum mætt á svæðið þá hlupu allir um eins og snúnir snákar eða hurfu gjörsamlega. Það var eitthvað gruggugt við þetta allt saman.“

„Já en snákar geta ekki hlaupið,“ sagði Wil.

„Pú veist hvað ég á við,“ sagði Rue frænka og yggldi sig framan í Wil. „Og hvað ef ferðin til Íslands er eins?“

„Langar þig nokkuð að fara Rue?“ sagði Fjóla frænka blíðlega og lagði höndina á handlegg Rue. “Vegna Bartholomews.“



KAFLI X

STÓRT (EÐA ÆTTUM VIÐ FREKAR AÐ SEGJA LÍTIÐ) ÆVINTÝRI

ISLANDIAE DOCTRINAE, TOT FABULAE.

ISLANDIAE HISTORIAE RESONANT UBIQUE.

DILIGENTER ATTENDITE, LIBERI MEI, AUDITE UT FREMUNT.

DILIGENTER ATTENDITE, LIBERI MEI, AUDITE UT STERTUNT.

NUMQUAM NON ILLAE HISTORIAE VIVUNT.

ÍSLENSKUR FRÓÐLEIKUR Í HRÖNNUM.

SÖGURNAR BERGMÁLA FRÁ FJÖRU TIL FJÖRU.

BÖRNIN MÍN GÓÐ, HLUSTIÐ Á ÞÆR ÖSKRA.

BÖRNIN MÍN GÓÐ, HLUSTIÐ Á ÞÆR HRJÓTA.

ALDREI FRAMAR ERU SAGNIR LIÐINNA ALDA.

Þá var það ákveðið. Fjóra frænka myndi fara ein með Wil og Soffíu til Íslands. Rue frænka gat ekki fengið það af sér að yfirgefa Bartholomew á meðan hann væri í svo slæmri klípu.

Með þetta að leiðarljósi fóru Soffía og Wil ásamt Beatriz og Phinneas af stað til að reyna að fræðast eitthvað í alvöru um Ísland. En þar sem hr. Bertram var í fangelsi var erfiðara fyrir þau að finna það sem þau leituðu að á bókasafninu.

Þetta var á röku laugardagssíðdegi, næstum viku eftir skólaslitin og handtöku hr. Bertrams. Nýr maður sat við afgreiðsluborðið á Miðgarðsbókasafninu, maður að nafni herra Kátur.

Ókátari manni hafði Wil hins vegar aldrei áður hitt. Herra Kátur virtist vera með áfastan fýlusvip. Út um allt bókasafn voru hrúgur af bókum sem átti eftir að raða í hillur. Það var eins og öllum stæði á sama um bókasafnið. Wil velti því fyrir sér hvort herra Kátur væri eitthvað skyldur frú Oleander en hún myndi örugglega vinna fyrstu verðlaun í keppni um leiðinlegustu manneskju heims.

Þegar þau spurðu herra Kát hvar þau gætu fundið bækur um Ísland virtist hann ekkert forvitinn en benti þeim á bókasafnsleiðbeiningarnar rétt hjá afgreiðsluborðinu. Svo sagði hann fýlulega: „Þið skuluð leita sjálf í stað þess að spyrja mig.“

„Ég hélt að allir bókaverðir ættu að vera hjálpsamir,“ hvíslaði Phinneas þegar þau sneru frá afgreiðsluborðinu.

„Allir góðir bókaverðir,“ sagði Beatriz. „Hann þurfti ekki að vera svona ókurteis.“

„Snákar verða komnir með fætur áður en þessi maður brosir,“ sagði Wil. „Það væri ágætt ef Peerslie gægir væri hér. Hann myndi hjálpa okkur.“

En þennan dag var Peerslie gægir hvergi sjáanlegur, eða að minnsta kosti heyrðist ekkert í honum.

„Ég held að ég myndi einnig vera í felum ef ég væri Peerslie,“ sagði Soffía. „Ég er viss um að hr. Kát er ekkert um stríðni hans.“

Leiðbeiningarnar voru geymdar í löngum flötum töflum. Soffía setti höndina á eina töfluna og sagði „Ísland.“

Djúp og rúm rödd svaraði eins hægt og þegar þykkt sýróp lekur úr könnu. Um leið glóðu orðin á yfirborði töflunnar. „Góðan dag. Svæði ... 25. Röð ... 1 fyrir ... Ís ... land. Svæði ... 3, Skúffa ... 10 ... fyrir ... kort. Þakka ykkur fyrir að sækja Miðgarðsbókasafnið heim.“ Bókstafirnir glóðu aðeins lengur á yfirborðinu en síðan hurfu þeir.

Svæði 25 var í horninu fjærst innganginum á efri hæð bókasafnsins og röð 1 var full af bókum um Ísland. Vandamálið var hins vegar að þær virtust vera á einhverju tungumáli sem börnin skildu ekki, það er íslensku.

„Hvað gerum við nú?“ spurði Phinneas. „Hvernig eigum við að fræðast um Ísland ef við getum ekki lesið bækurnar?“

„Við getum í það minnsta skoðað myndirnar,“ sagði Soffía sem var að skoða myndir af eldspúandi eldfjöllum. Gleraugnaumgjörðin hennar var orðin appelsínugul.

„Finnst ykkur ekki skrítnir stafir í íslenska stafrófinu?“ spurði Beatriz, þar sem hún var á kafi í bók með mynd af gömlu víkingaskipi á kápunni. „Hvaða stafur er þetta? Hann lítur út eins og d en það er eitthvert auka strik á honum.“

„Skrítið,“ sagði Phinneas.

„Kannski finnst Íslendingum enskan jafnundarleg og okkur finnst íslenskan,“ sagði Wil sem sat við næsta borð og fletti í gegnum bók sem hann hafði valið. „Stundum eru ensk orð alveg út í hött. Hver fann til dæmis upp enska stafsetningu? Orðin *too* (líka), *two* (tveir) og *to* (til) eru öll borin eins fram en skrifuð á mismunandi hátt. Og hvað með sum löng orð eins og *mycetismus*? Hver veit hvernig á að skrifa það?“

„Er *mycetismus* enska?“ spurði Beatriz. „Hvernig skrifarðu það?“

„M-y-c-e-t-i-s-m-u-s,“ sagði Wil, „og það þýðir sveppaeitur.“

„Hvernig ferðu að þessu? Lestu alfræðiorðabækur áður en þú ferð að sofa?“ spurði Phinneas.

Wil glotti bara og sneri sér aftur að bókunum sínum.

„Ég fann nokkrar bækur á ensku,“ sagði Soffía en hún hélt á litlum bókastafla eftir að hafa leitað vandlega í hillunum. „Það eru meira að segja myndir í þeim. Hérna er ein góð af hinum fjórum verndarvættum Íslands. Samkvæmt sögunni gætir eldspúandi dreki Austurlands, risastór örn Norðurlands og er vænghaf hans svo mikið að það nær fjallstoppa á milli í Eyjafirði. Risastór griðungur gætir Vesturlands og risi sem er hærri en hæstu fjöll verndar Suðurlandið. Svo eru hérna alls konar upplýsingar um eldfjöll og goshveri.“ Hún setti bunkann á borðið þar sem Wil sat, tók eina bókina og byrjaði að blaða í henni. Hún tók andköf.

„Hvað er að?“ spurði Beatriz og leit upp úr bókinni sem hún var að skoða. „Hvað ertu með?“

„Heldurðu að þetta sé raunverulegt?“ spurði Soffía og benti á bókina sem hún var með.

Beatriz starði á myndina í bókinni yfir öxlina á Soffíu. „É ... ég vona ekki,“ sagði hún mjóróma.

„Hvað eruð þið að skoða?“ spurði Phinneas og kíkti einnig í bókina yfir öxlina á Soffíu. Hann glennti upp augun.

Wil lokaði bókinni sem hann var með og spurði „Á hvað eruð þið þrjú að glápa?“

Soffía sýndi honum bókina.

„Íslensk galdrafræði,“ las hann. „Skemmtilegur titill.“

Án þess að segja orð benti Soffía á myndina sem þau höfðu verið að skoða.

„Oj barasta,“ sagði Wil og leit undan. „Hver gerir svona lagað? Er þetta það sem ég held að þetta sé?“

Þetta voru fótleggir. Málið var bara að fótleggirnir voru ekki áfastir líkama og þeir voru mjöðög loðnir. Í raun voru fótleggirnir eins og buxur sem höfðu verið skornar af við mittið og neðan úr buxunum héngu fætur og á fótunum voru táneglur, mjög óhreinar táneglur.

Til þess að kóróna allt sást að fótleggirnir tilheyrðu einhverjum karlmanni.

Soffía kyngdi og sagði, „Halðið þið að svona sé gert við fólk á Íslandi? Að fótleggirnir séu skornir af?“

„Lestu það sem stendur þarna undir myndinni,“ lagði Beatriz til. Rödd hennar var enn veikluleg.

„Af hverju gerir þú það ekki?“ sagði Soffía og þrykkti bókinni til Beatriz. „Hérna, taktu hana!“

Beatris hristi höfuðið og hörfaði. „Nei þakka þér kærlega.“

„Þetta getur ekki verið raunverulegt, er það nokkuð?“ sagði Phinneas og færði sig nær til að sjá myndina betur. „Ég á við, þetta hlýtur að vera plat.“ Hann leit óruggur á hin. „Er það ekki?“

„Mér finnst þetta nú mjög raunverulegt,“ sagði Soffía.

„Ógeðslegt,“ sagði Beatriz. „Halðið þið að þið farið á þetta safn?“ Og eftir andartaks þögn bætti hún áköf við: „Hvað skyldu þeir vera með annað á safninu?“

„Það getur ekki verið verra en þetta,“ sagði Phinneas alvörufinn.

„Þið hafið þó ekki verið að lesa þessa bók, er það nokkuð?“ sagði rödd hátt yfir höfðum þeirra. „Óhugnanlegir hlutir og svoleiðis.“

„Halló Peerslie,“ sagði Soffía og leit upp í átt að loftinu. „Hefurðu séð þetta?“

„Já, en ég vildi óska að ég hefði ekki séð þetta,“ sagði Peerslie gægir sorgmæddur. Bókin sem Soffía hafði verið að skoða lokaðist með skelli að því er virtist af sjálfu sér. „Jafnvel þótt þessir fótleggir séu ekki raunverulegir, hvers vegna ætti einhverjum að detta svona lagað í hug?“

Einmitt á þessu augnabliki byrjuðu þau öll fjögur, Wil, Soffía, Beatriz og Phinneas, að hlæja að fótleggjabuxunum og þau hlógu og hlógu. Þeim varð illt í maganum af hlátri en samt gátu þau ekki hætt að hlæja. Það var mesta furða að herra Kátur skyldi ekki skipa þeim, og þá einnig Peerslie gægi, að yfirgefa bókasafnið á stundinni.

Þannig lauk rannsóknarvinnu þeirra um Ísland þetta mollulega sumarsíðdegi.

Ekkert þeirra nefndi aftur hárugum fótleggina á leiðinni heim en það jafngilti ekki því að þau hefðu gleymt þeim.



Yndislegur matarilmur bauð Soffíu og Wil velkomin þegar þau nálgudust heimili sitt við Hálfmánagötu. Ilmur af grænmetispottrétti Fjólu frænku streymdi út um aðaldyrnar sem stóðu opnar í hálfu gátt. Bragðlaukar Wil fóru á fullt og skyndilega varð hann svo svangur að hann gat næstum því fundið bragðið af grænmetisréttinum.

Soffía togaði í handlegg Wils þegar þau höfðu kvatt Phinneas og Beatriz og spurði „Ættum við nokkuð að segja Rue og Fjólu frænku frá fótleggjabuxunum?“

„Nei,“ sagði Wil, „Ég er svo svangur og ef við segjum þeim frá þessu hefur ekkert okkar lyst á kvöldmatnum.“

„Þú hefur rétt fyrir þér,“ sagði Soffía, „Hvaða máli skiptir þetta? Það er ekki einu sinni víst að við förum á þetta safn. Það er örugglega langt frá verksmiðju Fullkominnar framleiðslu.“

„Auk þess,“ sagði Wil „hvað myndum við segja þeim. Að við sáum mjög hárugum fótleggi með óhreinum fótum og þú veist hvað hangandi milli þeirra? Ég á við, það er eitthvað undarlegt við það hvernig brækurnar voru búnar til.“

Wil og Soffía stigu hlæjandi upp á veröndina en þögnuðu í miðjum hlátri þegar þau heyrðu Fjólu frænku segja „... jæja þá förum við ekki til Íslands eftir allt saman.“

„Ég veit það ekki,“ svaraði Rue frænka. „Ég veit ekki hvað skal gera.“

Gleraugnaumgjörð Soffíu varð náhvít. „Ekki til Íslands?“ hvíslaði hún. „Ekki til Íslands eftir allt sem við erum búin að komast að?“

„Eitthvað hlýtur að hafa gerst,“ hvíslaði Wil um leið og þau smeygðu sér inn um dyrnar og inn í stofuna. Ljós fjólubláa hárið á Fjólu frænku, sem yfirleitt var fullkomlega niðurnjörvað, stóð nú út í loftið. Rue frænka sat við eldhúsbordið og hvíldi andlitið í höndunum.

„Hvað er að?“ spurði Soffía.

„Herra Bertram, er hann ..., er hann -,“ spurði Wil og fann hvernig hjartað barðist í brjóstinu.

„Hann er á lífi,“ hrópaði Fjóla frænka, „það er gott að þið eruð komin heim. Ég er hrædd um að við séum með fleiri slæmar fréttir.“



KAFLI XI

LÖGMÁL HINNA SLÆMU FRÉTTA

*A FRONTE, A TERGO, A FENESTRA.
QUIS SCIT QUID EXCIPIAS INFRASUPRA?
BONUM NUNTIUM, FUNDUM, FAMAM TRISTEM—
QUIS SCIT QUAE VOLENT AURI?
NEMO NOSCIT NE EGO QUIDEM.
AUDITORES, AUDITE AUDITIONEM.*

AÐ FRAMAN, AÐ AFTAN EÐA EINNIG Í GLUGGUM,
HVER VEIT HVAÐ ÞÚ MUNT ÓVART HEYRA?
H VATNINGU, VONBRIGÐI EÐA HRÆÐILEGAR FRÉTTIR.
ENGINN VEIT HVAÐA STAÐREYNDIR MUNU FLJÚGA AÐ EYRUM ÞÉR—
FLAUT, ÉG LÍKA, FELULEIKUR.

„Það varðar Bartholomew ... staðan hans á bókasafninu hefur verið lögð niður,“
sagði Fjóla frænka, „auk þess sem ...“

„Já, en hann getur fengið sér aðra vinnu,“ greip Wil fram í.

„Hvernig getur hann fengið aðra vinnu?“ sagði Soffía stutt í spuna? „Enginn vill ráða mann sem hefur verið rekinn.“

„Við þurfum nú síst af öllu að hafa áhyggjur af þessu,“ sagði Rue frænka og leit upp. Andlit hennar var grátbólgið. „Það sem er verra er að hann hefur verið ákærður fyrir morðið á Oswald Persimmons. Ég veit ekki hvað við eigum að gera. Ég get að minnsta kosti alls ekki farið til Íslands.“

„En pabbi átti að hafa drepið Oswald Persimmons,“ sagði Soffía.

„Jú,“ sagði Rue frænka, „en þar sem Cyril fannst aldrei virðast þeir hafa ákveðið að klína morðinu á einhvern annan. Eins og ástandið væri ekki nógu slæmt hjá aumingja Bertram.“

„Þú þarft ekki að fara til Íslands,“ sagði Fjóla frænka og klappaði Rue frænku á bakið.

„Við erum þegar búin að ákveða okkur.“

„Hvað meinarðu, förum við þá ekki til Íslands eftir allt saman?“ spurði Wil vonsvikinn.

„Wil minn, af hverju í ósköpunum spyrðu svona?“ sagði Fjóla frænka snögg upp á lagið. „Auðvitað förum við til Íslands.“ Alþjóðlega hliðskrifstofan er búin að senda okkur pappíra um ferðir til útlanda. Við förum eftir tíu daga, snákar hafi það. Já, snákar hafi það! Við ætlum að skrifa bréf til Rue frænku á hverju kvöldi og geyma þau í einum böggli og þegar við komum heim opnum við þau eitt af öðru.“

Wil skáskaut augunum á Soffíu og sá að augabráunirnar á henni voru yggldar. Það var ljóst að hana grunaði það sama og hann.

Rue frænka þagði.

Og Fjóla frænka talaði of hratt.

Fjóla frænka dró djúpt andann áður en hún hélt áfram. „Það er einnig dálítið annað sem mér finnst að þið ættuð að vita. Ég rakst á herra Druce í dag. Hann var svo almennilegur að gefa mér þetta brauð frá bakaríi Ludds. Hann sagði mér að frú Oleander hefði verið flutt á Miðgarðsheilsugæsluna í skyndi. Ég hafði einmitt verið að velta því fyrir mér af hverju ég hafði ekki séð hana sitjandi á veröndinni síðustu daga. Það leið víst yfir hana í Hunangsbúð Melillu í fyrradag. Ég vissi ekki einu sinni að hún hefði verið eitthvað veik.“

„Ég held að hún eigi enga nána ættingja, að minnsta kosti ekki hér í Miðgarði. Eiginmaður hennar dó fyrir mörgum árum. Hann var vel þekktur í viðskiptalífinu. Ég held að hann hafi unnið hjá einhverju sjóflutningsfélagi eða svoleiðis. Hann dvaldi í það minnsta mikið erlendis. Mig minnir að hún hafi ættleitt dóttur en þær áttu ekki skap saman. Aumingja Elvira, hún hefur ekki hitt dóttur sína árum saman. Hvar ætli hún sé í dag? Og þar með er fjölskylda Elviru upptalin,“ sagði Fjóla frænka að lokum og dró blúnduvasaklút út úr erminni. „Það er að segja ef hægt er að kalla þetta fjölskyldu. Snákar hafi það. Hún var ekki sú auðveldasta í samskiptum.“



„Ekki langar mig til að verða bókavörður,“ sagði Soffía við Wil þar sem þau voru að ganga frá eftir kvöldmatinn. Rue og Fjóla frænka voru að flokka einhverja pappíra inni í stofu.

„Af hverju ekki?“ spurði Wil þar sem hann var að reyna að greiða úr hnífa-, gaffal-, og skeiðaflækju í hnífaparaskúffunni.

„Einhver myrti fyrsta bókavörðinn, Oswald Persimmons,“ sagði Soffía, „En við vitum ekki hver myrti hann. Næsti bókavörður Heese, sem var Crookshank í dulargervi, var hættulegur glæpamaður og situr nú í fangelsi. Og nú er þriðji bókavörðurinn, okkar eigin herra Bertram, ásakaður um þjófnað, morð og snákar viti hvað fleira.“ Rödd Soffíu varð skrækari og hún hló taugaóstyrk. „Ég myndi að minnsta kosti hugsa mig tvisvar um áður en ég gerðist bókavörður.“

„Uss.“ Wil þaggaði niður í Soffíu. „Viltu að Fjóla og Rue frænka heyri í þér? Þær yrðu bara leiðari. Þú hljómar alveg eins og leiðindaskarfurinn Elvis Moxley.“ Hann tróð öllum hnífunum ofan í hnífaparaskúffuna með látum. „Þetta er einber tilviljun og ekkert annað.“

Pegjandi héldu þau áfram að ganga frá þar til Wil muldraði, „og ekki veit ég hvers vegna Fjóla frænka er svona æst út af frú Oleander. Hverjum er ekki sama um gömlu herfuna? Allir sem eru svona leiðinlegir eiga það skilið að verða veikir.“

„Já, ég skil það ekki heldur,“ sagði Soffía, „Fjóla frænka talaði látlaust um hana eins og þær væru bestu vinkonur eða eitthvað og leiðindakötturinn hennar, hann Calvino, er alltaf á eftir Cadmus.“

„Ég sá Calvino sofandi á veröndinni hennar í morgun,“ sagði Wil. „Heldurðu að einhver hugsi um hann? Ekki viljum við að hann deyi úr hungri. Hver veit hvað frú Oleander verður lengi á sjúkrahúsinu. Eftir því sem Fjóla sagði virtust veikindi hennar alvarleg.“

„Ég veit það ekki og mér er sama,“ sagði Soffía og fleygði sápufroðu í Wil. „Ekki einu sinni dóttir hennar vill vita af henni og lái ég henni það ekki, það er að segja ef frú Oleander á dóttur.“

Wil beygði sig og froðan lenti á gólfinu. „Þótt frú Oleander ætti skilið að vinna fyrstu verðlaun í keppni um leiðinlegasta nágrannann í Miðgarði, ef við héldum einhvern tímann slíka keppni, þá á kötturinn hennar ekki skilið að svelta. Það er ekki Calvino að kenna hvað hún er leiðinleg.“

„Jæja, allt í lagi þá,“ sagði Soffía treg.

„Við getum sett smá kattarmat á veröndina,“ stakk Wil upp á.

En Soffía var búin að þurrka sér um hendurnar og var þegar farin að setja hluta af mat Cadmusar í skál. „Svo þú heldur að við förum til Íslands?“ spurði hún.

„Ég veit það ekki,“ sagði Wil og þurrkaði síðustu diskana. „Ég er farinn að halda að okkur sé ekki ætlað að fara þangað.“

„Þetta er nú hálfyfandið,“ sagði Soffía og brosti dauft. „Fyrst vildum við ekki fara og þá varð Fjóla frænka svo vonsvikin. Svo fundum við loksins kassakvittunina og komumst til Fullkominnar framleiðslu á síðustu stundu. Og nú þegar okkur langar til að fara þá förum við kannski ekki.“

„En ef við förum ekki til Íslands og höngum hér þá gagnast það hvort eð er herra Bertram ekki neitt,“ sagði Wil dapur. „Ég vildi að ég ætti fulla flösku af VON. Ég myndi drekka hana alla í einum teyg.“

„Ég líka,“ sagði Soffía.

Þau gengu að húsi frú Oleander með skál af kattarmat og læddust upp verandartröppurnar. Frú Oleander hafði aldrei boðið þeim inn fyrir og nú þegar hún var ekki á staðnum leið þeim eins og þau væru að gera eitthvað rangt. Þau settu skálina undir ruggustólinn hennar og drifu sig burt. Gamla bláa sjalið hennar lá á stólnum og *Dagblaðið* lá vel samanbrotið ofan á því.

Af Calvino sást hvorki tangur né tetur.

„Ég vildi óska að ég hefði ekki sagt það sem ég sagði um Calvino,“ sagði Soffía sorgmædd. „Hvað ef hann er hræddur og veit ekki hvað hann á að gera án frú Oleander?“

„Já hann heyrði örugglega það sem þú sagðir um hann – og hana!“ sagði Wil og glotti.

„Þetta er ekki fyndið, Wil“ sagði Soffía æst og gleraugnaumgjörðin hennar varð skær appelsínugul.



Fjóla frænka var að færa Rue frænku tebolla þegar Wil og Soffía nálgudust bakdyrnar. Krakkarnir staðnæmdust fyrir utan og lögðu við hlustir.

„Það er mikilvægast að við fyllumst ekki vonleysi,“ sagði Fjóla frænka ákveðin. „Við vitum að hann er saklaus.“

„Þeir þurfa blóraböggul til að breiða yfir eigin mistök og bjarga eigin skinni,“ sagði Rue frænka bitur. „Það var búið að tala um það mánuðum saman að við yrðum að auka öryggið í Höll Purpuraprýðinnar en í staðinn voru allir önnum kafnir við að skipuleggja kosningar sem eru ekki fyrr en í haust og gefa loforð sem þeir vissu að þeir gætu ekki staðið við. Þeir áttu að hlusta á orð Eldveiðaranna. Það barst meira að segja minnisblað um að við ættum að hafa aukið eftirlit með dularfullu athæfi við allar steinmyndanir svo sem minnismerki, ufsagrýlur og annað sem er skráð í Hreyfiskránni sem fyrirbæri sem gætu mögulega öðlast líf. Og af hverju ríkir grafarþögn um Snákakeðjuna. Hvað gagnast það okkur að grafa hausinn í sandinn?“

„Rue,“ sagði Fjóla frænka taugastrekk, „þú veist að við megum ekki tala um þetta.“

„Hverjum er ekki sama?“ sagði Rue. „Öllum virðist standa á sama!“

„Rue, þú ert ekki ... er það nokkuð ...“ sagði Fjóla frænka og lagði höndina á handlegg Rue eins og til að varna því að hún héldi áfram að tala. „Þú mátt ekki missa vinnuna, Rue. Við erum háð laununum sem þú færð. Búðin mín, Spádómsbúð Fjólu frænku, gefur eitthvað af sér en það er ekki nærri því eins mikið og launin þín.“

„Wil gætir núna svörtu medalíunnar,“ sagði Rue og lækkaði röddina. Wil varð að hafa sig allan við til að heyra hvað hún sagði. „Þótt við vitum ekki nákvæmlega hvað það þýðir þá vitum við að medalían býr yfir miklum krafti. Hún verndar þann sem gætir hennar.“

„Já en Rufus Crookshank hefur nú þegar reynt að ræna henni,“ sagði Fjóla frænka. „Hver veit hvaða aðrar hættur bíða Wil? Og Soffíu okkar. Hún er saklaus þátttakandi í þessu hvort sem við viljum það eða ekki.“

„Ef einhver á aldur við Wil er nógu gamall til að gæta medalíunnar þá ... Ég er viss um að Cyril hefði sagt okkur ef hann ... ef hann hefði ekki ... Við getum auðvitað bara aðstoðað þau upp að ákveðnu marki og veitt honum skjól ... lengur og töfrar medalíunnar byrja að dofna.“ Rödd hennar dó út.

Wil og Soffía kepptust um að gægjast inn um litla rifu á bakdyrahurðinni. Rue frænka virtist yfirbuguð af áhyggjum.

„Ég veit að þú hefur rétt fyrir þér,“ sagði Rue frænka og virtist rólegri. „Það eru liðin 12 ár síðan Cyril hvarf og við vitum að það hlýtur að hafa verið Snákakeðjan sem stóð á bak við það. Svo dó amma Wils. Þeir hljóta einnig að hafa verið á eftir henni. Og núna, Bartholomew. Af hverju gera Eldveiðararnir ekki neitt? Þetta er óskiljanlegt.“

Wil hallaði sér upp að bakdyrunum. Honum fannst þetta allt vera sér að kenna og leið svo illa að hann hélt að hann myndi kasta upp þar sem hann stóð á veröndinni.

„Wil hvað er að?“ hvíslaði Soffía. „Þú ert náfölnur.“

„Þetta var mér að kenna,“ hvíslaði Wil. „Ef ég hefði bara verið heima þá hefði hún ekki dáíð.“

„Amma þín dó vegna þess að hún vildi ekki láta Rufus Crookshank fá medalíuna, af því að hún var ekki með hana. Hún var búin að láta þig fá hana. Hann hefði örugglega drepið þig líka, eða að minnsta kosti reynt að drepa þig, en þú varst ekki á staðnum.“

„Ég var úti í búð að kaupa beyglur,“ sagði Wil, „heimskulegar beyglur.“

„Uss, þær geta heyrt í okkur,“ sagði Soffía. „Þessar beyglur björguðu örugglega lífi þínu. Annars værirðu dáinn. Svo vil ég benda þér á að þú ert ekki sá eini sem hefur misst einhvern,“ bætti hún við með þjósti.

„Ég veit, en ég er viss um að medalían hefði verndað mig,“ sagði Wil þrjúskur.

„Ég gæti hennar og Rue frænka sagði sjálf að medalían verndaði þann sem gætti hennar. Rufus Crookshank sagði líka nákvæmlega það sama. *Svarta medalían sér um þann sem gætir hennar en þú veist ekki hvernig á að nota hana.*“

„Einmitt,“ sagði Soffía. „Þú veist ekki hvernig þú átt að nota hana. Ekki enn. Það eina sem við vitum núna er að hún er eins konar áttaviti og leiðir okkur áfram, við vitum bara ekki hvert. Hún hefði örugglega ekki getað bjargað þér úr eldinum né heldur ömmu þinni. Ef amma þín hefði vitað að medalían gæti bjargað henni þá hefði hún ekki látið þig fá hana. Hún hlýtur að hafa vitað að þeir væru á eftir henni.“

„Kannski vissi hún ekki heldur hvernig átti að nota medalíuna,“ hvíslaði Wil. „Hún hlýtur að hafa vitað að hún er töfragripur og látið mig fá hana svo hún væri örugg. Hún sem var alltaf að tönnlast á því að það væru ekki til galdrar, það væri bara eitthvert rugl. Manstu nóttina þegar við gistum hjá Phinneas og Beatriz? Ég sagði ykkur að hún hefði birst mér og að það hefðu verið bláir logar í kringum hana. Þá sagði

hún mér að einhverju væri ólokið. Hún sagði einnig að *það væri mitt að lagfæra misgjörðir þeirra sem farnir væru á undan mér.*“

„Það væri að minnsta kosti gott að vita hvað hefði farið úrskeiðis,“ sagði Soffía, „og nákvæmlega hvaða misgjörðir við ættum að laga því Snákakeðjan er illskeytt. Heyrðirðu ekki hvað Rue frænka sagði. Hún sagði: „*Þetta hlýtur að hafa verið Snákakeðjan.*“ Þeir hafa örugglega drepið pabba minn.“

„Já en hún hefur kveikt á kerti fyrir hann á hverju kvöldi undanfarin ár,“ sagði Wil.

„Nei, ekki alveg.“ sagði Soffía. „Hún hefur ekki kveikt á einu kerti eftir að herra Bertram var handtekinn.“

„Heldurðu að hún hafi gefið upp alla von?“ spurði Wil.

„Annaðhvort er hún mjög langt niðri eða hún er farin að trúá því að pabbi sé í raun og veru dáinn,“ sagði Soffía. „Ef þeir í Snákakeðjunni náðu föður mínum ...“

„... af því að hann uppgötvaði eitthvað sem þeir vildu ekki að hann vissi ...“ sagði Wil

„... þá hafa þeir ef til vill einnig náð mömmu,“ sagði Soffía.

„En af hverju þurfa þau öll að deyja?“ hvíslaði Wil og dró medalíuna upp úr hálsmálinu og virti hana fyrir sér. „Af hverju getur þessi medalía ekki hjálpað herra Bertram? Til hvers að eiga svarta medalíu sem á að vera svo öflug ef þú getur ekki hjálpað vinum þínum?“

Soffía snerti medalíuna og dró svo gamla gullhringinn sem einnig hékk á keðjunni á fingur sér. Þegar Wil smeygði medalíunni aftur undir peysuna sagði hún: „Hvað heldurðu að pabbi minn h ...“

Hvísl þeirra stöðvaðist skyndilega þegar Fjóla frænka opnaði bakdyrnar skyndilega. „Hvað í snákanafni eruð þið enn að gera þarna úti? Það er kominn tími til að fara að háttu. Ég verð í búðinni fyrir hádegi á morgun og eftir hádegi þá förum við og heimsækjum frú Oleander á sjúkrahúsið. Hún bað sérstaklega um að þið kæmuð.“


„Af hverju vill hún hitta okkur?“ spurði Soffía og glennti upp augun.

„Hef ekki hugmynd,“ sagði Fjóla frænka. „Sjúkraliðinn sagði mér að hún hefði spurt nokkrum sinnum eftir ykkur.“



Eitt af hinu undarlega við mannlegt atferli er að góðar fréttir draga oft að sér fleiri góðar fréttir. Því miður er hið gagnstæða einnig satt. Slæmar fréttir ala oft af sér fleiri

slæmar fréttir. Þetta minnir einna helst á það þegar maður heggur eitt höfuð af ófreskjunni Hydra þá vaxa ný í staðinn. Þetta minnir á gamla orðatiltækið: Sjaldan er ein báran stök. Það er örugglega ekki hægt að sanna það vísindalega en Lögmál hinna slæmu fréttar er örugglega til. Eins og þú getur rétt ímyndað þér hafði litla múrsteinshúsið við Hálfmánastræti ekki þörf fyrir fleiri slæmar fréttir.



KAFLI XII

ALHEIMS AKABRADABRA

*LICET NOBIS OPTRE NOSTROS AMICOS;
NON POSSUMUS TAMEN OPTARE NOSTROS VICINOS
SIMUL CUM RES MELIOR FACTA ESSET,
RES ETIAM PEIOR EST.
BONUS NUNTIUS RARUS EST ET MALUS COPIOSUS.
QUIS HABET JOCUM?
ERGO, QUID DIXIT COMPUTATOR AVIDUS?
PUTO ME MORSUM CONSUMPTURUM!*

VIÐ VELJUM OKKUR VINI;
VIÐ VELJUM OKKUR EKKI ENDILEGA NÁGRANNA,
OG ÞVÍ ÞEGAR ALLT HEFÐI ÁTT AÐ FARA AÐ GANGA BETUR,
FÓR ALLT AÐ GANGA VERR.
GÓÐAR FRÉTTIR ERU SJALDGÆFAR; SLÆMAR FRÉTTIR MARGAR.
GETUR EINHVER SAGT BRANDARA?
JÆJA, HVAÐ SAGÐI SVANGA TÖLVAN?
ÉG HELD ÉG FÁI MÉR BÆTI.

Varðandi slæmu fréttirnar þá virtust þær fyrst vera góðar. Fjóla frænka tók Miðgarðsstrætóinn, eins og venjulega, fór úr honum við lestarstöðina og gekk svo eftir Aðalstræti að Spádómsbúð Fjólu frænku. Þetta var bjartur sumardagur og himinninn heiður og blár. Fjólu frænku fannst þetta fullkomlega fullkominn og yndislegur morgunn þrátt fyrir allar slæmu fréttirnar og hljóp við fót. Hún söng hástöfum „Ísland, hér komum við, Ísland, hér komum við, Ísland, Ísland, Ísland, Ísland, Ísland, Ísland, hér komum við—“

Hún þagnaði um leið og hún sá stóru stafina S-E-L-T sem höfðu verið límdir yfir *Til sölu* skiltið í glugga búðarinnar Akabradabra alheimstölvur en það var búðin við hliðina á búð Fjólu frænku. Stafirnir voru stórir og feitir, sjálflýsandi appelsínugulir. Það var erfitt að taka ekki eftir þeim.

Það undarlega var að Akabradabra alheimstölvur höfðu verið lokaðar í heila eilífð. Vörurnar í búðarglugganum voru rykfallnar og dauðar flugur lágu í hrúgum. Tvö plöntulík voru einnig í glugganum og lauf plantnanna visnuðu og féllu niður í gluggasilluna. Allt bar þetta vitni um vanrækslu eigandans.

Einmana auglýsing í glugganum bauð nýjar tölvur, notaðar tölvur, viðgerðir, uppfærslur, vírushreinsanir, vírusvarnir, varahluti og aukahluti, snögga þjónustu og fleira. Tölvuvandamálin myndu gufa upp líkt og fyrir töfra lofaði auglýsingin sem var gulnuð og kuðluð. Enn eitt merkið um brostna drauma.

Í raun hafði aldrei neinn sést fara inn í eða koma út úr Akabradabra alheimstölvum ef út í það var farið. Að minnsta kosti ekki í mörg ár.

Fjóla frænka lokaði búðinni á hádegi um leið og síðasti viðskiptavinurinn af mörgum kvaddi. Þetta hafði verið annríkur morgunn. Tvisvar var lesið í telauf og rýnt í kristalskúluna þar sem viðskiptavinurinn fékk að mestu leyti góðar fréttir. Fjóla frænka reyndi að leggja meiri áherslu á góðu fréttirnar heldur en þær slæmu. Auðvitað var erfitt að kenna ekki í brjósti um einhvern sem átti dapurlega og óheillavænlega framtíð í vændum en aðalatriðið var að allir yfirgæfu búðina með einhverja von og tilgang, að allt væri mögulegt. Það var samt ekki beinlínis hægt að ljúga en það var vissulega ekki gott fyrir viðskiptin ef viðskiptavinurinn færi þunglyndur og örvæntingarfullur á brott.

Fjóla frænka dreif sig tímanlega heim til að geta borðað hádegisverð með Wil og Soffíu. Hún sagði þeim frá því að Akabradabra alheimstölvur hefðu verið seldar á meðan þau jöpluðu á samlokum með túnfiski og agúrkum og borðuðu stórar og stökkar sýrðar agúrkur og nýlagaðar hunangssnittur með.

„Hvað ætli komi í staðinn?“ sagði Soffía spennt. „Kannski verður það búningabúð og þá getum við farið og mátað alla búningana. Ég vona bara að búðin haldi Akabradabranafninu hverjir sem nýju eigendurnir verða.“

„Kannski verður þetta fornbókaverslun með þúsundum bóka,“ sagði Wil og teygði sig í tvær samlokur í viðbót. „Og svo verður einnig veitingastaður þarna þannig að staðurinn mun heita Fóður fyrir maga og heila.“

„Gott nafn, maður verður bara svangur,“ sagði Soffía og tók stóran bita af samlokunni sinni.

„Hvernig í ósköpunum getið þið enn verið svöng eftir allar samlokurnar sem þið eruð búin að borða,“ sagði Fjóla frænka undrandi. „Þið étið okkur út á gaddinn. Jæja en hver sem kemur í plássið við hliðina þá verður gott að fá nýja nágranna. Það skar í augun að horfa á þessa niðurníddu tölvubúð. Mér finnst einnig akabradabra gott og líka alheims. Skemmtilegt og dularfullt. Passar vel við andann. Þetta myndi vera gott nafn á spádómsbúð, finnst ykkur það ekki?“ bætti hún við dreymin á svip. „Vandræði að við hugsuðum ekki út í það fyrr.“

„Já en það er ekki hægt að hafa tvær akabradabra búðir hlið við hlið,“ sagði Soffía rökföst og greip síðustu samlokunni rétt í því sem Wil teygði sig eftir henni.

Hún hló þegar hún sá vonbrigðasvipinn á andliti hans en sá svo að sér og skipti samlokunni í tvennt.



Það byrjaði að þykkna upp seinnipartinn. Fjóla frænka, Wil og Soffía lögðu af stað að Miðgarðssjúkrahúsinu en það var í hinum enda bæjarins, lengra en Gruniontorg.

Wil vissi varla við hverju átti að búast. Hann bjóst ekki við því að frú Oleander væri eitthvað öðruvísi en vanalega, þ.e. öflug, illviljuð kerling sem bjóst við hinu versta af öðrum.

Til að komast að Miðgarðssjúkrahúsinu var farið í gegnum hlið úr smíðajárni sem tveir snákar andspænis hvor öðrum gættu. Þeir minntu á snákainnganginn við Aðalgötu rétt hjá búð Fjólu frænku. Hliðið opnaðist hægt þegar þau nálgust. Það ískraði lágt í hjörunum líkt og þær mótmæltu því að vera opnaðar. Þegar hliðið lokaðist að baki þeim virtist það einhvern veginn svo varanlegt.

Lóðin umhverfis Miðgarðssjúkrahúsið var stór. Þar skiptust á ræktarlegar flatir, stígar, vel hirt blómabeð, matjurtagarðar og stór tré. Fáeinar manneskjur sátu á bekkjum hingað og þangað um garðinn. Orðin *Láttu þér batna* voru höggvin í stein yfir aðalinnganginum en auk þess horfðu hryllileg steinandlit með horn, vígtennur, langar klær og ófrýnileg nef niður á þá sem gengu þar um. Wil hugsaði með sér að maður gæti ómögulega látið sér batna undir eftirliti þessara andlita. Hann bjóst hálfvegis við því að andlitin yrðu lifandi um leið og þau stigu inn fyrir. Þegar inn var komið gengu þau eftir löngum viðarklæddum gangi að aðalskrifstofunni þar sem þau fundu nokkra starfsmenn sem stóðu saman og spjölluðu hver við annan. Þeir voru í ljósbláum kyrtlum með hvíta borða á ermunum.

Einn þeirra sneri sér að Fjólu frænku, Soffíu og Wil og spurði brosandi: „Get ég aðstoðað ykkur?“

„Við ætluðum að heimsækja Elviru Oleander,“ svaraði Fjóla frænka.

„Og þið eruð?“ sagði konan.

„Við erum nágrannar hennar,“ sagði Fjóla frænka. „Isidor fjölskyldan.“

„Já auðvitað,“ sagði starfsmaðurinn. „Þakka ykkur fyrir að koma. Þið eruð fyrstu gestirnir hennar. Hún spurði aftur eftir ykkur í morgun. Komið með mér. Við förum eftir þessum gangi til að komast að herberginu sem hún er í.“

Starfsmaðurinn sigldi niður ganginn, gegnum læstar dyr, niður annan gang, fram hjá dyrum merktum 101, 103, 105, 107. Mynd og nafn fyrir neðan hékk við hliðina á hverjum dyrum. Á einni ljósmyndinni var gráhærð kona og sat lítill svartur hundur í kjöltu hennar. Á annarri myndinni var maður með ungt barn á háhesti. Á þriðju myndinni sást gamalt par sem leiddist meðfram tjörn. Wil velti því fyrir sér af hverju það væri ljósmynd við hverjar dyr. Svarið kom skömmu síðar frá starfsmanninum.

„Við reynum að gera þetta dálítið heimilislegra með ljósmynd. Hún hjálpar einnig sjúklingunum að muna. Því miður erum við enn ekki komin með neina mynd af frú Oleander. Yfirleitt koma ættingjar með mynd.“

„Við höfum þurft að hafa frú Oleander greyið í læstu herbergi,“ sagði starfsmaðurinn. „Hún er ekki alveg með sjálfri sér. Hún er alltaf að reyna að fara burt og heimsækja systur sína en að því er við best vitum á hún enga systur.“

„Hún á dóttur,“ sagði Fjóla frænka, „ættleidda dóttur, held ég.“

„Já, er það?“ sagði starfsmaðurinn undrandi. „Okkur skildist að hún ætti enga ættingja á lífi.“

„Kannski hef ég rangt fyrir mér,“ sagði Fjóla frænka. „Mig minnti að hún hefði einhvern tímann minnst á að hún ætti dóttur en að þeim kæmi ekki vel saman. Þetta var fyrir mörgum árum. Ég veit ekki einu sinni hvað hún heitir eða þá hvar hún býr. Ég hef aldrei hitt hana.“

„Jæja,“ sagði starfsmaðurinn og brosti blíðlega. „Ég er hrædd um að frú Oleander þjáist af einhvers konar köstum. Inn á milli kastanna virðist hún vita hver hún er og hvar hún er og það er þá sem hún hefur spurt eftir ykkur. En svo hverfur hún aftur inn í óminnisköstin. Hún virðist hafa veikst mjög snögglega.“

Starfsmaðurinn stoppaði við dyr 111 og lagði lófann upp að einhverju sem líktist silfrudum diskum á hurðinni. Dyrnar opnuðust samstundis og þau stigu inn í hvítt herbergi. Einfalt borð, ruggustóll og rúm voru einu húsgögnin í herberginu. Í fyrstu kom Wil ekki auga á frú Oleander. Svo sá hann sængina hreyfast.

„Frú Oleander,“ sagði starfsmaðurinn, „það eru komnir gestir, Isidorfjölskyldan, nágrannar þínir. Manstu, þú hefur verið að spyrja um þau. Nú eru þau komin til þín.“

Sængin hreyfðist aðeins meira og pínulítill, visin og brothætt gömul kona með hvítt strekkt skinn og skjálfandi æðaberar hendur birtist undan sænginni.

„Leyfðu mér að hjálpa þér að setjast upp, frú Oleander,“ sagði starfsmaðurinn og hallaði sér yfir rúm frú Oleander og lagfærði koddana. Síðan hvarf starfsmaðurinn hljóðlega úr herberginu.

Wil furðaði sig á því hvernig það, hvað það nú var, sem lá í rúminu, gæti verið frú Oleander. Frú Oleander hafði setið á veröndinni sinni fyrir nokkrum dögum og bölvað Cadmus fyrir að grafa holur í garðinum hennar. Hún hafði elst um að minnsta kosti 20 ár á einni viku. Hún var aðeins skugginn af sjálfri sér.

Fjóla frænka dró djúpt andann og sagði svo: „Elvira.“

„Fjóla,“ hvíslaði frú Oleander og starði á Fjólu frænku stórum, hitasóttar augum.

„Við vissum ekki að ...,“ sagði Fjóla frænka, „okkur þykir þetta svo leitt.“

„Húsið ... húsið ...,“ hvíslaði frú Oleander.

„Við skulum sjá um húsið,“ svaraði Fjóla frænka strax. „Ekki hafa áhyggjur af því, við sjáum um það.“ Svo bætti hún við eftir augnabliks umhugsun. „Þú kemst fljótt heim og þá verður allt skínandi fínt.“

Miðað við ástand frú Oleander gat Wil engan veginn séð hvernig hún ætti að geta farið heim í nánustu framtíð.

Frú Oleander sneri sér að Wil og Soffíu og sótthitinn í augum hennar var enn greinilegri. Hún greip þéttingsfast í hendur þeirra.

„Elsku Calvino, viljið þið passa Calvino minn,“ hvíslaði hún.

„Við hugsum um hann,“ sagði Soffía.

„Við höfum gefið honum að éta,“ sagði Wil. „Það er að segja við höfum sett skál með kattarmat á veröndina á hverju kvöldi og á hverjum morgni er hún tóm.“

Fjóla frænka leit undrandi á þau. „Er það?“

„Ahh,“ sagði frú Oleander og dauft bros læddist fram á varir hennar. Síðan byrjaði hún að hósta. Þetta var ljótur, hryglukenndur hósti sem skók allan líkama hennar. Hún barðist við að ná andanum.

„Jeminn eini,“ sagði Fjóla og var náhvít í framan. „Þetta hljómar ekki vel. Ætli það sé ekki best að ég sæki einhvern?“ Hún flýtti sér fram.

Með miklum erfiðleikum virtist frú Oleander ná sér nokkurn veginn. Hún átti enn erfitt með að anda

„Finnið öskjuna.“ Hún dró andann með erfiðismunum. „Kíkið í öskjuna. Takið þá með ykkur. Þið verðið að fara með þá til baka.“

„Um hvað ertu að tala frú Oleander?“ spurði Soffía. „Hvaða öskju?“

„Þið verðið að taka þá með ykkur til Íslands,“ sagði frú Oleander og náði vart andanum. Hún hélt svo fast um handleggina á þeim að það var virkilega sárt. „Farið með þá með ykkur. Lofið þið því?“ Rödd frú Oleander varð hærri og ákveðnari. „Takið þá með ykkur. Lofið mér því? Þið verðið að lofa mér því?“

Wil og Soffía litu óttaslegin hvort á annað.

„Já en ... hvað viltu að við tökum með okkur, frú Oleander?“ spurði Wil.

„Hvaða öskju? Og hvert eigum við að fara með þá?“ spurði Soffía, „hvert eigum við að fara með þá á Íslandi?“

„Lofið mér því,“ sagði frú Oleander

Hún reis skyndilega upp í rúminu og var svo ógnvekjandi að Wil stamaði, „Við lo ... lofum því.“

Skjálfandi endurtók Soffía: „Við lofum því.“

Frú Oleander losaði takið. „Loforðið tengir okkur saman,“ hvíslaði hún og brosti veikt. Síðan muldraði hún eitthvað óskiljanlegt. Wil var viss um að hann hefði heyrt hana segja orðið „galdur“. Rödd hennar varð styrkari eins og hún bærst frá miklu yngri konu. Hún hló og hélt einhverju þétt upp að brjóstinu. „Já, já, steinarnir ljúga ekki, þeir ljúga ekki,“ sagði hún á máli sem Wil taldi vera íslensku. Hún varð allt í einu skelfingu lostin á svipinn og hnipraði sig saman. „Nei,“ mótmælti hún skjálfandi röddu. „Það er ekki satt. Steinarnir ljúga, þeir ljúga.“

Wil og Soffía til mikillar skelfingar reis frú Oleander allt í einu örvingluð og æst upp úr rúminu. Einmitt þegar Fjóla frænka kom aftur með starfsmanninn.

„Fyrirgefið þið,“ sagði starfsmaðurinn og horfði óttasleginn á ástand frú Oleander. „Ég held að það sé best að þið farið núna. Ég er hrædd um að hún sé að fá enn eitt kastið. Hún er alltaf að tala um einhverja steina. Ekki veit ég af hverju.“

Wil leit aftur þegar þau voru að fara út úr herberginu. Frú Oleander barðist um á hæl og hnakka eins og hún væri að reyna að ýta einhverjum burt. Grannir handleggir hennar skulfu.

„Svona, svona, frú Oleander. Þú ert örugg hér hjá mér,“ sagði starfsmaðurinn, og hélt um axlir frú Oleander. „Þú hefur ekkert að óttast. Þú verður að róa þig ...“



KAFLI XIII
FÝRIRGANGUR Á AÐALSTRÆTI
(ÞAR FÓR NÁGRANNAKÆRLEIKURINN)

A SIGNIFICAT AUDAX
N NON DULCIS
I INCREDIBILIS
M MIRUS
A ATROX
T TERRIBILIS
R RIDICULUS
O ODIOSUS
N NON BONUS
I INSANUS
X SIGNIFICAT [E]XTREMUS

L FYRIR LEIÐINLEG
Í FYRIR ÍSKÖLD
F FYRIR FYRIRBÆRI
G FYRIR GEISLANDI
E FYRIR EINSTAKLEGA HRÆÐILEG
R FYRIR ROSALEGA HRYLLILEG
Ð FYRIR A[Ð]DRÁTTUR
U FYRIR UGGVEKJANDI
R FYRIR RAUNVERULEIKI

Það var kaldur og blautur rigningardagur. Þetta var svona dagur sem maður finnur fyrir í öllum líkamanum. Fjóla frænka vék fimlega framhjá stærstu pollunum á gangstéttinni á leið sinni að Spádómsbúð Fjólu frænku við Aðalstræti. Hún var enn miður sín eftir heimsóknina til Elviru Oleander – leið en einnig létt.

Það var undarlegt að þær höfðu búið hlið við hlið í öll þessi ár og nú þegar endalokin nálgudust, Elvira átti augljóslega ekki langt eftir, þá varð Fjólu frænku ljóst að hún vissi ekkert um þennan nágranna sinn. Öll skiptin sem frú Oleander hafði verið ópolandi. Öll skiptin sem þær höfðu skipst á móðgunum. Öll þessi skipti virtust gufa upp andspænis endalokunum.

Jafnvel í töfraheiminum komu endalokin. Það var hægt að neita að horfast í augu við þau eða fresta þeim og þeir sem fiktuðu við svartagaldur gátu jafnvel reynt að sigrast á þeim. En að lokum var það eina rétta að ljúka óleystum málum og tryggja að ástvinum væri borgið. Í sambandi við Elviru var það kötturinn hennar, hann Calvino.

Fjóla frænka flýtti sér eftir gangstéttinni því það var mjög ófagmannlegt að opna ekki á slaginu. Þetta var grundvallaratriðið í bók Philippu Pepper um *Grundvallaratriði í rekstri fyrirtækja*, lúnu eintaki sem Fjóla frænka ráðfærði sig oft við í leit að ráðum og vitneskju.

Það átti samt enginn bókaðan tíma þennan morgun og örugglega ekki von á mörgum viðskiptavinum á þessum blauta rigningardegi. Fjóla frænka stoppaði sem snöggvast til að bjarga óvenju stórum ormi sem lá ósjálfbjarga á gangstéttinni.

Fjóla frænka, enn með orminn í hendinni, nálgadist búðina sína á hraða snigilsins. Á einhvern furðulegan hátt, og eiginlega yfir nótt, höfðu Abrakadabra alheimstölvur verið tæmdar. Öllum tölvunum, afgreiðsluborðinu, stólum, hillum og bæklingastöndum hafði verið dembt í ruslagám á gangstéttinni. Fjóla frænka rýndi inn um gluggana. Jafnvel dauðu flugurnar og blómahræin voru horfin. Í þeirra stað – gifsplötur og krossviðarplötur, búkkar, sagir, hamrar, borar, skrúfur, rafmagnsleiðslur, rör.

Hávaðinn af hamarshöggum, sögun og borvélum myndi örugglega stökkva öllum viðskiptavinum Fjólu frænku á flótta þ.e. ef það kæmu einhverjir viðskiptavinir þennan morgun. Hver myndi svo sem vilja láta spá fyrir sér í öllum þessum dómadagshávaða sem barst að handan. Til að kóróna allt var svo skiltið sem búið var að hífa á sinn stað. Á því var risastórt tungl með stórar tennur og það glotti hlakkandi. Tunglið var svo hátt að hæð byggingarinnar tvöfaldaðist. Hjarta Fjólu frænku missti úr slag þegar hún las glitrandi stafina með gylltar útlínur – ABRKADABRA ALHEIMSSPÁDÓMUR. Fyrir neðan þessi orð stóð: Raunsæ lífræntrix. Heillaðu vini þína. Ruglaðu óvini þína.

„Hvað ætli lífræntrix þýði,“ muldraði Fjóla frænka. „Það hljómar verr en tölvur. Og hvernig í ósköpunum tengist það spádómum.“

Eins og risavaxna skiltið hefði ekki verið nógu slæmt þá voru tveir menn í samfestingum á fullu við að setja upp blikkljós auk smærri skilta sem á voru rituðslagorð svo sem:

STÆRSTA sjálfshjálparbúðin

*Þú finnur engan stað sem líkist þessum nokkurs staðar annars staðar í heiminum ...
Né í öðrum heimum!*

*Ekki trufla starfsfólk okkar.
Það á við sín eigin vandamál að stríða.
Hjálpaðu þér sjálfur!*

*Spádómar fyrir hina spöku
Örlögin bíta í skottið á sér
Varúð fyrir hina varkáru
Þetta gæti verið (ó)happadagurinn þinn*

Og það versta, að minnsta kosti hvað Fjólu frænku varðaði, var ...

*Leitið ekki lengra.
Spádómar þínir eru hér.
Verðið hjá okkur er botnlaust.*

Fjóla frænka stóð þarna, enn með orminn dinglandi milli fingranna, undir rennblautri regnhlífinni og reyndi að skilja allt sem virtist vera að gerast beint fyrir augum hennar. En þá gerðist enn hræðilegri hlutur.

Stórum eikarkassa var rennt inn í sýningarglugga Abrakadabra alheimsspádóma. Á kassanum sat, samkvæmt skiltinu, Zabba spádómsmaður. Þetta var maður með yfirvaraskegg eins og stýri á reiðhjóli, svart sítt skegg, túrban skreyttan gulli og demöntum og með stóra gullhringi í eyrunum. Maðurinn rýndi í litla kristalskúlu.

„Þú ert tilkomumikill en þú ert ekki raunverulegur, er það nokkuð?“ sagði Fjóla frænka við veruna í glugganum. „Það getur ekki verið.“ Hún hallaði sér fram og skoðaði fyrst gaumgæfilega hægra eyra mannsins og svo vinstu eyra hans.

„Nei, eyrun á þér eru ekki raunveruleg. Þú ert gervi,“ ákvað hún.

Á meðan Fjóla frænka stóð þarna setti einhver mynt í rauf á kassanum og Zabba lifnaði við. Hann kinkaði kolli og hélt höndunum yfir kristalskúlunni og síðan ... og síðan gerði hann hið ótrúlega. Hann horfði beint í augu Fjólu frænku, hneigði höfuðið og benti henni að stíga inn í Abrakadabra alheimsspádóma.

Yfir sig hneyksluð skaust Fjóla frænka inn í Spádómsbúð Fjólu frænku . Af gömlum vana sneri hún við skiltinu sem á stóð LOKAÐ öðrum megin og OPIÐ hinum megin, en skipti allt í einu um skoðun og lét LOKAÐ aftur snúa fram og dró blúndugardínurnar fyrir.

„Róaðu þig, Fjóla,“ sagði hún við sjálfa sig. „Andaðu, Fjóla, andaðu. Það er ekki kominn heimsendir þótt þú hafir fengið smá samkeppni. Samkeppni er alltaf til staðar og hinir hæfustu lifa af ... en keppinauturinn er næsti nágranni,“ vældi hún. Hún fann eitthvað iða í lófa sínum og leit niður og hló. Hún hélt enn á iðandi orminum. Hún lyfti orminum og spurði hann: „Hver er munurinn á þér og mér?“

Þar sem ormurinn var ósköp venjulegur ormur svaraði hann ekki með öðru en að iða og engjast.

„Þegar öllu er á botninn hvolft er ekki svo mikill munur,“ sagði Fjóla frænka ákveðið. „Við leitum bæði að stað þar sem við getum lifað og unnið vinnuna okkar í friði. Ég spái fyrir fólki og þú étur mold.“

Hún setti orminn í blómapott með rauðu blágresi og rölti svo um ástkæru búðina sína. Hún leit yfir gljáandi viðargólfið, bónuð antíkhúsgögnin, fjólubláa borðdúkinn með gylltu stjörnunum, drekasilfurkertastjakana tvo sem Wil og Soffía höfðu gefið henni, merkin úr dýrahringnum og stjörnumerkin, kristalla frá fjarlægum heimshornum, kertin úr býflugnavaxinu, hverra ilmur fyllti alla búðina, og alla tebollana og tekatlana.

„Já, smá te. Dálítið te væri tilvalið,“ sagði hún. „Tebolli gerir mann hugrakkan þegar alheimshörmungar dynja yfir.“

Í sömu andrá byrjaði vatnið í katlinum að sjóða, tveir pokar af jurtatei hoppuðu ofan í teketilinn, og bolli og undirskál, einmitt þau sem Fjóla frænka hélt upp á um þessar mundir með eplablómstur- og þrastamunstrinu, komu svífandi og lentu á borðinu í bakherbergi búðarinnar. Rétt hjá borðinu voru BUZZ kristalskúlan og manusmanus, töfrahöndin sem verndar allt sem hún heldur á.

Til þess að ná stjórn á vaxandi angistinni tók Fjóla frænka fjólubláa silkiklútinn af kristalskúlunni og færði hana varlega til hliðar. Svo byrjaði hún að þússa langar svartar neglurnar á töfrahöndinni þá hvern fingur, úlniðinn og að lokum handlegginn.

Töfrahöndin virkar aðeins ef hún er þússuð reglulega. Verndandi hlutverk handarinnar hafði leitt til þess að þjófur höfðu aldrei reynt að brjótast inn í búðina, né heldur hafði Fjóla frænka nokkurn tímann þurft að eiga við erfiða viðskiptavini.

Tár rann niður kinn Fjólu frænku og lenti á töfrahöndinni. Það rann hægt niður allan handlegginn. „Ég býst ekki við að þú getir verndað Spádómsbúð Fjólu frænku gegn þessu þarna Zabba lífrænatrixi,“ harmaði hún. Pirruð þurrkaði hún tárið. „Svona nú, Fjóla. Þú verður að halda áfram. Það þýðir ekkert að vera í fýlu.“

Þegar hún sagði þetta lokuðust fingur töfrahandarinnar í smástund og mynduðu hnefa og urðu svo aftur eins og áður, tilbúnir til að halda á kristalskúlunni.

En Fjóla frænka sá ekki hnefann því hún var að draga blúndugardínurnar frá af krafti.

Hugsið ykkur allt sem við missum af bara af því að við vorum ekki að horfa eða hlustuðum ekki nógu vel.



KAFLI XIV IÐNAÐARNJÓSNIR

*INQUISITIO – ARS SPECULANDI
SEMPER POTES COGNOSCERE UNUM VEL DUO DOLUM
AB ADVERSARIO TUO.
NECESSE EST TIBIT ROGARE SOLUM
QUID, QUARE, QUANDO ET
QUOMODO, QUO ET QUIS.*

NJÓSNIR – LISTIN AÐ NJÓSNA
ÞÚ LÆRIR ALLTAF EINA NÝJA BRELLU EÐA TVÆR
AF KEPPINAUTI ÞÍNUM.
ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ SPYRJA ER
HVAÐ, AF HVERJU OG HVENÆR OG
HVERNIG OG HVAR OG HVER?

Pegar Fjóla frænka kom heim í kvöldmat, blaut og slæpt undir fjólublárrí regnhlífinni, voru Wil og Soffía byrjuð að elda. Eldhúsið ilmaði af vöfflum og hlynssírópi. Vaskurinn var fullur af viðarskeiðum, skálum, pottum og pönnum.

„Velkomin heim, Fjóla frænka,“ sagði Soffía, „sjáðu hvað við ákváðum að hafa í kvöldmat!“

Fjóla frænka brosti dauflega. „Það er frábært.“ Síðan gekk hún upp og muldraði eitthvað um að taka sig til.

Wil hnyklaði brýrnar um leið og hann sneri enn einni pönnukökunni. „Hvað heldurðu að hafi gerst?“ spurði hann.

„Fleiri slæmar fréttir?“ sagði Soffía en hún var að raða ferskum jarðarberjum og rifsberjum á bakka. „Ég vona að þær tengist ekki herra Bertram.“

„Ég held að hún hefði sagt okkur strax ef eitthvað hefði komið fyrir hann,“ sagði Wil. „Auk þess er varla hægt að bæta fleiri slæmum fréttum við. Kannski kom enginn í búðina í dag af því að það rigndi svo mikið.“

„Eða kannski kom fleira fólk af því að það þurfti uppörvunar við,“ sagði Soffía, „og það fékk te og svo var lesið í telaufin. Kannski er hún bara þreytt.“

Samræðurnar voru truflaðar þegar Rue frænka kom inn um bakdyrnar. Hárið á henni var allt í einni bendu og skórnir voru rennandi blautir. Hún var niðurbrotin á svipinn.

„Hvað er að Rue frænka?“ spurði Soffía.

„Ekkert, krakkar mínir,“ svaraði Rue frænka, „ég er bara dálítið blaut. Þetta hefur verið langur dagur og margt gengið á í ráðuneytinu.“ Hún andvarpaði og brosti svo áhyggjufull á svip. „Pönnukökurnar ilma vel.“

Þau voru hálfnuð með kvöldmatinn þegar Fjóla frænka lagði frá sér gaffalinn, dró djúpt andann og sagði svo ódamála: „Það gerðist dálítið hræðilegt í búðinni í dag.“

Þegar hún sá skelfingarsvipinn á hinum gat hún ekki annað en hlegið veikt. „Jæja kannski ekki alveg svona slæmt. Ég á við það hefði getað verið verra. Það er engin ástæða til að hafa áhyggjur að ástæðulausu. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og öfugt. Og það sem þér finnst gott finnst einhverjum öðrum slæmt. Þér gæti auk þess fundist það slæmt en svo reynist það vera gott. Þú veist aldrei. Þetta svæði gæti orðið aðalstaðurinn í bænum. Nýjabrumið gæti gagnast öllum fyrirtækjunum. Því fleiri því betra. Það kallast magnáhrif. Laðar að fleiri viðskiptavinum. – Ég las um það í Meginatriðum viðskiptarekstrar. Það getur vel verið að þeir séu með þessar vélar sínar en ég er með ... tja, ég get boðið góðan og gamaldags spádómslestur, þið vitið, augliti til auglitis, eins og fólk hefur stundað í mörg hundruð ár, nei mörg þúsund ár. Og ef við erum hlið við hlið koma fleiri viðskiptavinir. Maður verður auðvitað að hafa sitt sérsvið. Það er engin ástæða til að apa eftir keppinautinum við hliðina.“ Fjóla frænka hló lágt. „Það myndi ekki leiða neitt af sér. Þess í stað gætum við unnið saman, kannski auglýst saman. Við gætum orðið vinsælasti staðurinn. Auk þess eru viðskiptavinir yfirleitt dyggir.“

Ræða Fjólu frænku stöðvaðist skyndilega. Eins og hún hefði orðið uppiskroppa með orð, líkt og þegar hættir skyndilega að rigna, fannst Wil.

„Fjóla frænka, hvað í snákanafni ertu að tala um?“ spurði Rue frænka.

„Var ég ekki búin að segja ykkur það?“ svaraði Fjóla frænka og dró blúnduvasaklút út úr erminni til að pússa gleraugun. Hún var hins vegar svo skjálfhent að hún missti gleraugun í gólfið. „Æ, æ,“ sagði hún.

„Segja okkur hvað?“ spurði Rue frænka um leið og hún tók gleraugun upp og rétti Fjólu þau.

„AbraKadabra alheimsspádómar,“ sagði Fjóla frænka, „og lífgerðu vélarnar þeirra. Það er það sem er að.“

„AbraKadabra hvað?“ sagði Rue frænka.

„Keppinautur,“ sagði Fjóla frænka og augu hennar flóðu í tárur, „og það beint við hliðina á Spádómsbúð Fjólu frænku. Búðin heitir AbraKadabra alheimsspádómar. Leitið ekki lengra eftir spádómum ykkar. Enginn stenst verðið okkar. Þá var nú betra að hafa gömlu, yfirgefnu tölvubúðina við hliðina heldur en þetta. Miklu betra. Þetta mun hafa áhrif á viðskiptin. Hvað segi ég. Þetta er þegar farið að hafa áhrif á viðskiptin. Enginn vildi láta spá fyrir sér í dag. Enginn kom inn í Spádómsbúð Fjólu frænku í dag. Ekki svo mikið sem ein manneskja. Það voru allt of mikil læti við hliðina á. Hamarshögg, sagarhljóð og svo framvegis – og þessi bjánalegi Zabba spádómsmaður. Þessi gína sem situr í útstillingarglugganum með gullhringi í eyrum, svart sítt skegg og gulltúrban. Hver vill koma inn í Spádómsbúð Fjólu frænku með Zabba í næsta nágrenni? Hvað ef þeir hirða alla viðskiptavinina mína?“ kveinaði hún. „Þá verð ég að loka Spádómsbúð Fjólu frænku. Hvernig í ósköpunum get ég bara pakkað saman og farið til Íslands á meðan allt þetta er í gangi. Og við erum ekki einu sinni byrjuð að pakka og eigum að fara eftir eina viku.“

„Það er ekki fyrirfram gefið að þessi Akabrastaður muni hirða alla viðskiptavini Fjólu frænku,“ sagði Rue frænka áhyggjufull á svip. Síðan bætti hún við. „Ég veit ekki hvernig við förum að ef það gerist. Og ekki geta krakkarnir farið einir til Íslands. Við erum komin með miðana í hendur.“ Hún þagnaði og bætti svo við niðurbældri röddu. „Það varst þú sem keyptir þessa fjandans kristalskúlu, Fjóla frænka. Ef þú hefur ekki keypt hana þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af því að fara til Íslands.“

Orð Rue virtust vera sem blaut tuska í andlit Fjólu frænku. „Ég ætlaði bara að hjálpa,“ sagði hún, „við þörfnuðumst peninganna ...“

„Ég veit, Fjóla frænka,“ sagði Rue frænka örvingluð. „Fyrirgefðu mér. Það er bara með herra Bertram í fangelsi og ekkert gengur að fá þessa stöðu hjá ráðuneytinu og ferðin til Íslands og frú Oleander veik og ... Þetta er bara allt of mikið.“ Hún þagnaði.

Wil fannst Ísland vera fjarlægara nú en nokkru sinni áður. Ef meira að segja Fjóla frænka er farin að efast ... Hann leit á Soffíu. Hún nagaði vörina og gleraugnaumgjörðin var myglugul. Hann varð að segja eitthvað, en hvað?

Í einhverju bríarí sagði hann. „Af hverju kíkjum við ekki inn í Abrakadabra alheimsspádóma? Þá getum við séð hvað er þar inni. Ef Phinneas og Beatriz koma með okkur, þau eru enn í bænum, þá getum við snuðrað aðeins. Átta augu og eyru sjá og heyra betur en fjögur.“

Fjóla frænka leit á Wil eins og hann væri svikari, jafnvel ættjarðarsvikari.

„Þú getur ekki farið þarna inn,“ sagði Fjóla frænka.

„Af hverju ekki?“ spurði Wil

„ Af því að ...“ stamaði Fjóla frænka.

„Það er ekki eins og við séum óvinirnir,“ sagði Soffía og gleraugnaumgjörðin var orðin gul og svört. Hún var augljóslega búin að ná sér eftir að hafa haldið um stund að þau færu ekki til Íslands. „Það er betra að vita hvað keppinauturinn er að gera,“ sagði hún ákveðið. „Hvað er sagt um samkeppni í *Grundvallaratriðum í rekstri fyrirtækja*? Ég þori að veðja að Philippa Pepper leggur til að þú eigir að þekkja keppinaut þinn. Við getum ekki látið einhvern vaða yfir okkur á meðan þeir stela öllum viðskiptavinunum okkar.

„Allt sem þú þarft að gera er að vera með betri hugmynd en keppinauturinn,“ sagði Wil, „eða bjóða betri þjónustu en andstæðingurinn og þá færðu fleiri viðskiptavini en þeir.“

„Og þú getur stolið viðskiptavinum frá þeim!“ sagði Soffía kát. Hún rúllaði upp pönnukökunni sinni og tók stóran bita af henni.

Fjóla frænka þurrkaði tárin og tók aftur upp gaffalinn. „Þið hafið rétt fyrir ykkur. Ef ég man rétt þá talar Philippa Pepper um brodd samkeppninnar. Við þurfum bara að komast að veiku blettunum hjá Abrakadabra og hvað Fjóla frænka gerir virkilega vel.“

„Einfaldlega,“ sagði Wil en hugsaði með sér að það væri aldrei neitt svo einfalt. Sama kvöld orðaði hann þessa hugsun við Soffíu þar sem þau voru að undirbúa sig fyrir svefninn.

„Listinn yfir það sem þarf að gera er að verða ansi langur, finnst þér það ekki?“ sagði Soffía um leið og hún gretti sig framan í spegilinn á baðherberginu þar sem hún virti fyrir sér bólu á andlitinu. „Ekki aðeins þurfum við að finna þessa dularfullu kassa frá Oleander. Við þurfum líka að telja Fjólu frænku trú um að hún geti farið frá

Spádómsbúð Fjólu frænku í viku til að fara til Íslands jafnvel þótt hræðilegur nýr keppinautur hafi flutt inn í plássið við hliðina á hennar búð.“

„Þetta er listinn yfir það sem við þurfum að gera á næstunni,“ sagði Wil. „Mundu að við þurfum einnig að finna leið til að hjálpa herra Bertram og við vitum ekki enn hvað er á seyði hjá Fullkominni framleiðslu. Fyrst við erum byrjuð þá er eins gott fyrir okkur til að finna einhverjar leiðir til að vinna okkur inn peninga. Við verðum að fara að borga til heimilisins ef allt fer á versta veg. Og til að bæta gráu ofan á svart þá megum við heldur ekki gleyma Snákakeðjunni,“ sagði Wil.

„Já guð, hvernig gat ég gleymt henni?“ sagði Soffía og yggldi sig framan í sjálfa sig í speglinum. „Ef listinn yfir það sem þarf að gera verður lengri þá ...“ Soffía kláraði ekki setninguna en Wil vissi nákvæmlega hvað hún ætlaði að segja. Ef verkefnalistinn yrði lengri þá færu þau ekki til Íslands.



„Jæja hvernig eigum við að fara að þessu?“ spurði Phinneas þar sem þau Wil, Soffía og Beatriz skiptu með sér birkiköku Fjólu frænku eftir kvöldmat. Eins og svo oft áður höfðu þau hist við stóra gamla pílviðinn niðri við ána. Greinar pílviðarins sveigðust utan um þau í kvöldgolunni eins og gamla tréð hefði í hyggju að veita ráð og stuðning.

„Við gætum farið inn í Abrakadabra eins og venjulegir viðskiptavinir,“ stakk Wil upp á.

„Við getum ekki bara farið inn,“ sagði Soffía.

„Af hverju ekki?“ spurði Wil og tók bita af kökunni sinni.

„Af því að þá fer þá að gruna eitthvað,“ svaraði Soffía.

„Af hverju ætti þá að gruna eitthvað?“ sagði Wil og kökumylsna frussaðist út úr honum um leið og hann talaði. „Ég er viss um að allir hafa áhuga á nýja staðnum og það verður örugglega margt fólk þar.“

„Já en hvað ef þeir vita að við erum tengd Fjólu frænku,“ spurði Soffía.

„Hvað með það? Við erum bara að bjóða þá velkomna,“ sagði Wil.

„Hvernig eru þessi lífgerðu trix eða hvað það nefnist?“ spurði Beatriz.

„Lífgerðu vélar,“ sagði Wil. „Fjóla frænka sá eina í glugganum. Hún var kölluð Zabba og var með gulltúrban, mikið svart skegg og kristalskúlu.“

„Það sem skiptir máli,“ greip Phinneas fram í, „er að ef við eigum að njósna þá verðum við að gera það almennilega.“

„Hvað áttu við?“ spurði Soffía.

„Við verðum að vera með áætlun,“ sagði Phinneas.

„Annars komum við aftur út úr versluninni án upplýsinganna sem okkur vantar,“ sagði Wil.

„Einmitt,“ sagði Phinneas.

„Hvernig veist þú svona mikið um njósnir, Phinn?“ spurði Soffía.

„Af því að hann er hálfnaður með *Mestu njósnarar allra tíma*,“ sagði Beatriz. „Hann hefur verið að gera okkur brjáluð heima með því að vera að spegla fyrir horn, hlera í gegnum skráargöt og þess háttur. Pabbi gerði þau mistök að gefa Ziggy Njósnaragræjur fyrir laumupúka í afmælisgjöf en Phinneas, laumupúkinn sá arna, komst í þær.“

„Hefurðu lokið þér af, Bea?“ spurði Phinneas móðgaður yfir því að sérfræðikunnátta hans sem njósnara hefði verið dregin í efa. „Viljið þið vita hvert verkefni okkar er eða ekki?“

„Við vitum hvert verkefnið er,“ svaraði Soffía. „Við þurfum að hjálpa Fjólu frænku að halda viðskiptavinum sínum. Við vitum bara ekki hvernig við eigum að fara að því.“

„Það er auðveldi hlutinn,“ sagði Phinneas og tók síðasta kökubitann. „Við notum augu okkar, eyru og nef og spyrjum hvernig, hvers vegna, hvað, hver, hvenær og hver.“

„Hvað þá?“ spurði Soffía.

„Nei, ekki bara hvað,“ hrópaði Phinneas upp yfir sig.

„Ég skil þig,“ sagði Wil. „Þú átt við hvernig Spádómsbúð Fjólu frænku er ólík Abrakadabra alheimsspádómum.“

„Hverjir eiga Abrakadabra?“ sagði Soffía.

„Hverjir eru viðskiptavinir Abrakadabra?“ sagði Phinneas.

„Hvaðan koma lífgerðu brúðurnar?“ bætti Wil við.

„Og hvernig virka þær?“ stakk Beatriz upp á.

„Nú líst mér á. Nú hugsum við eins og njósnarar!“ sagði Phinneas ánægður.



KAFLI XV FRÚ RÓSA OG FÉLAGAR

*HABUERUNT PALPEBRAE PILOS ET SUPERCILLA,
CAPILLOS ET BARBAS,
LABIA MOVENTIA, CUTEM RUGOSAM,
OMNIA QUAE HOMINES IPSI HABENT.
SED NON VIVEBANT: ILLI MORTUI SUNT.
NON POTUERUNT TAMEN MORTUI ESSE
QUIA ILLI NUMQUAM VIXERANT.*

ÞAU VORU MEÐ AUGNHÁR OG AUGABRÚNIR,
HÁR, VEIÐIHÁR OG SKEGG,
VARIR SEM HREYFÐUST, VARIR, HRUKKÓTTA HÚÐ ...
ALLT SEM EINKENNIR MANNESKJUR.
EN ÞAU VORU EKKI LIFANDI: ÞAU VORU DÁIN,
EN ÞAU GÁTU EKKI VERIÐ DÁIN,
ÞVÍ ÞAU HÖFÐU ALDREI VERIÐ LIFANDI.

Þau ákváðu að fara í njósnaleiðangurinn strax næsta morgun. Það reyndist vera rislítill grámyglulegur dagur, hvorki sólar- né rigningardagur. Loftið var þungt og þvalt. Soffía, Wil, Beatriz og Phinneas tóku Miðgarðsstrætóinn ásamt Fjólu frænku að Aðalstræti. Eins og ávallt fór ljósblái *Miðgarðsstrætóinn sem fer allt* í gegnum löng göng og kom út í gegnum múrsteinsvegg fyrir aftan húsið með fimarmastjörnunni. Strætóinn sveigði hjá bílastæðastaurunum fór út á Adelaide stræti, beygði nokkrum

sinnum í viðbót og kom loks út á Aðalstræti. Þau stigu af rétt hjá brautarstöðinni og gengu rösklega í átt að búð Fjólu frænku.

Ástandið var verra en Wil hafði ímyndað sér. Fjöldi fólks var fyrir framan Abrakadabra alheimsspádóma. Í miðjum útstillingarglugganum sat Zabba með síða skeggið sitt, túrbaninn og kristalskúluna, nákvæmlega eins og Fjóla frænka hafði lýst honum. Hann, eða nánar til tekið það, veifaði til allra og bauð þeim inn fyrir.

„Sjáið þið?“ sagði Fjóla frænka, „ég var búin að segja ykkur þetta. Sjáið allt fólkið!“

Hún hafði rétt fyrir sér. Abrakadabra alheimsspádómar var svo full af viðskiptavinum að hún stóð á blístri. Það virtist ekki vera pláss fyrir fleiri innandyra hugsaði Wil með sér.

„Þið verðið bara að passa að þeir sjái ekki að þið séuð tengd Spádómsbúð Fjólu frænku,“ sagði Fjóla frænka, „ekki viljum við að þeir haldi að við séum að njósna um þá eða eitthvað svoleiðis.“ Hún faðmaði þau öll þéttingsfast að sér og smeygði sér svo inn í Spádómsbúð Fjólu frænku.

Þau trúðu sér öll fjögur fram hjá stórum manni sem stóð í dyragættinni. Meðfram öllum veggjum voru viðar- og glerkassar sem náðu frá gólfi og upp í loft. Í hverjum kassa var búningaklædd gína. Fólk var önnum kafið við að setja mynt í þar til gerðar raufar og hrópaði af kátínu þegar gínurnar hreyfðu sig, töluðu og þegar spádómar spýttust í lófana sem biðu.

„Ekki að furða þótt Fjóla frænka sé áhyggjufull,“ sagði Soffía.

Þeim á hægri hönd sat Stígvélaði kötturinn í glerbúri. Kötturinn hreyfði höfuð og limi og greinilega mátti heyra hann mjálma. Eldri kona stóð fyrir framan búrið. Hún renndi mynt í raufina og kötturinn spýtti spádómsbleðli út úr sér. Konan las spádóminn og þrýsti blaðinu svo að sér eins og líf hennar lægi við.

„Við verðum að muna af hverju við komum hingað,“ sagði Phinneas óstyrkur.

„Já, alveg rétt,“ sagði Soffía.

„Soffía, þið Wil takið þetta horn,“ sagði Beatriz, „og við Phinn tökum hornið þarna. Athugið að hverju þið komist.“



Wil og Soffía horfðu agndofa á skápinn sem Frú Rósa var í. Skyndilega voru bláu flauelsgardínurnar dregnar frá og Frú Rósa birtist í allri sinni dýrð. Silfurlokkar féllu niður axlirnar á henni, augu hennar úr gleri stórðu á allt fólkið sem var samankomið

til að skoða hana. Hún blikkaði einu sinni og svo opnuðust silfraðar varir hennar. Rödd hennar var hlý, munúðarfull og ómótstæðileg.

„Hvað býr í framtíð þinni? Komdu til frú Rósu og framtíð þín verður afhjúpuð. Þú hefur vakið krafta hinnar alvitru frú Rósu. Leitið ráða hjá dularfullu töfrakristalsrósinni minni.“

Frú Rósa hallaði sér fram og tók upp vasa með bleikri kristalsrós. Silfraðir fingur hennar sneru vasanum í þrjá hringi. Svo sagði hún:

*„Þú átt þér ósk.
óskin er djúpt í hjarta þínu.
ósk þín er öflug.
Óttastu ekki.
Ósk þín mun rætast.
Njóttu þess sem koma skal.“*

Um leið og Wil og Soffía tróðu sér milli fólksins til að sjá frú Rósu betur heyrði Wil kunnuglega rödd. „Einmitt, herra Flapalooza. Þú hefur nú þegar gert svo mikið og með svona líka góðum árangri.“

Þetta var greinilega rödd hinnar frægu portrettlistakonu Ursulu von Scrum. Og ekki nóg með það. Hún var að tala við manninn í leðjubrúnu jakkafötunum. Hún var með langar ísbleikar neglur og málaðar augabrúnir sem náðu frá brúnunum, niður kinnarnar og alla leið niður á höku. Andlit hennar líktist því alltaf óræðri grímu.

„Soffía, sjáðu, þarna er Ursula von Scrum,“ hvíslaði hann.

En Soffía virtist heilluð af frú Rósu.

Wil togaði í handlegginn á Soffíu. „Soffía, Ursula von Scrum er hérna,“ endurtók hann og nú enn ákafar.

„Ha,“ sagði Soffía og leit á Wil án þess þó að sjá hann.

„Ursula von Scrum,“ endurtók hann. „Hún er þarna hinum megin að tala við manninn í brúnu jakkafötunum.“

Soffía virtist koma aftur til sjálftrar sín. „Hver heldurðu að þetta sé?“ spurði hún og sneri upp á hálsinn til að reyna að sjá hann betur.

Wil og Soffía yfirgáfu fólksfjöldann sem umkringdi hina dáleiðandi frú Rósu. Þau mjökuðu sér milli fólksins í búðinni. Ursula von Scrum sá þau skyndilega, brosti og blikkaði til þeirra.

Maðurinn í brúnu fötunum virtist ekki taka eftir því að athygli hennar hefði beinst annað. „Fyrsta lögmál góðra viðskipta,“ heyrðu þau hann segja, „er að láta viðskiptavinina fá það sem þeir vilja, eða réttara sagt láta þá fá það sem þeim datt ekki einu sinni í hug að spyrja um. Góðir spádómar eru okkar fag. Hér eru engir slæmir spádómar. Fólk vill ekki heyra eitthvað leiðinlegt. Það hefur borgað fyrir spádómana og vill aðeins heyra eitthvað gott. Þetta virkar. Þetta virkar í hvert sinn.“

Ursula von Scrum lyfti brúnum og hún yggldi sig. Hún leit snöggt aftur í átt að Wil og Soffíu en sneri sér svo aftur að manninum í brúnu jakkafötunum sem hélt áfram að röfla um viðskipti og viðskiptavini og hversu dýrar lífgerðu brúðurnar hefðu verið.

„Hún vill ekki að hann viti að hún þekkir okkur,“ hvíslaði Soffía.

„Hvernig veistu?“ spurði Wil.

„Ég veit það bara,“ svaraði Soffía. „Komdu við skulum halda áfram.“

Þau smeygðu sér fram hjá Esmeröldu sem var með svart sítt hár og dökk augu, afturgöngunni Luzmindu sem var íklædd draugalegum hvítum fötum og hinum alsjáandi Júpiter með krans á höfði. Hann var í löngum kyrtli með stóran gullhring á þumlinum.

„Það er eitthvað skrýtið við allar þessar vélar,“ sagði Wil. „Þær eru með augnhár og augabrúnir, veiðihár og skegg, varir sem hreyfast, ýmist fullkomna eða hrukkotta húð. Þær eru alveg eins og manneskjur nema bara þær eru ekki lifandi, þær eru dánar. En þær geta heldur ekki verið dánar því þær hafa aldrei verið á lífi.“

„Svo læturðu þær fá peninga og þær byrja að tala til þín,“ sagði Soffía, „þær tala ekki við þig heldur til þín. Jafnvel þótt sumar þeirra séu virkilega fallegar og mjög raunverulegar finnast mér þær óhuggulegar.“

Einn stakur kassi stóð aftast í dimmu horni búðarinnar. Þar var völvan Þorba samkvæmt miðanum á kassanum. Hún var með sítt úfið grátt hár og ljósfjólublá augu. Ójarðnesk augu. Hún var í klæðnaði úr grófu ullarefni, með hálsmen úr steinvölum og í síðri, dökkri skikkju. Í annarri hendi hafði hún nokkrar stórar svartar fjaðrir.

„Þessi er draugaleg,“ sagði Wil, „mér finnst hún frekar raunveruleg.“

„Já, það er þó skrýtið,“ sagði Soffía, „að enginn virðist hafa áhuga á henni. Það vilja allir skínandi, gylltu vélar.“

„Hvað ætli hún geri?“ spurði Wil og starði framan í Þorbu í gegnum glerið á búrinu. „Steinarnir um hálsinn á henni eru virkilega fallegir.“

„Þorba hlýtur að gera eitthvað,“ sagði Soffía, „en ég sé enga rauf fyrir peninga.“

„Kannski er hún aftan á,“ sagði Wil og kíkti aftan á kassann. „Nei, engin rauf hér heldur.“

„Hvernig ætli maður láti hana þá hreyfast?“ sagði Soffía og bankaði í glerið.

„Þið þarna, farið frá kassanum,“ sagði hrjúf rödd.

Maðurinn í brúnu jakkafötunum gnæfði yfir þau. „Hvað haldið þið að þið séuð að gera, krakkar. Þið óhreinkíð glerið. Þessar vélar eru mjög viðkvæmar. Völván Þorba er langt að komin, alla leið frá Íslandi. Hún var mjög dýr. Dálítið þúkaleg en nógu raunveruleg samt. Látið hana vera.“ Hann pírdi augun um leið og hann leit yfir búðina. Síðan spurði hann ásakandi: „Hvar eru foreldrar ykkar? Börn mega aðeins koma hingað inn í fylgd með foreldrum sínum.“

Wil varð svarafátt. Hann langaði bara til að komast aftur út úr búðinni eins fljótt og hægt var.

Maðurinn hvessti á þau augun. „Engir foreldrar, ha? Ég vissi það. Snautið burt héðan. Farið og takið vinina ykkar tvo með ykkur. Ég er þegar búinn að tala við þá.“

Wil og Soffía sneru sér við og sáu þá einmitt hvar Phinneas og Beatriz röltu út úr búðinni.



Wil, Soffía, Phinneas og Beatrice hittust fyrir utan til að fara yfir það sem þau höfðu séð og heyrt.

„Þetta gekk ágætlega,“ sagði Soffía. „Herra Flapalooza, er hvað hann nú heitir, er jafn hræðilegur og lífgerðu vélarnar.“

„Og hann hefur ekkert skopskyn,“ sagði Phinneas. „Ég reyndi að létta andrúmsloftið með því að segja brandara: „Hvað þarf marga spámenn til að selja spádóm?“ og hann varð eldrauður í framan.“

„Hvað þarf marga spámenn til að selja spádóm?“ hváði Wil.

„Engan. Spámenn spá, þeir selja ekki,“ sagði Phinneas.

„Þetta er ekkert fyndið,“ sagði Beatriz og gretti sig.

„Þetta var það eina sem mér datt í hug svona á staðnum,“ sagði Phinneas mæðulega.

„Jæja, að hverju komumst við?“ spurði Wil. „Í fyrsta lagi þá er maðurinn gullgrafari og ekki skemmtilegur sem slíkur.“

„Þessi búð hefur þann eina tilgang að græða hvort sem verðið er lágt eða ekki,“ sagði Beatriz.

„Hvað er að því að græða peninga?“ spurði Phinneas.

„Það er ekkert að því,“ sagði Beatriz. „Það fer bara eftir því hvernig þú ferð að því. Viðhorfinu.“

„Honum gæti ekki staðið meira á sama um sanna spádómsmennsku,“ sagði Soffía. „Vélarnar sjá um allt.“

„Það er veikleiki hans,“ sagði Phinneas. „Ef vélarnar bila þá verður hann að hætta.“

„Hvað áttu við, Phinneas?“ spurði Beatriz. „Ertu að gefa í skyn að við eigum að fara aftur þarna inn og eyðileggja vélarnar?“

„Nei auðvitað ekki,“ sagði Phinneas. „Ég á bara við að vélarnar eru allar nýjar núna en einhvern tíma eldast þær og bila. Þá verður fólkið fúlt ef það er búið að borga fyrir eitthvað sem það fær svo ekki.“

„Hann lagar bara vélarnar eða endurgreiðir fólkinu,“ sagði Soffía.

„Kannski,“ sagði Phinneas, „en hver vill setja peninga í einhverja vél upp á von og óvon. Kannski færðu spádóm, kannski ekki.“

„Fólkið virtist vera æst í að borga vélunum og fá smá kort, eða eitthvað slíkt, sem það gat haft með sér í vasanum,“ sagði Wil.

„Við fundum eina lífgerða vél sem kom alla leið frá Íslandi,“ sagði Soffía. „Völvan Þorba. Hún var í dökkri skikkju, með sítt grátt hár og blá augu. Hún var næstum eins og lifandi, eins og hún færi þá og þegar að tala. En ég sá enga rauf til að setja peningana í. Kallinn sagði að það hefði verið dýrt að flytja hana hingað.“

„Hlutinn, Soffía, hlutinn,“ sagði Wil. „Þetta er lífgerð vél. Þetta er hlutur, ekki manneskja. Mundu að þetta er aðeins vél.“

„Já, einmitt,“ sagði Soffía.

„Svo uppgötvuðum við annað,“ sagði Beatriz. „Hann þolir ekki börn, alls ekki. Sáúð þið svipinn á honum þegar hann sagði að börn hefðu engan aðgang. Ég hélt að augun ætluðu að springa út úr höfðinu á honum.“

„Svo herra Flapalooza er *hver*,“ sagði Phinneas. „Af *hverju* er vegna peninganna. Lífgerðu vélarnar eru *hvað* og við vitum að þær eru dýrar og fólk er æst í að borga þeim peninga til að fá spádóm í staðinn. Spurningin er bara *hvenær* vélarnar bila því hver vill setja peningana sína í vél sem gleypir þá kannski bara. En þangað til þær bila hefur Fjóla frænka eignast keppinaut.“

„Þetta er um það bil það sem við uppgötvuðum,“ sagði Wil.



„Enginn aðgangur fyrir börn,“ hrópaði Fjóla frænka hneyksluð þar sem hún hlustaði á Wil, Soffíu, Beatriz og Phinneas segja frá því að hverju þau hefðu komist í Abrakadabra alheimsspádómum. „Ímyndið ykkur, hvers konar staður leyfir ekki börn. Börnin eru ávallt velkomin hingað í búðina mína. Mér finnst aftur á móti hugmyndin með litlu spjöldin frábær. Auðvitað vilja allir heyra eitthvað gott. Það væri auðvitað slæmt fyrir viðskiptin ef fólk færi héðan niðurdregið og þunglynt en staðreyndin er sú að ekki eru allar fréttir góðar fréttir. Það er ekki hægt að ljúga til um þessa hluti. Það er svo sem hægt að ljúga en það er algjörlega gagnstætt öllu spádómssíðferði. Ég reyni þó alltaf að leggja meiri áherslu á góðu fréttirnar heldur en þær slæmu. Þið munið hvert slagorð Fullkominnar framleiðslu var: Viðbúinn er vígbúinn. Þá er fólk í það minnsta á verði. Varnaðarorð geta jafnvel haft áhrif á örlög fólks. Það á alltaf val um hvaða leið það velur. Vonin er það mikilvægasta. Þessi maður er auðsjáanlega falskur, loddari og svikahrappur.“

Skammir Fjólu frænku fengu snöggan endi þegar búðardyrnar opnuðust skyndilega og Ursula von Scrum steig inn. „Ertu búin að hitta nýja nágrannann þinn?“ spurði hún Fjólu frænku með hinum óviðjafnanlega hreimi sínum. Hún lét alveg hjá líða að heilsa. Án þess að bíða eftir svari bætti hún við. „Þessi maður er svo yfiringilegur, já, það er rétta orðið, sérstaklega þar sem í þessu orði er falið enn verra orð sem ég er of kurteis til að segja upphátt. Ég vona að búð þessa herra Flapalooza leggi fljótlega upp laupana.“

Wil varð hissa þegar hann sá að hin langa svarta augnbrún Ursulu von Scrum var aðeins kámuð. Það var þögull vitnisburður um hve æst hún var.

„Vélarnar virðast vera mjög vel gerðar,“ vogaði Fjóla frænka sér að segja. „Þær hljóta að hafa verið dýrar. Þær líta út fyrir að vera raunverulegar, að minnsta kosti þegar maður sér þær af gangstéttinni.“

„Ég er ekki á móti lífgerðum vélum,“ sagði Ursula von Scrum. „Þær eru frábærlega hannaðar og ótrúlega nákvæmar eftirlíkingar. En þrátt fyrir augnhár, augabrúnir, varir, hárið á höfðinu og því um líkt, vantar mannlega þáttinn algjörlega,“ bætti hún ákveðið við. „Portrettin mín aftur á móti, listaverk hvert og eitt. Hver stroka lýsir hinu

mannlega í fyrirsætunni. Það er ekki hægt að fjöldaframleiða þau. Búðin hérna við hliðina á er bara tilboð mánaðarins. Um leið og nýjabrumið fer af henni þarft þú ekki að hafa neinar áhyggjur, vinan. Þetta keppir ekki við Spádómsbúð Fjólu frænku. Jæja, snúum okkur nú að mikilvægari hlutum. Við verðum að taka nokkrar ákvarðanir í sambandi við málverkið af þér áður en þú ferð til Íslands. Í hverju ætlarðu að vera?”

Wil, Soffía, Beatriz og Phinneas fóru að skellihlæja þegar þau sáu hversu sakbitin Fjóla frænka varð á svipinn.

Aumingja Fjóla frænka. Í marga mánuði hafði hún velt því fyrir sér í hverju hún ætti að vera á málverkinu. Hún virtist alls ekki geta ákveðið sig því málverkið var mikilvægt. Það myndi vitna um stöðu hennar í samfélaginu, það myndi lifa löngu eftir að hún væri látin. Allir myndu minnst hennar eins og hún liti út á málverkinu.



KAFLI XVI LEYNDARDÓMSFULLA ASKJAN

*NECESSE EST
AUDAX SIS.
PETE INFRAM SORDEM SORDIDAM.
PETE INFRA MUCOREM MUCIDUM.
ILLIC INVENIAS
AURUM CELATUM.*

ÞÚ ENGA HJÁLPA FÆRÐ
ÞÚ VERÐUR AÐ VERA HUGDJARFUR.
LEITAÐU UNDIR HINU ÓGEÐSLEGA
UNDIR MYGLUNNI MIKLU.
ÞAR ÞÚ FUNDIÐ GÆTIR
FALINN FJÁRSJÓÐ.

Bláa sjalið hékk enn á stólnum á veröndinni á húsi Frú Oleander. Dagblaðið lá samanbrotið á setu stólsins. Kannski horfði Calvino á þau einhvers staðar úr felum, á stað sem aðeins kettir vita um.

Þetta var óhuggulegt. Líkt og frú Oleander hefði rétt sem snöggvast skroppið inn í húsið og væri væntanleg aftur út á hverri stundu. Soffíu leið eins og hún væri að stelast þegar hún steig upp á veröndina.

Daginn eftir heimsóknina í Abrakadabra alheimsspádóma gekk Soffía á eftir Wil og Fjólu frænku upp tröppurnar sem lágu að veröndinni hjá frú Oleander. Hún stillti skál af kattarmat undir ruggustólinn. Enn var Calvino hvergi sjáanlegur þótt skálin væri ávallt tóm næsta dag.

Pau opnuðu dyrnar og heitt, staðið loft mætti þeim. Húsið var dimmt og drungalegt. Fjóla frænka dreif í að draga frá. Hún hnerraði um leið. „En það ryk!“ hrópaði hún upp yfir sig.

Þegar búið var að draga frá sást þykkt ryklagið sem lá yfir öllu. Óhreinir diskar voru í stöflum úti um allt og fyrir innan dyrnar var óopnaður póstur í hrúgu.

„Jeminn, Elvira virðist hafa verið lengur veik en við höldum,“ sagði Fjóla frænka. Henni var auðsjáanlega brugðið vegna ástandsins á húsinu. „Sannir vinir eru vinir í raun,“ tautaði hún og virtist hafa gleymt því að þær frú Oleander höfðu aldrei getað verið sammála um nokkurn skapaðan hlut. „Þetta verður meira verk en ég bjóst við. Jæja, það skiptir ekki máli. Við skulum byrja og sjá hvað við komumst langt. Ég skal þvo upp og þurrka af. Af hverju þrífið þið ekki ísskápinn og munið að setja á ykkur hanskana.“



Soffía og Wil horfðu á stóra, gamla ísskápinn. Grænbrúnn litur hans minnti Soffíu á kramda lárperu.

„Ég er ekki viss um að mig langi til að opna hann,“ sagði Soffía og horfði óttaslegin á ísskápinn um leið og hún setti á sig skærgula gúmmíhanska. Svo hvíslaði hún að Wil: „Hvar ætli við finnum öskjuna hennar frú Oleander?“

„Uss,“ þaggaði Wil niður í henni því Fjóla frænka var á leið niður stigann. „Já, ég skil hvað þú átt við,“ sagði hann aftur hærra. „Maður býst við því að eitthvað ráðist á mann um leið og maður opnar ísskápinn.“

„Hvaða vitleysa, Wil,“ sagði Fjóla frænka. „Ekkert mun ráðast á þig þegar þú opnar ísskápinn. Í raun yrði ég ekki undrandi þótt ísskápurinn væri nærri tómur.“

„Fjóla frænka, sástu bláu mygluna á bakkanum á eldavélinni?“ spurði Soffía.

„Ég hef séð það verra,“ sagði Fjóla frænka ströng á svip.

Wil fór í bláa gúmmíhanska. „Jæja, ég er tilbúinn. Best að drífa í þessu,“ sagði hann og opnaði ísskápinn með tilþrifum.

Ísskápurinn var ekki tómur. Öðru nær. Hann var yfirfullur af pokum og skálum, krukum og pottum í öllum stærðum og gerðum.

Soffía kúgaðist. „Oj bara, þetta er versta lykt sem ég hef nokkurn tímann fundið,“ sagði hún.

Wil tók varlega poka með grænu gumsi úr efstu hillunni. Þetta hafði líklega verið spergilkál eða eitthvert annað kál í öðru lífi. Hann horfði á pokann með ógeði og hellti svo innihaldinu í stóran rusladall.

„Ég er með hugmynd,“ sagði Soffía. „Við skulum bara henda öllu sem er í ísskápnum. Ef við horfum ekki á það þá verður okkur ekki óglatt.“

„Hvaða máli skiptir hvernig það lítur út!“ sagði Wil um leið og hann tók skál með appelsínugulri froðu út úr ísskápnum. „Lyktin er miklu verri.“

Soffía kúgaðist aftur.

„Það er mikil hjálp í þér,“ sagði Wil.

„Ég get ekki að því gert þótt ég sé með viðkvæmari maga en þú,“ sagði Soffía og tók af sér gleraugun svo hún gæti þurrkað sér um augun með erminni. „Ímyndaðu þér hvað það eru mörg sveppagró í þessu og þau eru einmitt þessa stundina á leið niður í lungun á þér.“

Wil ranghvolfdi augunum og hvíslaði svo: „Heldurðu að askjan sé uppi?“

„Hún hefur örugglega falið hana einhvers staðar,“ hvíslaði Soffía. „Hvað gerum við ef hún er læst og hvernig eigum við að finna lykilinn? Ef þú værir frú Oleander, hvar myndirðu þá fela hluti?“

„Ég myndi fela þá aftast í þessum ísskáp,“ sagði Wil og hló að eigin hugmynd. „Engum myndi nokkurn tíma detta í hug að leita að einhverju verðmætu hér.“ Hann hélt á lofti grjóthörðum, krumpuðum pylsum. „Hvað heldurðu að þessar séu gamlar?“

Soffía gat ekki að því gert en hún kúgaðist aftur.

Eftir að hafa eytt tveimur klukkustundum í að tína sellerí í mauki, myglaðan ost, skrælnaðar sýrðar gúrkur, innþornaðan fisk, hvíta, loðna og krumpaða tómata, baunir jafn harðar og grjót, slímugar gúrkur, þurrt brauð og alls konar annað ógeð út úr ísskápnum horfðu Wil og Soffía stolt á ísskápinn. Hann var næstum eins og nýr.

„Bara ein skúffa eftir,“ sagði Soffía. „Botnskúffan.“

„Pú verður að opna hana,“ sagði Wil, „því ég opnaði allt hitt.“

„Allt í lagi þá,“ sagði Soffía og horfði efins á skúffuna. Svo hélt hún fyrir nefið um leið og hún togaði í handfangið á skúffunni. „Hún er föst,“ sagði hún.

„Föst,“ sagði Wil vantrúaðri röddu og gaf í skyn að hún hefði ekki togað nógu fast. „Hérna, leyfðu mér að prófa.“ Hann togaði í skúffuna en ekkert gerðist. „Hvaða fjársjóður ætli leynist hér?“

„Ég skal prófa aftur,“ sagði Soffía. Hún reif af öllu afli í skúffuna sem þeyttist út á gólf. Brúnn bréfpoki lak út á gólf í kjölfar skúffunnar. „Það tókst,“ sagði hún sigrí hrósandi.

„Soffía,“ sagði Fjóla frænka ásakandi frá eldhúsvaskinum, „farðu varlega svo þú brjótir ekki neitt.“

„Fyrirgefðu Fjóla frænka,“ sagði Soffía um leið og Wil tók bréfpokann upp af gólfinu.

„Er þetta meiri mygluð spægipylsa,“ spurði Soffía og dró ruslafötuna að Wil. „Drífðu þig að henda henni því þá erum við búin.“

En Wil hafði tekið utan af pakkanum. Í pakkanum leyndist lítill ryðgaður lykill. Þau störfðu bæði á hann.

„Hvað eruð þið með, krakkar?“ spurði Fjóla frænka. Hún var nú hulin sápufroðu frá toppi til táar.

„Ekkert Fjóla frænka,“ sagði Soffía.

„Myglaða spægipylsu,“ sagði Wil og glotti til Soffíu.

„Frábært ... nú erum við komin með lykilinn í hendur en að hverju gengur hann?“ hvíslaði Soffía.

„Frú Oleander sagði okkur ekkert of mikið, er það nokkuð?“ sagði Wil. „Bara að við ættum að taka það sem væri í öskjunni með okkur.“

„Ég hef ekki séð neinar leyndardómsfullar öskjur á þessari hæð,“ sagði Soffía. „Finnst þér að við ættum að reyna að leita uppi?“

Wil kinkaði kolli.

„Fjóla frænka, er þaðherbergi uppi?“ spurði Soffía. „Við þurfum að þvo okkur um hendurnar og reyna að losna við lyktina ...“

„... af gamalli spægipylsu,“ kláraði Wil.

„Já, það er bleika herbergið um leið og þið komið upp stigann,“ sagði Fjóla frænka. „Ég á bara eftir nokkra diska þannig að þið skulið drífa ykkur.“

Wil og Soffía þeyttust upp stigann. Baðherbergið var bleikt en þetta var ekki hlýr og ánægjulegur bleikur litur heldur gamall og þreyttur bleikur litur. Baðherbergið var svo þreytt og lúið út af málningu sem var að flagna af, ryðblettum á krönum, brotnum speglum, drúpandi plöntu og tættu handklæði með upplituðum rósum á.

Wil varð leiður um leið og hann gekk inn í baðherbergið. Þessi óþægilega tilfinning magnaðist bara þegar hann skrúfaði frá krananum og vatnið lak örþægt ofan í vaskinn.

Gleraugnaumgjörð Soffíu varð grábleik og passaði fullkomlega við handklæðin. „Það yrðu allir leiðir sem þyrftu að búa á svona stað,“ sagði hún.

„Ég skil hvað þú átt við,“ sagði Wil og velti því fyrir sér hvernig í ósköpunum þau ættu að finna öskjuna sem frú Oleander hafði nefnt við þau. „Það sem er í öskjunni er varla merkilegt,“ sagði hann. „Ég á við það er líklega ekki verðmætt miðað við annað sem er í þessu húsi.“

„Við lofuðum henni því,“ sagði Soffía ákveðin. „Við lofuðum því.“

„Ég veit,“ sagði Wil, „en líttu í kringum þig. Þetta eru rústir einar. Snákaplantán þarna í horninu hefur ekki verið vökvuð í margar vikur. Hún er næstum dauð.“

Soffía leit á plöntuna og yggldi sig. „Við verðum að finna öskjuna. Við lofuðum henni því. Hún hlýtur að vera hérna einhvers staðar. Eigum við að leita í svefnherberginu hennar?“

„Ef þú vilt,“ sagði Wil og fyllti skörðóttan bolla, sem hann fann á vaskinum, af vatni.

„Hvað ertu að gera?“ spurði Soffía.

„Ég ætla bara að vökva blómið,“ sagði Wil. „Það líkist snákaplöntunni sem amma mín átti. Skrýtið finnst þér ekki? Hún sagðist aldrei trúá á galdur eða neina slíka vitleysu en samt átti hún svona snákaplöntu eins og eru hér í Miðgarði og hún átti svörtu medalíuna og hringinn.“ Hann beygði sig niður til að vökva plöntuna. „Heyrðu, það er eitthvað hérna á bakvið,“ sagði hann. Hann teygði sig aftur fyrir plöntuna og dró fram litla öskju úr málni. Á henni var þykkt ryklag.

„Soffía og Wil,“ kallaði Fjóla frænka upp stigann. „Ég verð búin eftir nokkrar mínútur og þá förum við.“


„Allt í lagi,“ sagði Soffía. „Við erum bara að vökva snákaplöntuna hérna uppi á baðherberginu.“

„Heldurðu að þetta sé *askjan*?“ spurði Wil. „Hún virðist ekki hafa verið opnuð í mörg ár.“

Soffía þurrkaði þykkt rykið af lokinu.

„Prófaðu lykilinn,“ sagði Wil. „Fljót, áður en Fjóla frænka segir okkur aftur að koma okkur af stað.“

Það var ekki auðvelt að koma ryðguðum lyklinum inn í lítið skráargatið en það tókst og hann ískraði í mótmælaskyni þegar Soffía sneri honum.



KAFLI XVII GAMLIR STEINAR

*SOMNIA THESAURORUM
SOLVUNTUR IN POLVEREM—
HEU! ERRO! IMMO, IN SAXUM.*

DRAUMAR UM FJÁRSJÓÐ VERÐA AÐ ENGU.
EN, SJÁÐU ÞENNAN STEIN.

Þau lyftu stífu lokinu á öskjunni og Soffía kíkti ofan í hana. Svo dró hún lítinn poka úr rauðu flaueli sem lokaður var með bandi upp úr öskjunni.

„Opnaðu hann,“ sagði Wil og trúði því varla hvað þau höfðu verið heppin. „Kannski eru demantar í honum!“

„Þú heldur þó varla í alvöru að frú Oleander hafi átt demanta?“ sagði Soffía en gat samt ekki leynt æsingi sínum.

Hún losaði bandið.

Það var ekki annað í pokanum en nokkrir gamlir steinar.

„Jæja, þar fór fjársjóðurinn,“ sagði Wil vonsvikinn. Hann tók einn steininn úr pokanum. Steinninn var mjúkur og dröfnóttur og á honum voru einhver tákni sem líktust einna helst hornum.

„Hvað er þetta?“ sagði hann og sneri steininum við til að skoða þá hlið. Hún var auð. Soffía tók fleiri steina úr pokanum. Á þeim voru einnig þessi skrítnu tákni.

„Þetta líkist rúnum,“ sagði Soffía. „Það voru myndir af þessu í einni bókasafnsbókinni. Hvert tákni þýðir eitthvað ákveðið eins og til dæmis framtíðin er björt eða varastu hættur. Víkingarnir notuðu rúnir til spádóma fyrir mörgum öldum. Kannski getur Fjóla frænka sagt okkur eitthvað meira um þær.“

„Við getum ekki sýnt henni rúnirnar,“ sagði Wil. „Hún bannaði okkur að snerta nokkuð. Auk þess manstu að frú Oleander beið eftir að hún yfirgæfi herbergið áður en hún sagði okkur frá öskjunni. Hún vildi greinilega ekki að Fjóla frænka vissi neitt.“

„Þú hefur líklega rétt fyrir þér,“ sagði Soffía og sneri einum steininum í lófa sér.

„Þeir hljóta að hafa verið í öskjunni í mörg ár,“ sagði Wil.

„Soffía, Wil,“ kallaði Fjóla frænka upp stigann. „Það er kominn tími til að fara, börnin góð. Við erum búin að gera það sem við getum gert í dag. Rue frænka kemur bráðum heim.“

„Við erum að koma,“ kallaði Wil á móti.

„Flýttu þér Wil,“ sagði Soffía, „við þurfum að setja allt á sama stað aftur svo enginn sjái að einhverju hafi verið breytt.“

„Áttu við að við munum skilja rúnasteinana eftir,“ spurði Wil vonsvikinn.

„Auðvitað tökum við steinana með okkur,“ sagði Soffía pirruð. „Við lofuðum frú Oleander að við myndum taka það sem væri í leyndardómsfullu öskjunni. Þetta er örugglega leyndardómsfulla askjan og hún nefndi steina. Þar sem þessir steinar líkjast íslenskum rúnasteinum þá eigum við augljóslega að taka þá með til Íslands. Það var það sem hún var að reyna að segja okkur.“

„Hvar heldurðu að hún hafi fengið þá? Heldurðu að hún hafði einhvern tímann komið til Íslands? Hvað ætli við eigum að gera við þá?“

„Ég veit það ekki, ég veit það ekki og ég veit það ekki,“ hreytti Soffía út úr sér og gleraugnaumgjörðin var orðin appelsínugul og líktist helst litlu eldfjalli.

„Allt í lagi,“ sagði Wil. „Ég á bara við, ef við erum ekki viss um að þetta sé rétta askjan ...“

„Hvaða önnur askja gæti það verið?“ spurði Soffía. „Af hverju spyrjum við ekki medalíuna? Hún segir okkur það.“

„Svörtu medalíuna?“ spurði Wil hissa, „Já en hún getur ekki talað og hvernig tengist hún þessu öllu.“

„Í staðinn fyrir að reyna alltaf að láta sem hún sé ekki til ættum við fara að læra að nota hana.“ sagði Soffía. „Hún er ábyggilega mjög öflug. Annars væri Snákakeðjan ekki alltaf að reyna að ná henni aftur og Rufus Crookshank hefði ekki drepið ömmu þína og hætt lífi sínu. Taktu hana fram og haltu henni yfir rúnasteinunum.“

Pótt Wil þætti uppástunga Soffíu undarleg þá dró hann samt medalíuna upp úr hálsmálinu. Gamli gullhringurinn og svarta medalían glitruðu í lófa hans. Hann hélt medalíunni upp að pokanum með steinunum.

Medalían titraði í hendinni á Wil. Snákurinn, býflugan og fiskurinn glitruðu innan við silfurörina. Skyndilega varð medalían þung. Wil sneri henni við. Innan þríhyrningsins á hinni hliðinni glitraði nýtt tákn. Lítill, glitrandi steinn.

„Ekki segja mér að við séum nú að fara að eltast við steina!“ sagði Wil.

Soffía leit á hann sigri hrósandi. „Ég sagði þér þetta,“ sagði hún.

„Soffía, Wil,“ hrópaði Fjóla frænka, „hvað í ósköpunum tekur svona langan tíma. Drífið ykkur, krakkar. Það er kominn tími til að fara.“

Þau þustu niður stigann og hittu Fjólu frænku þar sem hún beið við útidyrnar.

„Það væri svo sannarlega hægt að eyða heilum degi í þessu húsi,“ sagði Fjóla frænka. „Þið hreinsuðuð ísskápinn sannarlega vel. Hann er eins og nýr! En lítið á hendurnar á ykkur. Ég hélt að þið hefðuð sagst ætla að þvo ykkur um hendurnar. Þær eru hræðilega óhreinar. Þið farið í bað í kvöld, bæði tvö!“



KAFLI XVIII

NÍU KLUKKUTÍMAR OG NÍU MÍNÚTUR

RES AGENDAE ET RES GESTAE, NEQUE GESTAE AGENDAE RES,
VOBIS UNA ET DUA ET TRES.

ERRATIO, CUNCTATIO, POST A NOBIS - SUPERATIO.

TANDEM RES AGENDAE ACTAE.

MACTE, BENE, IDEM EUGEPAE!

VICTORIA EST VOBIS SED GLORIA FUGIAT.

ITERUM RES AGENDA APPAREAT.

NUNC EX ORDINE ETIAM ATQUE ETIAM

SUNT AGENDAE RES.

AÐ GERA OG GERT, EKKI GERT AÐ GERA,

EINN OG TVEIR OG ÞRÍR FYRIR ÞIG.

KLÚÐUR, ÓVÆTTUR, JÆJA VIÐ LÁTUM ÞAÐ GANGA.

BRÁÐUM ER LISTINN UPPURINN,

VÍXLUN, LÆTI, JIBBY JEI!

ÞÚ VANNST, EN HEIÐURINN ER SKAMMVINNUR.

LISTANUM VAR LOKIÐ
NÚ ER TÍMI TIL
AÐ GERA NÝJAN.

Loksins rann dagur Íslandsferðarinnar upp. Eftir aðeins níu klukkustundir og níu mínútur myndu þau leggja af stað. Það átti að léttast til um kvöldið en um morguninn höfðu svört óveðursský þotið yfir himininn.

Beatriz og Phinneas höfðu farið tveimur dögum fyrr að heimsækja afa sinn og ömmu með Alfred rottu í litla búrinu sínu meðferðis þrátt fyrir hótanir Ollys og Lúthers. Samkvæmt Phinneas hafði Olly hvíslað að Lúther við kvöldverðarborðið fyrir nokkrum dögum: „Við ættum að sleppa þessari vitlausu rottu í skóginum svo við þurfum ekki að dragnast með hana með okkur.“ En þegar móðir þeirra leit á þá drápsaugum flýtti Lúther sér að segja: „Láttu ekki svona, mamma. Við vorum bara að grínast.“

Fjóra frænka, Wil og Soffía höfðu farið að heimsækja herra Bertram í Púslhöllina í síðasta sinn fyrir Íslandsförina. Rue frænka hafði einnig komið með. Soffía hafði tekið nýjustu teikninguna sína með, fisk með ógnvekjandi tennur, til að sýna herra Bertram. Þau höfðu öll reynt að vera létt í skapi en í bláleitu ljósi gardínunnar virtust þau öll náfól og niðurdregin. Herra Bertram reyndi einnig að sannfæra Rue frænku um að hún hefði gott af smá fríi.

„Þú verður bara í burtu í viku, Rue,“ sagði hann, „það er aðeins örskotsstund í samanburði við allan tímann í heiminum. Þeir geta alveg verið án þín hjá ráðuneytinu.“

Rue frænka hafði bara hrist höfuðið og brosað veikt. „Fjóra og krakkarnir ætla að skrifa mér bréf á hverju kvöldi og svo opnum við þau saman þegar þau koma aftur og lesum um öll ævintýrin.“

Fjóra frænka hafði aftur á móti óttast að þau myndu tyna miðunum, að miðarnir þeirra nægðu ekki til að hleypa þeim úr landi (eða aftur inn í það), að farangurinn þeirra yrði of þungur, það yrði leitað í farangrinum þeirra, að farangurinn þeirra myndi tynast, að þau yrðu loftveik, að þau myndu tynast á Íslandi, að enginn myndi skilja þau á Íslandi, að þau yrðu strandaglópar og svo framvegis og svo framvegis. Þessu hafði öllu verið bætt við langa verkefnalistann hennar en hann var í bótum um allt hús, ýmist var búið að strika yfir atriði á listanum ... eða ekki.

Í raun var Fjóra frænka orðin svo uppskrúfuð af áhyggjum að hún lýsti því yfir að Rue frænka myndi gleyma að gefa Cadmus, Calvino og Esme á meðan þau væru í burtu.

Sem betur fer hafði Rue frænka aðeins brosað (að vísu stirt) og sagt: „Þú hefur allt of miklar áhyggjur, Fjóla.“

Wil hlammaði sér á rúmið hennar Soffíu og reyndi að leysa hnút á skóreimunum. „Nefndu það bara og Fjóla frænka hefur áhyggjur af því,“ sagði hann.

„Vandræði að það skuli ekki vera keppt í því hver getur verið áhyggjufyllstur. Fjóla frænka myndi svo sannarlega vinna þá keppni!“

„Þetta er dálítið fyndið því hún var ekki svona mikill áhyggjupúki,“ sagði Soffía þar sem hún sat og var að flokka teikningarnar sínar. „Hvernig heldurðu annars að við förum til Íslands?“

„Ekki hugmynd,“ sagði Wil sem hafði aldrei spáð í því. „Heldurðu að við förum ekki með flugvél. Fjóla frænka er alltaf að tala um loftveiki. Auk þess tæki ferðin of langan tíma með skipi.“

„Best að spyrja ekki Fjólu frænku hvort við förum með flugvél. Þá verður hún alveg brjáluð út í okkur og hefur áhyggjur af enn einum hlut,“ sagði Soffía og hélt uppi þremur af teikningunum sínum. „Hverja þeirra finnst þér að ég eigi að taka með?“

Wil leit á teikningarnar og skoðaði þær vandlega. Honum fannst þær allar góðar. Myndin af Cadmus þar sem hann lá sofandi í einum hnykli var góð en honum fannst samt myndirnar af loðnu verunum með vængina, klærnar, löngu halana, hræðilegu tennurnar og útstæðu augun flottari.

Hann svaraði ekki spurningu hennar strax og spurði: „Af hverju ætlarðu að taka teikningu með þér?“

„Nú, ef mig langar til að færa einhverjum gjöf,“ sagði Soffía um leið. „Það liggur mikil vinna að baki hverri teikningu skal ég segja þér. Þetta er ekki bara eitthvert krot.“

„Mér finnast þær allar flottar,“ sagði Wil. „Af hverju tekurðu þær ekki allar með þér? Þær eru virkilega góðar.“

Soffía brosti glöð til Wil og sagði svo við hverja teikninguna af annarri: „Þú, þú og þú kemur með mér til Íslands. Hvernig líst þér á það?“

Wil hristi höfuðið hneykslaður. „Þú ert að verða verri en Fjóla frænka. Talandi við allt.“

„Það er ekki satt,“ sagði Soffía og virtist virkilega móðguð. „Þegar þú teiknar mynd, virkilega góða mynd, þá er eins og hún verði lifandi. Og hvað ef hún gæti lifnað við?“

„Ég vona svo sannarlega ekki,“ sagði Wil og horfði á eina ófreskjuna en blóðstokkin augu hennar virtust stara beint á hann eins og hann væri hæfilegur munnbiti. „Ég myndi ekki vilja mæta þeim augliti til auglitis,“ sagði hann.

Þrumuhljóð heyrðist í fjarska líkt og garnagaul í risastórri ófreskju.



KAFLI XIX JÓMFRÚARFERÐIN

*UMBRAE SUB LUCE LUNAE LACENT
CONVENIAMUS IUXTA STATUAM GIGANTEAM.*

SKUGGAR MYNDAST Í BIRTU TUNGLSINS.
HITTIST NÆRRI STYTTU RISANS.

Þegar kvöldi tók hafði vindinn enn ekki lægt og ógnvænlegur vindurinn hamaðist í trjánum. Lauf og greinar voru um allt.

„Hvað gerum við ef þeir aflýsa ferðinni?“ spurði Wil.

„Kannski komumst við ekki, þrátt fyrir allt,“ veldi Soffía.

Rue frænka svaraði þurrlega „Ég held að það séu engar bætur ef þeir aflýsa. Mig minnir að ég hafi lesið það í smáa letrinu.“

Fjóla frænka virtist hins vegar hafa hrist af sér allar áhyggjur og var í frábæru skapi. Hún virtist alveg ósnortin af hinu mikla óveðri.

Stundvíslega klukkan níu um kvöldið voru Fjóla frænka, Wil og Soffía sótt af langri, silfurlitaðri glæsikerru, sem hafði verið send af Fullkominni framleiðslu. Þrátt fyrir rigningarúðann tók bílstjórinn hattinn ofan, hneigði sig og setti svo farangurinn þeirra fljótt og örugglega í skottið. Wil og Soffía skemmtu sér á leðursætunum þrátt fyrir ávítandi augnaráð Rue frænku.

Það var ómögulegt að sjá nokkuð út um bílrúðurnar því regntaumarnir gerðu allt óskýrt. Allt of fljótt stöðvaðist bíllinn og þau fóru út í kalda rigninguna sem dundi miskunnarlaust á þeim. Bílstjórinn setti farangurinn þeirra í sístækkandi farangursstæðu og óskaði þeim góðrar ferðar um leið og hann muldraði eitthvað um að þetta væri versta veður í mörg ár.

Wil leit í kringum sig og bjóst við að sjá flugvélar en þess í stað sá hann aðeins Höll Purpuraprýðinnar. Efst á henni var Gyllti drengurinn sem bar við dimm óveðursskýin og stóru svinxarnir tveir sem störfu hvor um sig til austurs og vesturs.

En hvers vegna voru þau á lóðinni hjá Höll Purpuraprýðinnar? „Ég hélt að við værum á leið á flugvöllinn,“ sagði hann.

„Flugvöllinn?“ sagði Rue frænka. „Hvers vegna í ósköpunum datt þér það í hug?“

„Fjóla frænka var alltaf að tala um loftveiki,“ sagði Soffía.

„Það var ekki út af flugvélum,“ svaraði Fjóla frænka.

Wil leit aftur í kringum sig enn ringlaðri. Þau stóðu nálægt hárrí bronsstytta af manni í gamaldags frakka. Löng röð hafði myndast við stytta. Hver sem maðurinn hafði verið, og frægur hlaut hann að hafa verið annars hefði ekki verið búin til stytta af honum, þá virtist hann mjög ánægður með sjálfan sig og hélt í boðungana á frakkanum sínum.

Fólkið hópaði sig aftur á móti saman að svo miklu leyti sem það gat vegna regnhlífanna. Það var hins vegar svo hvasst að hætta var á að regnhlífarnar fykju upp.

Wil átti erfitt með að hætta að hugsa um að þau færu með flugvél til Íslands. „Flugvél getur hvergi lent hér. Það er ekki nóg pláss,“ hvíslaði hann að Soffíu.

„Hún myndi örugglega fella Gyllta drenginn til jarðar eða í það minnsta afhöfða hann,“ hvíslaði Soffía á móti.

„Svinxarnir yrðu örugglega heldur ekki ánægðir,“ bætti Wil við.

„Ertu örugglega með alla pappírana, Fjóla?“ spurði Rue frænka, „ekki gleyma ...“ Vindurinn tætti orð hennar í sig og þrumugnýr kvað við, miklu nær en áður.

„Þetta er einmitt rétti tíminn til að spyrja að þessu eða hitt þó heldur,“ svaraði Fjóla frænka. „Já og já, ég fór yfir allt tvisvar!“

„Hagið ykkur nú vel, krakkar mínir,“ sagði Rue frænka og kyssti þau á ennið. „Passið Fjólu frænku og hvort annað. Ég vil ekki að neitt slæmt hendi ykkur þrjú.“

„Við skulum passa Fjólu frænku,“ sagði Soffía, „við lofum því.“

„Ekki hafa áhyggjur, Rue frænka,“ sagði Wil.

„Ég vildi óska þess að þú gætir komið með okkur, Rue,“ sagði Fjóla frænka. „Þetta er aðeins vikuferð og ég trúi því ekki að Fullkomin framleiðsla láti neitt slæmt henda, þú veist vegna skaðabóta og svoleiðis. Auk þess væri það svo slæmt fyrir fyrirtækið ef viðskiptavinir þess hrykkju upp af.“

„Þessi orð virtust ekki nægja til að róa Rue frænku alveg og hún faðmaði hvert þeirra þéttingsfast að sér. Erfitt var að sjá hvort augu hennar væru full af tárur eða hvort regninu var um að kenna. „Munið að skrifa bréfin,“ sagði hún, „ég vil fá að vita um allt sem gerist.“ Hún steig treg út úr röðinni sem var farin að færast áfram.

Eitt af öðru gekk fólkið að stöpli styttunnar og hvarf. Það hvarf hvorki í reyk né eldglæringum. Né heldur hvarf það með hveli eða gufaði upp. Það einfaldlega hvarf.

„Er styttnan annað hlið?“ spurði hann Soffíu.

„Það hlýtur að vera,“ svaraði Soffía og stóð á tánum til að reyna að sjá betur. „Heldurðu að við förum alla leið til Íslands í gegnum það?“

„Jeminn eini, krakkar mínir,“ sagði Fjóla frænka. „Ég hélt ég væri löngu búin að segja ykkur það. Við förum með skipi til Íslands!“

Wil ætlaði að spyrja hvernig skipi en röðin gekk nú hraðar en áður og þau bárust hratt fram.

„Drífið ykkur,“ sagði Fjóla frænka. „Ekki viljum við missa af ferðinni.“

Wil fylgdist með því hvernig maðurinn fyrir framan hann steig gætilega á milli hvítu og rauðu blómanna sem höfðu verið gróðursett í kringum styttuna. Maðurinn tók saman regnhlífina, beygði höfuðið og steig í gegn.

Nú var komið að Wil, Soffíu og Fjólu frænku. Wil tók nú eftir því að á stöpli styttunnar var lágmynd úr brönsi og fyrir neðan hana var ritað JÓN SIGURÐSSON stórum stöfum.

Á lágmyndinni var margt fólk íklætt þungum skikkjum. Fólkið stóð í sjávarborðinu og horfði á risa með sítt hár og skegg. Risinn var einungis í gæruskinni. Hann stritaði við að lyfta risastórum steinblokkum.

Wil fann hvernig hjartað í honum barðist og maginn var í uppnámi. Hann vonaði að þetta hlið léti honum ekki líða eins og hliðið á Gruniontorgi því það var eins og hann hefði snúist fram og aftur í þvottavél.

Hann sneri sér að Fjólu frænku og spurði: „Eigum við að ...“

„Haltu áfram,“ sagði Fjóla frænka hvetjandi. „Jón Sigurðsson var frægur íslenskur ráðamaður.“

Þau sneru sér við til að veifa einu sinni enn til Rue frænku. Fjóla frænka sýndi einkennisklæddu konunni sem stóð við styttuna pappírana þeirra og lét hana fá miðana þeirra. Svo tók hún í höndina á Wil og Soffíu og saman stigu þau í gegnum hliðið.

Wil, Soffía og Fjóla frænka svifu mjúklega í gegnum hliðið og lentu niður við ána nærri Höll Purpuraprýðinnar. Áin var úfin í vindinum. Það var hætt að rigna en dimm ský héngu sem gardína milli himins og jarðar. Skrækt gargið í máfunum skar í eyrun í myrkrinu.

„Þetta var ekki svo slæmt,“ sagði Wil. „Að svífa. Ekkert líkt því að fara í gegnum hliðið á Gruniontorgi.“

„Það eru börn þarna hinum megin,“ heyrðu þau sagt í myrkrinu. „Við skulum tala við þau.“

Skær blossi blindaði Wil um leið og hann ýttist áfram þegar annar hópur farþega kom í gegnum hliðið.

„Þú hlýtur að vera spenntur að vera að fara í svona langa ferð,“ sagði önnur rödd. „Við erum frá Dagblaðinu. Ertu til í að svara nokkrum spurningum?“

„Allt í lagi,“ muldraði Wil og reyndi að skýla augunum fyrir blindandi flassi myndavélarinnar.

„Og ert þú systir hans?“ spurði röddin og var greinilega að tala við Soffíu.

„Í raun er ég frænka hans,“ sagði Soffía drjúg með sig.

Wil þurrkaði regnið framan úr sér og pírdi augun á manninn sem átti röddina. Hann var stuttur og þrekinn með ljóst skegg.

„Hvernig finnst þér að vera að fara í jómfrúarferð Hrafnhildar?“ spurði maðurinn.

„Jómfrú hvað?“ spurði Wil á móti.

„Þetta er fyrsta ferðin hennar,“ sagði maðurinn, „og þú verður um borð. Hvernig finnst þér það?“

„Það er mjög spennandi,“ sagði Soffía. „Þetta er í fyrsta sinn sem við förum til Íslands.“

„Fyrsta sinn til Íslands,“ sagði maðurinn og páraði eitthvað í minnisbókina sína. „Og þið heitið?“

„Wil með einu elli og Soffía,“ sagði Wil og greip fram í fyrir Soffíu svo maðurinn myndi ekki komast að því að hann hafði ekki hugmynd um hvað jómfrúarferð þýddi. „Og þetta er frænka okkar, Fjóla frænka. Við förum öll saman.“


Í myrkrinu fann Wil hvernig hýrnaði yfir Fjólu frænku vegna allrar athyglinnar.

„Frábært,“ sagði ljósmyndarinn. „Og nú skulum við ná góðri mynd með öldurnar í baksýn og þarna kemur hún siglandi, þetta er fullkomin mynd, og brosa ...“

Wil brosti svo breitt að honum fannst eins og andlitið myndi rifna. Flassið blindaði hann aftur.


Allir voru að fagna og klappa. Wil hélt í örstutta stund að allir væri að klappa fyrir honum, Soffíu og Fjólu frænku en þegar hann fékk sjónina aftur sá hann að allir voru á benda á eitthvað á himninum. Tunglið birtist milli skýjanna og í birtunni frá því ... Hjarta Wil missti úr slag.

Þetta var lygilegt. Þetta var ótrúlegt. Þetta var ómögulegt. Með brakandi bóg, undir fullum seglum, með glitrandi árar kom víkingaskip fljúgandi í átt að þeim.




Trjónudrekinn renndi sér fimlega í gegnum skýin.
Nær og nær.

Stærri og stærri.



Nú var skipið komið svo nærri að þau sáu hvernig tennur trjónudrekans skinu í fölri birtu tunglsins. Fánaveifa var fest við mastrið og efst á mastrinu var stærsti hrafn sem Wil hafði nokkurn tímann séð. Hrafninn bar við himininn. Hrafninn barst hátt upp með vindinum, snerist hærra og hærra og steypti sér svo skyndilega niður yfir höfuð þeirra.

Wil varð allt í einu óglatt. Það var í lagi að fljúga með flugvél eða sigla með skipi á sjó en að fljúga með skipi um loftin blá? Sérstaklega með þungu, brakandi, viðarskipi? Með árum og allt?



KAFLI XX AUGA DREKANS

*VOCABULUM LUDO ADMIRATIO EST.
INTERDUM QUID MALI EST IN ADMIRATIONE?
TAMEN ALIQUAE ADMIRATIONES MAIORES ALIIS SUNT.*

FURÐA ER ÞAÐ SEM ALLT SNÝST UM.
ER EKKI ALLT Í GÓÐU MEÐ SMÁ FURÐU AF OG TIL?
SUMAR FURÐUR ERU ÞÓ MEIRI EN AÐRAR!

Kona með ljóst hár tekið saman í þéttan hnút stóð efst á landgöngubrúnni. „Velkomin,“ sagði hún um leið og hún lét þau fá ullarvettlinga, ullarhúfur og ullartrefla. „Þetta mun halda á ykkur hita á leiðinni,“ sagði hún.

„Já, en það er sumar,“ sagði Soffía. „Við köfnum úr hita ef við förum í þetta.“


Konan brosti aðeins snögg til Soffíu og þrýsti vettlingunum á hana.

Eitt af öðru gengu þau um borð undir ógnandi auga drekatrjónunnar. Þau komu sér fyrir á viðarbekkjunum og gengið var frá farangrinum og hann bundinn tryggilega.

Fjóla frænka, Soffía og Wil voru svo heppin að fá sæti saman fremst í skipinu. Svona nærri var auga drekans jafnvel enn meira ógnvekjandi en það hafði verið úr fjarlægð. Hver sá sem hafði skorið drekahöfuðið út kunni sitt fag. Það skein á beinharðar plötur þess og skeljar. Tennur ófreskjunnar voru beittar og banvænar, lítil augu þess óhugguleg. Til að fullkomna verkið stóð stórt gult horn út úr höfðinu og snákatungan í kjaftinum klauf loftið. Ef höfuðið hefði ekki verið skorið út úr viði hefði Wil búist við því að drekin myndi allt í einu stökkva til þeirra af trjónunni.

„Ég er feginn því að drekahöfuðið getur ekki snúið sér við og bitið okkur,“ hvíslaði Wil að Soffíu eins og hann væri að reyna að sannfæra sjálfan sig um að það myndi ekki gerast.

„Sammála,“ sagði Soffía, dró skissubókina sína fram og byrjaði ánægð að teikna ófreskjuna. Hún teiknaði fyrst starandi augu drekans. Wil fannst hún gera það vel því það fór hrollur um hann í hvert sinn sem hann leit á teikninguna. Svo byrjaði hún að teikna harðar hálsplöturnar.



Konan sem hafði dreift vettlingunum, húfunum og treflunum kom upp á þilfarið. Hún bar stórt gjallarhorn upp að munninum á sér. „Velkomin,“ sagði hún og rödd hennar var hvell og urgandi í gjallarhorninu, „í þessa sögulegu jómfrúarferð Hrafnhildar. Við vonumst til þess að þetta verði ykkur eftirminnileg ferð.“

„Vonandi ekki of eftirminnileg,“ muldraði Fjóla frænka.

„Uss, Fjóla frænka,“ þaggaði Soffía niður í henni.

„Við lendum í Reykjavík á Íslandi,“ hélt konan áfram. „Flugstjóri okkar í dag er Jón Eiríksson og flugmaðurinn Úlfar Stefánsson. Ég heiti Hulda Írisardóttir. Mér er það ljúft og skylt að aðstoða ykkur á allan hátt, á meðan á ferðinni stendur. Síðar munum við bera fram dálítið snarl og ef einhver verður sjóveikur þá eru þó nokkur undir sætum ykkar auk björgunarvesta.

Þegar konan minntist á sjóveiki dró Fjóla frænka fram blúnduvasaklút og hélt þétt um hann.

„Finnst ykkur ekki skrytið að hún skyldi nefna sjóveiki og snarl í sömu andrá,“ spurði Wil.

„Hvers konar snarl ætli hún eigi við?“ sagði Soffía um leið og hún lokaði skissubókinni og tróð henni undir sætið sitt. „Kannski fáum við að smakka ekta íslenskan mat.“

„Gjörið svo vel að ganga frá öllum farangri,“ sagði konan, „hvort sem um er að ræða bækur, tölvur eða önnur tæki, galdra- eða ekki galdrataeki. Við leggjum af stað eftir skamma stund. Gætið að því að þið sitjið upprétt í sætum ykkar.

Örskömmu síðar þandist segl skipsins út. Fjóla frænka kreisti hendur Wil og Fjólu og sagði ekki eitt einasta orð. Það var mjög ólíkt henni. Wil þóttist þó heyra lágt ýlfur.

Kannski kom ýlfrið frá Wil sjálfum.

Eða kannski barst það frá Soffíu. Það var eins og hún gæti ekki ákveðið hvort þetta væri gott eða slæmt því gleraugnaumgjörðin hennar var svört og hvít.

Skipið barst með vindinum, hærra og hærra. Það reis hátt upp í himininn, milli skýjanna, og sigldi þar í daufri tunglsbirtunni. Wil leit aftur fyrir sig og sá að ströndin varð æ ógreinilegri þangað til hún hvarf alveg.



Vindurinn tætti í skipið þar sem það sigldi milli skýjanna í birtunni frá tunglinu og nauðaði í árunum. Farartækið sveiflaðist frá einni hlið til annarrar líkt og rugguhestur, eða kannski ætti orðið ruggudreki betur við hugsaði Soffía.

Fjóla frænka hélt vasaklútnum upp að munninum því hún var orðin sjóveik þótt tæknilega séð væru þau ekki enn komin út á rúmsjó. Soffía velti því fyrir sér hvernig Fjólu frænku myndi líða þegar þau flygju yfir kalt botnlaust hafið til Íslands.

Dauf ljós blikkuðu langt, langt fyrir neðan þau og Soffía fann að hún var að verða sjóveik. Hún hallaði sér því yfir borðstokkinn og fylgdist með einmana bílljósum sem liðu eftir hraðbrautinni langt fyrir neðan þau. Vindinn herti og það varð kaldara. Hrafninn efst á mastrinu steypiti sér niður á horn drekans og byrjaði að snyrta á sér fjaðrirnar.

Svört fjöður af hrafninum féll niður á þilfarið. Soffía tók hana upp og setti hana í skissubókina sína. Fjóla frænka tók vasaklútinn frá munninum og sagði: „Hvílík gjöf, hvílíkur heiður.“ Fjöðurin virtist hafa hresst hana dálítið. „Ég er viss um að fjöðurin færir þér gæfu. Hrafnar eftirláta ekki fjaðrir sínar svo auðveldlega.“

Þau höfðu ekki verið lengi á lofti þegar þau virtust lækka flugið. Ljósinn fyrir neðan þau stækkuðu og þau gátu séð tunglsljósið speglast í öldunum. Framundan sáu þau aðra stytta sem stækkaði eftir því sem þau nálgudust.

Skipið renndi hljóðlega upp að höfninni og maraði rétt hjá stytta af víkingi í herklæðum með síða skikkju og hjálm á höfði.

„Erum við komin?“ spurði Soffía ringluð, „erum við komin til Íslands?“

„Nei, elskurnar mínar,“ sagði Fjóla frænka og hló góðlátlega. „Ekki nærri því. Ég býst við að við séum í Gimli að sækja fleiri farþega. Við erum bara rétt norðan við Winnipeg. Hér búa margir Íslendingar.“





KAFLI XXI SNARLIÐ

*MONSTRA TIMENDA FAUCIBUS INGENTIBUS
INSURREXERUNT, IMMERSERUNT, INCURRERUNT, EFFUGERUNT.
ALATA, CONCHATA, PINNATA, SQUAMATA, BRACCHIATA,
PENNATA, PILOSA, LIMOSA.
CORNIGERGREX, UNGULATUS, NEFANDUS,
NEC FABULA AD FINEM VENIT –
VENIMUS, ISLANDIA, AD TE VENIMUS!*

ÓGURLEG SKRÍMSLI MEÐ GAPANDI GIN
ÞAU KÖSTUÐU SÉR, HRÖPUÐU, STEYPTU SÉR, ÞAU FLÚÐU.
FIÐRUÐ, SKURNÓTT, HREISTRUG, MEÐ HREIFA OG KLÆR,
VÆNGJUÐ, LOÐIN OG EINNIG SLÍMUG,
HRÆÐILEGUR HÓPUR MEÐ HORN OG HÓFA.
SAGAN ER EKKI BÚIN, HÚN ER RÉTT AÐ BYRJA,
ÍSLAND, ÍSLAND, HÉR KOMUM VIÐ.

Hið umtalaða snarl reyndist vera harðfiskur sem þau smurðu smjöri á. Þetta var eins og að smyrja smjöri á ristað brauð. Fiskurinn var bæði seigur og saltur. Soffíu fannst hann strax góður.

„Þið venjist honum smám saman,“ sagði Fjóla frænka og hamaðist á óvenju seigum bita. „Þetta er víst steinbítur. Ég heyrði einhvern segja að Íslendingar veiði fiskinn, þurrki hann og berji hann svo með hamri til að mýkja hann.“

„Ertu að segja mér að við séum að borða Steinbýti?“ gargaði Soffía upp yfir sig. Hún spýtti fiskinum út úr sér með hryllingi. Þurrkaður steinbítur. Eftir öll ævintýri þeirra með Steinbýti, anda árinna. Þau hefðu aldrei getað bjargað Höll Purpuraprýðinnar án hennar.

„Já,“ sagði Fjóla frænka, ónæm á æsing krakkanna. „Íslendingar kalla fiskinn víst steinbít vegna þess að hann bítur í stóra steina á hafsbotni til að berast ekki með hafstraumunum. Steinbíturinn er með mjög stórar tennur og ef hann nær taki á hönd sjómanns þá sleppir hann henni ekki fyrr en höfuðið er hoggð af honum!“

Hún reif annan bita af fiskinum eins og ekkert væri og sleikti fingur sína með ánægju. „Umm, mér finnst þessi fiskur góður.“

Wil muldraði mjög lágt: „Það er ekki eins og við séum að borða okkar Steinbýti, er það nokkuð?“

„Það skiptir ekki máli,“ svaraði Soffía. „Þótt við séum ekki að borða okkar Steinbýti þá gæti þetta verið einhver ættingi hennar.“

Hún tók laumulega afganginn af fiskinum sínum og fleygði honum fyrir borð þegar Fjóla frænka sá ekki til. Henni leið betur að hafa fleygt hluta af fiskinum aftur í sjóinn þótt hann myndi auðvitað ekki getað lifnað við. Fiskurinn var steindauður.

Wil og Soffía hölluðu sér þétt upp að Fjólu frænku í tunglsljósinu og hlustuðu á sláttinn í seglunum, hvininn í vindinum og skvaldur samferðarmannanna og fundu fyrir notalegu vaggi skipsins. Þau voru þakklát fyrir hlýju ullarvettlinganna, húfurnar og treflana.

Þau sofnuðu brátt en Soffíu dreymdi undarlega drauma. Fiskur þaut í gegnum loftið á flótta undan skelfilegum sjófuglum. Hrafnhildur reis skyndilega og hrafninn varð að níu hröfnum sem hurfu út í myrkrið. Og hún sá hvar drekinn stökk af trjónunni og greip tunglið milli slefandi skoltanna. Í draumnum voru Wil og Soffía svo skyndilega komin niður að á og Steinbýtur stóð beint fyrir framan þau. Steinbýtur var í síðum, gráum kufli og hárið flókið sem aldrei fyrr. Veiðihárin lafandi. Umhverfis hana var þokumistur og hún leit döpur til þeirra. Eins og alltaf var megn fiskilykt hjá henni og raddir, margar raddir, ómuðu allt um kring.

*Snákakeðjan lengist.
Þið megið ekki víkja ykkur undan verkefninu
Þið megið ekki svíkjast um ...*

Andlit Steinbýtar varð óskýrt og í stað þess birtist andlit með síðu hvítu hári og undarlegum bláum augum. Andlit Ölbu O. blasti við Soffíu.

Soffía vaknaði upp í köldu svitabaði og orðin ómuðu enn fyrir eyrum hennar. Af hverju hafði Steinbýtur komið til hennar í draumi? Var hún að vara þau við einhverju sem framundan var. Hvert var verkefnið í þetta sinn? Á medalíunni hans Wil var snákur, býfluga og fiskur og nú hafði steinn birst á henni. Tengdist það eitthvað Íslandsför þeirra? Áttu þau að leita einhverra sérstakra steina? Og hvað með konuna með hvíta hárið, Ölbu O? Hvað var alþjóðlegur hryðjuverkamaður að gera í Miðgarði?

Þessar spurningar þyrluðust um huga Soffíu og henni fannst sem hún myndi aldrei fá fullnægjandi svör við þeim. Hún sofnaði aftur og svaf óværum svefni.



Skipið náði þvílíkum hraða og flaug svo hátt að það var rétt eins og þau gætu snert stjörnurnar. Óveðursskýin voru langt að baki og tunglið varpaði kaldri og dáleiðandi birtu á skipið. Stór silfraður hnötturinn líktist hvítri himinkanínu eða stórri, silfraðri skjaldböku eða dreka eins og segir í sögunum. Aðrir segjast sjá kallinn í tunglinu eða gamla konu sem gætir himnanna og sefur með augun opin. En það skiptir ekki máli hvað stendur í sögunum. Hvar sem þú ert staddur skín sama tunglið á þig.

Langt fyrir neðan himnaaugað sem aldrei lokast, og getur gert þig brjáláðan ef þú horfir of lengi í það, var svartur hafflöturinn.

Og þótt þú gætir ekki séð hafið þá gætirðu örugglega fundið lyktina af því, saggafull, brimsölt og sterk. Ísmeygilegur óþefurinn af rotnandi sjávarfangi. Vindar og hafstraumar báru lyktina af dauðum fiski um langan veg. Ef sjórinn fengi tækifæri til þess myndi hann gleypa skipið með manni og mús. Hann myndi engu leifa. Sjórinn hefði enga samúð með einu litlu víkingaskipi, hvort sem það væri borið áfram af yfirnáttúrulegum öflum eður ei.



KAFLI XXII

FLEIRI UNÐARLEGIR, ÓHUGGULEGIR OG SKELFILEGIR HLUTIR

*SOMNIA TENEBROSAQUE TRISTISSIMA
MONSTRA MEMBRA MOVENTIA
PELLES, DENTES, UNGUES
EHM EHM SOMNUS TANDEM!*

DIMMIR DRAUMAR OG AÐ MESTU LEYTI ÓHUGGULEGIR
VERUR BERJA LIM VIÐ LIM
ÓLJÓS FELDUR, TENNUR, KLÆR
SOFNUM AÐ LOKUM, HÚRRA FYRIR ÞVÍ!

Þegar Wil náði loksins að sofna voru draumar hans ekkert skemmtilegri en Soffíu.

Hann var staddur á stórri skrifstofu. Þetta var skrifstofa Skelchs ráðherra með öllum ófreskjumálverkunum. Beraðar klær, ógnvekjandi vígtennur og augu sem góndu á þig úr öllum áttum. Wil dróst að málverkinu af ófreskjunni sem var hálf ljón og hálf geit. Þetta var langstærsta málverkið á skrifstofunni, beint fyrir aftan skrifborð ráðherrans. Logar stóðu út úr kjaftinum þar sem dýrið gnæfði yfir dauðum páfugli. Á skrifborðinu

sjálfu var ógeðslegt, blóðugt auga í glerkrukku. Það svamlaði þar í viðbjóðslegum grænum vökva.

Wil fann hvernig hann kúgaðist í draumnum og eins og það væri ekki nóg þá stukku ófreskjurnar á málverkunum skyndilega út úr viðarrömmunum, líkt og þær væru lausar úr strigafangelsinu sínu fyrir einhverja töfra. Þær gengu, töltu og skriðu um í útjaðri herbergisins og horfðu meinfýsnar á Wil. Herbergið var fullt af feldum, fjöðrum og hreistri. Skyndilega heyrðist hár hvellur og herbergið nötraði. Veggfóðrið rifnaði af veggjunum, gegnheil útskorin hurð fauk af hjörunum, loftið féll niður, gólfið molnaði undan honum. Rafmagnsvírar og rör stóðu ógnvekjandi út úr veggjum og gólfi, glerbrot dreifðust yfir molnandi gólfið.

Skyndilega hurfu allar verurnar og Wil stóð á þaki hátt uppi yfir grjótlagðri götu. Hann hafði aldrei séð þessa götu áður. Andlitslausir, svartklæddir hermenn gengu í þéttri fylkingu eftir götunni. Fótatak þeirra bergmálaði hátt og reglulegt. Einn hermaðurinn sneri sér við og leit upp til Wil. Wil sá ekki augun í honum. Jafnskjótt og hermennirnir birtust bráðnuðu þeir og Wil var skyndilega staddur í herbergi með Soffíu, Fjólu frænku og Rue frænku. Þau stóðu umhverfis rúm sem herra Bertram lá í. Andlit herra Bertrams var öskuhvítt og hann andaði varla.

Þeirri hugsun laust niður í Wil að herra Bertram væri að deyja. Á sömu stundu gekk einhver inn í herbergið, maður með silfrað hár og hrukkótt, litlausa húð. Maðurinn líktist að nokkru leyti herra Bertram. Manninum fylgdi gömul kona með glaðleg augu. Gamla konan sagði: „Við erum að bíða eftir þér Bartholomew.“ Skyndilega fylltist herbergið af fólki. Það brosti allt þar sem það tók sér stöðu í kringum rúm herra Bertrams.

Wil hrópaði: „Nei, herra Bertram. Þú mátt ekki deyja, þú mátt það ekki.“



Wil hrökk upp með andfælum með hjartað í hálsinum. Hann fann hvernig heitt tár rann niður vanga hans. Syfjaður áttaði hann sig á því að hann lá enn í kuðli undir handlegg Fjólu frænku. Hvass næturstormur ýtti skipinu áfram. Það glitti í drekahöfuðið á trjónunni í tungsljósinu og þegar litið var yfir skipið voru flestir farþegarnir steinsofandi, vafðir inn í þykkar, gráar ábreiður. Einstaka voru þó að tala saman eða lesa bók í ljósinu frá lukt sem sveiflaðist í takt við skipið. Fjóla frænka hraut lágt með Soffíu sér við hlið.

Wil neyddi sjálfan sig til að anda rólega. „Herra Bertram er ekki dáinn,“ hvíslaði hann að sjálfum sér. „Ekki enn að minnsta kosti,“ bætti hann við kalt.

Hann reyndi að telja sjálfum sér trú um að þetta hefði aðeins verið draumur, jafnvel þótt þetta hefði í raun og veru verið martröð. En hann skildi ekki af hverju hann fékk martröð. Þau voru á leið í besta, frábærasta og mest heillandi ævintýri sem hægt var að hugsa sér. Með þessa upplífandi hugsun í kollinum geispaði Wil, leit einu sinni enn á drekatrjónuna og lokaði svo augunum.

En þrátt fyrir þessa uppörvandi hugsun fyrir svefninn snerust draumar Wil fljótt aftur um undarlega, óhuggulega og skelfilega hluti.



Þegar Wil vaknaði aftur var það við ærandi garg mávanna en garg þeirra skar sólbjartan himininn. Hressandi hafgolan þandi segl skipsins og í fjarska birtust fjöll sem stækkuðu smátt og smátt. Hinir farþegarnir horfðu einnig og teygðu sig. Þegar landið nálgast óðum byrjaði fólk að tala hvert í kapp við annað. Þetta var síðasti hluti ferðar þeirra yfir hafið og skipið þeyttist áfram eins og það væri æst í að ná landi sem fyrst. Hrafninn virti gargandi mávana að vettugi og flaug á undan og lét þar með undan löngun sinni til að hafa fast land undir fótum.

Wil vakti Fjólu frænku og Soffíu en þær voru báðar enn sofandi. „Vakniði, vakniði,“ sagði hann, „við erum næstum komin.“

„En sú nótt,“ muldraði Fjóla frænka og barðist við að opna augun. „Ég held að ég hafi aldrei á ævi minni sofið jafn tættum svefni.“ Það lifnaði hins vegar yfir svefnþrungnum augum hennar þegar hún sá landið rísa í fjarska.

Soffía teygði sig og geispaði. Hún hvessti svo augun á eitthvað fyrir aftan þau. „Hvað er þetta?“ spurði hún.

„Hvað er hvað?“ sagði Wil og sneri sér við til að gá.

Eitthvað flaug hátt yfir höfðum þeirra fyrir aftan skipið. Þau héldu fyrst að þetta væri flugvél eða þyrla en svo sáu þau að fyrirbærið blakaði vængjunum reglulega. Þetta hlaut því að vera fugl. En jafnvel þótt hann væri langt í burtu sá Wil að þetta var stærri fugl en þau höfðu nokkurn tímann séð. Þegar fyrirbærið nálgast gerðu þau sér grein fyrir stærð þess. Vænghaf þess var stærra en skipið og risastór goggurinn hvass. Þetta var örn í yfirstærð. Stóri fuglinn flaug framhjá þeim og ærandi garg hans klauf loftið og tvístraði flokki máva. Síðan flaug örninn hátt yfir skipið og svo neðar og neðar, svo hratt að Wil náði varla andanum.

„Þessi fugl er örugglega tvisvar sinnum stærri en skipið,“ hrópaði Soffía.

„Kannski er þetta einhver íslenskur siður,“ sagði Fjóla frænka óörugg, „þið vitið svona til að fagna gestum.“

„Mér finnst hann nú ekkert vinalegur,“ sagði Wil og horfði á eftir flikkinu.

Risafyglið steypiti sér aftur og skipið neyddist til að fella seglin og stöðvast á lofti. Farþegarnir hrópuðu af hræðslu þegar örninn flaug í kringum skipið.

Rödd flugstjórans, að minnsta kosti gerði Wil ráð fyrir því að þetta væri rödd flugstjórans, hljómaði kraftmikil yfir þilfarið. Þetta var valdsmannsleg rödd. „Haldið kyrru fyrir í sætum ykkar. Það er engin ástæða til að óttast. Þetta er aðeins hefðbundin öryggisskoðun.“

„Hann er að leita að smyglgóssi,“ sagði maðurinn við hliðina á þeim og kinkaði kolli eins og hann vissi allt um málið.

„Hvað er smyglgóss?“ spurði Wil Fjólu frænku.

„Smyglvarningur,“ sagði Fjóla frænka.

„Smyglvarningur?“ sagði Soffía tóm á svipinn.

„Fuglinn er örugglega bara að reyna að koma í veg fyrir að ólöglegum varningi sé laumað inn í landið,“ sagði Fjóla frænka.

„Hvers konar varningi?“ spurði Wil.

„Ó, ég veit það svo sem ekki,“ sagði Fjóla frænka, „vopn, gull, töfrahlutir sem ólöglegt er að flytja milli landa samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.“

„Getur örninn, eða hvað sem þetta er, séð þetta allt?“ spurði Wil og leit viðurkenningaraugum á risastóran fuglinn um leið og skuggi hans leið aftur yfir skipið.

„Fuglinn hlýtur að vera einn af fjórum verndarvættum Íslands,“ sagði Soffía æst. „Manstu ekki við lásnum að þeir gætu séð í gegnum holt og hæðir.“

„Hvað ef hann sér rúnasteinana í vasanum þínum?“ hvíslaði Wil í eyra Soffíu.

Augu Soffíu stækkuðu og hún renndi hendinni í vasann. „Auðvitað getur hann það ekki,“ hvíslaði hún. „Þetta eru bara nokkrir steinar sem búið er að krassa nokkur tákn á. Sauðmeinlausir. Auk þess erum við að skila þeim aftur heim. Frú Oleander bað okkur um að fara með þá aftur til Íslands en það gefur til kynna að þeir hafi upprunalega komið frá Íslandi.“

„Já, þú hefur rétt fyrir þér,“ sagði Wil. „Það er bara það að fuglinn virðist horfa beint á okkur,“ spýtti Wil út úr sér, „og hann nálgast óðum. Heldurðu nokkuð að hann geti séð svörtu medalíuna?“ hvíslaði hann. „Hvað ef hann heldur að svarta medalían sé smyglgóss?“

„Hvernig ætti fuglinn að vita eitthvað um svörtu medalíuna?“ þaggaði Soffía niður í honum. „Við vitum bæði tvö að Snákakeðjan var gerð útlæg fyrir mörg hundruð árum. Ég þori að veðja að enginn á Íslandi hefur heyrt minnst á Snákakeðjuna.“

„En manstu konuna með hvíta hárið sem við sáum í Höll Purpuraprýðinnar, Ölbu O? sagði Wil áhyggjufullur. „Ef hún er alþjóðlegur hryðjuverkamaður þá hlýtur Snákakeðjan að vera með starfsstöðvar um allan heim!“

Wil reyndi að fela svörtu medalíuna fyrir augnaráði arnarins með því að halda utan um hana. Fuglinn steypiti sér niður hjá trjónunni í þriðja sinn. Svo flaug hann í æ minni hringi þar til hann sveif yfir skipinu og starði. Hann gargaði aftur og vindurinn ýfði fjaðrir hans. Wil seig niður fyrir aftan Fjólu frænku. Honum fannst sem augnarád arnarins boraðist inn í sig. Áfram sveif fuglinn yfir skipinu en enginn nema hann sjálfur vissi af hverju. Hverju vængjatak hans fylgdi þungur niður.

„Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt áður!“ sagði maðurinn sem sat við hliðina á þeim.

„Þetta er í fyrsta sinn sem þetta gerist,“ sagði eldri kona sem sat hinum megin við þau. „Í öllum ferðum mínum til Íslands hef ég aldrei áður verið stöðvuð svona. Hvað ætli það þýði? Amma mín sagði mér einu sinni frá verndarvættum Íslands, dreka, griðungi (nauti), bergrisa og gammi. Þeir eiga að vernda Ísland gegn öllu illu. Og þetta er gammur.“ Hún benti svo á drekatrjónuna og bar orðin mjög óskýrt fram: „Drekinn hræ .. ðir vætt .. ina.“

„Að hv ... erju e ... r hann ... að lei ... ta?“ spurði Fjóla frænka og það var eins og hún ætti í erfiðleikum með að tala. Hún talaði óskýrt og mjög hægt.

Það hægðist á vængslætti fuglsins þar til svo virtist sem hann hefði stöðvast að fullu. Hann sveif yfir skipinu og það glitraði á svartar fjaðrirnar í sólinni. Hann opnaði kjaftinn og það glampaði á hrjúfa dökkbleika tunguna.

Wil fannst eins og tíminn stæði í stað. Jafnvel öldur hafsins voru kyrrar, frosnar. Augnarád fuglsins stakkst inn í Wil. Allir voru líkt og frosnir nema hann. Soffía hélt penslinum á lofti í miðjum klíðum við að teikna fuglinn stóra. Fjóla frænka hélt vasaklútnum upp að munnum á sér. Hún virtist dauðhrædd. Maðurinn sem sat við hliðina á þeim var að benda á fuglinn. Allir aðrir virtust sofandi.

Þetta hafði gerst áður, í Höll Purpuraprýðinnar. Þá frusu allir og allt, þannig að hann og Soffía sluppu. En þá hafði hann leitt Soffíu. Svarta medalían hafði einhvern veginn verndað þau bæði tvö frá því að frjósa.

Dáleiddandi augnaráð fuglsins dró Wil á fætur. Ljósopið í auga fuglsins, skínandi eins og risastór svört marmarakúla, leiftraði. Wil sá eigin spegilmynd í þeim. Hann vissi ekki hvað var að gerast en af einhverjum ástæðum dróst hann yfir þilfarið í átt að fuglinum. Áður en hann vissi af stóð hann við drekatrjónuna. Þegar hönd hans renndi yfir skeljarnar á hálsi drekans gerðist dálítið undarlegt. Drekahausinn titraði, augu hans skutu gneistum og hann opnaði ginið. Drekin öskraði og Wil fannst sem hvert einasta bein í líkama hans myndi brotna við hljóðið.

Drekin leit á Wil, hneigði svo höfuðið og leit svo aftur á fuglinn. Plötulagður hálsinn stækkaði, hann teygði sig eftir fuglinum, glefsaði til hans og svo stóðu eldtungurnar út milli skoltanna. Logarnir steptust yfir fuglinn, yfir höfuð hans, vængi og stél þar til fuglinn stóð allur í ljósum logum. Örninn virtist ekki taka eftir eldtungunum, Hann hristi þær af sér eins og hann væri að hrista af sér gamlan ham. Hann hneigði höfuðið, gargaði einu sinni enn að lokum og flaug svo á braut jafnskjótt og hann hafði birst. Brátt var hinn stóri fugl ekki stærri en flugnaskítur við sjóndeildarhringinn.

Drekin öskraði aftur og blés stórum reykjarbólstrum út um nasirnar. Reykurinn þakti allt skipið. Wil sá ekkert fyrir reyknum sem ilmaði eins og kanill, múskat og allrahandu krydd. Hafgolan og sólargeislarirnir dreifðu reyknum og brátt var hann alveg horfinn. Drekin harðnaði og varð aftur að drekatrjónu úr tré.

Wil trúði varla eigin augum. Ef ekki hefði verið fyrir daufa reykjarlykt var eins og fuglinn hefði aldrei birst og drekin ekki lifnað við.

Óstyrkur gekk hann til baka til Soffíu og Fjólu frænku: „Trúið þið þessu.“

„Trúum við hverju?“ spurði Soffía. „Að við séum næstum komin? Já, ég trúi því.“

„Nei, ekki því,“ sagði Wil. „Trúið þið því að fuglinn sé farinn?“

„Hvaða fugl?“ spurði Fjóla frænka. „Áttu við hrafninn? Ég hélt að hann hefði bara flogið á undan.“

„Risastóra fuglinn! Hann var hér rétt áðan,“ sagði Wil og benti fram fyrir drekatrjónuna. „Örninn var risastór. Hann var jafn stór skipinu, nei hann var stærri en skipið. Og hann var einmitt hér.“

„Örn?“ sagði Soffía tóm á svipinn.

„Já, einmitt,“ sagði Wil. „Þú varst að teikna hann. Líttu bara í skissubókina þína. Teikningin er einmitt þarna.“

Soffía sýndi honum skissubókina. Síðasta teikningin hennar var af drekatrijónunni.

Wil greip skissubókina og blaðaði hratt í gegnum hana. „Þú varst að teikna gamminn, örninn sem er einn af verndarvættum Íslands. Hvað gerðirðu við teikninguna? Hvar er hún?“

„Ég hef ekki hugmynd um hvað þú átt við,“ sagði Soffía og horfði á Wil eins og hann væri orðinn brjáláður.

„Wil, passaðu þig,“ sagði Fjóla frænka. „Ekki rífa skissubókina hennar Soffíu.“

Í fátí sínu sneri Wil sér að konunni sem hafði talað um hina fjóra verndarvætti Íslands. „Þú manst eftir erninum, er það ekki?“ spurði hann. „Hann var stór, risastór, hann var stærri en nokkur fugl sem ég hef nokkurn tímann séð. Og svo lifnaði drekatrijónan við og spúði eldi á örninn og það var reykur úti um allt. Maður sá ekki neitt fyrir reyk.“


Konan brosti vingjarnlega til Wil og sagði: „En hvað þetta er skemmtileg saga, drengur minn. Hún minnir á sögurnar sem amma mín var vön að segja mér um gamminn en hann var einn af verndarvættum Íslands. Dreki var einnig í þeim hópi. En þessar sögur eru ævafornar, frá upphafi vega.“

„Einmitt, þeir voru einmitt þarna!“ hrópaði Wil og skildi ekki af hverju enginn þóttist kannast við það sem hafði gerst. Hversu óhuggulegt það hefði verið og hversu hratt það gerðist. Og nú horfði fólkið á hann eins og hann væri orðinn brjáláður. „Hvað er að ykkur?“

„Svona nú, Wil minn,“ sagði Fjóla frænka og klappaði honum á öxlina. Hún var umhyggjusöm á svipinn. „Þetta var draumur. Þetta hefur verið ótrúleg ferð en nú erum við næstum komin, vinur.“

Wil hallaði sér að Soffíu og hvíslaði í eyra hennar: „Þú trúir mér, er það ekki, Soffía?“

„Ég held ekki ... ég veit það ekki,“ sagði Soffía og fór hjá sér af því að hún gat ekki staðið með Wil. Gleraugnaumgjörðin hennar var öskugrá. Efinn í svip hennar hvarf þó skyndilega og hún hvíslaði að Wil. „Kannski er það svartá medalían ... þess vegna ert þú sá eini sem manst eftir fuglinum og drekanum og því öllu.“



KÆFLI XXIII

SKINN OG BEIN

*CUTIS ATQUE LAPIS, OS PRO OSSE,
OCULUS OCULO, TELLUS CAELO,
VIVUS VEL MORTUUS, AURUM VEL, PLUMBUM.
LIMINA SUNT TENUIA, UT DICTUM EST.
QUOMODO DISCREPET PELLIS PINNA, LAPIS CUTE?
HAEC OMNIA EX IGNE SUNT NATA.
VIVIDA, CELERA AUT LENTULA,
OMNIA VIVUNT ... ETIAM LAPIS.*

SKINN OG STEINN, BEIN FYRIR BEIN
AUGA AÐ AUGA, JÖRÐ AÐ HIMNI,
LIFANDI EÐA DAUÐUR, GULL EÐA BLÝ.
OFT ER SAGT AÐ MÖRKIN SÉU ÓLJÓS.
HVAÐA MUNUR ER Á FELDI OG HREIFA, STEINI EÐA SKINNI?
ALLT FÆÐIST AF ELDI
MEÐ NEISTUM LÍFS, HRATT EÐA HÆGT,
ALLT ER LIFANDI, JAFNVEL STEINAR.

Gargandi mávar flugu yfir hrúðurkarlaskreyttri bryggjunni í gömlu höfninni í Reykjavík og báru með sér lykt af fiski, salti og olíu. Skipið sveimaði yfir höfninni og flaug svo niður í æ minni hringjum.

Æstar raddir heyrðust hrópa: „Nei, sjáið þið, Sólfarið á ströndinni en Sólfarið er stálskúlpturn og líkist helst beinagrind víkingaskips. Stál þess glampaði í sólinni þegar Hrafnhildur renndi sér mjúklega niður á hafflötinn og maraði við endann á löngu viðarbryggjunni.

„Við vonum að ferðin hafi verið ykkur ánægjuleg,“ sagði ljóshærða konan um leið og farþegarnir fóru einn af öðrum af skipinu. „Við þökkum ykkur fyrir að hafa flogið með Hrafnhildi og við vonumst til að sjá ykkur fljótt aftur. Bless, bless.“

„Af hverju sagði hún blessi þig?“ spurði Wil Fjólu frænku.

„Hún sagði bless og bless þýðir vertu blessaður og sæll á íslensku,“ útskýrði Fjóla frænka, og ýfði hárið á Wil.

Svona var það nú. Undir vökulu krunki hrafnsins stigu farþegarnir hver á fætur öðrum af skipinu. Þeir hljóta að hafa verið undir einhverjum huliðshjúpi því þeir vöktu enga athygli þeirra sem fóru framhjá. Meðal fiskibátanna, seglbátanna, skemmtiferðaskipanna, ferjanna, nokkurra stórra flutningaskipa og ótal smærri skipa fóru allir upp á bryggjuna, gengu eftir henni endilangri og ... hurfu inn í skínandi sólskinið.

„Hvernig fóru þeir að þessu?“ spurði Wil og pírdi augun að enda bryggjunnar. Hann hugsaði með sér að hann myndi aldrei venjast komum og brottförum í galdraheiminum.

„Hliðið hlýtur að vera við endann á bryggjunni,“ sagði Soffía og gleraugnaumgjörðin hennar var að fá sama bláa litinn og sjórinn. „Ísland, hér komum við,“ hrópaði hún og þóttist ekki heyra mótmæli Fjólu frænku sem bað þau um að bíða eftir sér.

Um leið og Wil steig af bryggjunni fann hann hvernig hann feyktist í gegnum löng, köld og grá göng þar sem saltbragð var af loftinu. Hann lenti andstuttur og sá að hann stóð við hliðina á stytta á stóru torgi. Honum brá þegar hann sá að stytta var nákvæmlega eins og sú við Höll Purpuraprýðinnar. Á henni var einnig lágmynd úr brónsi sem sýndi allt fólkið í þungu fótunum sem horfði á risann færa björgin.

„Hvar erum við?“ spurði Wil og leit ringlaður í kringum sig. Eftir allar sögurnar sem Vitellus Albumen hafði sagt þeim og þótt hann vissi að Reykjavík væri höfuðborg Íslands þá hafði hann ekki búist við svona lifandi og nútímalegri borg. „Erum við komin aftur til Winnipeg?“

„Enga vitleysu, Wil,“ sagði Fjóla frænka sem sjálf var rétt nýkomin í gegnum hliðið. „Við erum í Reykjavík á Íslandi. Andaðu að þér ferskri sjávarlyktinni.“

„Já, en er þetta ekki sama stytta og heima?“ spurði Soffía.

„Alveg frábær hliðhönnun,“ sagði Fjóla frænka. „Styttarnar tvær eru eins og tvíburabráður.“

Fjöldi fólks í hrókasamræðum var á gangi þarna í kring og fjölskyldur stóðu brosandí við styttuna og létu taka mynd af sér. „Brostu, brostu,“ sagði maður við lítinn strák sem var með fýlusvip og vildi auðsjáanlega ekki láta taka mynd af sér. „Ekki viltu láta barnabörnin þín sjá þig í fýlu þegar þau skoða myndina af þér?“ Svo heyrði Wil hann hvísla að stráknum: „Þú getur sagt þeim að afi þeirra hafi verið í fyrstu ferð Hrafnhildar, jómfrúarferðinni hennar. Þú ert núna orðinn hluti af veraldarsögunni.“

„En mig langar ekkert til að giftast,“ sagði litli strákurinn, „og ég vil ekki vera saga!“

Fullorðna fólkíð í kringum hann hló hátt en ein konan í hópnum sagði ávítandi við manninn: „Þú veist að við megum ekki segja neitt um skipið. Hinir mega ekki vita neitt um okkur.“ Hún tók eftir því að Wil horfði á hana og snerist á hæli.

Þetta var eitt af því sem var erfitt við að vera galdramaður, særingarmaður eða hvað þú vilt nefna það. Þú mátt aldrei koma upp um tilvist galdraheimsins því þá er hættu á að mennirnir, í græðgi sinni, notfæri sér galdrana til illis. Rufus Crookshank daðraði þó við svartagaldur þótt siðalögmál galdraheimsins ætti að tryggja það að galdrafólk um allan heim ætti að geta lifað saman í sátt og samlyndi. Í stuttu máli þýddi þetta einfaldlega það að þú áttir ekki að svíkja þína líka. Í raun og veru var þetta ekki svona einfalt í raun. Baktal hér og þar. Eitthvað gekk ekki upp og fólk leit á þig sem aðskotahlut hvernig sem þú reyndir að aðlaga þig.

Blöðrur svifu hátt yfir höfðum þeirra, sjónhverfingamenn léku listir sínar, tónlistarmenn spiluðu og listamenn teiknuðu með krítum á gangstéttarnar. Nokkrir stóðu við styttuna af landkönnuðinum Leifi Eiríkssyni. Þetta var há stytta, köld og steingrá í herklæðum með hjálm, sverð og skjöld.

Soffía horfði á styttuna.

„Komdu Soffía,“ sagði Fjóla frænka. „Við skulum fara og finna hótelið svo við getum fengið herbergin okkar.“

„Bíddu, Fjóla frænka,“ sagði Soffía. „Ég ætla að athuga hvort hann blikkar.“

„Hvað áttu við?“ spurði Wil. „Ég myndi vilja eiga svona sverð og öxi.“

„Wil, horfðirðu í raun og veru á styttuna?“ spurði Soffía flissandi.

„Já, þetta er Leifur Eiríksson,“ sagði Wil. „Við lærðum um hann í kortafræðinni. Hann er talinn vera fyrsti Evrópubúinn sem steig fæti á land í Norður-Ameríku.“

„Einmitt,“ sagði Soffía. „En tókstu eftir einhverju skrítnu í sambandi við hann?“ spurði hún svo.

„Nei,“ sagði Wil og fór að skoða styttuna betur. „Heyrðu, styttn er raunveruleg, þetta er maður. Eða ég held það,“ bætti hann við óöruggur og færði sig nær til að skoða styttuna nánar.

„Er þetta maður eða ekki?“ spurði Soffía glottandi. „Hvað ætli Portia og Portius segðu?“

Það var erfitt að vera alveg viss en Wil fannst styttn anda og hreyfa sig nær ómerkjanlega. Eða kannski hafði hann bara ímyndað sér það. „Kannski er þetta bara stytta,“ sagði hann svo. Hann gat þó ekki staðist þá freistingu að koma við handlegg styttunnar.

Styttn greip í hann og Wil veinaði: „Hún er lifandi!“

Maðurinn sem lék styttuna fór aftur í fyrri stöðu og hélt öxinni yfir höfði sér. Hann var grafkyrr og leit út eins og stytta. Þetta var óhugnanlegt.

Soffía hló svo mikið að hún varð að grípa um magann. Fjóla frænka sagði: „Þetta er raunverulegasta stytta sem ég á ævi minni hef séð. Húðin er eins og grjót en sjáldrin í augunum koma upp um hana.“



KAFLI XXIV HÓTEL GÁLDUR

QUID NUNC, QUID NUNC, QUIDNUNC!

HVAÐ NÚ, HVAD NÚ, QUIDNUNC!

„Hvað hét hótelið aftur?“ spurði Fjóla frænka og leitaði í handtöskunni sinni. Hún muldraði með sjálfri sér: „Hvar ertu nú litla kort, ég er viss um að ég setti þig hérna einhvers staðar.“

Hvað ætli við höfum oft heyrt Fjólu frænku tala við sjálfa sig hugsaði Soffía með sér. Fjóla frænka var alræmd fyrir góðan ásetning en hún átti það til að týna öllu,

sérstaklega gleraugunum sínum sem fundust svo yfirleitt á nefinu á henni, þar sem þau áttu að vera.

Hljæjandi tók Soffía utan um Fjólu frænku og sagði ákveðin: „Kortið þitt er í hliðarvasanum.“

„Auðvitað, auðvitað,“ sagði Fjóla frænka. Hvað myndi ég gera án ykkar tveggja!“ Hún benti á kortið. „Þarna höfum við það, Hótel Galdur,“ sagði hún. „Áður fyrr gamalt höfðingjasetur en nú lúxus hótél. Mikið af fornmunum og hvorki meira né minna en fjögurra stjörnu aðstaða. Gömlu beinin í mér hlakka til að leggjast í gott og notalegt rúm með dúnmjúkum koddum. Þótt ferðin með Hrafnhildi hafi verið spennandi þá var hún síður en svo þægileg.“

„Hótel Galdur,“ sagði Wil tortrygginn.

„Já, Hótel Galdur,“ sagði Fjóla frænka og pírdi augun á kortið „og það er aðeins steinsnar héðan. Við beygjum til ... hægri ... já, við beygjum til hægri, svo til vinstri og svo aftur til hægri og þá ættum við að vera komin. Ég er viss um að það verður lítið mál að finna það og það átti að fara þangað með farangurinn á undan okkur svo við þurfum ekki að hafa áhyggjur af honum.“

Soffía og Wil glottu hvort til annars minnug þess hvað Galdur þýddi.

„Ég get varla beðið,“ sagði Wil. „Hvernig heldurðu að það líti út?“ hvíslaði hann að Soffíu.

„Kannski er það bara venjulegt svo það veki ekki neina eftirtekt,“ svaraði Soffía.

„Já, þú hefur líklega rétt fyrir þér,“ sagði Wil og fann að hann var dálítið svekkur.

„En hvað með Fullkomna framleiðslu?“ spurði Soffía. „Hvenær förum við þangað?“

„Seinnipartinn í dag, vina mín,“ sagði Fjóla frænka með glampa í augum, „stundvíslega klukkan tvö.“

Glöð í bragði vegna velgengni sinnar gekk þrenningin áfram í leit að Hótel Galdri. Á fyrsta horninu gengu þau fram hjá gamalli byggingu. Á þaki hennar var veðurhani sem benti til hægri. Þau beygðu til hægri og gengu fram hjá búðum fullum af flottum skóm, töff jakkafötum og glitrandi veislukjólum. Munnvatnið steymdi fram þegar þau fundu ilminn sem lagði frá hverju veitingahúsinu á fætur öðru og Fjóla frænka sagði: „Ég vona að við getum fengið að borða á hótelinu.“

Þau gengu fram hjá mörgum búðum sem seldu póstkort, veggspjöld, stuttermaboli og ferðahandbækur um Ísland, lyklakippur með íslenska fánanum og víkingaskipum.

Fyrir framan eina búðina var glottandi loðið tröll á stærð við Soffíu, með allt of stóran hjálm og sverð í hendi. Til þess að vera ekki ómerkilegri voru tveir hvítabirnir fyrir framan nálæga búð. Úr fjarlægð voru þeir ógnvekjandi en þegar nær kom var augljóst að þeir voru gervi. Vegfarendur stoppuðu til að taka myndir af vinum sínum sem stóðu hjá björnunum.

„Þetta er greinilega bara fyrir ferðamenn,“ hnussaði Fjóla frænka og hafði hvorki áhuga á hvítabjörnunum né tröllinu.

Soffía varð að viðurkenna að tröllið var frekar hallærislegt. Í skeggið vantaði flyksur eins og eitthvert barnið hefði verið að gá hvort það væri ekta og rífið búta úr því.

„Já, en við erum ferðamenn,“ sagði Wil.

„Alls ekki,“ hreytti Fjóla frænka út úr sér og augu hennar skutu gneistum bak við fjólublá gleraugun. „Við erum hér í viðskiptaerindum. Maður veit aldrei hvenær óvænt tækifæri bjóðast.“

„Óvænt tækifæri?“ endurtók Soffía.

„Já, óvænt tækifæri,“ svaraði Fjóla frænka spennt. Fjólublái hárhnúturinn skoppaði. „Maður verður að vera tilbúinn að grípa tækifærið, stökkva en ekki hrökkva. Sum tækifæri bjóðast aðeins einu sinni.“

Soffía hristi hausinn og Wil yppti öxlum. Hvorugt þeirra hafði hugmynd um hvað Fjóla frænka átti við.

„Hvað er að því að vera ósköp venjulegur ferðamaður,“ muldraði Soffía.

„Já einmitt. Mér finnst gaman að vera ferðamaður,“ sagði Wil.

Þegar Fjóla frænka fór yfir götuna nokkrum mínútum síðan hægði hún á sér. „Ég hef það á tilfinningunni að við séum ekki á réttri leið,“ sagði hún. „Eða þá að við séum komin of langt. Við áttum að beygja til hægri, eða var það til vinstri? Ég hélt að við ættum að beygja inn næstu götu en það virðist samt ekki vera rétt.“

„Ertu viss um að við höfum átt að beygja til hægri en ekki til vinstri þegar við gengum af stað frá styttunni?“ spurði Wil.

„Auðvitað er ég viss,“ sagði Fjóla frænka og rétti þeim kortið. „Þið getið sjálf séð það hér.“

Wil og Soffía skoðuðu kortið en á það voru merkt tvö stór X, annað fyrir Hótel Galdur og hitt fyrir Fullkomna framleiðslu.

„Við hefðum líklega átt að beygja til vinstri á fyrsta horninu en ekki til hægri,“ sagði Soffía og hugsaði með sér að hér eftir myndi hún sjá um kortið.

„Ertu viss?“ spurði Fjóla frænka.

„Þetta er rétt hjá henni,“ sagði Wil.

„Auðvitað hef ég rétt fyrir mér,“ sagði Soffía.

„Tibor særingarmaður væri stoltur af þér, Soffía,“ sagði Wil. „Allur sá tími sem fór í að teikna kort hefur svo sannarlega borgað sig.“

„Æ, krakkar mínir, ég hef greinilega ruglað þessu öllu,“ sagði Fjóla frænka. „En hérna höfum við óvænt tækifæri. Sjáið alla sokkana í þessum búðarglugga.“

Í búðarglugganum voru minnst tuttugu mismunandi gínufótleggir í alls kyns hugsanlegum sokkum. Græn-og hvítröndóttir sokkar með bleikri teygju og jarðarberi efst, hvítir sokkar með rennilás eftir endilöngum sokknum að aftan, sokkar með hlébarðamunstri, bláir köflóttir sokkar, grænir köflóttir sokkar, svartir blúndusokkar skreyttir gylltum blómum og jafnvel sokkar með teiknimyndafígúrum.

„Soffía,“ sagði Wil, „í hvert sinn sem þú lítur á nýja sokka þá breytist gleraugnaumgjörðin þín í stíl við sokkana.“

Soffía brosti.

„En frábær búð. Við verðum að koma aftur hingað og kaupa eitt eða tvö pör fyrir Rue frænku,“ sagði Fjóla frænka. En hvað við vorum heppin. Ef við hefðum ekki farið þessa leið þá hefðum við aldrei séð þessa búð.“

Þegar þau gengu niður brekkuna spurði Fjóla frænka: „Er Tibor særingarmaður enn að kenna kortafræði. Snákar hafi það, hann hefur verið í mörg ár við Gruffudskólann.“

Þegar Wil, Soffía og Fjóla frænka höfðu gengið aftur til baka voru þau öll orðin mjög svöng. Þau gengu fram hjá byggingunni með veðurhanann á þakinu og beygðu til hægri á næsta horni. Þau gengu fram hjá stóru malbikuðu torgi þar sem strákar voru að leika sér á hjólabrettum og fram hjá búð þar sem hægt var að kaupa ekta uppstoppuð dýr. Þar var uppstoppaður hundur, uppstoppaður mávur og það skrýtnasta af öllu var lítið lamb með tvö höfuð. Höfuðin horfðu sitt í hvora áttina. „Portia og Portius,“ hvíslaði Soffía að Wil.

„Vitið þið hvað, ég held að við séum að nálgast hótelið,“ sagði Fjóla frænka. „Maðurinn hjá Fullkominni framleiðslu sagði að hótelið væri rétt hjá

upplýsingamiðstöðinni fyrir ferðamenn og þarna er upplýsingamiðstöðin hinum megin við götuna.“

En það eina sem þau sáu voru veitingastaðir og fornmunaverslun. Þau fóru yfir götuna að fornmunaversluninni. Lítil gína, á stærð við stúlku, stóð í útstillingarglugganum. Hún virtist horfa á þau.

Það virtist ekki vera neitt hótél í nágrenninu, aðeins pínulítill bygging hinum megin við götuna. Tvær stórar súlur innrömmuðu hvelfdar dyr og þakið var bogadregið og lagt kopar.

„Hvað með þessa litlu byggingu?“ spurði Soffía.

„Þetta virðist vera allt of lítið til að hýsa heilt hótél,“ sagði Fjóla frænka, „en þetta virðist vera rétti staðurinn.“

Þau fóru aftur yfir götuna og Wil og Soffía gengu upp tröppurnar og reyndu að opna dyrnar. Þær voru læstar svo þau gengu aftur fyrir húsið en þar voru hvorki dyr né gluggar. Engir gluggar voru á byggingunni.

„Kannski ættum við að berja dyra,“ stakk Soffía upp á.

„En frábær hugmynd,“ sagði Fjóla frænka, „við prófum það.“

Og þau bönkudu.

Samstundis opnuðust dyrnar og þau voru dregin inn í bygginguna líkt og fyrir einhverja ósýnilega krafta. Innandyra var hótelið, því þetta var í raun Hótél Galdur, risastórt og háir gluggar sneru út að götunni. Út um þá sáu þau bæði fornmunaverslunina og upplýsingamiðstöðina.

„Jeminn eini,“ sagði Fjóla frænka. „Ég gleymi því alltaf að ekki er allt sem sýnist.“

Hótelið var troðfullt af munum úr rekaviði, glerkúlum í reipi, pínulitlum víkingaskipum, þöndum seglum og útlögðum árum. Á veggjum anddyrisins voru málverk af óveðursskýjum og klettóttum ströndum. Í anddyrinu voru einnig smásteinar, skeljar og fjaðrir.

Kona sem stóð fyrir innan afgreiðsluborðið brosti til þeirra. Hún var klædd í hið undarlegasta samsafn fata sem Soffía hafði nokkurn tímann séð. Hún var í örþunnum bleikum náttkjól yfir þröngri samfellu úr svörtu gúmíi. Hún var með svo marga silfurhringi í eyrunum að þótt hún hefði viljað þá hefði hún ekki getað bætt svo mikið sem einum við. Til að kóróna útlitið var hárið sett upp í gadda og litað skærbleikt. Soffía varð ein augu og leit á Wil sem starði heillaður á konuna.

„Töskurnar ykkar bíða ykkar í herbergjunum ykkar,“ sagði konan. „Við vorum við það að fara að senda einhvern af stað til að leita ykkar. Já, á meðan ég man, þá heiti ég Birna. Velkomin á Hótel Galdur.“

„Þakka þér fyrir,“ sagði Fjóla frænka sem gat ekki haft augun af bleiku hárinu. „Við gleymdum okkur aðeins við að skoða í búðarglugga.“

Birna renndi herbergislyklinum til Fjólu frænku. „Viljið þið fá eitthvað að borða?“ spurði hún svo hress. „Veitingasalurinn er opinn.“



Morgunverðurinn var ekki aðeins kornflex með mjólk út á og appelsínusafi. Wil og Soffía glenntu upp augun þegar þau sáu glæsilegt hlaðborðið sem beið þeirra. Ostasneiðar á rúgkexi, tómatar, agúrkur, heitar vöflur með sýrópi, harðsoðin egg í örþunnum sneiðum og þrenns konar ávaxtasafi, ótrúlegt úrval af ávöxtum svo sem hunangsmelóna, kiwi, bananar, safaríkir appelsínubitar, stökkir eplabátar og sólberjajógúrt, svo ekki sé minnst á maríneruðu síldina og karrísíldina (en Fjóla frænka var sú eina sem smakkaði hana).

Þegar þau höfðu farið allnokkrar ferðir til að fylla á diskana sína var kominn tími til að heimsækja Fullkomna framleiðslu. Wil og Soffía borðuðu síðustu bitana af kiwiinu sínu. „Ótrúlegt að það skuli vera hægt að fá kiwi hér á Íslandi!“ hafði Fjóla frænka hrópað upp yfir sig. Soffía hafði borðað svo mikið að hún var viss um að hún hefði ekki pláss fyrir svo mikið sem eina gúrkusneið í viðbót.

„Guðdómlegur málsverður,“ sagði Fjóla frænka og smellti með vörunum. „Auk þess er það miklu betra þegar einhver annar gerir matinn. Síldin var frábær. Alveg rétt magn af ediki. Þið hefðuð átt að prófa hana, krakkar.“

Wil gretti sig á bak við Fjólu frænku og Soffía var alveg sammála honum.

„Vitið þið hvað, ég er að hugsa um hvort ég eigi ekki að lita hárið á mér bleikt upp á íslenskan máta!“ sagði Fjóla frænka.



KAFLI XXV FERÐAÁÆTLUNIN

*ARCANUM DEBET ESSE ARCANUM.
LATET, TACET, CELAT FURTIM.
NICTA, NICTA, NUTA, NUTA,
RESPECTA RURSUM, CURSA CURSIM.*

AÐALTRIÐIÐ VIÐ LEYNDARMÁL ER AÐ ÞAÐ ER LEYNDARMÁL.
ÞAÐ ER NEÐANJARÐAR, Í FELUM,
LEYNIMAKK, RÁÐABRUGG,
BLIKKA, GEFA MERKI, LÍTTU AFTUR,
AF HVERJU ÞESSI ASI?

„Hvað er langt til Fullkominnar framleiðslu?“ spurði Soffía.

„Alls ekki langt. Við verðum að fara aftur þá leið sem við komum, fram hjá sokkabúðinni og tröllinu og ísbjörnunum,“ sagði Fjóla frænka. Hún lagaði fjólublá gleraugun og pírdi á kortið.

„Má ég sjá?“ spurði Soffía.

„Þú heldur að ég láti okkur aftur villast?“ sagði Fjóla frænka og hló þurrlega. „Fyrir alla muni, hér er kortið.“

„Mér finnst trölilið flott,“ sagði Soffía, þar sem þau fóru fram hjá tröllinu með sverðið enn einu sinni, „jafnvel þótt það sé að verða hárlaust og sverðið sé stærra en það sjálft.“

„Ég hélt að tröll væru á stærð við fjöll,“ sagði Wil. „Þetta er pínulítið.“

„Það veit enginn hvernig tröll líta út,“ sagði Fjóla frænka, „því þau eru aðeins til í sögum og enginn hefur nokkurn tímann séð tröll í raun og veru.“

„Það skiptir ekki máli hvort tröll séu til,“ sagði Soffía, „það sem skiptir máli er að mönnum finnst gaman að láta sem svo sé og segja börnunum sínum hræðilegar sögur um þau.“

„Jæja, mér finnst þetta tröll að minnsta kosti ekki ógnvekjandi,“ sagði Wil. „Það líkist einna helst dvergi eða púka eða einhverju svoleiðis.“

„Komið nú, krakkar,“ sagði Fjóla frænka, „nóg um þetta litla, ljóta tröll. Við skulum halda áfram til Fullkominnar framleiðslu. Við megum ekki koma of seint.“

Stutt var til Fullkominnar framleiðslu sem var stór og nútímaleg búð með frábæru úrvali af glitrandi kristalskúlum sem hvíldu á hraungrjóti. Allt var hreint og ryklaust og löngu, hvítu sýningarborðin og glansandi stólarnir fullkomnuðu létt og bjart umhverfið. Þeim var hraðað í gegnum stórt móttökusvæði þar sem um það bil tuttugu manneskjur stóðu í hópi. Enginn annar virtist hafa tekið börnin sín með sér.

„Hvaðan kemur þú?“ spurði kona með skröltandi armbönd og stóra hringi á hverjum fingri.

„Við erum frá Kanada,“ svaraði Fjóla frænka.

„Ó, ég vissi ekki að við værum með nýjan umboðsmann í Kanada. Hvernig hefur salan verið í þessum mánuði?“ spurði konan. „Ég held að ég hafi ekki séð nýjustu tölur.“

„Salan?“ sagði Fjóla frænka undrandi á svip.

Konan virtist ekki taka eftir því hvað Fjóla frænka varð hissa. „Það er fallett af Fullkominni framleiðslu að bjóða okkur öllum. Ég heiti Moira Castanada og er aðalumboðsmaðurinn á Norður-Ameríku svæðinu. Á síðasta ári einu saman seldi ég yfir eitt hundrað þúsund einingar. Það er met innan fyrirtækisins.“ Hún benti á konu sem stóð framarlega. „Þú hefur auðvitað heyrt um Soffíu Botario, aðalumboðsmanninn fyrir suðaustursvæðið og Marco Esplanido á Suður-Ameríku svæðinu. Hann er nýr, byrjaði bara í fyrra. Algjör töframaður þegar kemur að sölu. Það er hann sem stendur á bak við aðstoðaraðgerðastjórnann.“

„Þrátt fyrir að fjármálakreppan skeki starfsemi um allan heim og fyrirtæki verði umvörpum gjaldþrota stendur Fullkomin framleiðsla af sér storminn. Okkar fólk er einfaldlega best. Á erfiðum tímum leitar fólk huggunar og vonarglætu um framtíðina. Það vill hafa þá tilfinningu að það ráði einhverju um eigin örlög. *Praemonitus, praemunitus – viðbúinn er vígbúinn!* Moira lét móðann mása um sölu- og hagnaðartölur, markaðstækifæri, áætlanir um háværkun framleiðslu, nýja tækni og örvun viðskiptavina þar til Soffía varð alveg ringluð.

Fjóla frænka virtist standa við sinn hluta samræðnanna með því að skjóta inn einstaka *umm* og *auðvitað* og þú hefur fullkomlega rétt fyrir þér á réttum stöðum þar til Moira hætti að tala og leit á Fjólu frænku eins og hún væri að sjá hana í fyrsta sinn. Hálfgerður ótti leið yfir andlit hennar og hún sagði: „Þú ert kanadíski umboðsaðilinn. Hvað sagðistu aftur heita?“

Fjóla frænka opnaði og lokaði munninum eins og hún væri ekki viss um hvað hún ætti að segja. „Ég hef í raun ekki sagt þér hvað ég heiti. Ég heiti Fjóla Isidor,“ sagði hún að lokum og rétti Moiru höndina. Moira kippti að sér höndinni eins og hún væri hrædd við að snerta Fjólu frænku. Fjóla dró að sér höndina og staðfesti örugglega versta ótta Moiru þegar hún sagði: „Í raun er ég ekki nýi kanadíski umboðsaðilinn.“

„Ertu ekki nýi kanadíski umboðsaðilinn?“ endurtók Moira agndofa. „Hver ertu?“ og þótt hún segði það ekki gat Soffía næstum heyrt hugsanir hennar *Af hverju ertu hérna?*

„Ég rek spádómsbúð og við unnum þessa frábæru ferð hjá Fullkominni framleiðslu. Ég keypti eina af kristalskúlunum þeirra í fyrra. BUZZzkúluna svo þess vegna ...“

„BUZZzkúlu?“ endurtók Moira lágt. „Sem hætt er að framleiða.“

„Já, hún var á útsölu og ég stóðst ekki freistinguna,“ sagði Fjóla frænka, „Mér finnst hún frábær, þetta voru stórgóð kaup og viðskiptin blómstra. Og svo vorum við svo heppin að vinna þessa ferð, svo hér erum við!“ Hún brosti breitt til Moiru sem hafði heldur betur breytt um svip.

Moira leit út eins og hún hefði bitið í sítrónu. „Þú hlýtur að hafa verið himinlifandi yfir að vinna þessa ferð,“ muldraði hún og færði sig frá þeim til að hefja samræður á öðrum stað.

„Veist þú hvað hún var að tala um, Fjóla frænka?“ spurði Soffía.

„Eitthvað af því,“ sagði Fjóla frænka, „en ég missti þráðinn þegar hún byrjaði að tala um háværkun framleiðslu og nýja tækni. Þessar sölutölur eru þó áhugaverðar. Ég hafði ekki hugmynd um að Fullkomin framleiðsla seldi svona margar kristalskúlur og það um allan heim.“

„Henni virtist ekki þykja mikið til þess koma að við hefðum unnið þessa ferð,“ sagði Wil „og hún hætti alveg að tala við okkur þegar þú sagðir henni af hverju við værum hér.“

„Hún var dónaleg,“ sagði Soffía.

„Því miður fyrirfinnst alltaf montið og snobbað fólk,“ sagði Fjóla frænka. „Ég skil ekki hvernig það getur þolað sjálft sig.“

Þau höfðu ekki tíma til að velta sér meira upp úr snobbi Moiru Castanada því aðili frá Fullkominni framleiðslu bauð alla velkomna. Maðurinn sem Moira hafði sagt að væri aðstoðaraðgerðastjórinn var kynntur sem Egill Þorláksson. Hann benti öllum að setjast. „Við hjá Fullkominni framleiðslu erum mjög ánægð með að þið skulið taka þátt í viðurkenningarhátiðinni okkar. Eins og þið vitið bjóðum við á hverju ári bestu umboðsaðilum okkar í ferð til að þakka fyrir vinnu ykkar og hollustu. Þakka ykkur fyrir að gera Fullkomna framleiðslu eins fullkomna og mögulegt er. Við verðum með óformlega kynningu á eftir en ég myndi vilja bjóða nýja umboðsaðilann okkar í Suður-Ameríku, Marco Esplanido, sérstaklega velkominn. Hann hefur verið hjá okkur í innan við ár en hefur nú þegar sannað sig. Við búumst við miklu frá þér í framtíðinni, Marco.

Grannur maður með dökkt liðað hár brosti og veifaði til allra sem klöppuðu fyrir honum.

„Og sem sérstakan bónus eru þrír Kanadamenn hjá okkur: Frú Fjóla Isidor og frændsystkin hennar tvö, Soffía Isidor og Wil Wychwood. Við hjá Fullkominni framleiðslu viljum bjóða þau hjartanlega velkomin. Þau unnu hina árlegu vinningsferð frá Fullkominni framleiðslu í ár. Verðlaunin þetta árið var auðvitað ferð til Íslands.

Soffía átti hálfpartinn von á að allir myndu gretta sig þegar þeir kæmust að hinu sanna um hver þau væru og hvers vegna þau væru þarna eins og Moira Castanada hafði gert. En hinir virtust ekki fyllast ótta og skelfingu gagnvart „að því er virtist“ venjulegu fólki.

„Við erum búin að undirbúa frábæra viku fyrir ykkur – viðburðaríka og spennandi viku. Grímur verður leiðsögumaðurinn ykkar og mun fús svara öllum spurningum. Ég er viss um að þær verða margar. Flest ykkar dveljið á Hótel Bergi svo þið getið tengst og verið í sambandi við starfsemi ykkar í heimalandinu. Frú Isidor, við töldum að þér myndi líða betur í minna rými á Hótel Galdri.“

Grímur var þrekvaxinn, gráhærður eldri maður. Hann kinkaði stuttlega kolli til allra og Soffía fékk það á tilfinninguna að hann liti á sjálfan sig sem smala og að þau væru öll kindurnar hans.

„Við erum með pakka fyrir alla. Í pakkanum er afrit af samningnum og takki, þ.e. ferðalykill fyrir hvern dag. Við höfum einnig hannað nokkrar aðrar ferðir fyrir ykkur svo þið kynnist gestrisni Íslendinga, sögu landsins og hvað um er að vera á meðan á dvöl ykkar stendur. Hápunktur vikunnar er ferðin í verksmiðju Fullkominnar framleiðslu þar sem kristalskúlurnar eru búnar til. Þið eruð hluti af fáum útvöldum sem fær að heimsækja verksmiðjuna í raun og veru. Verksmiðju okkar er vel gætt til að tryggja að keppinautar okkar geti ekki náð sömu fullkomnun og við.“

„Takinn ykkar mun koma ykkur á áfangastað hvers dags. Hver takki er vandlega útskýrður í samningnum. Vinsamlega ekki koma of seint. Ferðalyklarnir virka aðeins á ákveðnum tíma. Eftir um það bil þrjár mínútur er lykillinn ekki virkur lengur og ég veit að þið viljið ekki missa af neinu!“



Herbergin þeirra þrjú á Hótel Galdri voru lítil en mjög þægileg. Fjóla frænka hafði fengið herbergið niðri við hliðina á setustofunni en Wil og Soffía klifruðu upp mjóan stiga upp í herbergin sín sem voru rétt undir þakskegginu. Það brakaði í breiðum gólfjölnum og í gegnum lítinn glugga var fullkomið útsýni yfir hvít fjöll í fjarska. Á rúmum voru skínandi hvítar ábreiður og bústnir koddar.

Pau voru vel södd og unaðslega þreytt eftir ljúffengan lambapottrétt. Soffía var enn að sleikja síðustu leifar gulrótarkökukremsins af fingrunum.

„Soffía, ekki sleikja á þér fingurna,“ sagði Fjóla frænka með uppgerðarhörku um leið og hún lét sig falla á sófann í stofunni. „Þú veist að það er dónalegt.“

„Já, Fjóla frænka,“ sagði Soffía hlýðin. Hver gæti svo sem verið fúll í besta ævintýri lífsins?

„Pottrétturinn var fullkominn,“ sagði Fjóla frænka. Hún geispaði. „Ég er hrædd um, elskurnar mínar, að mér líði eins og ég sé mitt á milli Íslands og Kanada og ef ég segi orðið fullkomið einu sinni enn er ykkur velkomið að ýta mér í rúmið. Ég get ekki sagt að ég sé með flugþreytu því ég kom ekki með flugvél.“ Hún leit á úrið sitt. „Sjáum nú til. Ef klukkan er nú hér þá er hún aðeins fjögur síðdegis heima. Rue frænka er örugglega að fá sér síðdegisteið sitt. Kannski vinnur hún frameftir þar sem við erum ekki á staðnum. Ég vona svo sannarlega að Bartholomew hafi það gott þótt ég eigi erfitt með að skilja hver geti verið í góðu skapi á þessum hræðilega stað, Púslhöllinni.“

Wil og Soffía litu hvort á annað þegar nafn herra Bertrams bar á góma. Fjóla frænka kæfði annan geispa. „Asnalegt að fara í rúmið klukkan fjögur síðdegis,“ muldraði hún, „en klukkan er ekki fjögur og björtu næturnar hér eru svo villandi. Mér finnst alltaf

vera hábjartur dagur þegar það er í raun og veru nótt. Eruð þið ekki þreytt? Ó, bara að maður væri aftur orðinn ungur.“

„Skipsþreyta,“ sagði Wil.

„Það er rétt, skipsþreyta,“ sagði Fjóla frænka.

„Getum við opnað pakkann núna?“ spurði Soffía og reyndi að hrista af sér daprar minningar úr Púslhöllinni. „Mig langar að vita hvert við förum og hvernig þessi ferðatakki lítur út.“

„Góð hugmynd, Soffía. Við ættum að líta sem snöggvast á áætlunina fyrir morgundaginn og athuga hvaða takka við eigum að nota,“ sagði Fjóla frænka enn geispandi. „Og við verðum að skrifa nokkrar línur til Rue frænku. Munið að við lofuðum að við myndum skrifa henni bréf á hverjum degi. Ef ekki bréf þá að minnsta kosti kort. Mér finnst að við eigum að nota kort frá Hótel Galdri núna. Við megum ekki vaka of lengi.“ Hún geispaði í fjórða sinn. „Við viljum ekki sofa yfir okkur og missa af allri skemmtuninni.“

Hún tók pakkann frá Fullkominni framleiðslu upp úr töskunni og rétti Soffíu hann. Soffía hristi pakkann og það hringlaði í einhverju í pakkanum.

„Má ég opna hann, Fjóla frænka,“ spurði Wil.

„Af hverju ættir þú að fá að opna hann?“ sagði Soffía, „ég spurði fyrst.“

„Elskurnar mínar. Á ég ekki bara að opna hann?“ sagði Fjóla frænka. „Við viljum ekki að neitt í pakkanum brotni. Ef við myndum eyðileggja takka hvað myndi þá gerast?“

Þegar minnst var á takkann sátu Soffía og Wil grafkyrr en Wil gat ekki staðist að grínast: „Við sætum þá uppi með takkalakka eða takkamakka.“

„Eða tikkatakka!“ sagði Soffía.

„Wil og Soffía, hættið þessu!“ hrópaði Fjóla frænka. Hún kíkti svo lengi inn í pakkann að Soffía hélt að hún myndi springa. Kannski leið snákum svona þegar þeir höfðu hamskipti og skriðu úr eigin skinni.

Loksins sneri Fjóla frænka pakkanum við og lagði innihald hans varlega á borðið.

Ferðaáætlunin var nokkurra blaðsíðna ítarleg lýsing á ferð hvers dags og takkinn var ekki lykill heldur sundurleitt safn sérstakra hluta: Pergament með upplýsta stafnum G, spýta með rúnalettri, svört fjöður, stór gagnsæ marmarakúla og lítil þríhöfða trölladúkka.

Soffía steypiti sér yfir trölladúkkuna og vildi ekki leyfa Wil að sjá hana fyrr en Fjóla frænka leiddi huga hennar að öðru með því að spyrja hvert þau væru að fara á morgun.



KAFLI XXVI RITSTOFAN

*TEMPUS PRAETERITUM PENDET SUPER UMERUM.
LONGI LACERTI EIUS TE IMPLICANT.*

FORTÍÐIN HVÍLIR Á ÖXLUM ÞÍNUM.
LANGIR HANDLEGGIR HENNA HRINGAST OG VEFJAST UM ÞIG.

Það er merkilegt að daginn sem þú þarft að vakna á ákveðnum tíma sefurðu yfir þig – sérstaklega ef þú ert með flugþreytu eða í þessu tilviki skipsþreytu.

Það er ekki alltaf hræðilegt að sofa yfir sig nema þegar dyrnar að tónleikahúsinu lokast á nefið á þér, flugvélin fer án þín, tannlæknirinn getur ekki hitt þig, allir byrja að syngja „Hann á afmæli í dag,“ án þín, þú kemur of seint í próf, þú missir af fiðlutímanum þínum eða, eins og í tilviki Wil, Soffíu og Fjólu frænku, að ferðalykillinn virkar aðeins í ákveðinn tíma.



Soffía opnaði augun og út um gluggann sá hún fjöll í fjarska. Dagurinn var grár og rakur og það var eins og skýin hefðu ákveðið að hanga við jörðina. „Skrýtið – fjall?“

fór í gegnum hálfsofandi huga hennar. En allt í einu áttaði hún sig og næsta hugsun gladdi hana mikið: „Við erum á Íslandi!“

Wil var enn falinn undir sænginni og hrotturnar í Fjólu frænku heyrðust alla leið upp á efri hæðina.

Soffía klifraði niður mjóan stigann og stökk yfir að borðinu til að opna umslagið frá Fullkominni framleiðslu. Hún dró fram takka dagsins, lítið pergamentsblað sem á var íburðarmikið G í appelsínugulum og bláum litum ásamt gylltu laufi. G fyrir galdur. Á flugi í gegnum stafinn var gylltur Fönix og logar hans sleiktu hliðar stafsins. Soffía hélt pergamentinu upp að glugganum og horfði á ljósið leika í gylltu laufinu. Það var svo fallegt. Skyndilega fékk Soffía hugmynd. Hún ætlaði að gera sambærilegan staf fyrir Portius og Portia – en auðvitað stafinn P með tveimur andlitum líkt og Portius og Portia.

Hún var ánægð með ákvörðun sína og sneri sér aftur að pakkanum. Hún dró fram áætlun dagsins.

Í fyrsta lagi takkinn: Lítið pergamentsblað. Klukkan 10.00. Haltu á pergamentinu og endurtaktu eftirfarandi orð þrisvar sinnum: skrifa, skrifaði, skrifað.

Takkinn mun þá bera ykkur að Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík þar sem minjar um þjóðararf okkar Íslendinga eru varðveittar. Þar gefur að líta sum af fallegustu handritunum sem eru mörg hundruð ára gömul. Þau birta hugmyndir og sögu víkinganna. Í mörgum Íslendingasagnanna og kvæðanna koma fyrir svokallaðar kenningar en það er umritun á venjulegum orðum eða eins konar gátur. Skip varð hestur hafsins, sverð snákur blóðsins og sólin gimsteinn himinsins. Þið munið að auki heimsækja ritstofuna og fræðast um það hvernig hin fornu handrit voru gerð.

Soffía gat varla bedið eftir því að sjá hvernig alvöru ritstofa væri. Þar væru örugglega fjaðrastafir og blek og gömul handrit. Þetta verður fullkominn dagur hugsaði Soffía. Hún fann allt í einu að hún var svöng og leit á úr Fjólu frænku til að athuga hvað tímanum liði. Korter í tíu! Hún leit aftur á áætlunina og fann hvernig hjartað fór að slá örar. Korter til að ferðbúast, átján mínútur í mesta lagi þar sem takkinn virkaði í þrjár mínútur eftir að hann hafði verið virkjaður.

„Fjóla frænka, Fjóla frænka,“ hrópaði Soffía. „Fjóla frænka, þú verður að vakna. Við höfum aðeins fimmtán mínútur.“

„Soffía,“ heyrðist Fjóla frænka segja syfjulega undan sænginni. „Það er óþarfi að öskra. Af hverju býðurðu ekki bara fallega góðan dag?“ Hún sneri sér við og lágvær hrota smaug undan sænginni.

„Þú verður að fara á fætur, Fjóla frænka,“ endurtók Soffía. „Annars virkar takkinn ekki.“

Þegar minnst var á takkann urðu einhver viðbrögð. Fjóla frænka reis upp í rúminu og langir lokkar hennar líktust einna helst fjólubláu þangi.

„Við höfum aðeins fimmtán mínútur, Fjóla frænka,“ endurtók Soffía. „Flýttu þér!“ Hún leit aftur á úrið. „Í raun höfum við aðeins fjórtán mínútur.“

„Hjálp mér allir snákar!“ hrópaði Fjóla frænka. „Ekki segja mér að við höfum sofið yfir okkur!“

Soffía þaut upp á efri hæðina og hristi Wil. „Wil, vaknaðu!“

„Hvaða læti eru þetta?“ spurði Wil undan sængurhrúgunni.

„Við höfum aðeins –“ Soffía leit aftur á úrið. „Við höfum aðeins þrettán mínútur til að hafa okkur til. Wil, drífðu þig!“

Wil stökk út úr rúminu, dreif sig í fötin og bókstaflega renndi sér niður stigann. Soffía hafði ekki brjóst í sér til að segja honum að hárið á honum stæði í allar áttir.

Þetta hefðu verið fyndnar aðstæður ef það hefði ekki legið svona mikið við hugsaði Soffía eftir á. Hver sem hefði horft á þau hefði séð Fjólu frænku hlaupa fram og aftur milli baðherbergisins og svefnherbergisins, reka sig í Wil og Soffíu til skiptis, skipa Soffíu að láta takkann vera á miðju borðinu svo þau vissu nákvæmlega hvar hann væri og segja Wil að fyrst hann hefði verið fyrstur í fötin þá ætti hann að fara niður í morgunverðarsalinn og ná í morgunmat handa þeim, ristað brauð, ávexti og eitthvað því um líkt. Það væri ekki tími til að slóra eða ...

Eina mínútu yfir tíu stóðu Fjóla frænka, Soffía og Wil við borðið enn tyggjandi kex og eplabáta sem Wil hafði sótt fyrir þau.

„Það er best að við drífum okkur,“ sagði Fjóla frænka andstutt. „Hvað áttum við aftur að segja, Soffía?“

„Skrifa, skrifaði, skrifað,“ sagði Soffía. „Þrisvar sinnum.“


Þau héltu öll um pergamentið og endurtóku: „Skrifa, skrifaði, skrifað.“

Þegar þau sögðu orðin í þriðja sinn fann Soffía að togað var í handlegginn á henni þannig að höfuðið rykkist aftur og þau sópuðust öll inn í pergamentið í gegnum stafinn G í hröðum eltingarleik á eftir Fönixnum. Logarnir léku um þau og þegar þau lentu, ef svo má segja, stóðu þau í bogadregnum dyrum. Í steingólfið var höggvinn stór snákur sem hringaði sig saman.

„Þarna komið þið,“ sagði Grímur og leit á úrið sitt. „Á síðustu stundu. Takkarnir eru nú allir óvirkir. Vantar einhvern? Ég vona ekki því nú er það of seint“ sagði hann og brosti.

Soffía fann til léttis þegar hún sá að Moiru Castanada vantaði. Kannski hafði hún líka sofið yfir sig.

„Þið ykkar sem voruð svo heppin að vakna tímanlega í morgun—“ sagði Grímur. Hann beið andartak og leit ábúðarfullur á Fjólu frænku (en fjólublátt hár hennar var farið að losna úr hnútnum á höfðinu á henni), Wil (sem var með hræðilegasta svefnhár sem um getur) og Soffíu (en hún vildi ekki einu sinni hugsa um það hvernig hún liti út. Hún hafði forðast að líta í spegil um morguninn svo hún yrði ekki hrædd). „Þið ykkar sem voruð svo heppin að vakna tímanlega í morgun,“ endurtók hann, „verið velkomin í Þjóðmenningarhúsið. Þið standið á endurgerð af steinristu frá 11. öld. Ristan sýnir Sigurð Fáfnisbana.



Grímur beindi þeim inn í skuggsýnt herbergi þar sem voru margir glerkassar. Í þeim voru gömul handrit. Soffía var yfir sig hrifin. Hún hafði aldrei áður séð ekta handrit skreytt skrautlega lituðum stöfum. Fólk af holdi og blóði hafði borið fjadurstafrá að bókfelli fyrir mörg hundruð árum. En þótt handritin væru falleg, fölnuðu þau í samanburði við litlu leðurklæddu bókina sem lá alein í glerkassanum sínum. Það fannst Soffíu að minnsta kosti. Bókin var miklu minni heldur en hinar leðurklæddu

bækurnar, á stærð við lófa Soffíu. Tímans tönn hafði leikið hana grátt; kantar hennar voru slitnir og bleið dauft. Samkvæmt upplýsingamiðanum var þetta bók á rúnalettri um galdra. Á efri hluta blaðsíðnanna voru myndir og stuttur leiðbeiningatexti fyrir neðan. Soffíu langaði mikið til að halda á bókinni smáu.

Hópurinn fylgdi Grími yfir í næsta herbergi en Soffía var svo heilluð af litlu bókinni að hún rölti í hægðum sínum áfram þar til hún fann Wil taka í handlegginn á sér.

„Soffía, komdu nú,“ sagði Wil. „Þú munt tryllast í næsta herbergi!“

„Af hverju segirðu það?“ spurði Soffía og átti erfitt með að slíta sig frá bókinni.

„Ritstofan,“ sagði Wil, „komdu!“

„Allt í lagi þá,“ sagði Soffía og leit löngunaraugum til litlu galdrabókarinnar í síðasta sinn.

En um leið og Soffía steig fæti inn í ritstofuna vissi hún að hér átti hún heima. Veggirnir voru þiljaðir hlýlegum viðarþiljum og herbergið leit út eins og þar hefðu bækur verið búnar til fyrir mörgum öldum. Í glerkössum voru verkfæri til að skrapa, þurrka, mæla og skera kálfsskinnið. Bekkir voru við löng borð þar sem unnið var við handritin. Rúnalettrið var á töflu og skinn á veggnum sem biðu þess að vera notuð.

„Við getum ímyndað okkur munkana í gamla daga,“ sagði Grímur, „þar sem þeir sátu í kulda og trekki í torfkofum og unnu við tíruna frá ósandi lýsislömpum og kertum. Ímyndið ykkur garnagaulið í maganum og vangavelturnar um hvort í kvöld verði nóg kjöt fyrir alla í súpunni.“

Soffía gekk að glerkössunum sem höfðu að geyma verkfæri til að binda bækur – beittir hnífar, klippur, handborar, þráður, reglustikur, litlar límskálar. Hún dró Wil að einum kassanum til að sýna honum hvað einn munkurinn hafði skrifað á spássíðuna á einu handritinu.

Ó þú gæfusami lesandi. Laugaðu hendur þínar og snertu þessa bók svo þú getir flett síðunum mjúklega. Haltu fingrunum fjarri stöfunum. Sá sem ekki hefur reynt það að vera skrifari finnst lítið til þess starfs koma. Ó hversu erfitt það er að vera skrifari. Það þreytir augun, dregur saman nýrun og kvelur auk þess alla liði. Þrír fingur rita en allur líkaminn kvelst.

Soffía varð yfir sig hrifin þegar hún sá gamlan viðarskáp sem í voru lítil ílát sem innihéldu litarefni úr muldum steinum, brædd kerti, litlar krúsir með mosa, laufi og berjum, flöskur með litardufti, skálar til að blanda blek, pergamentssíður, fuglsvængi, blekstand úr þurrkaðri svínsblöðru og stórt hrútshorn fullt af fjaðurstöfum.

Soffía gat ekki staðist freistinguna. Hún tók einn fjaðurstafinn úr horninu. Fannhvítan en hinir voru allir svartir. Kannski var þetta mávsvjöldur. Svo virtist sem hann hefði aldrei verið notaður. Hún sneri sér að Wil og hvíslaði: „Sjáðu, þetta er ekta fjaðurlappi.“

„Vandræði að það skuli ekki vera neitt blek hér,“ sagði Wil og skoðaði fjöðrina. „Við gætum kannski spurt ...“

Soffía brosti lymskulega og dró litla blekkrús upp úr vasa sínum.

„Komstu með þetta með þér?“ sagði Wil og trúði varla sínum eigin augum.

„Jeps,“ svaraði Soffía eins og hún gengi alltaf með blekkrús á sér.

„Þú varst heppin að krúsin opnaðist ekki,“ sagði Wil minnugur allra þeirra skipta sem blekkrúsir Soffíu höfðu opnast og innihaldið farið út um allt og hvernig Rue og Fjóla frænka höfðu aftur og aftur bannað henni að nota blek innandyra. En fyrir þrábeiðni Soffíu höfðu þær alltaf gefið eftir.

„Ekki láta Fjólu frænku sjá þetta,“ sagði Wil.

Soffía beit í vörina og sneri sér undan. Hún losaði lokið af krúsinni, dýfði fjaðurlappannum í rautt blekið og páraði eitthvað í lófann á sér.

Wil sneri að Grími og reyndi að skýla Soffíu. Hann þóttist hlusta af mikilli athygli á nákvæmar og ógeðslegar útskýringar Gríms af því hvernig kálfum var slátrað og þeir flegnir, hvernig húðin var soðin, hárið og fitan skafin af þar til næfurþunnt skinnið var hengt á viðarramma til þurrkunar og svo mælt. Wil var feginn því að kálfurinn var þá löngu dauður.

„Geturðu rétt mér pergamentsblað úr skápnum,“ hvíslaði Soffía, „ég næ því ekki. Ekki láta neinn sjá þig.“

„Allt í lagi,“ hvíslaði Wil og velti því fyrir sér hvernig í ósköpunum hann ætti að fara að því að nálgast pergamentsblað án þess að nokkur tæki eftir því. Honum tókst þó einhvern veginn að teygja sig aftur fyrir sig og grípa fyrsta pergamentsblaðið sem fingur hans rákust í.

„Takk,“ hvíslaði Soffía.

Útundan sér sá hann hvar hún dýfði hvítu fjöðrinni aftur í rauða blekið og teiknaði tvo hringi á pergamentsblaðið sem Wil hafði rétt henni. Þá gerðist dálítið undarlegt. Allt í einu byrjaði ritstofan að hringsnúast fyrir augnum á honum.



KAFLI XXVII FYRIR LÖNGU SÍÐAN

*QUIRITATIO, TIMEO!
O MAESTITIAM!*

UNDUR OG STÓRMERKI!
ÞETTA BOÐAR EKKI GOTT!

„Hvað í ...“ heyrði Soffía Wil segja. „Hvað hefurðu nú gert?“ sagði hann óðamála.

„Hvað áttu við hvað hef ég gert?“ svaraði Soffía ergileg.

„Nú, sjáðu, hvar eru allir? Hvar er Grímur? Hvar er Fjóla frænka og hvar erum við? Wil varð æ háværari.

Þau virtust vera í annarri ritstofu. Hér voru þó arkir og blekkrúsir, skálar til að mylja litarsteina, handrit og bækur. En þessi ritstofa var steinhvelfing. Aðeins nokkrir flöktandi kertalogar slógu á birtuna og loftið var þungt og reykfyllt.

„Hvar sem við erum, þá erum við ekki á sama stað og áður,“ sagði Soffía.

„Þú ert að grínast,“ sagði Wil.

„Við höfum verið flutt eitthvert,“ sagði Soffía. „Eitthvert annað langt aftur í aldir.“

„Og hvernig komumst við svo aftur til baka?“ spurði Wil.

Soffía svaraði ekki, að hluta til vegna þess að hún vissi ekki hvernig þau kæmst aftur til baka, en einnig vegna þess að hún hafði farið að næsta borði og var að skoða handrit sem þar lá. Þótt aðeins væri búið að lita hluta þess og útlínur skepnunnar væru aðeins rétt sýnilegar í daufu ljósinu var þetta augljóslega teikning af stórum snáki.

Wil renndi fingrunum hægt yfir útlínur snáksins. „Hvar sem við erum þá er ljóst að þeir hafa áhuga á snákum. Heyrðu, ég fékk hugmynd,“ sagði Wil ákafur. „Af hverju grípum við ekki þetta handrit og svo þegar við komumst til baka, ef við þá komumst til baka, getum við látið Eldveiðarana fá það og þeir þá sleppt herra Bertram.“

„Já en þetta er ekki rétta handritið,“ sagði Soffía, „og auk þess getum við ekki bara stolið handriti. Við gætum lent í því að breyta mannkynssögunni án þess að vita af því.“

„Þú hefur líklega rétt fyrir þér,“ sagði Wil dapur. Hann fór yfir að öðru borði. „Það er fimmarma stjarna á þessu handriti eins og á svörtu medalíunni og þessir skrýtnu íslensku stafir.“

Soffía grúfði sig yfir handritið. „Snákar hlykkjast líka umhverfis stjörnuna,“ sagði hún.

„Ert þú að hugsa það sama og ég?“ spurði Wil.

„Snákakeðjan á Íslandi?“ svaraði Soffía.

Wil kinkaði kalli. „Já, en ég hélt að það væru engir snákar á Íslandi. Manstu eftir bókinni eftir þennan Horrebog sem við lásum á Miðgarðsbókasafninu, kallinn sem við uppnefndum alltaf Horboga? Kaflinn hans um snáka á Íslandi í *Náttúrusögu Íslands* var stysti kaflinn í bókinni. Aðeins ein lína: *Það eru engir snákar á eygni.*“

„Hvernig í ósköpunum manstu þetta allt?“ spurði Soffía undrandi.

„Ég veit það ekki,“ sagði Wil. „Þetta bara festist einhvern veginn. Kafli sem samanstóð af einni einustu setningu. Það, og sú staðreynd að á Íslandi séu engir snákar. Það eru heldur ekki froskar eða eðlur hér, engin skriðdýr eða froskdýr.“

„Þannig að ef það eru engir snákar á Íslandi þá erum við kannski ekki einu sinni á Íslandi,“ sagði Soffía. „Heldurðu að við séum einhvers staðar annars staðar?“

„Já, en, Íslendingar eiga sögur um dreka á Íslandi og manstu ekki eftir sögunni um stóra orminn sem á víst að vera í einhverju vatni á austur Íslandi. Bara af því að það eru ekki raunverulegir snákar á Íslandi, svona eins og Esmer, þýðir ekki að—“

En skjótur endir var bundinn á spurningar þeirra þegar það heyrðust raddir að ofan.

„Drífdú þig, það er best að við felum okkur hér,“ sagði Soffía, „þangað til við vitum hvort við erum hjá vinum eða óvinum.“

„Undir bordið þarna,“ sagði Wil, og togaði Soffíu að bordi í dimmu skoti hjá stiganum. Þau skutust undir bordið rétt í þann mund sem nokkrir karlmenn komu niður stigan. Höfuð mannanna voru rökuð og þeir voru í síðum og grófum brúnum kuflum. Einn þeirra beindi hinum yfir að handritinu sem Wil og Soffía höfðu einmitt verið að skoða. „Þeir líta út eins og munkar frá miðöldum,“ hvíslaði Soffía.

„Uss,“ sagði Wil.

Mennirnir virtust vera að rífast um eitthvað því þeir töluðu mjög hátt.

Það var kalt á beru steingólfinu og Soffía var að fá krampa í fæturna. „Wil, ég er tilfinningalaus í fætinum, hann er dofinn.“

„Velkomin í dofna klúbbinn,“ hvíslaði Wil.

Áhyggjur af dofnum fótum gufuðu hins vegar upp á stundinni þegar fleiri háværar og reiðar raddir heyrðust að ofan ásamt þungum fótatökum. Þau gátu ekki gert sér neina von um að yfirgefa felustaðinn. Mennirnir sem voru að vinna í ritstofunni flýttu sér að taka saman handritin.

„Blekið mun klessast út um allt,“ hvíslaði Soffía.

„Hverjum er ekki sama um klesst blek? Sagði Wil. „Það er eins og það séu slagsmál í gangi þarna uppi.“

Það furðulega var, að í stað þess að flýja strax, byrjuðu mennirnir í ritstofunni að troða öllum handritunum ofan í stóra tösku. Þeir gripu silfurbikar og aðra smærri hluti af skrifborðinu og hentu þeim líka í töskuna. Wil til mikillar undrunar opnaði einn maðurinn tágakörfu og greip upp úr henni nokkra iðandi snáka. Hann tróð þeim líka í töskuna.

Fótatökin og öskrin fyrir ofan urðu háværi.

Þau heyrðu létt fótspor koma niður stigan. Þetta var lítill strákur, miklu lægri og fíngerðari heldur en mennirnir í ritstofunni. Að minnsta kosti hélt Wil að þetta væri

strákur þangað til hettan féll af höfði hans og í ljós kom kona með undarlega ljóst hár. Jafnvel í myrkrinu var augljóst að hún var með mjög blá augu.

Wil gat ekki að því gert. Hann tók andköf. Konan var alveg eins og Alba O, konan sem hann hafði séð við Höll Purpuraprýðinnar, bara hér virtist hún vera miklu, miklu yngri.

Án þess að skiptast á orðum létu mennirnir hana fá töskuna og hún sneri sér hratt við. Hún stoppaði þó við borðið þar sem Wil og Soffía voru í felum. Hún virtist finna fyrir nærveru þeirra frekar en að sjá þau því þau voru ósýnileg í dimmum skuggunum. Og svo gerði hún dálítið skrítið. Hún dró stóra, hvíta fjöður undan möttlinum sínum og rétti hana undir borðið. „Skilið þegar þér komið. Hvíti hrafninn gaf þessa fjöður af fúsum og frjálsum vilja. Svart sem verður að hvítu er öflugast. Hrækið á fjöðrina og segið síðan: „Berid okkur aftur til baka.“ Flýtið ykkur, flýtið ykkur. Tíminn er að renna út. Ef ekki þá hrynur Snákakeðjan og snákarnir á Íslandi munu hverfa.“ Þegar konan hafði sagt þetta gufaði hún upp.

Mennirnir sem eftir voru mokuðu fleiri snákum upp úr tágakörfunni og tróðu þeim í flýti í vasana á kuflunum sínum. Wil og Soffía voru enn í felum undir borðinu og vissu ekkert hvað þau áttu að gera. Frá stiganum bárust þung fótatök og málmhljóð. Menn með hjálma og sverð þyrptust inn í herbergið og veltu við borðinu. Einn mannanna, með sítt rautt skegg, greip í fótlegginn á Wil.

„Soffía, hjálp!“ öskraði Wil. „Komdu okkur aftur til baka.“

Soffía hélt fast um fjöðrina, hrækti á hana og þau hrópuðu bæði: „Berðu okkur aftur til baka!“



„... en vinnustundirnar að baki einu svona handriti eru óteljandi.“

Snákar hafi það, hugsaði Soffía, og fann hvernig hjartað hamaðist. Þetta var kunnugleg röddin í Grími.

„Í sumum tilvikum voru nokkrir munkar að vinna að einu handriti í mörg ár,“ hélt Grímur áfram. „Í dag er erfitt að ímynda sér alla vinnuna og peningana sem liggja að baki þessum handritum. Dýrindis gulllauf, flóknar blek uppskriftir sem tók vikur, jafnvel mánuði, að framleiða, svo ekki sé minnst á kostnaðinn við kertin svo munkarnir gætu unnið á kvöldin. Það þurfti að gera ráð fyrir öllum þessum kostnaði. Þessi handrit eru í raun dýrmætur vitnisburður um þekkingu manna á miðöldum.“

Soffía þorði loks að opna augun. Hún barðist enn við að ná andanum og hélt fast um hvítu fjöðrina. Wil var við hliðina á henni jafn fögur og gamall ostur. Og þarna var Fjóla frænka. Hún sat við eitt af löngu borðunum og brosti til Soffíu og Wil.



„Jæja, hvað ætlarðu að skrifa?“ spurði Soffía Wil og hélt pennanum yfir pappírnum. Hún sat með krosslagða fætur á rúminu sínu á Hótel Galdri. „Eigum við að segja Rue frænku frá því að við ferðumst aftur í tímann, jafnvel þótt við hefðum ekki ætlað að gera það, og að við hittum ekta seiðkonu, Ölbu O, eða hver sem hún var, og að við sáum Snákakeðjuna að störfum – eða réttara sagt, við sáum hvernig Snákakeðjan var eyðilögð?“

„Ef þú heldur að við ætlum að segja Rue frænku frá einhverju af þessu, þá ertu algjört snákafóður!“ hvíslaði Wil, en hvíslið hans var svo æst að það hljómaði eins og hann væri að hvæsa. „Ef Fjóla frænka fréttir af því sem við gerðum, fengi hún snákaflog! Hún myndi aldrei líta af okkur, hún myndir örugglega ekki heldur leyfa okkur að sofa aleinum hér á efri hæðinni.“

„Ég var bara að stríða þér,“ sagði Soffía, með bældu flissi, svo Fjóla frænka heyrði ekki í henni. „Héltu virkilega að ég ætlaði að skrifa þetta allt?“

Wil var frekar vandræðalegur. „Fyrirgefðu, ég var aðeins of æstur,“ sagði hann afsakandi.

Soffía sneri fjöðrinni milli fingranna. „Eins og hver önnur mávafjöður. Ef þú hefðir ekki verið þarna með mér og ef ég hefði ekki þessa fjöður sem sönnun, þá myndi ég halda að þetta hefði allt saman verið draumur.“

„Þetta gerðist og við vorum þarna,“ sagði Wil alvarlegur. „Við sáum mennina með snákana; þeir hljóta að hafa verið hluti af Snákakeðjunni og þeir voru hundeltir. Og Alba O, hún var einhvern veginn tengd þessu. En henni tókst að sleppa svo að minnsta kosti komst einhver úr Snákakeðjunni undan og hún slapp með snákana, handritin og silfurbikarinn. Hún bara gufaði upp fyrir framan okkur. Það var frekar ógnvekjandi. Snákakeðjan hlýtur að vera mjög valdamikil fyrst þeir geta gert svona lagað ...“ Rödd Wils hljóðnaði og hann dró svörtu medalíuna fram. Han renndi yfir litlu gylltu tákni. „Pau virðast svo sakleysisleg.“

„En ef hún fellur í rangar hendur – „ sagði Sophie hörð.


„– ef hún fellur í rangar hendur,“ sagði Wil, „mjög slæmt. Geturðu ímyndað þér hvað gæti gerst ef Alba O myndi ná í hana?“

„En hún hjálpaði okkur að flýja,“ benti Soffía á. „Svo jafnvel þótt hún sé hluti af Snákakeðjunni og jafnvel þótt hún sé hryðjuverkamaður, þá getur hún ekki verið alslæm.“

„Hún hjálpaði okkur bara svo hún gæti komist yfir svörtu medalíuna,“ sagði Wil hvass.

Soffía hryllti sig. „Aumingja mennirnir með snákana komust klárlega ekki í burtu,“ sagði hún, „og hvað ætli hafi komið fyrir snákana?“

„Það eru engir snákar á Íslandi,“ sagði Wil hörkulega, „að minnsta kosti engir innfæddir. Þar hefurðu svarið. Æ, þú skilur, ég sakna Esme.“



KAFLI XXVIII FÖST Í TÍMA

*PUNCTUM, MOMENTUM, HORA, DIES.
HEBDOMAS, QUINDECIM DIES, MENSIS, ANNUS,
DECIM ANNI, SAECULUM, MILLE ANNI, HIC.
GELATA IN TEMPORE PERPETUO.*

SEKÚNDA, MÍNÚTA, KLUKKUTÍMI, DAGUR,
VIKA, HÁLFUR MÁNUÐUR, MÁNUÐUR, ÁR,
ÁRATUGUR, ÖLD, ÞÚSUND ÁR HÉR,
ENN FÖST Í TÍMA.

Wil vaknaði við það að einhver var að syngja, fallettari lagvissri röddu. Fyrst hélt hann að söngurinn kæmi að utan. Hann gægðist milli gardínanna og sólarljósið blindaði hann í smá stund. Þetta var yndislegur dagur, ekki skýhnoðri á himni.

Svo áttaði hann sig á því að röddin kom að neðan. Fjóla frænka var að syngja. Hann hafði aldrei áður heyrt hana syngja.

*Ó, a-dilly og a-dally
Komdu og hittu mig í dalnum
Undir gamla eplatrénu ...*

„Soffía,“ hvíslaði hann. „Soffía, vaknaðu.“

Úfinn kollurinn á Soffíu birtist undan sænginni. Hún andvarpaði. „Ekki sváfum við aftur yfir okkur, er það nokkuð?“

„Nei ..., ég held það að minnsta kosti ekki,“ sagði Wil. „Hlustaðu, Fjóla frænka er að syngja.“

Soffía settist upp, þreifaði eftir gleraugunum sínum og setti þau á sig. Umgjörðin skipti yfir í leðjukenndan appelsínugulan, eins og rotnandi grasker. Hún var hörð á svipinn. „Þótt við séum í frábæru fríi og þótt Fjóla frænka sé að syngja svona fallega ...“ Hún krosslagði handleggina og byrjaði á langri ræðu. „Þá er það staðreynd að herra Bertram er enn í fangelsi og við vitum ekki hvernig við eigum að ná honum þaðan. Rue frænka verður mjórri með hverjum deginum sem líður, frú Oleander er að deyja og við eigum að gera eitthvað við rúnasteinana hennar og fyrst við erum að spá í þetta þá getum við alveg eins spáð í hvað kom fyrir þabba minn, mömmu mína og kannski dóu foreldrar þínir ekki í bílslysi þegar allt kemur til alls. Kannski náði Snákakeðjan þeim. Kannski laug amma þín þegar hún sagðist ekki trú á galdra, kannski laug hún því bara, en þú veist að minnsta kosti að hún er dái og af hverju hún dó. Hún dó við það að reyna að vernda þig. Já, og ég vildi óska að einhver myndi segja okkur af hverju þú erfðir hina öfluggu svörtu medalíu og hvort það sé ekki einhver sem getur tekið við henni svo að Snákakeðjan fari að elta þann aðila í staðinn fyrir okkur. Ég meina það, er þetta ekki dálítið of mikið af því góða?“

„Vá, þú ert sannarlega í góðu skapi,“ sagði Wil. „Eftir þessa löngu ræðu langar mig mest til að leggjast aftur upp í rúm og breiða sængina upp yfir höfuð, en ég held að ég ...“

Í staðinn fyrir að klára setninguna þreif Wil koddann sinn og fleygði honum í Soffíu.

„Þú braust næstum því gleraugun mín,“ veinaði hún. Hún losaði sig úr sænginni sinni, hoppaði yfir í rúmið hans Wil og lúbarði hann með hans eigin kotta.

„Ég gefst upp, ég gefst upp,“ heyrðist í Wil.

Fjóla frænka kallaði upp til þeirra, „Eruð þið vöknuð, svefnpurkurnar ykkar?“

„Nei, við erum enn þá sofandi,“ hrópaði Soffía, sem nú var farin að hlæja. Hún var enn í náttfötunum þegar hún klifraði niður brattan stigann. „Sögusýning, nú komum við, hvort sem þú ert tilbúin eða ekki!“

Soffía var greinilega búin að jafna sig á því sem Fjóla frænka nefndi ‘bláu gufuna’. Eftir að hafa hlustað á langa einræðu Soffíu um öll vandamál þeirra, velti Wil því fyrir sér hvort þau myndu nokkurn tíma geta leyst öll vandamál sín. Hann fór í skyrtuna sína og um leið og hann hneppti hverri tölu muldraði hann: „Herra Bertram, Rue frænka, Frú Oleander, svarta medalían, Snákakeðjan, foreldrar Soffíu, foreldrar mínir ...“

Soffía hafði nefnt foreldra hans. Og það var svo sem satt. Hann hafði aldrei efast um það sem amma hans hafði sagt honum. En hvað ef foreldrar hans hefðu ekki dáið í bílslysi þarna fyrir langa löngu. Kannski hafa þau líka flækst í þetta allt? Kannski hefur Snákakeðjan verið á eftir þeim. Wil gnísti tönnum og lauk við að klæða sig. Ég mun örugglega aldrei komast að sannleikanum, hugsaði hann.

Hann klifraði niður stigann og hitti Soffíu niðri. Hún stóð við lokaðar dyr Fjólu frænku og var að lesa ferðaáætlun dagsins upp, svo hátt að Fjóla frænka, sem enn var að klæða sig, gæti heyrt hvað hún segði.

Þegar Soffía sá Wil hætti hún að lesa. „Hvað er að?“ spurði hún. „Þú ert eitthvað svo ... reiður á svipinn.“

„Við megum ekki láta Snákakeðjuna ná okkur, Soffía,“ sagði Wil, og hjartað bardist svo hart í brjóstinu að það var næstum því sárt. „Hún mun ekki ná okkur.“

Soffía horfði ákveðið á hann og hristi höfuðið.

„Hvað sagðirðu, elskan?“ kallaði Fjóla frænka. „Ég heyrði ekki síðsta partinn.“

„Við munum ekki láta hana ná okkur,“ hvíslaði Soffía að Wil. Síðan hækkaði hún röddina og hélt áfram að lesa ferðaáætlunina:

Sagan verður ljóslifandi! Í Sögusýningunni ferðastu aftur til víkingatímans, til hinnar gullnu aldar Íslendingasagnanna. Þú mátt alls ekki missa af þessu. Upplifðu fræga atburði þúsund ára sögu, stundum blóðugrar sögu, Íslands. Atburði sem hafa mótað örlög íslensku þjóðarinnar. Persónurnar, sumar gerðar úr silikoni eru svo raunverulegar að þú heldur jafnvel að þær séu lifandi.

Fjóla frænka opnaði dyrnar svo skyndilega að bæði Soffíu og Wil brá. Hún var í einni af uppáhaldspeysum Soffíu, fjólublárri (auðvitað!) með flottu hvítu blúndumynstri við hálsinn. Ólíkt gærdeginum var fjólublái hárhnúturinn fullkomlega fastur á höfðinu,

eins og einhver fugl (fjólublár fugl, ef þeir væru til) hefði ákveðið að búa til hreiður á höfði Fjólu frænku.

„Það lítur út fyrir góðan dag, jafnvel óhuggulegan,“ sagði Fjóla frænka skælbrosandi.



Vel södd eftir frábæran morgunmat sem samanstóð af ávöxtum, jógúrt og morgunkorni, í boði Hótel Galdurs, auk nokkurra tegunda af marineraðri síld fyrir Fjólu frænku, sneri þríeykið aftur í herbergin sín. Klukkan var enn tíu mínútur í tíu. Fjóla frænka renndi aftur yfir ferðaáætlunina. Það tísti í henni af ánægju þegar hún las aftur: *Þær eru svo raunverulegar að þú heldur jafnvel að þær séu lifandi.* „Kannski eru þau með einhverjar af þessum styttnum einhvers staðar í safninu til að hræða gesti.“

„Eins og styttn af Leifi Eiríkssyni!“ hrópaði Soffía.

Takkinn fyrir Sögusýninguna var mjúk viðarspýta sem nokkrar rúnir höfðu verið skornar í. Samkvæmt ferðaáætluninni vísaði spýtan í söguna um tvo stóra drumba sem fyrsti landsnámsmaður Íslands hafði fleygt í sjóinn. Drumbana rak að landi á suðvesturhorni Íslands, þar sem landnámsmaðurinn nam land og kallaði staðinn Reykjavík.

Á slaginu tíu héldu Fjóla frænka, Wil og Soffía um viðarspýtuna og, eins og fyrirmælin kváðu á um, sögðu orðin:

*Fyrsti hrafninn flaug til baka
Annar hrafninn sneri aftur að skipinu
Þriðji hrafninn flaug til Íslands.*

Allt í einu voru þau stödd við risastóra hvelfingu úr silfri og gleri. Hvelfingin var efst á hæð þaðan sem sást vel yfir alla Reykjavík. Skipin í höfninni virtust vera á stærð við leikfangabáta. Vindurinn var svo hvass að Soffía grínaðist með það að hnúturinn á höfði Fjólu frænku myndi fjúka af og rúlla niður hæðina. Fjóla frænka virtist aftur á móti hafa notað svo margar hárnálar um morguninn til að festa hárhnútin að hann bifaðist ekki.

Aldrei þessu vant höfðu þau mætt á réttum tíma. Stuttu síðar birtist sölufulltrúi Suður-Ameríku og konan hans. Moira Castanada birtist með sína hringlandi skartgripi. Hún var súr á svipinn. Soffía reyndi að halda sig eins langt frá henni og mögulegt var. Núna vissu allir hvað hver í hópnum hét. Þótt allir töluðu ekki ensku reiprennandi, þá töluðu flestir nokkur tungumál og gátu yfirleitt fundið eitthvert sem báðir aðilar kunnu.

Soffíu líkaði best við sölufulltrúana frá Ástralíu. Hún hét Frankie Tingwell, en flestir kölluðu hana Syd. Hún talaði með þykkum áströlskum hreimi og var alltaf að segja brandara. Hún kallaði alla 'félaga'. Soffía skildi vel af hverju hún var söluhæst á sínu svæði. Hún var svo vinaleg. Soffía hefði glöð keypt kristalskúlu af henni. Fjólu frænku virtist einnig líka mjög vel við hana og þegar hún byrjaði að segja henni frá litlu BuZzz kúlunni, hlustaði Frankie Tingwell vinsamleg á svip og sagði: „Viðskiptavinir bindast vissulega kúlunum sínum sterkum böndum.“

Soffía tók eftir því að Moira Castanada horfði fýlulega í átt til þeirra. Hvernig í snákanafni gat þessi kona orðið söluhæst í Bandaríkjunum? Soffía ímyndaði sér að kannski gæti Moira verið aðlaðandi ef hún kærði sig um það.

Grímur virtist ánægður. Allir höfðu mætt á réttum tíma. Fullkomin framleiðsla hefur gert ráðstafanir svo að við getum notið nokkurra klukkustunda hér á Sögusýningunni. Síðan munum við borða hádegismat á efstu hæðinni, þar sem þið hafið fullkomið útsýni yfir Reykjavík. Kannski kemur þó hvass vindurinn í veg fyrir það að þið getið farið út á útsýnissvalirnar. Við viljum nú ekki að hvass víkingavindurinn feyki ykkur á brott,“ sagði Grímur léttur í bragði. „Þið hafið auk þess tíma til að heimsækja minjagripaverslunina. Ég gleymdi að minnast á það í gær en þið megið eiga alla skoðunarferðatakkana ykkar, sem minjagripi um Íslandsferð ykkar. Hann hélt á lofti sinni eigin rúnaspýtu. „Fyrir ykkur sem hafið sérstakan áhuga á rúnum, þá er gott úrval af rúnasteinum, bókum og munum tengdum víkingatímanum í minjagripaversluninni.

„Við verðum svo sannarlega að kíkja í minjagripaverslunina!“ hvíslaði Fjóla frænka að Wil og Soffíu, spennt á svip.

„Jæja,“ sagði Grímur, „hér stöndum við fyrir framan meistaraverk í arkitektúr og verkfræði sem kallað er Perlan. Perlan nefnist svo vegna hinnar miklu silfurlitu glerhvelvingar sem glitrar bæði í sólskininu að degi til og lýsir að nóttu til í öllum regnbogans litum. Hvelvingin hvílir á fimm risastórum tönkum þar sem heita vatnið í hitaveitu Reykvíkinga er geymt. Jarðhiti er aðal orkugjafinn á Íslandi. Við erum fremst í nýtingu jarðhita í heiminum og það er einmitt þess vegna sem Fullkomin framleiðsla er staðsett hér. Það krefst nefnilega mjög mikillar orku að bræða gler.“ Hann beindi þeim áfram. „Sögusýningin er á neðstu hæðinni ...“



Þar sem fólkið tándist inn á sýninguna heyrðust andköf og hlátur og nokkrir hrópuðu upp yfir sig: „Guð minn góður! Þær eru svo raunverulegar! Soffía teygði sig til að sjá á hvað þau væru að horfa.

Hást hrafnagarg mætti henni þar sem hún gekk niður þröngan og dimman ganginn inn á sýninguna. Karlkyns stytta, íklædd síðum möttli, stóð á dekki skips. Hann var að sleppa hrafni upp í vindinn. Annar hrafni, í búri, horfði á manninn stingandi augnaráði. Þetta var óhuggulegt. Báðir hrafnarnir virtust lifandi þótt þeir væru að sjálfsögðu bara uppstoppaðir.

Næsta atriði var litlu óraunverulegra með reykjarlykt sinni, brestum í brennandi tré og hamri sem skall á járn. Járnsmiður stóð við stöðja sinn með annan handlegginn uppi yfir höfði. Og lítil stelpa sat á jörðinni nálægt járnsmiðjunni. Hún var rétt aðeins eldri en Soffía sjálf. Augu hennar voru geislandi ljósblá. Hún hélt á bita af þurrkuðum fiski í hendinni, svona fiski eins og þau höfðu borðað um borð í víkingaskipinu sem flutti þau til Íslands. Soffía starði ákaft, viss um að stelpa myndi hreyfa höfuðið. Þetta var allt svo raunverulegt. Fólk fast í tíma, endur fyrir löngu, nema bara það að þetta var ekki raunverulegt fólk.

Soffía teygði fram höndina til að snerta andlit stelpunnar. Húðin var mjúk eins og á raunverulegu fólki. Eini munurinn var sá að hún var ekki heit.

Soffía gekk áfram ein um safnið og varð sífellt ringlaðri. Hverju nýju atriði fylgdu nýjar raddir og ný hljóð. Hún starði í langan tíma að víkingakonu sem bar sverð að beru brjósti sínu. Samkvæmt sögunni var konan Freydís Eiríksdóttir, systir Leifs Eiríkssonar. Hún var hluti af landkönnuðum, fyrstu Evrópumönnunum sem náðu til nýja heimsins. Þegar innfæddir höfðu umkringgt þau og voru við það að drepa manninn hennar, tók hún sverð frá einum mannanna sem var fallinn og bar það að brjósti sér. Hinir innfæddu urðu svo hissa, jafnvel skelkaðir, þegar þeir sáu hvað hún var að gera að þeir sneru við og flúðu.

Soffía velti því fyrir sér hvort hún hefði gert það sama og Freydís Eiríksdóttir við svipaðar aðstæður og gat ekki ímyndað sér það. Freydís Eiríksdóttir hlaut að hafa verið óvenju hugrökk kona.

Blóðið fraus í æðum Soffíu þegar hún heyrði hræðileg ópin í næsta atriði. Einhver vesalings kona hafði verið bundin á viðarramma og það átti að fara að brenna hana. Þeirra, sem voru grunaðir um galdra í gamla daga, biðu þessi hræðilegu örlög. Soffía skalf og sneri sér undan. Hún gat ekki horft á meira af þessu. Hún hélt áfram fram hjá nokkrum atriðum í viðbót enn að hugsa um konuna sem hafði verið ákærð fyrir galdra. Hún stoppaði við stytta af karlmanni sem stóð og horfði upp í loft. Hún hefði getað svarið að hann andaði. Hún beið í smástund. Jú, bringan lyftist.

„Hann er lifandi,“ hvíslaði Wil í eyra hennar.

Soffíu brá ofsalega. „Ekki gera þetta!“ hrópaði hún.

„Gera hvað?“

„Hræða mig svona!“

„Fyrirgefðu,“ sagði Wil. „Þeir hljóta að hafa sett eitthvað rafknúid í bringuna á honum til þess að láta það líta út eins og hann andi í raun og veru.“

„Þessi staður er óhuggulegur,“ sagði Soffía, enn með töluverðan hjartslátt.

„Ertu búin að sjá manninn sem dó úr svartadauða?“ spurði Wil. „Svartidaudi þurrkaði næstum út helming Íslendinga á 15. öld.“

Það tók Soffíu smá stund að melta þessar hræðilegu upplýsingar. „Nei, ég er ekki búin að sjá hann,“ sagði hún, „og ég er ekki viss um að mig langi til þess.“

Maðurinn sem hafði dáið úr svartadauða hafði verið lagður á nokkur viðarborð fyrir framan gamlan torfbæ. Hann lá með útglennta fætur og hendur hans hvíldu á maganum eins og hann væri sofandi. Húð hans var fól, augu hans bólgin og lokuð og það var stór, rauð rák á hálsinum á honum. Konan hans, sorgmædd á svip og handleggirnir örmjóir, sat á jörðinni rétt hjá manninum. Hún var niðurlút og andlitið grátbólgið. Við hlið konunnar, með hönd á öxl hennar, stóð lítil stúlka sem var varla meira en sex, sjö ára. Hún horfði á dáið föðurinn og tárin runnu niður kinnarnar. Hvílik sorg. Soffía gat varla afborið þetta.

„Það er einn gangur sem við höfum ekki skoðað,“ sagði Wil. „Ég heyrði að Grímur sagði eitthvað um völvu og að fólk sem leitaði ráða hjá henni þyrfti að gefa henni sérstaka gjöf í þakklætisskyni. Við ættum að skoða það.“

„Ég held að ég höndli ekki meira,“ sagði Soffía. „Þær eru allar of raunverulegar. Ég er farin að vera þakklát fyrir það að ég lifi í dag. Engar plágur, engar galdrabrennur, engin blóðug sverð.“

„Komdu nú,“ sagði Wil og togaði í handlegginn á henni.

Hvernig sem Soffíu hafði liðið fyrr um morguninn var það ekkert í líkingu við það hvernig henni leið núna þegar þau stóðu augliti til auglitis við Völvuna, íslenska seiðkonu.

„Trúirðu þessu?“ sagði Wil og augun ætluðu út úr höfðinu á honum.

„Nei, í raun ekki,“ sagði Soffía.

Völván sat á bekk. Hún var í blárri skikkju, sem var skreytt litríkum steinum, og hún var með men úr steinum um hálsinn. Í kjöltunni lágu hvítir hanskar úr kanínuskinni og hnífur með hvítu skafti úr beini hékk við mitti hennar. Blá augu hennar horfði beint í gegnum Soffíu og Wil, óhuggulega skír.

„Akkúrat eins og sú í Abracadabra,“ hvíslaði Wil.

„Ég veit,“ sagði Soffía.

„Jæja, sem betur fer andar hún ekki,“ sagði Wil. „Það hefði verið enn óhuggulegra.“

„Sjáðu svarta steininn í hálsmeninu hennar,“ sagði Soffía. „Það er gat í gegnum hann.“

„Hverjum er ekki sama um stein með gati í gegn?“ sagði Wil. „Líttu á hnífinn! Af hverju ætli hún þurfi að vera með hníf?“

„Til þess að verja sig gegn þeim sem líkar ekki við spádómana hennar,“ sagði Soffía glettin.

Wil beygði sig fram til að skoða íburðarmikla næluna sem hélt skikkjunni saman. Þegar hann gerði það, rann svarta medalían undan skyrtunni hans og snerti öxl völvunnar. Styttan hryllti sig, en Wil virtist ekki taka eftir því. Soffíu til mikillar skelfingar sá hún augu völvunnar lokast.

„Wil,“ sagði Soffía lágri röddu.

„Já?“ sagði Wil og rétti úr sér. Hann rétt leit framan í Soffíu og spurði: „Hvað er að?“

„Hvað meinarðu, hvað er að?“ hvíslaði Soffía, þótt hana langaði mest til að öskra. „Völván er lifandi.“

„Nei, hún er það ekki,“ sagði Wil og hristi höfuðið. „Hún er bara eins og hinar stytturnar. Óhugguleg, já, en alls ekki lifandi.“

„Nei, Wil, ég á við. Hún er l-i-f-a-n-d-i,“ hvíslaði Soffía. „Medalían rakst í öxlina á henni og hún hreyfði sig.“

„Þú ert að grínast,“ sagði Wil. Hann steig eitt skref aftur á bak.

„Nei, ég er ekki að grínast,“ svaraði Soffía. „Líttu á augun í henni.“

„Hvað með þau? Þau eru lokuð,“ sagði Wil.

„Já, en þau voru opin áðan eins og þú manst.“

„Ó.“

Þrætur þeirra um það hvort völvan væri á lífi eða ekki enduðu snögglega þegar völvan opnaði augun og starði beint á Wil. Um leið lifnuðu konurnar sex, sem voru málaðar á vegginn fyrir aftan völvuna, við. Andlit þeirra lýstu í sólinni. Það heyrðist öldugjálfur í sjónum á veggmyndinni og mávarnir flugu fyrir ofan. Hvellt garg þeirra reif í eyrun. Konurnar stigu út úr veggmyndinni og umkringdu völvuna. Um leið drógu þær Wil og Soffíu að sér. Þær byrjuðu að syngja og Wil skalf. Söngur þeirra var svo seiðandi. Hann hafði aldrei heyrt neitt jafn fallett á ævinni.

Völvan vaggaði í takt við sönginn, lokaði augunum aftur og leit upp til himins. Varir hennar aðskildust og hún talaði. Rödd hennar hljómaði eins og þegar hrufóttum steinum er nuddað mjúklega saman, svona eins og hún hefði ekki talað lengi. „Í upphafinu líkt og í endalokunum. Hlustið á hana. Skiljið þið, eða viljið þið meira?“

Raddir kvennanna bárust til himins og Wil kipptist við í takt við seiðandi sönginn.

„Ungi maður, afhjúpaðu byrðina sem þú berð um háls þér,“ muldraði völvan.

Augu Wil voru galopin og hann virtist varla vita hvað hann var að gera. Hann togaði gullkeðjuna með svörtu medalíunni og gullhringnum undan skyrtunni.

Völvan rétti fram höndina og Wil lagði keðjuna, medalíuna og hringinn í útréttan lófa hennar. Hún opnaði augun og starði á munina í lófanum.

„Þér varðveitið áfram,“ muldraði hún og rétti keðjuna, medalíuna og hringinn aftur að Wil. Hún lokaði augunum aftur.

Konurnar héldu áfram sínum seiðandi, yfirnáttúrulega söng. Völvan þagði í nokkrar mínútur. Loks talaði hún aftur hægri, hásri röddu. „Snákurinn breytist. Hann er yfirleitt sjaldnast þar sem við höldum. Í upphafinu líkt og í endalokunum. Hlustið á hana. Skiljið þið, eða viljið þið meira?“

Völvan lyfti andlitinu og sneri því, enn með augun lokað, að Soffíu. „Þetta mun ekki gerast án aðstoðarmannsins. Í upphafinu líkt og í endalokunum. Hlustið á hana. Skiljið þið, eða viljið þið meira?“

Völvan sneri lófunum upp. Fimm rúnir voru flúraðar á fingur hennar og þumal. Í miðjum, dökkleitum lófa völvunnar voru flúraðir tveir snákar, hringaðir þétt saman. Skolturinn á öðrum snáknum utan um hala hins. Soffía og Wil störfðu bæði á lófa völvunnar og hörfuðu aftur á bak þegar snákarnir lifnuðu við og iðuðu og engdust í lófanum.

Nokkrum augnablikum síðar dofnaði flúrið og hendur völvunnar féllu aftur í kjöltu hennar.

„Ferðinni er ekki lokið,“ tónaði völvan og rödd hennar varð æ veikari. „Í upphafinu líkt og í endalokunum. Hlustið á hana. Skiljið þið, eða viljið þið meira? Í upphafinu líkt og í endalokunum ...“ hvíslaði hún. Við þessi orð stigu konurnar aftur inn í veggmyndina og söngur þeirra þagnaði. Sjórinn kyrrðist og mávarnir þögnuðu.

Soffía tók eitthvað úr vasa sínum og lagði það í hönd völvunnar.

Völvan starði á það sem Soffía hafði látið hana fá og höndin lokaðist utan um það. Dauft bros lék um varir hennar. Á sömu stundu stirðnuðu augu hennar og hún hreyfðist ekki aftur.

„Hvað léstu hana fá?“ spurði Wil.

„Teikningu,“ sagði Soffía. „Þessa af Cadmus.“



Soffía horfði vel og lengi á síðhærða og skeggjaða víkinginn sem stóð í anddyri Sögusýningarinnar. Hann var einn af litríku persónunum úr Íslendingasögunum. Hann var í bláum, stuttum kyrtli og hélt á sverði og skildi. Á skilti var honum lýst sem „stórum og sterkum manni, vopnfærum og djörfum. Hann var með rauðbrúnt hár, föla húð og frekar munnljótur.“ Soffía skoðaði tennur hans vandlega. Hún sá að þær voru frekar skakkar, en það jók bara á þá óhuggulegu tilfinningu að hann væri lifandi.

Þegar þau yfirgáfu Sögusýninguna þá heyrði Soffía einn pabbann segja við börnin sín tvö: „Ég hefði átt að hafa myndavélina mína með og taka mynd af ykkur við hliðina á dauða víkingnum!“

„Heyrðirðu hvað hann sagði?“ sagði Soffía við Wil.

„Heyrði ég hvað?“ spurði Wil sem hafði verið að horfa á hvernig innanhússgosbrunnurinn í Perlunni spúði vatni hátt upp í loft.

„Það var náungi þarna sem sagði að hann hefði átt að taka myndavélina sína með til að taka mynd af dauða víkingnum,“ sagði Soffía, eldrauð í framan og gleraugnaumgjörðin hennar skaut gneistum.

Wil glotti. „Ef hann bara vissi!“



Þegar þau voru komin aftur á Hótel Galdur talaði Fjóla frænka stöðugt um Sögusýninguna og allt sem þau höfðu séð þennan dag. „Mér finnst svo frábært hvernig maður skrifar í gestabók í hverju safni,“ sagði hún. „Það er svo áhugavert að lesa nöfn hvaðanæva að úr heiminum, sjá hvaðan fólk kemur og mismunandi skrift. Hafið þið tekið eftir því hvernig hvert land er með sinn eigin skriftarmáta?“

Fjóla frænka hafði spennt keypt lítinn poka af rúnasteinum í minjagripabúðinni. Þeir voru úr leir en ekki ekta steinar—Soffíu líkaði betur við raunverulega steina. Þeir virtust meira ekta. Fjóla frænka hafði einnig keypt sérstaka bók um rúnir. Og núna var hún að reyna að velja póstkort fyrir daglegu kveðjuna til Rue frænku. Hún rétti upp kortið af konunni sem bar sverðið að beru brjóstinu.

„Hvað segið þið um þetta?“

Wil leit undan.

„Já, ég veit, dálítið ýkt,“ sagði Fjóla frænka. „Ímyndið ykkur að detta í hug að verja manninn sinn á þennan hátt og allir hinir hlupu í burtu? Og hún var meira að segja ólétt. Virkilega hugrökk kona, verð ég að segja.“

Fjóla frænka dró fram póstkortið af völvunni. „Og þetta, af völvunni. Hún virtist svo raunveruleg ... jæja, allar stytturnar voru svo raunverulegar. Sáuð þið manninn sem virtist draga andann í raun og veru? Það var líka svo áhugavert að sjá hvernig þau bjuggu stytturnar til. Kvikmyndin var heillandi – hvernig þau taka afsteypu af andlitum fólks, hella silikoni í, mála andilitin svo þau verði sem eðlilegust, hvernig þau festa hárið á, eitt hár í einu.“

Hún leit aftur á kortið af völvunni og sagði hugsandi: „Þau virðast að minnsta kosti bera mikla virðingu fyrir sjáöndum sínum, en aumingja þeir sem voru staðnir að verki við kukl og galdur. Vesalings konan sem átti að brenna og öskrin – það er ástæða fyrir því að við förum leynt með þetta í Miðgarði. Við munum aldrei gleyma uppreisninni um brennandi vegginn. Þetta er nákvæmlega það sem gert var við forfeður okkar.“ Hún hristi höfuðið eins og til að hrista af sér þessar minningar. „Jæja þá, völvun? Hvað finnst ykkur? Haldið þið að Rue frænku hefði gaman af henni?“

Wil kinkaði reiðilega kolli.

Soffía sparkaði í hann undir borðinu og hann leit á hana eins og til að spyrja: Hvað?

„Klárlega seiðkonan, Fjóla frænka,“ sagði Soffía. „Rue frænku hefði líkað hún. Hún var raunverulegust af þeim öllum.“

„Þá er það ákveðið, völvun,“ sagði Fjóla frænka.



Það var ekki fyrr en þau voru komin í rúmið að Wil og Soffía voru loksins ein og gátu rætt um það sem völvan hafði sagt. Þau hvísluðust á svo Fjóla frænka myndi ekki heyra í þeim, jafnvel þótt svefnherbergisdýr hennar væru lokaðar og hún væri örugglega nú þegar steinsofandi. Hún hafði geispað allan kvöldverðinn og kvartað: „Þegar við verðum orðin vön því að vera fimm klukkustundum á undan tímanum okkar heima þurfum við að fara heim og verðum þá fimm tímum á eftir okkar venjulega tíma!“

„Það var virkilega skrytið hvernig völvan vissi um svörtu medalíuna,“ sagði Wil.

„Hvað heldurðu að hún hafi átt við þegar hún sagði ‘snákar breytast’?“ spurði Soffía.

„Ég held að hún hafi verið að vara okkur við að treysta nokkrum,“ sagði Wil. „Það sem við höldum að sé rétt gæti verið kolrangt.“

„Svo, þegar þú heldur að þú hafir náð í snákshöfuðið gæti það í raun og veru verið halinn? Sagði Soffía.“

„Ef við höldum að Snákakeðjan sé vond, þá er hún kannski í raun og veru góð,“ sagði Wil.

„Það er fáránlegt,“ sagði Soffía. „Allir vita að Snákakeðjan er alls ekki góð, heldur þvert á móti.“

„Eða að við höldum að herra Bertram sé saklaus en svo er hann það ekki,“ sagði Wil. „Kannski stal hann handritinu og kannski drab hann Oswald Persimmons.“

„Þér er ekki alvara,“ sagði Soffía í áfalli.

„Auðvitað er mér ekki alvara,“ sagði Wil. „Spádómar völvu eru svo óljósir að þú getur túlkað þá í allar áttir. Þeir eru eiginlega gagnslausir. Af hverju gat hún ekki bara sagt okkur hvernig við gætum bjargað herra Bertram?“

„En völvan hefði ekki haft fyrir því að lifna við,“ sagði Soffía, „nema hún hefði eitthvað mikilvægt fram að færa.“

„Jæja, ef hún ætlaði að segja eitthvað mikilvægt –,“ sagði Wil og geispaði, „þá er nú ekki nógu gott ef fólk þarf að giska á hvað þú ætlar að segja. Heimskulegt, verð ég nú að segja.“



KAFLI XXIX SMÁ ÚTÚRDÚR

*QUID FACIAS QUANDO IMPROVISUM TIBI ACCIDIT?
UNUS OMITTE. FORTASSE ID ABEAT. (NOTA: UT FIT, NIKIL EST.)
DUO. QUAERE QUID ACCIDERIT ET QUARE.
TRES. CONARE REM DECERNERE.
QUATTUOR. SI OMNIA DEFICIENT, UTERE IPSO IMPROVISO.
QUINQUE. MEMENTO! NOLI TREPIDARE! DICO DENUO, NOLI TREPIDARE!*

HVAÐ ÁTTU AÐ GERA ÞEGAR HIÐ ÓVÆNTA HENDIR?
EITT: HUNSA ÞAÐ, ÞAÐ GÆTI HORFIÐ Á BRAUT.
[ATHUGIÐ: ÞETTA VIRKAR YFIRLEITT EKKI].
TVÖ: RANNSAKA HVAD HEFUR GERST OG AF HVERJU.
ÞRJÚ: REYNA AÐ LAGFÆRA ÁSTANDIÐ.
FJÖGUR: EF ALLT HÉR AÐ OFAN BREGST,
REYNDU ÞÁ AÐ LÆRA AF HINU ÓFYRIRSÉÐA.
FIMM: MUNDU, EKKI MISSA STJÓRN Á ÞÉR. ÉG ENDURTEK,
EKKI MISSA STJÓRN Á ÞÉR.

Fimmti dagur ferðarinnar var runninn upp og loksins áttu þau að heimsækja verksmiðju Fullkominnar framleiðslu. Fjóla frænka var tryllt af spenningsi. Loksins myndi hún sjá hvar ástkæra BUZZkkúlan hennar hefði verið framleidd.

Þegar þau voru að gera sig ferðbúin sagði Soffía við Wil í trúnaði: „Það munu verða svo margar fallegar kristalskúlur á staðnum að Fjóla frænka mun ekki geta staðist freistinguna að kaupa aðra –“

„– og aðra og aðra!“ bætti Wil við.

„Hvernig getum við útskýrt það fyrir Rue frænku að við reyndum að stoppa hana, en að hún hlustaði ekki á okkur?“ sagði Soffía.

Takki dagsins var falleg glermarmarakúla á stærð við kirsuber.

„Hvernig eigum við öll að halda um þetta?“ spurði Wil. „Kúlan er allt of lítil.“

„Þú getur stutt litlafingri við hana, elskan,“ sagði Fjóla frænka. „Það ætti að duga.“

„Ætli takkar virki alltaf,“ sagði Wil þar sem hann sneri kúlunni á milli fingranna. „Það hlýtur að vera flókið að samræma alla takkana svo allir endi á sama stað.“

„Passaðu þig, Wil,“ sagði Soffía, „eða þú gætir storkað ferðalaginu.“

„Ég ber fullt traust til Fullkominnar framleiðslu,“ sagði Fjóla frænka. „Þeir hafa staðið sig mjög vel hingað til. Þessi ferð hefur verið fullkomin á allan hátt!“

Tíminn var runninn upp. Klukkan var tíu.

„Jæja, við þurfum að segja slagorð Fullkominnar framleiðslu þrisvar sinnum,“ sagði Fjóla frænka, og hélt marmarakúlunni í lófanum. „Praemonitus, praemunitus. Viðbúinn er vígbúinn. Jæja þá!“

Soffía og Wil ruddust á sinn stað og studdu hvort um sig einum fingri á marmarakúluna.

„Praemonitus, praemunitus.

Praemonitus, praemunitus.

Praemonitus, praemunitus.“

Þá var því lokið. Litla marmarakúlan stækkaði og varð eins stór og appelsína, síðan greipaldin, stærri og stærri. Soffía fann hvernig hún sogaðist varlega inn í glitrandi glerið. En skyndilega var eins og eitthvað færi úrskeiðis. Henni leið eins og hún væri að missa jafnvægið. Hún rann niður löng og hál ísgöng, nema það var ekki kalt. Það var heitt. Hún lenti á fótunum á brunninni, rauðri mold. Grjótmolar voru á víð og dreif á jörðinni eins langt og augað eygði og gufubólstrar liðuðust um hrjóstrugar fjallseggjar. Það var ógeðsleg lykt af rotnum eggjum. Soffía hafði aldrei séð svona eyðilegan stað.

„Fjóla frænka? Wil? Hvar eruð þið?“ kallaði hún og fann hvernig hún varð hræddari og hræddari.

Síðan heyrði hún Wil hósta rétt hjá sér.

„Ég er hérna,“ sagði Wil. „Haltu áfram að tala svo ég geti heyrt hvar þú ert.“

„Ef þetta er grín,“ sagði Soffía.

„ – er það ekki mjög fyndið,“ sagði Wil, þar sem hann birtist út úr gufubólstrunum.

„Hvar heldurðu að við séum?“ spurði Wil.

„Við virðumst hafa spurt þessarar spurningar ansi oft að undanfögnu, er það ekki?“ sagði Soffía og var alls ekki eins hugrökk og hún hljómaði.

„Fjóla frænka!“ kallaði Wil. „Ert þú einhvers staðar?“

„Soffía, Wil, hvar eruð þið?“ svaraði Fjóla frænka og röddin virtist nálæg. „Ég sé ykkur ekki.“

Vindhviða feykta skyndilega öllum gufubólstrunum burt og þarna var hún, Fjóla frænka, með fjólubláa hárhúttinn sinn sem hallaði ískyggilega á höfði hennar.

„Snákar hafi það,“ sagði hún um leið og hún rétti gleraugun sín á nefinu. „Þetta lítur alls ekki út eins og verksmiðja Fullkominnar framleiðslu. Og lyktin er viðurstyggileg.“

„Takkinn hlýtur að hafa verið eitthvað bilaður,“ sagði Soffía. „Wil, það lítur út fyrir að þú hafir, eftir allt saman, lagt álög á ferðina,“ stríddi hún Wil.

„Þau hljóta að taka eftir því að við erum ekki mætt og senda einhvern eftir okkur,“ sagði Fjóla frænka, og leit á úrið sitt. „Það hlýtur eitthvert viðvörunarkerfi að fara í gang þegar takki klikkar.“

„En hvernig geta þau vitað hvert við förum ef takkinn hefur ekki virkað eins og hann átti að virka?“ spurði Soffía.

„Kannski getum við spurt einhvern til vegar,“ sagði Wil. Hann horfði yfir eyðilegt landslagið. „Það virðast samt ekki vera margir á ferli hér.“

„Vel getur verið að Fullkomin framleiðsla sé einhvers staðar lengst í burtu,“ sagði Soffía. „Og fólk sem er ekki eins og við veit örugglega ekkert hvar hún er staðsett.“

„Ég sé stórt skilti,“ sagði Fjóla frænka ákveðinni röddu. „Þið tvö verðið kyrr hér, alls ekki hreyfa ykkur, og ég fer og athuga hvað stendur á skiltinu.“

„Við gætum reynt aftur við marmarakúluna,“ sagði Wil, þar sem hann horfði á Fjólu frænku arka eftir viðarlögðum stígunum í átt að skiltinu.

„Hver veit hvar við gætum endað,“ sagði Soffía.

„Þú meinar að við gætum farið úr öskunni í eldinn?“ sagði Wil.

„Ég held að vísu að við séum nú þegar í eldinum,“ sagði Soffía og horfði í kringum sig á sjóðandi leðjuhverina.

„Þú átt við að ástandið geti ekki versnað mikið,“ sagði Wil. „Við getum að vísu þakkað fyrir það að hafa ekki lent í einhverjum leðjuhvernum. Það hefði örugglega verið miklu verra.“

„Og ég sem var hrædd um að Fjóla frænka myndi kaupa fleiri kristalskúlur!“ sagði Soffía. „Jæja, ef við ætlum að prófa takkann aftur þá skulum við vona að hann sé enn virkur. Ertu með hann?“

„Nei, ég hélt að þú værir með hann,“ svaraði Wil.



Fjóla frænka, leitaði í ofboði í vösunum sínum, örvæntingarfull á svip. „Ég hélt ... Ég hélt að hún væri hér ... einhvers staðar,“ sagði hún. Hún þrýsti á hinn vasann sinn. „Ó, sjáið þið nú bara!“ Hún hélt marmarakúlunni á loft. „Ég er með hana.“

Wil og Soffía glottu.

„En ég er ekki viss um að það sé öruggt að prófa hana, elskurnar,“ sagði Fjóla frænka. „Hvað ef við endum í einhverjum leðjuhvernum? Eða hvað ef við feykjumst á einhvern afskekktan stað uppi á hálendi Íslands þar sem eini félagsskapur okkar verða villtar kindur.“

„Mér finnast kindur skemmtilegar,“ sagði Soffía.

„Kindur geta varla hjálpað okkur að finna verksmiðju Fullkominnar framleiðslu,“ sagði Fjóla frænka. „Lesið það sem stendur hérna. Ég held að það sé best að við höldum kyrru fyrir og Fullkomin framleiðsla mun senda einhvern eftir okkur. Þegar þú er týndur þá er best að vera kyrr á sama stað.“

„Já, en við erum ekki beint týnd,“ sagði Soffía. „Við vitum að við erum hjá leðjuhverunum. Við vitum bara ekki hvar verksmiðja Fullkominnar framleiðslu er.“

„Lesið þetta,“ sagði Fjóla frænka og benti á skiltið, „og ykkur mun ekki langa til að fara neitt.“

Námafjall er háhita jarðhitasvæði með gufu- og leðjuhverum. Auk gufunnur kemur gas, svo sem brennisteinsvetni, sem er einkennandi fyrir lyktina á hverasvæðinu. Hverirnir framleiða mikið magn brennisteins. Fyrr á öldum var brennisteinn unninn á Íslandi og var hann notaður í byssupúður.

Og svo feitletrað:

VARÚÐ:

VARASAMUR JARÐVEGUR OG HÁTT HITASTIG
(80–100 GRÁÐUR CELSÍUS)

GANGIÐ AÐEINS Á MERKTUM STÍGUM OG BRAUTUM

Wil og Soffía höfðu ekki fyrr lokið við að lesa skiltið en það varð mikil sprenging rétt hjá þeim. Gufustrókur stóð beint upp í loftið og brennisteinslyktin varð kæfandi.

„Hvað varst þú að segja um að það væri betra að vera kyrr á sama stað, Fjóla frænka?“ sagði Wil.

„Ka-kannski hafði ég rangt fyrir mér,“ frussaði Fjóla frænka og hélt marmarakúlunni út frá sér.



Bankað var hæversklega á dyr og maður gægðist inn um þær. Sigmundur Sveinsson leit upp frá skýrslunni sem hann hafði verið að lesa. Hún var mjög tæknileg, full af tölum, flóknum útreikningum, öryggisupplýsingum og hagnaðargreiningu vegna framleiðslu á kristalskúlum erlendis. Í sannleika sagt, var hann við það að fá höfuðverk, slæman höfuðverk, og hann fagnaði trufluninni.

Í smá stund áttaði hann sig ekki á manninum í gættinni. Síðan mundi hann hver hann var. Þetta var nýi náunginn, sá sem sá um innanhússöryggið. Hann hafði verið með mjög góð meðmæli, hét einhverju óvenjulegu nafni. Eitt af þessum gömlu Íslendingasagnanöfnum. „Flóki, er það ekki?“

„Jú, einmitt. Mér þykir mjög leitt að þurfa að trufla yður, en við virðumst ...“ Flóki hikaði eins og hann væri að leita að viðeigandi orðum. „Við virðumst eiga við vandamál að stríða.“

„Þú ert alls ekki að trufla mig, alls ekki,“ sagði Sigmundur Sveinsson. Hann hallaði sér aftur í stólnum sínum og teygði aðeins úr sér. „Hvað er að?“

„Það er ferðin,“ svaraði Flóki.

„Já?“

„Einn takkinn virðist ekki hafa virkað rétt.“

„Ómögulegt! Þeir eru alltaf nákvæmlega kvarðaðir. Við erum að tala um Fullkomna framleiðslu, ekki einhverja annars flokks næturflugsáðgerð.“

Flóki kinkaði kolli af virðingu.

„Vonandi hefur enginn týnst, er það nokkuð?“

„Ja, við höldum að það vanti þrjár manneskjur.“

„Haldið þið?“

„Tvö börn og eldri konu.“

„Hvað segirðu!“

„Þetta er frekar alvarlegt, herra,“ sagði Flóki. „Þau eru útlendingar, óbreyttir borgarar frá Canada og þau þekkja Ísland ekki mjög vel. Það gæti orðið neyðarlegt ... ef þau reyndu að fá aðstoð ... við að finna —“

„— verksmiðju Fullkominnar framleiðslu, því enginn veit hvar hún er og við höfum gætt þess að enginn viti að hún fyrirfinnist yfir höfuð ...“ andvarpaði Sigmundur.

„Já, einmitt,“ sagði Flóki, greinilega feginn að þurfa ekki að benda á hið augljósa. „Við vitum að þau reyndu að nota takkann rétt rúmlega tíu á Hótel Galdri en ferðin klikkaði. Þau efnisgerðust aldrei hér. Þau reyndu að nota hann aftur, um það bil tveimur mínútum og þrjátíu og níu sekúndum síðar, það er innan þess tíma sem takkinn virkar. Hann var notaður hér rétt hjá, hjá hverunum við Námafjall, höldum við.“

„Þú ert vonandi að grínast,“ sagði Sigmundur. „Lentu þau nokkuð ofan í einhverjum leirhvernum, er það nokkuð?“

Flóki svaraði ekki því hvað annað var við Námafjall annað en sjóðandi heitir leirhverir og eitradar brennisteinsgufur?


„Jæja, við skulum vona að ekkert þeirra sé slasað,“ sagði Sigmundur og hamraði fingrunum í skrifborðið. „Við verðum að ætla að fyrst þau notuðu takkann aftur, að þeim hafi verið kunnugt um þá. Og við vitum ekkert hvert þau lentu eftir það?“

„Nei, herra. Því miður skráist þessi takki ekki almennilega í kerfið okkar.“

„Sendu besta fólkið þitt af stað. Finndu staðsetningarhnitin.“

„Já, herra!“

„Fullkomið,“ muldraði Sigmundur, þegar Flóki flýtti sér út úr skrifstofunni.



KAFLI XXX Á MEÐAN ...

*INTEREA ...
CERTÉ,
RES CALAMITOSA
BIBLIOPHILO NOSTRO.*

Á MEÐAN ...
ÞVÍ ER EKKI AÐ NEITA,
STAÐAN ER GRAFALVARLEG
HJÁ BÓKAUNNENDUNUM OKKAR.

Bláu logarnir köstuðu bjarma á andlit Rue frænku. Hún horfði sorgmædd á herra Bertram þar sem hann sat hinum megin við bláu gardínuna í heimsóknarherberginu. „Það gæti hafa lent í höndunum á ...“ Hún þagði um stund, hún vildi ekki segja orðin, því hún gat sér þess til að þeir væru örugglega að hlusta. Hún þorfði ekki að nefna Snákakedjuna á nafn ef þeir skyldu vera að hlusta.

Bartholomew hristi höfuðið eins og hann vildi vara hana við að halda áfram.

„Ég tók það ekki, Rue,“ hvíslaði hann. „Ég hef ekki einu sinni séð það, þótt ég hafi heyrt að þetta sé víst hreint listaverk sem sýni fagurlega gerðan snák. Það getur vel verið að það hafi horfið frá bókasafninu fyrir mörgum árum. Hann renndi fingrunum í gegnum hárið á sér. „Þetta eru skrytín örlög. Engin sól, ekkert tungl, engar áttir, enginn tími. Mér þykir þetta svo leitt, Rue,“ sagði hann brostinni röddu.

Rue frænka rétti höndina fram og óskaði þess að hún gæti snert hann, en logarnir ...

„Landráð, Rue,“ sagði hann klökkur.

„Hvað þá,“ sagði Rue frænka með augun uppglennt af skelfingu.

„Peir halda að ég hafi stolið því. Peir halda að ég sé einn af –“

„Einn af hverju?“ spurði Rue frænka hvasst.

„Keðju ... nni,“ hvíslaði hann.

„Peir munu aldrei sleppa þér,“ sagði Rue frænka skjálfandi röddu.

„Nei, sagði herra Bertram, styrkari röddu. „Nei, þeir munu líklega aldrei gera það, Aumingja Wil, aumingja Soffía. Hvers konar líf getum við veitt þeim?“

„Litlu púkarnir, þau finna örugglega upp á alls konar prakkarastrikum á Íslandi!“ sagði Rue frænka og augu hennar flóðu í tárur.



KAFLI XXXI

EINSTAKT

*QUAM LOCUS SINGULARIS! CERTO NON REPERIES
ALIUM TANTUM STUPEFACIENTEM.
NECESSE EST VAGARI? PRURIUNT PEDES TUI?
ITER TIBI EST, SED VERO CAUTUS SIS.*

ÞAÐ ER EINSTAKT. ÞÚ MUNT ALDREI FINNA
NEITT ÞESSU LÍKT SEM GENGUR JAFN MIKIÐ FRAM AF ÞÉR.
ERTU MEÐ ÚTÞRÁ EÐA IÐARÐU Í SKINNINU AÐ KOMAST AF STAÐ?
ÞÚ VERÐUR AÐ HEIMSÆKJA ÞAÐ, EN VERTU ORÐVAR!

Enn með fnykinn af fúlum eggjum í fötum og hári voru Wil, Soffía og Fjóla frænka stödd við einhverja byggingu og var langur oddmjór steinn fyrir framan hana. Á skiltinu á byggingunni stóð alveg örugglega ekki: Verksmiðja Fullkominnar framleiðslu.

Á skiltinu stóð ritað stórum stöfum, á mörgum mismunandi tungumálum:

HIÐ ÍSLENZKA REÐASAFN
LA FALOTECA ISLANDESA
LA ISLANDA FALUSLOGIA MUZEO
LE MUSEÉ NATIONAL DER PHALLUS
DAS ISLÄNDISCHE PHALLUSMUSEUM
THE ICELANDIC PHALLOLOGICAL MUSEUM

„Þetta er greinilega eitthvert sérstakt safn,“ sagði Fjóla frænka.

Ringluð horfðu þau í kringum sig til að reyna að átta sig á því hvar þau væru stödd. Þau stóðu við endann á rykugu stræti sem lá niður að bryggju. Margir litlir bátar voru við bryggjuna.

„Þarna er skilti sem á stendur Hvalasafnið og vísar það í átt niður brekkuna og ég sé hvalaskoðunarskip þarna niðri við höfnina,“ sagði Soffía. „Við erum aftur komin að sjónum.“

„Þessi hlutur er gagnslaus,“ sagði Wil og leit með fyrirlitningu á litlu, glæru marmarakúluna.

„Við skulum bara orða það þannig að sem marmarakúla er hún ósköp falleg en hún dugar ekki nógu vel sem takki,“ sagði Fjóla frænka. „Hún bjargaði okkur samt frá leðjuhverunum,“ sagði hún og var greinilega að reyna að horfa á björtu hliðarnar, „og við megum þakka fyrir það.“

„Hvað þýðir reður-fræðilegt, Fjóla frænka?“ spurði Soffía.

„Ja, fræðilegi hlutinn er ... fræðilegur, það er svona skynsamlegur og vísindalegur og, ja, fræðilegur,“ sagði Fjóla frænka. „Fræði þýðir að rannsaka eitthvað mjög vel. Svona eins og í stjörnufræði, þar sem himintunglin eru rannsökuð.“

„Já, og goðafræði og talnafræði,“ sagði Soffía spennt.

„Og fornminjafraði og Egyptalandsfræði,“ bætti Wil við.

„Einmitt,“ sagði Fjóla frænka brosandi. „Fólk er alltaf að finna upp ný og ný fræði. En ég er ekki viss um hvað fyrri hlutinn þýðir. Kannski tengist það hvöllum eitthvað. „Það hljóta margir að koma hingað sem hafa áhuga á hvalaskoðun.“

„En af hverju ætli þeir séu með tvö hvalasöfn á svona litlum stað?“ spurði Wil.

„Ja ...“ sagði Fjóla frænka ringluð á svip. Rödd hennar hljóðnaði þegar hún las skiltið aftur og leit svo á langa, mjóa steininn. „Kannski ætti ég fyrst að fara ein inn á þetta safn,“ sagði hún dálítið efins.

„Þú getur ekki skilið okkur ein eftir herna fyrir utan,“ sagði Soffía. „Auk þess þá er þetta safn og söfn eru fræðandi. Ég þori að veðja að það eru einhverjir áhugaverðir munir þarna inni. Og við fáum tækifæri til að skrifa í enn eina gestabókina.“

„Jæja, við skulum kíkja inn,“ sagði Fjóla frænka. „Kannski getur einhver þarna inni vísað okkur þangað sem við eigum í raun og veru að vera, en svo mikið er víst að þetta er ekki sá staður.“

„En við getum ekki bara spurt um verksmiðju Fullkominnar framleiðslu,“ sagði Soffía, þar sem hún gekk á eftir Fjólu frænku og Wil inn á safnið. „Hún er leynileg.“



Það sýndi sig að safnið tengdist hvölum á einhvern hátt, en kannski ekki alveg eins og Fjóla frænka hafði ímyndað sér.



Þau komu fyrst inn í litla minjagripaverslun. Þar var hægt að kaupa alls konar veggspjöld, bolla, skálar, bangsa, stuttermaboli, handklæði, dagatöl, póstkort og innrammaðar myndir.

Fjóla frænka gekk að afgreiðsluborðinu til að tala við manninn sem stóð fyrir innan það. Hann var upptekinn við að flokka stóran bunka af póstkortum.

„Velkomin, velkomin á safnið,“ sagði maðurinn innilega og leit yfir litlu lesgleraugun sín á Fjólu frænku, Soffíu og Wil. Það hlýtur að hafa verið sjón að sjá þau, Fjóla frænka með fjólubláa hárhnutinn sinn allan á skakk og skjön, gleraugu Soffíu leðjugul og Wil allur rykugur.

„Þakka þér fyrir,“ sagði Fjóla frænka. „Við vorum að velta því fyrir okkur hvort þú vissir um einhverja verksmiðju herna nærri?“

„Verksmiðju?“ spurði maðurinn.

„Já, við áttum að fara í sérstaka kynnisferð um verksmiðju nokkra,“ sagði Fjóla frænka, „en við virðumst hafa orðið ... viðskila við hópinn okkar.“

„Það eru bara fiskvinnslur hér á Húsavík,“ sagði maðurinn.

„Ó, jæja,“ sagði Fjóla frænka.

„Þú getur farið í kynnisferðir um þær,“ sagði maðurinn hjálpsamur, „og fræðst um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, kvótakerfið, og hvernig þeir vinna fiskinn.“

„Ja, það er ekki beinlínis það sem við vorum með í huga,“ sagði Fjóla frænka.

„Eða þá að þú getur heimsótt þetta safn,“ sagði maðurinn, „og í dag er lukkudagurinn þinn því það er ókeypis aðgangur, aðeins í dag. Við erum að halda upp á það að nýju eintaki var bætt við safnið okkar.“ Hann þagnaði smá stund og brosti svo breitt til Wil og Soffíu. „Já, nýju eintaki – af álfi!“

„Álfi,“ sagði Soffía spennt.

„Já, við höfum verið að bíða eftir því í mörg, mörg ár. Þetta er svo sannarlega tilefni til hátíðarhalda. Safnið okkar inniheldur líklega flest mismunandi eintök allra safna í heiminum.“

„Mjög spennandi,“ sagði Fjóla frænka. „Jæja, fyrst við nú erum hér ... ég býst við að þetta sé örugglega allt hluti af ævintýri okkar,“ sagði hún og hló aðeins. „Hvað ertu annars með hérna á þessu safni? Er þetta eins konar alþýðulistasafn?“

„Við erum að vísu með ýmiss konar alþýðulist hér,“ svaraði maðurinn, „auk ýmissa sýnishorna frá tröllum og sjávarskrímslum – en aðalsafnkosturinn samanstendur af sýnishornum frá öllum karlkynsspendýrum á Íslandi. Við erum örugglega eina safnið í heiminum sem getur státað af sýnishorni frá öllum spendýrunum sem fyrirfinnast í einu landi.“

Sjáöldur augna Fjólu frænku víkkuðu og hún dró andann djúpt. „Ég skil,“ sagði hún.

Maðurinn var orðinn spenntur að segja frá: „Til dagsins í dag höfum við safnað 272 eintökum frá 92 mismunandi dýrategundum, þar á meðal um það bil 40 eintökum frá útlöndum.“

Hann sýndi Fjólu frænku gestabók safnsins en í hana höfðu mörg hundruð gestir skrifað nöfn sín. Á einni blaðsíðunni höfðu þrír Japanir, fimm Kínverjar, nokkrir Bandaríkjamenn og Mexíkóar, auk margra Íslendinga párað nafnið sitt. Þar á meðal var Sigga Sigurðardóttir sem hafði skrifað nöfn sona sinna í hornklofa – Glymur (9 ára) og Friðrik (7 ára).

„Viðbrögð gesta okkar hafa verið mjög jákvæð,“ hélt maðurinn áfram. „Yfir eitt hundruð greinar hafa verið ritaðar um þetta safn í 26 löndum. Bara síðasta sumar, komu næstum því 10.000 gestir.“



Um leið og minnst var á tröll og sjávarskrímsli þutu Wil og Soffía upp tröppurnar inn í aðalhluta safnsins og skildu Fjólu frænku eftir á tali við manninn.

„Sá sem finnur tröllið fyrst, vinnur!“ hrópaði Soffía.

Fljótt kom í ljós að það yrði ekki auðvelt að finna tröllið. Safnið var troðfullt af glersýningarkössum. Það var líka allt fullt af litlum skúlptúrum, ljósmyndum, veiðiverðlaunum og löngum hornum, sem höfðu verið fest á gljáfægða platta sem héngu á veggjunum. Wil og Soffía röltu yfir að borði þar sem var fullt af krukum. Í krukunum voru litlir, föllir dýrabútar. Þau komu auga á stóra glerkrukku sem stóð á gólfinu rétt við borðið. Krukkan var miklu stærri en bæði Wil og Soffía og hún var full af glærum vökva. Í vökvanum flaut einhver langur og föllur hlutur, einhvers konar kjöt eða vöðvi.

„Þetta er eins og maríneraða síldin sem Fjólu frænku finnst svo góð. Heldurðu að þetta sé einhvers konar maríneraður fiskur?“ spurði Soffía.

„Þetta minnir mig á safn meistara Meninx,“ sagði Wil. „Safn hans af dauðum fiskum, froskum, snákum, salamöndrum og þess konar hlutum sem lagðir höfðu verið í formalín, en þeir voru miklu minni. Ekki eins og þessi.“ Hann hallaði sér fram og pírði augun til að sjá hlutinn í glerkrukkunni betur. „Þetta líkist ekki fiski,“ ályktaði hann. Hann leit yfir hinar krukurnar á borðinu, leit á það sem hékk á veggnum og fór að hlæja.

„Hvað er svona fyndið,“ spurði Soffía og horfði grunsemdaraugum á hann.

Wil hló svo mikið að hann var alveg kominn í keng. Að lokum rétti hann úr sér og benti á það sem var í stóru glerkrukkunni. Honum rétt tókst að frussa út úr sér: „Veistu hvað þetta er?“

Soffía leit efins á sýnishornið í krukkunni og las það sem stóð á miðanum á veggnum:

HÁHYRNINGUR (*Orcinus orca*)

Esperanto = *orcino*

Norsk = *spekkhugger, vagnhund, kvalhund*

Dansk = *spækhugger, hvalhund, svædhval*

English = *killer whale*

Deutsch = *Schwerzwal*

Français = *orque*

Español = *orca*

Hún var mjög undrandi á svipinn. „Þetta er allt of lítið til að vera háhyrningur nema þetta sé kálfur, en kálfarnir eru risastórir. Eru þeir ekki 150 – 200 kíló? Þetta hlýtur bara að vera einhver hluti af háhyrningi ... en hvaða hluti?“

Wil hló enn og velti því fyrir sér hvað það myndi taka Soffíu langan tíma að komast að því hvað þau væru að horfa á.

Eftir drygklanga stund tók hún andköf, leit í kringum sig á allar krukkurnar og plattana á veggnum. „Þú ert að grínast, er það ekki? Ertu að meina að ... í öllu safninu?“

Wil kinkaði kolli og klappaði höndunum spenntur. „Í öllu safninu!“



Wil og Soffía skoppuðu glöð um safnið og Fjóla frænka fylgdi í humátt á eftir. Þótt hún hefði haft sínar efasemdir í byrjun, varð hún brátt svo spennt yfir hinu og þessu í glerkrukkunum, að hún gleymdi áhyggjunum um hvort þau myndu finna verksmiðju Fullkominnar framleiðslu, um stund.

Þau fundu brátt þjóðfræðihluta safnsins og lásu vandlega á öll skiltin. Auðvitað voru sýnishornin í þjóðfræðihlutanum ekki til í raun og veru, ólíkt hinum sýnishornunum í safninu. Þarna var sýnishorn frá hafstramba (*Homo maritimus antiquus*), íslensku sjávarskrímsli frá síðari hluta 17. aldar. Sýnishornið hafði bæst í safnið árið 1983. Svo var þarna sýnishorn frá Fjöru-Lalla (*Homo unipes unimanus et luscus maritimus*), sem átti að hafa fundist á eyggi Saurláttri á Breiðafirði á seinni hluta 18. aldar. Þetta var víst eineygt, einfætt og einhent skrímsli sem ýtti fólki í sjóinn og drap það svo.

Og sýnishornið frá álfinum (*Homo sapiens mysticus [invisibilis]*) var víst óvenju „stórt og gamalt“, samkvæmt skiltinu. Það fannst í jörðu utan kirkjugarðsins að Skeggjastöðum í Bakkafirði. Sennilega úr heiðnum sið frá því fyrir árið 1000. Það var varðveitt í stórri glerklukku en í henni virtist bara vera gamalt, staðið vatn.

„Það er ekkert þarna,“ sagði Soffía, greinilega vonsvikin.

„Það er ósýnilegt,“ sagði Fjóla frænka og hló lágt.

„Já, en mig langar að sjá það,“ sagði Soffía.

„Álfar eru huldufólk,“ sagði Fjóla frænka, „þeir láta ekki hvern sem er sjá sig.“

„Eða jafnvel hluta af sér!“ hló Wil.

Wil og Soffía fundu loksins tröllið, aftast, nærri inngangi safnsins, þegar maðurinn við afgreiðsluborðið hafði farið út til að taka á móti rútu fullri af ferðamönnum frá Reykjavík. Það var mjög stór steinn í horninu. Það líktist einhverjum sem sat á hækjum sér og hélt öðrum handleggnum á lofti. Samkvæmt skiltinu átti þetta að vera Gigantus islandicus, tröll. Ungur drengur, rækilega steinrunninn. Hann fannst á Norðurlandi árið 1941 og var færður safninu árið 1994.

„Það er sagt að tröll verði að steini við dögum ef þau ná ekki tímanlega aftur í hellinn sinn,“ sagði Wil alvarlegur. „Þegar fyrsti sólargeislinn lýsir á þau, er úti um þau.“

„Hann hlýtur að hafa verið að skýla augunum fyrir sólinni,“ sagði Soffía döpur.

„Munið að þetta eru bara gamlar sögur,“ sagði Fjóla frænka, og var greinilega að reyna að hressa þau við. „Þið vitið að það eru ekki til nein tröll í alvörunni. Þetta er ekkert annað og meira en gamalt ...“

Fjóla frænka ætlaði örugglega að segja ‘grjót’ en náði aldrei að ljúka við setninguna því allt í einu heyrðist mikil sprenging innan úr safninu. Loftið fylltist megnri brennisteinslykt og einhver heyrðist hósta.

„Laumulega, Atli. Sagði ég ekki laumulega?!“ hrópaði einhver maður upp yfir sig.

„Fyrirgefðu, herra,“ muldraði önnur rödd sem hlýtur að hafa tilheyrt þessum Atla.

„Tryggið aðstæður,“ galti fyrri maðurinn, það er betra að beita frosttöfrum, fyrst þú ert að þessu á annað borð, ekki láta alla ferðamennina koma hérna inn því annars verðum við hér í allan dag, og Oddur ...“

„Já, herra,“ sagði enn önnur rödd.

„Hreinsaðu upp þetta drasl.“

Núna var reykurinn farinn og þrír menn, allir í síðum frökkum, birtust. Þeir voru þaktir leðju.

Maðurinn, sem virtist fara fyrir hópnum, steig fram. „Góðan dag, halló, frú Isidor, og Wil og Soffía. Ég heiti Sigmundur Sveinsson og ég er frá Fullkominni framleiðslu. Þið hafið laglega farið í óvænta ferð um norðurhluta Íslands. Það var frekar snúið að finna ykkur. Við biðjumst innilegrar fyrirgefningar á ... á,“ hann vissi greinilega ekki alveg hvað hann átti að segja og þagnaði, „... á öllum óþægindunum,“ hélt hann áfram. „Ef þið vilduð vera svo vinsamleg að koma hérna við hliðina á mér, þá getum við lagt af stað undir eins, og komið ykkur á réttan stað svo þið getið náð síðasta hlutanum af fyrirlestrum morgunsins. Síðan verður hádegisverður.“ Hann dró glermola undan

frakkanum sínum. Þegar hann sá furðusvipinn á þeim, sagði hann: „Þetta er moli úr íslensku silfurbergi, frægt fyrir ljósleiðni sína. Þetta er takkinn okkar núna.“

Wil heyrði að Fjóla frænka tók andköf og Sigmundur Sveinsson hlýtur að hafa tekið eftir hvað hún var hikandi því hann sagði: „Tæknimenn okkar hafa kannað allt út í ystu æsar. Það ættu ekki að verða nein fleiri vandamál. Í raun ...“ og aftur hikaði hann áður en hann hélt áfram. „Í raun var útúrdúrin ykkar mjög óvenjulegur. Þetta er nefnilega í fyrsta sinn sem takki Fullkominnar framleiðslu hefur ekki komið fólki á réttan stað.“

„En ég ætla að kaupa póstkort fyrir Beatriz og Phinneas,“ sagði Soffía, sem langaði greinilega ekkert að láta bjarga sér á þessu augnabliki.

„Soffía,“ sagði Fjóla frænka hvasst. „Ekki vera vanþakklát. Við höfum átt alveg fullkomna stund hér.“

Wil tók eftir því að Sigmundur Sveinsson kipptist við þegar hann heyrði Fjólu frænku nota orðið 'fullkomin'.

„Ímyndaðu þér allt erfiðið sem þessir menn hafa lagt á sig til að finna okkur,“ sagði Fjóla frænka. „Svo ekki sé minnst á hádegisverðinn sem bíður.“

„En enginn heima mun trúa því að þetta safn sé yfirhöfuð til,“ vældi Soffía.

„Og að við vorum í raun og veru hér!“ bætti Wil við.

„Það er alveg tími fyrir eitt póstkort eða tvö,“ sagði Sigmundur Sveinsson vinsamlega.



KAFLI XXXII

UNDARLEG HREYFING

*TIMEO NE NIHIL PERFECTUM SIT.
EGREGIUM, EXQUISITUM, MIRABILE, STUPEFACTUM
VERO SED PERFECTUM, NIHIL.
QUARE AUTEM VERBUM 'PERFECTUS' INVENTUM EST SI PERFECTIO DESIT?
QUAM PERFECTE PERFECTA EST ILLA QUAESTIO!*

ÞAÐ ER ÞVÍ MIÐUR EKKERT SEM HEITIR FULLKOMIÐ.
FRÁBÆRT, EINSTAKUR, STÓRKOSTLEGUR, HEILLANDI, JÁ.
FULLKOMIÐ, NEI.
AF HVERJU VAR ORÐIÐ FULLKOMIÐ YFIRHÖFUÐ BÚIÐ TIL.
EF ÞAÐ ER Í RAUN OG VERU EKKI TIL?
HVE FULLKOMLEGA FULLKOMIN SPURNING!

Ekkert kom fyrir á leiðinni frá Húsavík að verksmiðju Fullkominnar framleiðslu þótt Wil væri frekar efins um að takkinn gæti borið þau öll sex. Takkinn virðist samt hafa verið mjög öflugur því þau lentu mjög mjúklega án nokkurs hnykkjar, eftir örskamma stund, á sömu rauðu, skrælnuðu moldinni og þau höfðu séð umhverfis leirhverina.

Það sýndi sig að verksmiðja Fullkominnar framleiðslu virtist vera staðsett í sama hrjóstruga landslaginu, aðeins umkringd nöktum fjöllum. Hvorki plöntur né tré. Gufubólstrar byrgðu sýn og brennisteinslykt umlukti þau. Þegar birti til gnæfði löng

bygging með málmhliðum og stórum glerkúpli yfir þeim. Glerkúpullinn minnti Wil á Perluna í Reykjavík.

Þau fengu smá stund til að fríska aðeins upp á sig og síðan var þeim fylgt að stóru anddyri þangað sem allir voru þegar komnir. Framleiðslustjórinn var að kynna framleiðsluferli verksmiðjunnar og þau myndu fá að fara í ferð um verksmiðjuna eftir hádegi. Svo virtist sem þau hefðu ekki misst af svo miklu. Samkvæmt Frankie Tingwell hafði mestallur morgunninn farið í erindi um hvernig jarðvarmi var virkjaður. „Nú vitum við allt um borholur og aðferðir til að nýta gufu,“ hvíslaði hún. „Auk þess hvernig affallsvatn er nýtt, hitamismun og hlutfall þyngdarafls, sem sagt mjög verkfræðilegt tal. Alls ekki eins spennandi og ykkar morgunn,“ muldraði hún mæðulega. „Eins gott að þið lentuð ekki beint ofan í einhverjum leirhvernum. Þið hefðuð bara orðið að kjötkássu. En sem betur fer endaði allt vel.“

Þegar Wil heyrði orðið kássa áttaði hann sig á því að hann var orðinn vel svangur. Í raun var hann banhungraður. Þegar hann sá hádegishlaðborðið voru fæturnir við það að gefa sig undir honum.

Fjóla frænka leit snöggt á Wil og Soffíu, sem virtist vera álíka óstöðug og sagði: „Það er best að þið fáið ykkur smá að borða, elskurnar. Þeir munu örugglega halda margar ræður áður en þeir leyfa okkur að fá okkur að borða. Hún laumaðist að hlaðbordinu og fyllti lítinn disk af ostsneiðum, hangikjöti og gulrótarköku og rétti þeim.

Wil beit í gulrótarkökuna og lokaði augunum. Fjóla frænka var svo upptekin af fyrirlestri Fullkominnar framleiðslu að hún minntist ekkert á að það ætti að geyma sætindin þar til síðast. Kakan var mjúk og safarík með þykku rjómaostakremi. Hún var æðisleg. Hann hlustaði annars hugar á framleiðslustjóran sem var nú að tala um öryggismál verksmiðjunnar.

„Öryggismál eru forgangsmál hjá okkur. Viðskiptavinir okkar búast við því að Fullkomin framleiðsla standi sig frábærlega. Ef ánægja viðskiptavina minnkar getur það haft áhrif á orðspor okkar á markaðnum. Því er hvert skref framleiðslu- og dreifingarferla Fullkominnar framleiðslu vaktað svo ekki verði komið óorði á framleiðslu okkar“

„Hefurðu tekið eftir því að þeir eru alltaf að endurtaka ‘Fullkomin framleiðsla’,“ hvíslaði Wil að Soffíu.

„Þeir eru líka alltaf að segja að allt sé svo fullkomið,“ svaraði Soffía. „Þetta er bara ein löng auglýsing.“

„Ég veit hvað þú meinar,“ sagði Wil og þurrkaði gulrótarkökumylsnu af hökuni. „Við skulum taka smá pásu.“

„Soffía, Wil, hafið hljótt,“ hvíslaði Fjóla frænka. „Ég heyri ekki hvað þeir eru að segja.“

Wil leit ákveðið á Soffíu og myndaði orðið: „Komdu,“ með vörunum.

Hljóðlega og án þess að vekja neina eftirtekt, gengu Wil og Soffía fram hjá hlaðborðinu og renndu sér út um hliðardyr. Þau gengu eftir ganginum, fram hjá nokkrum skrifstofurýmum, á leið sinni að snyrtingunum.

„Enginn smá léttir,“ sagði Soffía og hristi höfuðið. „Heilinn á mér er stútfullur.“

„Alltof miklar upplýsingar,“ sagði Wil.



Soffía gekk út af snyrtingunni ofsalega spennt á svipinn.

„Allt í lagi,“ sagði Wil. „Ég vissi það. Láttu vaða. Hvaða rosalega slúður heyrðirðu þarna inni?“

„Það er ekki svo mikið hvað ég heyrði, heldur hvað ég sá,“ sagði Soffía. „Ég veit að þú trúir þessu ekki, en þegar ég var þarna inni þá var Alba O – konan sem þú sást í Höll Purpuraprýðinnar, konan sem við höldum að við hefðum séð í gömlu ritstofunni, konan sem á að vera alþjóðlegur hryðjuverkamaður – hún var þarna inni.“

„Þetta er of mikil tilviljun,“ sagði Wil. „Hún hlýtur að vera að elta okkur.“

„Í gegnum tíma og rúm?“ spurði Soffía. „Jæja, hvað um það, en hún var að tala við Moira Castanada.“

„Um hvað,“ spurði Wil.

„Eitthvað meira í sambandi við öryggi og kristalskúlur,“ svaraði Soffía.

„Hvað gerðist svo?“ spurði Wil.

„Ekkert,“ Soffía yppti öxlum. „Þær fóru báðar.“

„Hvert fóru þær?“ spurði Wil.

„Hver og hvað og hvert og hvenær?“ grínaðist Soffía.

„Verst að Phinneas og Beatriz eru ekki hérna,“ sagði Wil, þar sem þau töltu aftur til baka eftir ganginum og gægðust inn um dyrnar. „Sérðu þær einhvers staðar?“ spurði hann vongóður.

„Nei,“ sagði Soffía. „Og Sigmundur Sveinsson er enn að þusa um öryggi. Kannski fóru þær einhverja aðra leið.“

Wil fann hárin rísa á höfðinu á sér þar sem þau gengu aftur niður ganginn. Þetta var sama tilfinning og hann fékk alltaf þegar hann var eitthvað að laumupúkast. „Allt þetta tal um öryggi gerir mig óöruggan,“ sagði hann.

„Sérstaklega þegar takkinn virkar ekki alltaf,“ sagði Soffía. „Ekki allt er fullkomið hjá Fullkominni framleiðslu.“

Þau komu að enda gangsins og Soffía gægðist í gegnum glugga á hurðinni. Næstum um leið beygði hún sig niður.

„Beygðu þig,“ hvæsti hún.

„Af hverju?“ spurði Wil.

„Þær eru þarna beint fyrir innan,“ sagði Soffía. „Hinum megin við dyrnar.“

„Við ættum þá að geta heyrt í þeim,“ sagði Wil. Hann lagði eyrað upp að hurðinni og það sama gerði Soffía en hvorugt þeirra heyrði nokkuð.

„Þetta hlýtur að vera þykk hurð,“ muldraði Soffía.

„Fullkomin hurð!“ sagði Wil. „Farðu aðeins frá.“

Soffía horfði á Wil taka í snerilinn og mjög hægt og varlega opna örlitla, næstum ósýnilega rifu á dyrnar.

„Heyrirðu eitthvað núna?“ hvíslaði hann.

Soffía hallaði sér að rifunni og kinkaði svo kolli.

Wil dauðlangaði að heyra það sem sagt var en varð að láta sér nægja að horfa á gleraugu Soffíu breyta um lit. Grænn varð að gulum með fjólubláum yrjum. Eldrauður. Síðan urðu gleraugun dekkri, eins og þau væru að bráðna.

Soffía rétti skyndilega úr sér. „Þær eru á leiðinni. Drífum okkur inn á snyrtingarnar!“

Wil lét hurðina lokast eins hægt og hann gat. Síðan sneri hann sér við og hljóp. Hann stakk sér inn á karlasnyrtinguna. Hvað ef Alba O hafði sér þau? Þætti henni það ekki grunsamlegt? Hvað ef hún aðvaraði öryggissveit Fullkominnar framleiðslu og þau Soffía og Fjóla frænka yrðu rekin í burtu? Fjóla frænka yrði miður sín. Þau yrðu send heim með skömm. Wil leið sífellt verr með hverri sekúndunni sem leið. Loks heyrði hann að bankað var létt á dyrnar.

„Wil, ertu þarna?“ . Þetta var rödd Soffíu.

Wil opnaði rifu á dyrnar til að fullvissa sig um að þetta væri bara Soffía. „Sáu þær okkur?“

„Það held ég ekki,“ sagði Soffía. „Ég hélt að ég fengi áfall.“

„Ég líka,“ sagði Wil. „Ég hef aldrei hlaupið svona hratt á ævi minni. Að hverju komstu?“

„Ég held að þær séu að plana eitthvað saman,“ sagði Soffía.

„Eins og hvað?“

„Ég heyrði ekki allt og Alba O talaði líka einhverja útlensku. Málið hljómaði ekki eins og íslenska og þær skiptu yfir í ensku að hluta. Þær voru að tala um tveggja brauta sendingu í gegnum kristalskúlurnar. Eitthvað í sambandi við kristalskúlurnar sem þjóna valdamiklu viðskiptavinunum, eða svo sagði Moira Castanada.

„Ég heyrði hana nefna forseta og ráðherra og forstjóra. Þetta hljómar eins og þær ætli að vinna skemmdarverk á kúlunum til þess að nálgast persónulegar upplýsingar.

„Þannig að einhver gæti heyrt það sem við erum að tala um í gegnum kristalskúluna?“

„Kannski,“ sagði Soffía.

„Þetta er mjög alvarlegt,“ sagði Wil. „Og ef Alba O er í þessu þá hlýtur Snákakeðjan að standa á bak við þetta allt saman. Friðhelgi einkalífsins væri á bak og burt. Mundu eftir skýrslunni sem við sáum, þessari sem var trúnaðarmál. Skýrslan hlýtur að hafa verið um þetta mál.“

„Heldurðu að Fullkomin framleiðsla sé með í þessu?“ spurði Soffía.

„Já, en þeir eru alltaf að þvæla endalaust um öryggi,“ sagði Wil.

„Ég treysti ekki Moira Castanada,“ sagði Soffía. „Það er eitthvað skrytið við hana og þá á ég ekki bara við að hún sé snobbuð, því það er hún klárlega, heldur það er eins og hún sé að reyna of mikið. Hún virðist vera frekar örvæntingarfull.“

„Þú myndir nú líka þurfa að reyna mikið á þig ef þú ætlaðir að vera meðal bestu sölufulltrúanna,“ sagði Wil.

„Já, en hún er svona manneskja sem myndi nota alla til að komast á toppinn og þegar hún hefur ekki lengur þörf fyrir þig þá kastar hún þér í burtu eins og ónýtri tusku.“

„Svo þú heldur að þær tvær séu eitthvað að plotta saman?“

„Þetta er hin fullkomna áætlun, ekki satt?“ sagði Soffía. „Komast inn hjá Fullkominni framleiðslu, breyta kristalskúlunum einhvern veginn svo þær sendi trúnaðarupplýsingar og hjálpa þannig Snákakeðjunni —“

„— að öðlast meiri völd,“ botnaði Wil einfaldlega. „En mundu að völvan sagði að hlutirnir væru ekki alltaf eins og við höldum að þeir væru.“

„En þetta er algjörlega frábær áætlun,“ sagði Soffía. „Og það vill svo til að Alba O er þar sem við erum og þar sem svarta medalían er og við vitum að hún er hluti af Snákakeðjunni. Og ef Moira Castanada er eins metnaðargjörn og við höldum, þá mun hún örugglega gera allt sem hún getur til að komast á toppinn.“

Dyrnar að salnum opnuðust skyndilega og Fjóla frænka gæðdist fram. „Parna eruð þið tvö. Ég hef verið að leita úti um allt að ykkur. Hvað í snákanafni eruð þið að gera hér frammi?“

„Við fórum á klósettið,“ sagði Soffía.

„Jæja, en hádegismaturinn er að byrja. Ég get ekki beðið eftir því að prófa smá rabbarbaraböku með marenstoppi. En fyrst hreindýrabakan. Það er víst frægur íslenskur réttur.“



Wil og Soffía horfðu grunsemdaraugum á Moira Castanada. Hún var að tala við eiginkonu eins af evrópsku sölufulltrúunum og virtist vera að hlusta af mikilli ákefð á það sem konan var að segja. Það eina sem Wil hugsaði um var að vesalings konan væri óafvitandi að segja Moira viðkvæmar upplýsingar sem væri hægt að nota gegn Fullkominni framleiðslu. Soffía hlýtur að hafa verið að hugsa það sama því hún horfði reiðilega í átt að Moira.

Jafnvel þótt hann væri svangur, gat Wil ekki borðað það sem hann hafði sett á diskinn sinn. Hann starði fúll á fiskibollurnar, rúgbrauðið með ostinum, vínberin og þykku bananabrauðsneiðina. Hann hafði meira að segja sett smá bita af hreindýraböku á diskinn. Hugsanir hans voru allar á ferð og flugi. Soffía virtist heldur ekki hafa lyst á matnum sínum.

Sem betur fer sat Fjóla frænka hjá öðru fólki og tók ekki eftir því að þau borðuðu varla neitt.


Ef það sem þau höfðu rökrætt um var rétt þá var Fullkomin framleiðsla í vandræðum, réttara sagt miklum vandræðum, svo ekki sé minnst á allt fólkið sem myndi þjást ef áætlun Snákakeðjunnar næði fram að ganga. En hvernig var hægt að bjarga þessu?

„Við verðum að segja einhverjum frá þessu,“ hvíslaði Wil.

„En hverjum?“ spurði Soffía. „Ef við segjum Fjólu frænku frá þessu, þá heldur hún bara að brennisteinsgufurnar hafi eitruð huga okkar.“

„Við læðumst í burtu þegar við förum í ferðina um verksmiðjuna,“ sagði Wil. „Við komumst að því hvar skrifstofa Sigmundar Sveinssonar er og segjum honum frá því sem við vitum. Hann er yfir öryggismálunum. Það er bara rökrétt að láta hann vita af þessu.“

Aldrei þessu vant mótmælti Soffía ekki. Það var greinilegt að hugmyndin hans var góð. Honum var létt að vera kominn með áætlun og tók nokkra bita af rúgbrauðinu. Það var gómsætt. Hreindýrabakan var næst á dagskrá. Kjötið var seigt og það var ... villibragð, það var eina orðið sem honum datt í hug ... af því. Það var næstum því að við það að borða hreindýraböku þá væri hann að borða allt sem hreindýrið hefði étið – alls konar ber, jurtir, mosa og grös.



KAFLI XXXIII INNAN HINS FULLKOMNA

*QUAESTIONEM EVERTERE CONATUS ES?
FORTASSE INVENIAS ALTERAM VIAM.*

HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMANN REYNT AÐ SNÚA VANDAMÁLINU Á HVOLF?
KANNSKI KEMSTU AÐ NÝRRI LAUSN.

Full af ánægju yfir góðum hádegisverði og góðri áætlun, það er að finna Sigmund Sveinsson og segja honum frá áætluninni um það að vinna skemmdarverk á kristalskúlum Fullkominnar framleiðslu, tóku Wil og Soffía sér stöðu með hinum í anddyri verksmiðjunnar.

Framleiðslustjórinn var að láta alla fá appelsínugular heyrnarhlífar. „Við munum horfa á framleiðsluferlið úr útsýnisherbergjum okkar. Hafið heyrnarhlífarnar hjá ykkur. Við munum þurfa að nota þær þegar við förum niður á verksmiðjugólfið. Vélarnar sem brjóta og mylja grjótið eru mjög háværar, einnig þússningavélarnar okkar.“

„Þegar þau fara niður á verksmiðjugólfið –“ hvíslaði Wil að Soffíu.

„– reynum við að laumast í burtu,“ sagði Soffía.

„Við hjá Fullkominni framleiðslu erum svo glöð yfir að þið skylduð koma og heimsækja verksmiðju okkar,“ hélt framleiðslustjórinn áfram. „Þegar þið hafið séð það sem við erum að gera hér, þá munið þið hafa kristalstæra hugmynd um af hverju vörurnar okkar eru svona eftirsóttar um allan heim.“

„Jæja, áður en við förum inn í verksmiðjuna þá ættuð þið að vita að við framleiðum tvenns konar kristalskúlur hér hjá Fullkominni framleiðslu. Annars vegar eru það kristalskúlur sem eru búnar til úr muldum kvartskristal. Náttúrulegur glær kvartskristall inniheldur ótrúlega orku. Hún magnast með öllu litrófinu sem til er. Hins vegar framleiðum við kristalskúlur úr hrafntinnu en það er hraun sem hefur kólnað mjög snögg. Margir Íslendingar telja að moli af hrafntinnu geti verndað heimili þeirra gegn eldsvoða. Rannsóknir okkar hér innanhúss hafa sýnt fram á það að endurkast íslenskrar hrafntinnu á sér ekki hliðstæðu. Myndirnar sem maður sér í huga sér, eftir að hafa horft í þessar kristalskúlur, eru bæði lifandi og máttugar.“

„Hrafntinna – BUZZkkúlan þín, Fjóla frænka, er búin til úr henni,“ hvíslaði Soffía.

Fjóla frænka tók utan um Soffíu og brosti.

Framleiðslustjórinn smalaði hópnum áfram í gegnum mismunandi útsýnisherbergi. Fram hjá hreinsunar- og flokkunarstöðinni þar sem starfsfólkið var íklætt miklum hlífðargalla, þar á meðal þykkum hönskum og gleraugum til að vernda augun gegn glerbrotunum. Næst fram hjá mulningarvélinni þar sem risastór vél muldi grjótið niður í fínt duft. Síðan áfram þar sem unnið var með eldheitt, bráðið gler. Það var augljóst að Fjóla frænka naut hvernar mínútu ferðarinnar.

Þegar þau voru komin að lokum framleiðsluferlisins þar sem gæðaeftirlitsmenn skoðuðu kristalskúlurnar áður en þeim var pakkað, var Wil kominn með hnút í magann af spennu. Bráðum myndu allir setja heyrnarhlífarnar á sig og fara út á verksmiðjugólfið.

Áætlunin þeirra sem hafði virst svo einföld og gerleg var nú að verða einhvern veginn svo ómöguleg. Þetta var virkilega stórt svæði og hvernig áttu þau að finna skrifstofu Sigmundar Sveinssonar og hvað ef þau myndu skrifstofuna en hann væri ekki staddur þar. Þau myndu örugglega hvort eð er ekki komast langt því það væri svo augljóst að þau ættu ekkert að vera að ráfa um staðinn, tveir krakkar án eftirlits. Sýninni af skömm og niðurlægingu Fjólu frænku laust aftur niður í huga Wils. En ef Fullkomin framleiðsla ákveddi að skipa þeim að fara strax þá væru þau að minnsta kosti búnar að skoða verksmiðjuna og það hafði allan tímann verið æðsti draumur Fjólu frænku. En hann hlakkaði virkilega til að fara á Galdrasafnið á morgun og tilhugsunin um að hafa komist svona langt og missa svo af því var skelfileg. Allt þetta fór í gegnum huga Wils á örskotsstundu.

Hann velti því fyrir sér hvort Soffía væri líka farin að efast. Hún virtist svo alvarleg að hann var alveg tilbúinn að hætta við áætlunina. Setja appelsínugulu heyrnarhlífarnar á sig eins og allir hinir og fylgja hjörðinni.

Hverjum var svo sem ekki sama um hvort verið væri að vinna skemmdarverk á fullkominni framleiðslu Fullkominnar framleiðslu. Þeir áttu bara sjálfir að sjá um sín öryggismál. Það var alls ekki þeirra Soffíu mál að redda þessu. Og Snákakeðjan? Snákakeðjan virtist vera með fingur sína, eða réttara sagt keðju sína, úti um allt. Í hvert sinn sem hann sneri sér við þá virtist eitthvað skuggalegt vera í gangi. Allt frá Miðgarði til Íslands, og örugglega lengra. Þetta var of stórt, of ómögulegt, of mikið.

Ósjálfrátt setti hann appelsínugulu heyrnarhlífarnar á sig en sá þá hvernig Soffía horfði á hann. Hún hnykkti höfðinu í átt að bakdyrum útsýnisherbergisins.

„Hvað ertu að gera?“ hvíslaði hún. „Ætluðum við ekki að laumast héðan út núna?“

„Ég, ég ...“ muldraði hann.

„Ef þú ert eitthvað farinn að efast þá skaltu ekki hafa áhyggjur því ég er með áætlun,“ hvíslaði Soffía.

Wil rann kalt vatn milli skinns og hörunds við allar hugsanirnar um allt það sem gæti farið úrskeiðis, en Soffía virtist hafa stjórn á öllu. Hún leit snögg í kringum sig þar sem allir voru skylduræknir á leið út um dyrnar, út á aðalverksmiðjugólfið. „Komdu,“ sagði hún og þau skutust út um bakdyrnar á herberginu.

„Hvað er að?“ spurði Soffía, þar sem þau voru í hnipri.

„Ég fór að hugsa um að þetta skipti engu máli,“ sagði Wil, „hvernig ég vil ekki að okkur verði hent út úr ferðinni, hversu niðurlægjandi það væri fyrir Fjólu frænku ef við næðumst ...“

„Þú ert að grínast, ekki satt?“ sagði Soffía og tók í handlegginn á honum. „Hver mun annar gera þetta ef ekki við? Við getum ekki látið Snákakeðjuna eyðileggja kristalskúlurnar. Það hefði hræðilegar afleiðingar. Wil, komdu nú.“

Wil hristi höfuðið til að skerpa hugann. „Þú hefur rétt fyrir þér,“ sagði hann. „Ég var bara í ruglinu í smá stund.“

„Allt í lagi, hér er það sem við ætlum að gera,“ sagði Soffía. „Við verðum að fara í toppinn. Það er alltaf sagt.“

„Þú átt við að við eigum að tala við forstjóran?“

„Já,“ sagði Soffía ákveðin.

„Við erum sem sagt að leita að forstjóranum núna,“ sagði Wil og var ekki viss um að hann treysti sér í allt þetta.

„Hann eða hún er með stærstu skrifstofuna og þar verður örugglega ritari sem við þurfum að komast fram hjá. En það er best að fara beint í toppinn. Ég sá lista yfir allt fólkið, sem vinnur hér, í móttökunni. Við getum komist að því hvar skrifstofa forstjórans er og farið beint þangað.“

Þar sem erfitt var að mótmæla rökum Soffíu samþykkti Wil áætlunina. Þau læddust til baka í gegnum öll útsýnisherbergin og pössuðu að beygja sig. Og eins og Soffía hafði sagt þá var listi yfir alla sem unnu í verksmiðjunni við afgreiðsluborðið í móttökunni.

„Það er nú ekki mikið öryggi hér ef þau láta svona lista hanga þar sem allir geta séð þá,“ sagði Wil þar sem hann renndi hratt yfir listann. „Hér er það. Forstjórinn er á annarri hæð – Halldór ... Halldór Sigfússon heitir hann.“

„Gott,“ svaraði Soffía. „Þau hljóta að leggja svo mikla áherslu á að halda verksmiðjunni leyndri og óaðgengilegri utanaðkomandi aðilum, að þegar þú ert kominn inn, ja, þá ertu bara kominn alla leið inn. Drífum okkur.“

Sem betur fer rákust þau ekki á neinn. Í raun og veru virtist byggingin nánast mannlau. Þau töltu eftir vel bónuðum gólfunum að málmhringstiganum sem lá upp á aðra hæð. Þegar upp stigann var komið, komu þau inn í setustofu þar sem allt var fullt af þægilegum sætum og ávölum borðum. Á öðrum hliðarveggnum voru gluggar eftir endilöngu. Þaðan var fullkomið útsýni yfir fjöllin í kring. Engin tré, ekkert gras nokkurs staðar. Marga kílómetra, eins langt og augað eygði, stigu gufubólstrar upp af rauðri moldinni. Á víð og dreif voru stórir klettar eins og risar hefðu fleygt þeim þangað og svo gleymt þeim.

„Parna er hún,“ sagði Soffía sigrihrósandi, og benti yfir setustofuna, að hurð þar sem á stóð: Skrifstofa forstjóra.

„Þetta var auðvelt,“ sagði Wil.

„Ég sagði þér að þetta væri góð hugmynd,“ sagði Soffía.

Þau héldu af stað yfir setustofuna en snarbrá þegar þau heyrðu raddir sem nálguðust upp stigann. Þar sem þau fundu engan annan felustað, fleygðu þau sér óséð bak við einn sófann upp við einn gluggann.

„Ef einhver finnur okkur hér þá munu þau spyrja hvað við séum að gera,“ hvíslaði Soffía.

„Og fara örugglega með okkur niður til Fjólu frænku,“ sagði Wil, „og við fáum ekki tækifæri til að tala við forstjórann.“

Raddirnar bárust nær. Það heyrðist klingur í glösum, ísmolar skullu saman, tappi var tekinn af einhverju og svo heyrðist hvæs í kolsýru.

Wil bleytti varirnar. Hann var mjög þyrstur.

Raddirnar bárust enn nær og einhver settist í sófann. Bakið á sófanum lagðist aftur og þrýsti á öxl Wil. Hann var alveg klemmdur upp við vegginn. Hann leit örvæntingarfullur á Soffíu en hún lagði fingur að vörum í viðvörunarskyni.

„Það sem ég skil bara ekki er hvernig keppinautarnir virðast vita hvað við ætlum að gera, jafnvel áður en við vitum það sjálf,“ sagði kona nefmæltri röddu.

„Það hlýtur að vera einhver innanbúðarmaður,“ sagði önnur kona, hárrí og hvassrí röddu.

„Já, en við skrifuðum öll undir trúnaðarklausuna í samningnum,“ sagði fyrri konan hálfhlæjandi.

„Þú veist að fólk gerir allt fyrir rétt verð,“ sagði seinni konan. „Jafnvel þú, mín kæra Sif.“

Fyrri konan hló þvinguðum hlátri. „Við munum tala við alla, einn á eftir öðrum. Við skulum láta þau halda að það sé verið að taka viðtal við þau vegna væntanlegrar stöðuhækkunar og við svælum refinn út og drepum hann.“

Augu Soffíu voru uppglennt.

„Eða refina, það getur vel verið að um fleiri en einn sé að ræða,“ sagði seinni konan.

„Já, ég hafði ekki hugsað út í það,“ sagði fyrri konan.

„Skál fyrir því að svæla út refina!“

Glösum var klingt og konurnar tvær stóðu upp og gengu aftur að stiganum.

Wil dró djúpt andann. „Ég er þakklátur fyrir að ég skuli ekki vera refur,“ hvíslaði hann. Hann gægðist fram fyrir sófann. „Ég held að þær séu farnar,“ hvíslaði hann.

Þau þutu yfir setustofuna að dyrunum að skrifstofu forstjórans.

Ritarinn við skrifborðið leit á þau og augu hennar stækkuðu. Áður en hún gat sagt nokkuð, sagði Soffía: „Halló, við myndum gjarnan vilja tala við forstjórann, ef þú vildir vera svo væn.“

Með tilþrífum kíkti ritarinn í dagbók sem lá á borðinu. „Ég held að þið eigið ekki bókaðan tíma,“ sagði hún, „börn eru yfirleitt ekki hér í verksmiðjunni.“

„Við erum í sýnisferð Fullkominnar framleiðslu,“ sagði Wil.

„Og skrifstofa forstjórans er yfirleitt ekki hluti af sýnisferðum okkar,“ sagði ritarinn. „Ég er hrædd um að forstjórinn geti ekki hitt ykkur núna, börnin góð.“ Hún lokaði dagbókinni eins og málinu væri þar með lokið.

„Já, en við verðum að hitta hann,“ sagði Soffía og andlit hennar varð sífellt rauðara í samræmi við gleraugun hennar. „Við erum með mikilvægar upplýsingar í sambandi við kristalskúlur ykkar.“

„Þið getið sagt mér þessar upplýsingar, börnin góð, og ég mun segja honum þær.“

„Nei, við verðum að hitta hann í eigin persónu,“ sagði Wil þrjóskur.

„Næsta kynslóð viðskiptavina okkar,“ sagði rödd fyrir aftan þau.

Soffía og Wil sneru sér við og sáu þar háan, vinalegan mann. Hann var í jakkafötum og velbónuðu skórnir hans minntu Soffíu á hrafntinnu.

„Herra, fyrirgefðu truflunina,“ sagði ritarinn. „Ég var að reyna að segja krökkunum að þú værir vant við látinn.“

„Ég held að ég geri undanþágu fyrir þessa unglínga,“ sagði forstjórinn. „Komið þið sæl og blessuð. Komið endilega inn á skrifstofuna mína.“

Eftir að þau höfðu kynnt sig, sögðu Wil og Soffía óðamála frá öllu því sem þau höfðu heyrt og frá öllu því sem þau grunaði.

Forstjórinn hlustaði einbeittur og horfði á þau allan tímann.

„Við höldum að það sé mögulegt að Moira Castaneda og kannski fleiri úr hópnum séu að vinna með leynilegum samtökum,“ sagði Wil. „Þetta er hópur illskeytts fólks og vitað er að þau hafa drepið fólk hér á árum áður. Og þau myndu ekki hika við að drepa aftur ef einhver kæmi í veg fyrir áætlun þeirra,“ sagði Wil.

„Auðvitað getum við ekki verið viss,“ sagði Soffía. „Það er bara það að við heyrðum grunsamlegar samræður og okkur fannst bara að þú ættir að vita af þessu. Og ef Fjóla frænka fréttir að við höfum farið til að tala við þig fær hún alveg kast. Hún er núna niðri í sýnisferðinni með öllum hinum. Hún er alltaf að segja okkur að vera ekki alltaf að fara eitthvert, en okkur fannst mikilvægt að segja þér þetta.“

„Þið hafið gert það eina rétta í stöðunni,“ sagði forstjórinn eftir að hann hafði hlustað á allt sem þau höfðu að segja, „þótt frænka ykkar hafi alveg rétt fyrir sér. Ég legg til að þið sameinist hinum á neðri hæðinni og ég skal skoða málið. Þar sem er reykur, þar er yfirleitt eldur og Ísland er svo sannarlega land elds.“ Hann hristi höfuðið og sagði í lægri tón, meira við sjálfan sig en þau: „Ég virðist verja drjúgum hluta tímans í að slökkva elda.“

„Og,“ sagði Soffía og hikaði. „Það er eitt í viðbót,“ sagði hún.

„Eitt í viðbót?“ sagði forstjórinn í spurnartón. „Hversu margar klukkustundir hafið þið verið hér því þið virðist þekkja reksturinn betur en ég!“

„Við heyrðum samræður í setustofunni,“ sagði Wil.

„Og hvernig fóruð þið að því?“ spruði hann undrandi á svip.

„Við vorum á gólfinu fyrir aftan sófann þarna,“ sagði Soffía.

Þegar þau sögðu honum að upplýsingum um framleiðslu Fullkominnar framleiðslu væri víst lekið urðu augu hans dökk. „Vitið þið hverjir voru að ræða saman?“

„Þær voru báðar konur,“ sagði Soffía.

„Önnur hét nafni sem hljómaði eins og sef, held ég,“ sagði Wil.

Forstjórinn andvarpaði. „Enn einn eldurinn.“ Síðan varð hann léttari á svipinn og spurði: „Viljið þið fá súkkulaði? Íslenskt súkkulaði. Það er dálítið ólíkt því sem þið hafið í Kanada. Rjómasúkkulaði með karamellu eða lakkrís. Það er mjög góð, dálítið klístruð, samsetning. Fullkomið með kaldri mjólk.“

Eftir að hafa rætt aðeins saman um mjólk og súkkulaði, fylgdi hann þeim að dyrunum. „Ég skal skoða það sem þið hafið sagt mér. Verið þið blessuð og sæl og þakka ykkur fyrir komuna. Þakka ykkur fyrir að koma til mín. Þið eruð svo sannarlega frábærir spæjarar. Kannski væri best ef ég myndi fylgja ykkur sjálfur niður!“

„Hvað heldurðu að hann eigi við þegar hann segist alltaf vera að slökkva elda?“ hvíslaði Soffía, þar sem þau töltu aftur niður stigann. „Hann getur varla alltaf bókstaflega verið að slökkva elda. Skórnir hans eru alltof gljáandi.“

„Ég held að hann eigi við að hann sé alltaf að fást við einhver mál sem liggur á að leysa svo allt gangi eins og smurt,“ hvíslaði Wil til baka.


„Mér líkar vel við hann,“ trúði Soffía Wil fyrir. „Og mér fannst teikningin á veggnum hans virkilega flott.“

„Hvaða teikning?“ spurði Wil.

„Teikningin þar sem hausarnir voru bæði að ofan og neðan. Þú veist, öðrum megin brostu allir hausarnir og hinum megin voru þeir allir fúlir á svip.“

Wil virtist ekkert skilja.

„Þú hefur átt að sjá það. Þetta var flókin teikning, virkilega flott,“ sagði Soffía. „Ég skal teikna hana fyrir þig,“ lofaði hún.





KAFLI XXXIV SKRÝTIÐ OG SKRÝTNARA

*HOC AUTEM DICO ITERUM, CAVE QUOD PETIS.
RES IPSA FLAT VERUM.*

GÆTTU AÐ HVERS ÞÚ ÓSKAR ÞÉR.
ÞAÐ GÆTI RÆST.

Sjötti dagurinn, næstsíðasti dagur ferðarinnar, var svo bjartur og sólríkur að það skar í augun. „Ég mun svo sannarlega sakna morgunverðarins á Hótel Galdri!“ sagði Fjóla frænka, þegar þau voru aftur komin upp í herbergin sín. „Fullkomin framleiðsla hefur svo sannarlega farið alla leið, finnst ykkur það ekki?“ lýsti hún yfir þar sem hún var að hneppa hnöppunum á peysunni sinni. „Og þetta nammi er svo gott!“ Hún stakk öðrum mola upp í sig. „Súkkulaði og lakkrís og karamella ... skrýtin samsetning en svo gómsæt. Það var fallett af þeim að gefa okkur heilan kassa. Það var farið með okkur eins og kóngafólk þarna í ferðinni. Ímyndið ykkur að forstjórinn sjálfur skyldi koma niður og heilsa okkur með handabandi. Það var svo sannarlega óvænt tækifæri.“

Wil og Soffía sögðu ekkert, horfðu bara hvort á annað og fengu sér svo tvo klístraða mola í viðbót.

„Það eru enn nokkrar mínútur til stefnu,“ sagði Fjóla frænka, og dró fram ferðaáætlun dagsins. „Látum okkur nú sjá hvað þarna stendur.“ Hún byrjaði að lesa með leikrænum tilþrifum:

Galdrasafn Íslands, eitt óvenjulegasta og mest heillandi safn á Íslandi, er á Ströndum á Vestfjörðum, þaðan sem sagnir um seiðkynngi og galdra eru upprunnar.

„Ég myndi nú segja að Reðasafnið væri klárlega óvenjulegasta safnið,“ greip Wil fram í fyrir henni.

Fjóla frænka lét hann ekki trufla sig og las áfram:

Kynnist því hvernig Íslendingar reyndu um aldir að verja sig gegn óboðnum draugum, hefndarþorsta óvina, óvæntum óveðrum og annarri óáran. Sjáid hvernig stjórnmal, fátækt og galdrar blönduðust saman fyrr á öldum svo úr varð galdrafár á þessum afskekktasta og fjarlægasta stað landsins. Sérstakur bónus verður heimsókn í kofa seiðskrattans. En sparið orkuna fyrir óvininn því þetta verður óvænt ánægja!

„Hvert ætli við förum í kvöld,“ velti Fjóla frænka fyrir sér og raulaði ánægð fyrir munni sér.

„Þarna stendur ekkert um hærðu fótleggina sem við sáum á myndinni í bókasafnsbókinni heima,“ hvíslaði Wil.

„Ég vona að þeir séu enn þarna,“ sagði Soffía spennt.

„Hvað varstu að segja, elska?“ spurði Fjóla frænka.

„Ég var að velta því fyrir mér hvað myndi gerast í dag,“ sagði Soffía. Gleraugun hennar glitruðu eins og demantar. „Er ekki alltaf sagt að maður eigi að skilja það besta eftir þar til síðast?“

Fjóla frænka leit dálítið kvíðin á takkann. „Ég vona að hann virki,“ sagði hún og tók svörtu fjöðrina, sem var takki dagsins, upp af borðinu í setustofunni.



Fjóla frænka, Wil og Soffía sameinuðust þeim sem þegar voru komin fyrir framan langa, svarta byggingu, sem minnti Wil dálítið á hlöðu. Tveir hrafnar tylltu sér á þakið, ýfðu fjaðrir sínar og gáfu frá sér dimmt garg þar sem þeir horfðu á alla koma.

Fjóla frænka andvarpaði fegin og setti nokkur laus hár á sinn stað. „Þetta var bara auðvelt,“ sagði hún. „Svona eins og að fljóta á fjöður ... liprasti takkinn hingað til.“

Grímur bauð alla velkomna til Galdrasafnsins. „Þetta er eitt fyrsta safnið í heiminum sem hefur helgað sig rannsóknum á sögu fjölkynngi og galdurs. Eins og þið vitið þá ætluðum við einnig að heimsækja kofa seiðskrattans. Það er sértakur hluti safnsins, torfkofi þar sem við höfum endurgert lífið eins og það var á Íslandi fyrir nokkur hundruð árum. Því miður er það lokað vegna viðgerða. Í gær voru unnin skemmdarverk á kofanum og verður hann því ekki opnaður næstu vikuna eða svo.“

Þegar hann sá hvað allir urðu vonsviknir, rétti hann höndina afsakandi upp. „Þið verðið bara að heimsækja hann þegar þið komið aftur til Íslands.“

Safnið var fullt af skrýtnum hlutum. Þarna var hettuklædd beinagrind að koma upp úr steingólfinu, lítil sjávarmús sem var víst þarna til að finna verðmæti fyrir eiganda sinn. Soffíu til mikillar ánægju var þarna einnig lítil bók, ekki ólík þeirri sem þau höfðu séð í fyrstu ferðinni í Þjóðmenningarhúsið. Þetta var svokölluð galdrabók. Blaðsíðurnar voru skítugar og blettóttar, alls konar galdrarúnir og skrýtin orð páruð á þær með bleki.

„Ég verð bara að segja það, en mér finnast sumar galdrabúturnar mjög nákvæmar og frekar sérkennilegar,“ lýsti Fjóla frænka yfir. „Hver í snáks nafni, myndi geyma veiðihár af vinstri vanga hagamúsar í búrinu sínu? En þetta er allt saman virkilega heillandi. Á Íslandi átti flest allt það fólk, sem var sakað um galdur, eignir eða auð sem aðrir ágirntust. Og á meðan Evrópubúar ásökuðu aðallega konur um galdur þá ásökuðu Íslendingar aðallega karlmenn.“

„Nema konan sem við sáum á Sögusýningunni,“ sagði Wil.

„Munið þið hvernig þeir voru búnir að binda hana og ætluðu að fara að brenna hana?“ sagði Soffía.

„Það var hryllilegt,“ sagði Fjóla frænka andstutt. „Hún var örugglega saklaus.“ Hún setti stút á varirnar. „Þeir drápu svo marga sem voru ekki eins og við og fyrir rangar sakir. Yfirvöldum tókst í raun ekki að handsama svo marga af okkur. Við vorum of

vön því að halda okkur í skuggunum, þar sem aðrir gátu ekki séð okkur. Það sem þeir gátu hvorki séð né fundið, gátu þeir heldur ekki stjórnað eða ofsótt.“

„Þess vegna syngjum við Umbris nos dedamus – Varðveittu okkur í skuggunum í Gruffudskólanum, er það ekki?“ sagði Soffía.

„Jú,“ svaraði Fjóla frænka. „Þeir sem lifðu og unnu í báðum heimunum þjáðust að ósekju. Þeir höfðu það erfiðara, sérstaklega ef þeir voru giftir einhverjum utanaðkomandi.“

Fjóla frænka sneri sér að öðrum sölufulltrúa og byrjaði að ræða við hann um möguleika þess að stofna annað safn aðeins norðar, nærri staðnum þar sem mennirnir þrír, sem höfðu verið ákærðir fyrir galdur, voru teknir af lífi fyrir mörg hundruð árum. Einmitt þá sá Soffía þá.

„Wil,“ hvíslaði Soffía, „þeir eru þarna.“

„Fótleggirnir?“ spurði Wil spenntur.

„Já, fótleggirnir,“ sagði Soffía.

Þarna voru þeir, innan í stórum glerkassa sem festur var á vegg. Röku, hangandi fótleggirnir sem voru ekki áfastir neinum líkama. Fótleggir með fótum og tánöglum.

„Það er svakalega mikið hár á þeim,“ sagði Soffía.

Wil kyngdi. „Og raunverulegir. Minna mig á Reðasafnið,“ sagði hann.

„Hvaðan heldurðu að safnið hafi fengið þá?“ spurði Soffía. „Þeir hafa varla farið að skera fótleggina af einhverjum manni, er það nokkuð?“

„Það held ég ekki,“ sagði Wil öruggur, og hugsaði að eftir allt sem þau hefðu séð á Íslandi þá væri ekkert ómögulegt.

„Þeir eru örugglega bara plat,“ sagði Soffía. „Einhver hefur búið þá til fyrir safnið.“

„Já,“ sagði Wil. „Þeir eru örugglega búnir til úr sama efni og notað var á Sögusýningunni. Ég man ekki hvað það heitir.“

„Silikon,“ sagði Soffía.

Samkvæmt skiltinu voru nábrækurnar, eins og þær nefndust, eitt af því erfiðasta sem hægt var að útvega samkvæmt þjóðsögum.

Nábrækur voru notaðar til að galdra til sín peninga. Galdramaður gerir samning við lifandi mann og fær leyfi hans til að grafa hann upp að honum látnum og flá

líkið frá mitti og niður úr. Það mega ekki vera nein göt eða rifur á skinninu. Galdramaðurinn getur þá farið í skinnið, sem þá sameinast hans eigin skinni. Peningur, sem hefur verið stolið frá fátækri ekkju á jóladag, er settur í skinnið. Nábrækur eiga að gera eiganda þeirra auðugan.

Til þess að galdramaðurinn hljóti ekki þau hryllilegu örlög að líkami hans verði allur lúsugur þegar hann deyr, verður hann að gefa nábrækurnar áfram til einhvers annars áður en hann deyr. Einhver verður að vera viljugur til að stíga með hægri fótlegg í nábrækurnar um leið og galdramaðurinn stígur úr vinstri fótleggnum. Á þennan hátt geta nábrækurnar auðgað fólk kynslóðum saman.

Wil og Soffía gutu augunum á nábrækurnar án þess að segja orð. Loks rauf Wil þögnina. „Jæja, þetta útskýrir allt.“



Aftast á annarri hæð Galdrasafnsins var samskonar bóarskreyting og sú sem var í Sögusýningunni. Trékofi hýsti hettuklædda figúru í fötum úr grófu efni. Hún sat við lítið bord. Samkvæmt skiltinu var þetta galdramaðurinn sjálfur. Hann var að skrifa eitthvað á lítinn bút úr pergamenti. Svo furðulega vildi til að það var tölva við hliðina á honum.

„Hvað ef hann lifnaði við og sæi tölvuna?“ sagði Wil. Hann snerti hönd gínunnar til að finna úr hvaða efni hún væri. Höndin var hörð, ekki mjúk eins og hjá styttnum í Sögusafninu.

„Hann myndi ekki vita hvað hann ætti að gera við hana,“ sagði Soffía eins og það væri augljóst mál. „Og ímyndaðu þér hver viðbrögð hans yrðu ef hann uppgötvaði að hann væri til sýnis á safni og að við værum að pota í hann!“

Wil glotti um leið og hann hallaði sér fram til að skoða bækurnar á hillunni fyrir aftan galdramanninn. Parna var fullt af bókum á íslensku. Wil tók eftir rúnastöfunum íslensku og líka öðrum stöfum með latnesku lettri. Augu hans beindust að einu bindi sem hafði fallið á gólfið, sem var þakið heyi.

Hann tók hana upp og kíkti í hana. Hún var full af teikningum af mismunandi rúnum.

„Rúnir,“ sagði Soffía, þar sem hún gægðist yfir öxlina á honum. „Má ég sjá.“

„Eftir smá, ég ætla aðeins að skoða hana,“ sagði Wil og hélt bókinni þétt upp að sér.

„Við getum skoðað hana saman,“ sagði Soffía.

„Þú getur fengið hana eftir smá stund.“



„Hvað er að þér?“ sagði Soffía bældri röddu, munnurinn fullur af heyi.

„Ég sagði þér að þú gætir fengið bókina eftir smá stund,“ sagði Wil.

„Mig langaði bara til að sjá,“ sagði Soffía.

„Já, en þú þurftir ekki að rífa í hana,“ sagði Wil fúll.

Soffía settist upp en tár láku úr augunum vegna heyrksins. Hún reyndi að tína nokkur strá úr hárinu á sér. „Geturðu hjálpað mér að taka þetta gras af mér?“ sagði hún.

Wil svaraði ekki.

„Wil, viltu vera svo vænn að hjálpa mér að ná þessu grasi úr hárinu á mér?“ endurtók Soffía.

Wil sagði enn ekki neitt.

„Ætlarðu að hjálpa mér, eða hvað?“ spurði Soffía og var nú orðin frekar pirruð. „Halló, ertu þarna?“ Hún nuddaði augun og pírdi ... þau í átt að bjartri sólinni? Hvað í snákanafni var eiginlega að gerast?

Hún sat á stórrí heysátu nærri torfkofanum. Á þaki torfkofans var hátt, óslegið gras. Wil stóð á stórum heybing og virtist undrandi. Þau voru stödd utandyra umkringd klettóttum hæðum og fjöllum. Í fjarska heyrðu þau lömb jarma á mömmu sína og þau heyrðu einnig hnegg í hestum. Þau heyrðu einnig annað hljóð sem þau þekktu ekki. Hvellan þyt. Hljóðið kom frá fugli sem lék listir sínar fyrir ofan þau og steypiti sér í átt að jörðu. Ský glitruðu í sólinni og köld golan feykti snjókörnunum í andlit þeirra..

„Snjór!“ hrópaði Wil upp yfir sig.

„Láttu mig vita það,“ sagði Soffía sem skalf þegar önnur vindhviða feykti hári hennar. „Galdramaðurinn í kofanum gerði þetta, er það ekki?“ spurði hún.

„Það hlýtur að vera,“ sagði Wil, og togaði Soffíu á fætur.

„Yfir dyrum torfkofans voru hreindýrshorn. Þau bönkuðu á hurðina og ýttu henni svo hæversklega upp og kíktu inn. Inni í kofanum var dimmt og reykjarmökkur. Þar var lykt af kindum og harðfiski og einhverju sem ilmaði vel.“

„Sérðu einhvern?“ hvíslaði Soffía.

„Nei,“ sagði Wil. „Ég held að galdramaðurinn sé ekki hér.“

Þau opnuðu upp á gátt og voguðu sér inn í kofann. Þegar augu Soffíu vöndust myrkrinu, sá hún að það var súpa sem sauð í járnþotti á hlóðunum. Þrjár skálar og þrjár skeiðar höfðu verið lagðar á viðarborð við hlóðirnar.

„Góðan dag,“ sagði kvenmannsrödd. Röddin var mjúk og þægileg. Og þótt Soffía vissi að konan væri að tala eitthvert annað tungumál en ensku þá skildi hún hana fullkomlega.

Soffía og Wil litu við og sáu unga konu með sítt rautt hár standa fyrir aftan þau. Hún var í einföldum ullarkyrtli og síðu pilsu.

„Ég var að líta til með lömbunum,“ sagði konan. „En ég vissi að gestirnir væru væntanlegir fljótlega.“

„Vissirðu að við værum á leiðinni,“ spurði Soffía. Orðin sem hún mælti hljómuðu undarlega í munni hennar, eins og þau væru ekki hennar.

„Ég hef vitað það í marga daga,“ sagði konan og hló. Hún skildi greinilega það sem Soffía sagði.

„Hvernig vissirðu það?“ spurði Wil.

„Rúnirnar sögðu mér það, steinarnir sögðu mér það, vindurinn sagði mér það. Þrisvar sinnum.“ Hún benti þeim að setjast við borðið.

„Hver ertu og hvar erum við?“ spurði Wil.

„Þetta er kofi galdramannsins,“ sagði hún.

„En ég hélt að aðeins karlmenn væru galdramenn,“ sagði Soffía.

„Faðir minn er bóndi og rúnameistari. Hann ristir rúnir í steinana. Ég bý hérna með honum. Ég heiti Lára. Ég er þekkt sem spákona í þessum landshluta.“

Soffía hugsaði til völvunnar á Sögusýningunni og áður henni datt í hug að Lára gæti móðgast þá spurði hún: „Þurfa spákonur ekki að vera gamlar?“

„Gamlar, ungar, það skiptir ekki máli,“ svaraði Lára lágri en sterkri röddu. „Það eina sem skiptir máli er hvort við erum sjáandi. Hún jós súpu í skálarnar þrjár svo bauð hún þeim að hneigja höfuð sín á meðan hún sagði: „Blessaðir eru guðirnir fyrir að rækta þessa fæðu, blessaðar eru hendurnar sem bjuggu hana til.“

Lambakjöt og blaðmikið grænmeti í þykku soði. Þetta var einfaldur matur en bragðgóður.

„Ég vissi að þið mynduð koma,“ sagði Lára, „en ég veit ekki af hverju ég vissi það. Þeir sem koma þarfnast oft leiðsagnar. Tveir koma langt að, jafnvel frá öðrum tíma. Það er um langan veg að fara. Enginn getur farið slíka ferð án galdurs.“

Hún leit á þau með spurnarsvip.

„Við þurfum svo sannarlega hjálp,“ sagði Wil. „Vinur okkar er í fangelsi. Hann hefur verið sakaður um að stela gömlu handriti og við þurfum að finna það. Og varðandi galdrana ...“

Soffía leit aðvarandi á hann og Wil hætti snögglega.

Lára virtist ekki taka eftir hiki hans. „Töfrarnir vara ekki lengi enn,“ sagði hún. „Bráðlega mun afl tímans toga ykkur til sín. Við skulum kasta rúnunum. Það er erfiðara að kasta fyrir tvo en ekki ómögulegt. Kastið er í samræmi við hugsanir og væntingar þeirra sem viðstaddir eru. Óljóst svar fæst ef tveir hugar hugsa um mismunandi málefni. Kastið verður sterkara ef báðir hugsa á sömu nótum.“

Hún kveikti á kerti og setti það á borðið. Það ósaði reyk, loginn var svo lítill að hann var bara eins og lítill blár neisti þar til kveikurinn tók við sér. Nú blakti loginn stöðugur og varpaði birtuhring um Soffíu og Wil.

Lára tók lítinn leðurpoka ofan af arinhellunni. Hún velti pokanum í hendi sér og söng:

*Við getum ekki breytt því sem liðið er.
Aðeins búið okkur undir það sem koma skal.*

Hún leit af Wil á Soffíu. „Hvort ykkar ætlar að kasta rúninni? Rúnin sem dregin er mun ráða öllu, allt frá fortíð til framtíðar, frá gjörðum til niðurstöðu.“

Wil kinkaði kolli.


„Segðu fram hugsanir þínar.“

„Við viljum hjálpa vini okkar, herra Bertram,“ sagði Wil.

„Snúðu rúnunum í pokanum með höndinni sem þú skrifar með.“

Wil hélt á pokanum með hægri hendi og velti honum fram og aftur.

„Lokaðu nú augunum og opnaðu pokann. Láttu eina rún laðast eðlilega að fingrum þínum. Finndu hvort þetta er sú sem þú vilt draga. Settu þá rún á borðið og opnaðu augun.“



„Ng,“ sagði Lára. „Það er mjög öflug rún. Hún leiðir upphaf alls endanlega til lykta. Í henni felst von. Þótt gjörðir geti borið með sér hættu mun tímanleg aðgerð vísa leið út úr hættunni. Allt mun enda vel.“

Lára tók ng rúnina upp og lagði hana varlega aftur í ofan í pokann. „Jæja, hvort ykkar ætlar að draga rúnirnar þrjár?“

„Soffía,“ sagði Wil. „Hún á að draga núna.“

„Segðu fram huga þinn,“ sagði Lára.

Soffía hikaði og velti því fyrir sér hvort hún þyrði að segja það sem hana langaði að segja. Hún leit á Wil, svo leit hún á Láru og að lokum á pokann með rúnunum. Það er að duga eða drepast, hugsaði hún.

„Hvert er eðli Snákakeðjunnar – er hún góð eða vond?“

Wil tók andköf.

„Spurning hefur verið borin fram,“ sagði Lára. „Það er ekki hægt að taka hana aftur til baka. Þú skalt draga rúnirnar og leggja þær til hægri, í miðju og til vinstri. Fyrsta rúnin (til hægri) lýsir ástandinu eins og það er núna. Önnur rúnin (sú í miðju) segir hvað skal gera. Þriðja rúnin (sú til vinstri) segir hverjar afleiðingar gjörðanna verða. Dragðu rúnirnar, eina í einu, með augu þín lokuð og settu þær á borðið. Ekki snúa rúnunum við. Settu þær nákvæmlega eins og þær koma til handarinnar. Hvort rúnin snýr upp eða niður, er rétt eða öfug hefur áhrif á þýðinguna.“

Hjartað barðist í brjóstinu þegar Soffía, með lokuð augu, stakk höndinni ofan í litla rúnapokann og valdi þrjá af hinum köldu, mjúku steinum, einn í einu og lagði þá alla á borðið. Hún opnaði augun. Allar rúnirnar sneru niður.

„Snúðu fyrst rúninni sem er hægra megin,“ sagði Lára. Soffía sneri rúninni og Lára sagði: „Þetta er P. Þetta er rún vígslu, rún nýs upphafs, nýrrar ferðar.“

Soffía sneri rúninni í miðjunni við. „J,“ sagði Lára. „Nú er tími til að uppskera, tími til að gera varanlegar breytingar, til að aðhafast. Fordastu ekki ákvarðanir sem þarf að taka. Fordastu ekki að aðhafast.“

Soffía sneri þriðju og síðustu rúninni við. Þetta var furðulegt. Hún var auð.


„Steinn án andlits,“ sagði Lára og virtist undrandi. „En engin rún á sér stein án andlits.“

„Snákakeðjan ... er andlitslaus,“ sagði Soffía.

„Óþekkjanleg,“ sagði Lára. Hún talaði hægt. Með auða rún er eðli þessarar Snákakeðju ... framtíðin ... allt er óþekkjanlegt. Autt er upphafið, auð eru endalokin. Framtíðin getur verið óendanlega margvísleg.“ Hún tók upp auða rúnasteininn og starði á hann. „Rúnirnar geta ekki hjálpað við það sem mun gerast. Sögur ykkar eru óskrifað blað,“ bætti hún torræð við. Hún setti rúnirnar þrjár aftur varlega í pokann.

Á sömu stundu skalf kofinn á undirstöðum sínum og harðfiskurinn sem hékk í loftinu sveiflaðist til og frá.

Augu Láru galopnuðust og hún greip um höndina á Soffíu í smástund. „Ég mun nota auðu rúnina og minnst þín. Ég mun minnst þín.“



Fjóla frænka starði öskuill niður á Soffíu og Wil. „Hvað í snákanafni? Hversu oft hef ég ekki sagt ykkur,“ hvæsti hún, „að ef þið tvö hafið eyðilegt eitthvað ...“

Soffía og Wil voru þakin heyi. Ekkert heyrðist lengur til kátra lamba sem kölluðu á mömmur sínar. Og Lára var horfin. Þarna var aðeins grafkyrr fígúra gamals galdramanns sem hallaði sér yfir handritið sitt.

Ringluð togaði Soffía tvö löng grasstrá úr hárinu á sér.



Soffía og Wil grófu sig í sængurnar sínar á Hótel Galdri. Hlæjandi og flissandi fundu þau upp nýja og nýja töfra, hverja öðrum skrýtnari og skemmtilegri. Fjóla frænka hafði krafist þess að þau legðu sig eftir ævintýri dagsins þar sem þau myndu vaka svo lengi frameftir þá um kvöldið.

„Þú verður að safna þrremur þurkuðum fiskibeinum,“ skipaði Soffía með eins djúpri og hljómsterkri röddu og hún mögulega gat.

„Eða ef þú getur ekki nálgast nein fiskibein þá þarftu að taka þrjú bein úr vinstri tanni á sel,“ sagði Wil.

„Já, en selir hafa ekki fætur, hvað þá tær!“ sagði Soffía, og veinaði af hlátri.

„Uss, eða Fjóla frænka mun ...“ hótaði Wil henni.

Soffía greip fram í fyrir honum. „Þrurrjú hár úr taglinu á hesti með hvíta stjörnu á miðju enninu.“

„Ah, leyfðu mér aðeins að hugsa,“ sagði Wil. „Bútur úr þornuðum snákahami.“

„Heyrðu, hvernig ætti nokkur á Íslandi að geta útvegað bútt úr gömlu snákaskinni fyrst það eru engir snákar hér?“ krafðist Soffía að fá að vita.

„Jæja, allt í lagi, það er valfrjálst,“ sagði Wil.

„Bifu af kolli fífils,“ hélt Soffía áfram.

„En hvað ef það er vetur?“ spurði Wil.

„Þú verður bara að spara þær frá sumrinu,“ svaraði Soffía strax. „Jæja, þá það,“ sagði hún eftirgefánleg, „ef það finnast engir fíflar þá fleygirðu fjöður upp í loft. En bifa virkar best.“

„Fjöðurinn þarf að vera skjannahvít og dúnmjúk og hún verður að geta svifið með vindinum,“ bætti Wil við.

„Hvað næst?“ velti Soffía fyrir sér. „Ég veit, ég veit ... útvega einn mjúkan, kolsvartan stein.“

„Já, og það þarf líka að útvega eitt tár úr vinstra auga barns!“ sagði Wil.

„Án þess að berja það,“ bætti Soffía strax við.

„Allt í lagi, eitt gleðitár úr vinstra auga barns,“ endurtók Wil. „Ef tárið er sorgartár munu töfrarnir missa herfilega marks.“

„Síðustu töfrarnir,“ sagði Soffía. „Hræktu þrurrisvar sinnum á jörðina ...“

„Á nýtt leiði,“ sagði Wil.

„Jæja, nú er nóg komið!“ sagði Soffía. „Hvað á þessi galdur að gera?“

„Hann á að hindra það að maður geti risið upp úr gröf sinni,“ sagði Wil og geispaði.

Augu Wils urðu svo þung að hann gat varla haldið þeim opnum. Hann geispaði aftur og skreið undir sængina. „Við hefðum átt að láta Láru fá rúnasteinana hennar frú Oleander,“ sagði hann syfjaður.

„Það er of seint núna,“ muldraði Soffía undan sænginni sinni.

„Veistu hvað?“ sagði Wil. „Við náðum ekki að þakka henni.“

„Þakka hverri?“ spurði Soffía. Orð hennar urðu sífellt stopulli. „Láru?“

„Já, við höfðum ekki tíma.“

„Ég skildi eina af teikningunum mínum eftir á borðinu,“ sagði Soffía. „Núna á ég bara eina eftir.“

„Þú ert frábær,“ sagði Wil og geispaði enn og aftur. „Veistu hvað? Ég er búinn að fá nóg af óvæntum ævintýrum. Skilaboð Láru hjálpuðu alls ekki. Svo við vitum ekki hvað býr í framtíð okkar. Svo að framtíðin getur verið óendanlega margvísleg. Hvað þýðir þetta allt?“

Enginn veit hvort Soffía heyrði það sem Wil sagði – eða ekki, því lágvær hrota var eina svarið sem hann fékk.



KÆFLI XXXV FURÐUR ÍSLANDS

*FABULAE PRISCAE, FABULAE NOVAE.
DOCETE NOS CELATUM.
OCCULTUM. NEFASTUM.
SINE ARCANIS, NODIS, ARTIBUS MAGICIS,
SINE AENIGMATIBUS ET ALIIS,
SINE LUDIS, NIL EST JUCUNDUM.
FIAT MYSTERIUM!*

*Ó, GÖMLU OG ÓSÖGÐU SÖGUR,
OPINBERIÐ ÞAÐ SEM ER HULIÐ,
ÞAÐ SEM ER FALIÐ OG BANNAÐ.
ÁN LEYNDARDÓMA, FLÆKJA OG ÓTAL TÖFRA,
RÁÐGÁTA OG RÚNA, GÁTA OG ÞESS HÁTTAR.
LEYSIÐ LEYNDARDÓMANA ÚR LÆÐINGI!*

„Ég get varla bedið eftir því að vita hvert Fullkomin framleiðsla ætlar með okkur í kvöld,“ sagði Fjóla frænka. „Þetta er enginn smá dagur!“

Síðasti takkinn var lítil þríhöfða trölladúkka. Af einhverjum ástæðum virtist Fjóla frænka ekki hafa neinar áhyggjur í sambandi við þennan takka þótt þau hefðu ekki hugmynd um hvert hann myndi flytja þau. Það eina sem þau vissu var að góður kvöldverður biði þeirra ... einhvers staðar á Íslandi.

Á slaginu sjö settu Fjóla frænka, Soffía og Wil hvert sinn fingurinn á höfuð dúkkunnar. Fjóla frænka valdi höfuðið með lengsta nefið, Soffía setti fingurinn á eineygða höfuðið og Wil setti sinn fingur á höfuðið sem sást varla vegna þess að það var með svo sítt og úfið hár.

Hálsar tröllanna lengdust og höfuðin þrjú byrjuðu að snúast og mynda fléttu. Wil fann hvernig fætur hans lyftust frá jörðu þar til líkami hans var samsíða gólfinu. Hann, Fjóla frænka og Soffía snerust hraðar og hraðar, eins og hreyflar á flugvél, þangað til allt varð svo óskýrt að Wil lokaði augunum. Það hægði á snúningnum og þau höfðu aftur fast land undir fótum.

„Þessi ferð var helst til hressileg,“ sagði Fjóla frænka dálítið móð. „Hvernig er hárið á mér?“

„Það er fínt,“ sagði Wil, þótt hárhnúturinn á Fjólu frænku væri áberandi skakkur.

Þau höfðu lent fyrir utan vörugeymslu þar sem inngangurinn líktist helli. Grímur stóð við hellinn og hann skælbrosti. „Frábært, frábært. Nú vantar okkur bara þrjár manneskjur og þá erum við öll komin! Ég myndi nú segja að við séum að komast upp á lag með að nota takkann fyrir ferðalög.“ Hann veifaði til Fjólu frænku, Wil og Soffíu.

„Velkomin í Draugasetrið á Stokkseyri,“ sagði Grímur. „Safn þar sem við kynnumst draugum, álfum, tröllum og íslenska huldufólkinu.“

„Álfarnir birtast yfirleitt ekki mönnum, en við lítum á þá sem óvenjulega gott fólk, sem býr á milli himins og jarðar. Svikulir álfar reyna þó stundum að gabba og tæla menn með því að bjóða þeim girnilega matarbita eða gyllt þrjál. Þú veist yfirleitt ekki hvort þú hefur hitt álfa nema þú lítir á nefið á þeim.“ Grímur beindi nefi sínu upp á við þar til allir gátu séð nasirnar og lítil svört hár sem stóðu út úr þeim. Hann benti á miðnesið. „Þið sjáið að við mannfólkið erum með tvær nasir og dæld frá nefi að efri vörinni. Álfar eru ekki með þessa dæld og þeir eru aðeins með eina nös.“

Wil, sem hafði aldrei áður spáð í því sem var fyrir neðan nefið á honum, velti því fyrir sér hvernig það væri að vera bara með eina stóra nös. Væri lyktarskynið eins? Sér til

ánægju tók hann eftir því að Soffía var að nudda á sér nefið og Fjóla frænka var að þurrka nefið á sér með vasaklútnum sínum.

„Í sambandi við tröllin,“ sagði Grímur, „þá er það almenn vitneskja að þau eru gráðugar og ógedslegar verur sem eiga að halda sig neðanjarðar. Ef sólin skín á þau verða þau að steini. Þess vegna er svona margar og skrýtnar steinamyndanir að finna um allt Ísland. Ég ætla samt að segja ykkur sögu um mjög frægt tröll. Þessi hryllilega skessa heitir Grýla. Hún er sögð vera með fimmtán hala, fleiri en eitt höfuð á herðum sínum, horn, skegg og augu sem líkjast logandi glæðum. Íslenskar frásagnir frá miðöldum eru fullar af sögum um ósedjandi löngun hennar í kjöt af ungum börnum. Varið ykkur, því Grýla getur heyrt langar leiðir í óþægum börnum. Hún kemur niður úr fjöllum í leit að þeim. Hún er snögg að grípa þau, treður þeim í pokann sinn og fer með þau heim í hellinn sinn. Hún étur börnin, brjóst, sinar, fitu og allt.“



Allir klöppuðu fyrir lýsingu Gríms á Grýlu, allir nema (augljóslega) Wil og Soffía. Persónulega fannst Wil Grímur allt of nákvæmur í lýsingu sinni á Grýlu og löstum hennar.

Grímur bætti við: „Sem betur fer gáfu dönsk yfirvöld (sem þá réðu yfir Íslandi) út opinbera tilskipun árið 1746 þar sem fólki var bannað að segja sögur af Grýlu til að hræða börn. Sögurnar lifa samt góðu lífi enn þann dag í dag.“

Grímur glotti til Wil og Soffíu eftir að hann hafði lokið máli sínu. Hann var nú sjálfur dálítið líkur púka, með oddmjó eyru, stórt nef og undirhöku. Wil hafði ekki tekið eftir þessu áður. Þótt Wil vissi alveg að þetta væru bara sögur sem voru til þess ætlaðar að hræða börn í gamla daga þá risu hárin á höfði hans.



Þegar hópurinn hélt af stað áleiðis inn í safnið tók það Wil smástund að venjast myrkrinu inni. Hópurinn gekk í gegnum dimm steingöng sem voru aðeins lýst með litlum flöktandi ljósum. Vatnsniður og draugaleg tónlist seiddu gestina áfram. Göngin opnuðust inn í stóran helli þar sem foss féll ofan í glitrandi tjörn. Ljósleiftur og hann sá tvær verur sitja við ríkmannlegt borð sem á voru silfurbikarar og kertastjakar. Spegill var fyrir aftan þær. Þær voru klæddar eins og álfar í fallegum flauelsfötum og með silfurkórónur.

Á næsta augnabliki varð alveg dimmt í hellinum. Klingjandi hlátur heyrðist og hávær hörpusláttur. Það hljómaði eins og álfarnir væru að dansa en það sást ekki neitt. Hann hafði rétt séð glimta í álfana.

Soffía og Wil stoppuðu til að lesa hvað stóð á veggplattanum: Huldufólkið ákveður sjálft hvenær og hvar það birtist mönnum eða hvort það birtist yfirhöfuð.

„Þú verður að vera snöggur, ef þú ætlar þér að sjá álf,“ sagði Soffía.

„Tókstu eftir nefunum á þeim?“ spurði Wil vongóður.

„Nei,“ sagði Soffía og nuddaði nefið á sér eins og hana klæjaði skyndilega í það.

Soffía og Wil náðu Fjólu frænku um leið og þau gengu í gegnum stóran helli og inn í dimman, dularfullan álagaskóg sem var upplýstur með bláum ljósum.

„Wil, húðin á þér er blá,“ muldraði Soffía.

„Þín líka,“ muldraði Wil. „Þetta ljós er svo skrítið. Minnir mig á Púslhöllina.“

„Ég vona að það sé allt í lagi með herra Bertram,“ sagði Soffía.

„Ég líka,“ sagði Wil.

Þeim krossbrá þegar þau heyrðu hátt öskur aðeins framar. Það kom í ljós að eitthvað óhuggulegt hafði teygst sig eftir Moira Castaneda úr klettasprungu. Wil og Soffía hröðuðu sér í gegnum álagaskóginn.

„Aldrei hélt ég að ég myndi segja þetta,“ hvíslaði Wil, „en, veistu hvað, ég held að ég sé búinn að fá nóg af ævintýrum.“

„Ég er sammála,“ sagði Soffía. „Mig langar bara í kvöldmat.“

Göngin lágu að enn einum helli. Þessi var klæddur gærum að innan. Háværar hrotur mættu þeim. Á stórri steinhellu lá fígúra sem átti að vera risastórt tröll. Hann var steinsofandi og ofan á honum voru að minnsta kosti tuttugu gætur. Fætur hans voru stórir og óhreinir og hendur hans hvíldu á risastórum maganum. Ískrandi af ánægju yfir hrotunum sem fylltu hellinn tók hver gesturinn á fætur öðrum sér stöðu við hliðina á sofandi tröllinu og lét taka af sér mynd.

Wil fann gómsætan steikarilm berast um hellinn og hvíslaði að Soffíu: „Finnurðu þetta?“

„Klárlega,“ hvíslaði hún til baka. „Kvöldverður, hér komum við!“

Veislunni sem þeim hafði verið lofað var vissulega rétt handan við hornið. Við þeim blasti stórkostleg sjón. Á langborðum voru viðarskálar fullar af indælli kássu, hangikjöt, pönnukökur, flatbrauð og annað íslenskt góðgæti.

Hávær kliður hnífapara brast á þegar allir tóku hraustlega til matar síns. Soffía var að skófla í sig kássunni þegar hún hætti skyndilega að borða og fór að leita í vösunum sínum.

„Hvað er að?“ mumlaði Wil, því hann var nýbúinn að taka stóran bita af flatbrauði með þykku smjöri.

„Uss,“ sagði Soffía og leit í kringum sig í hellinum. „Rúnir frú Oleander,“ hvíslaði hún. Það væri tilvalið að skilja þær eftir hér í hellinum. Við getum falið þær undir einhverjum steininum.“

„Æ, gleymdu þeim,“ sagði Wil.

„Við verðum að setja þær einhvers staðar í kvöld,“ sagði Soffía, „því við förum heim á morgun og þá verður það orðið of seint.“


Wil kyngdi flatbrauðinu og sleikti smjörið af fingrunum. „Af hverju spyrjum við ekki bara rúnirnar?“ hvíslaði hann. „Kannski segja þær okkur hvort þær vilji láta skilja sig eftir hérna.“

„Það er góð hugmynd,“ sagði Soffía. Með hægri hendi hélt hún rauða flauelspokanum undir borðinu. „Rúnir, eigum við að skilja ykkur eftir hér í hellinum?“ spurði hún.

Hún lokaði augunum og velti pokanum í hendinni, rétt eins og Lára hafði sýnt þeim. Hún tók eina rúnina úr pokanum.



Soffía opnaði augun og leit á rúnina. „N,“ sagði hún, og hnykklaði brýrnar. „Er það ekki rúnin fyrir varn ...“



KAFLI XXXVI TRÖLLAHELLIR

*FORTE, SORTE, CONJECTURA, FORTUNA,
DEO VOLANTE, TOTA SUNT MALA.*

AF TILVILJUN, AF KJÁNASKAP, AF ÁGISKUN, JA HÉRNA
HEPPNI EÐA HITT ÞÓ HELDUR, ÁSTANDIÐ ER EKKI GOTT.

Soffía og Wil urðu minni og minni en allt í einu áttaði Soffía sig á því að það voru ekki þau sem voru að verða minni og minni. Hellirinn var að stækka. Henni var flökurt og lokaði augunum til að róa sig.

Pegar hún þorði loks að opna augun, komst hún að því að þau voru enn stödd í helli. En þessi hellir var stærri en risastór. Logandi blys voru fest á veggina og köstuðu löngum, dimmum skuggum á þá. Andrúmsloftið var kalt og rakt og það var myglulykt þarna inni. Á þykku steinborði voru margir risastórir diskar sem á voru kartöflur í öllum stærðum og gerðum. Einnig voru þarna matarplattar en á þeim voru hnallþórir og skreyttar smákökur. Gríðarstór skál var barmafull af sykri.

Pegar augu hennar vöndust myrkrinu gerði Soffía sér grein fyrir því, sér til mikillar skelfingar, að þau voru ekki ein.

Prettán risastór, heljarmikil og tröllaukin skrímsli sátu á hækjum sér í kringum borðið. Húðin á þeim var hrjúf eins og hraun með djúpum skorum og örur. Hvert skrímsli

var með tvö logandi augu, annað appelsínugult og hitt grænt. Langir halar þeirra lágu á gólfinu. Bara stærðin á skrímslunum gerði hana dauðhrædda.

Hinar leyniferðir Soffíu og Wil höfðu ekki verið upp á líf og dauða, ef frá er kannski talin heimsókn þeirra í ritstofuna. En jafnvel sú ferð komst ekki í hálfkvisti við þessa.

Tungur skrímslanna voru risastórar og þaktar hnúðum og þau gnístu ógeðslegum tönnunum saman. Hvað sem það var sem þau voru að svolgra í sig þá hlýtur það að hafa verið grjóthart því hávaðinn sem myndaðist við það að mylja matinn og kyngja honum var ærandi.

Viti sínu fjær af hræðslu hikstaði Soffía lágt.

Skrímslin gátu alls ekki hafa heyrt svo lágt hljóð.

En þau gerðu það.

Öll þrettán sneru þau höfðum sínum á sama augnablikinu og störfu á Soffíu og Wil. Það var dauðapögn í hellinum, fyrir utan vatn sem draup niður úr hellisloftinu.

Það er erfitt að segja hvort það voru skrímslin eða Wil og Soffía sem voru meira undrandi.

Soffía og Wil þrýstu hendur hvor annars. Þau fetuðu sig örhægt og varlega aftur á bak þar til þau stóðu þétt upp við kaldan og rakan hellisvegginn. Þau þorðu varla að anda.

Það var eitt að láta taka af sér mynd við hliðina á ánægðu sofandi gervitrölli. Það var allt annað að lenda allt í einu í návígi við, já, hvað þetta nú eiginlega var. Hjarta Soffíu bardist ógurlega. Hún fann Wil skjálfa við hliðina á sér eða kannski var það hún sjálf sem skalf.

Ein af hryllilegu verunum rétti úr sér upp í sína raunverulegu hæð. Skrímslið gnæfði yfir þeim, höfuð þess snerti næstum hellisloftið. Um hálsinn á því var stórt hálsmen úr litríkum steinum. Í stað tveggja auga hafði það þrjú. Þriðja augað, stingandi blátt, starði úr miðju enninu. Augun þrjú beindust öll þrjú að rauða flauelspokanum í hendi Soffíu.

Og skrímslið hallaði höfðinu aftur og öskraði svo hátt að bæði Soffía og Wil féllu á hellisgólfið. Skrímslið stökk yfir borðið og lenti við hliðina á þeim. Það beygði sig niður og tók þau upp, hvort í sína bólugröfnu höndina. Gleraugu Soffíu duttu á gólfið. Veran horfði forvitin á þau, eins og þau væru skrýtin dýr sem það hafði aldrei áður sér.

Skrímslið hallaði aftur höfðinu og öskraði.

„S-S-S-S-M-M-M-M-Á,“ hellirinn bergmálaði, Á ... Á ... Á ...

Skrímshin börðu í steinborðið og öskruðu: „SMÁ, SMÁ, SMÁ, SMÁ!“

Soffíu og Wil, með lappirnar hangandi, var fleygt óvirðulega ofan í steinpott sem var á miðju borðinu. Wil og Soffía héldu krampataki hvort í annað á botni pottsins og reyndu að láta lítið fyrir sér fara.

„Allt er svo óskýrt,“ sagði Soffía. „He-heldurðu að þau ætli að borða okkur?“

Þau gægðust upp yfir brúnina á pottinum. Skrímslin voru að rökræða eitthvað reiðilega.

„Kannski ætla þau að nota okkur í kássu,“ sagði Wil og tennurnar skulfu.

„Við verðum að vera snögg að láta okkur detta eitthvað í hug,“ sagði Soffía, og beygði sig aftur ofan í pottinn.

„Já, við höfum engu að tapa,“ sagði Wil, reis upp og kallaði: „Heyrið þið?“

Skrímshin sneru sér við og litu á hann.

„Wil, hvað ertu að gera?“ veinaði Soffía.

„Hvað heldurðu að ég sé að gera?“ svaraði Wil. Hann gnísti tönnum. „Ég er að reyna að ná athygli þeirra.“ Hann dró svörtu medalíuna fram undan skyrtunni sinni. Ótrúlega, og eins og samkvæmt skipun, leiftraði medalían. Skrímslið hrukku við og huldu augu sín gegn leiftrandi birtunni.

„Frábært!“ hrópaði Wil.

Um leið og ljós medalíunnar dofnaði tóku skrímslin hendurnar frá andlitinu. Augu þeirra skutu gneistum en þau nálgudust ekki pottinn.

Og svo gerðist það skrytnasta af öllu skrytnu. Þríeygða skrímslið steig fram. Það tók Soffíu og Wil mjög varlega upp úr pottinum og setti þau á borðið, tók gleraugu Soffíu upp af gólfinu og lét hana fá þau. „Við viljum ekki meiða ykkur, smáu mannverur,“ sagði það hrjúfri röddu. Það talaði hægt eins og það væri að tala tungumál sem það hefði ekki talað í mörg hundruð ár. „Verndari medalíunnar er meistari fornrar fjölkynngi. Við uppgötvuðum það síðast.“

„Síðast?“ stamaði Wil. „Hafið þið séð þessa medalíu áður?“

„Sú sem kom hingað á undan ykkur ... hún kunni sinn svartagaldur. Oddi sýndu þeim.“

Eitt af skrímslunum sem hafði setið við borðið stóð treglega á fætur og sýndi Wil og Soffíu halann sinn, eða réttara sagt, þar sem halinn átti að vera. Þar var bara lítill stubbur.

Annað skrímsli tók utan um halalaus skrímslið þegar það settist niður, svona eins og til að hughreysta það.

„Fyrir fimm hundruð árum síðan kom síðast smá manneskja, þá heimsótti okkur síðast vera úr mannheimum. Hún var hærri en þið. Hárið hennar svo hvítt. Hún var líka með svona svartan hring.“ Þríeygða skrímslið hikaði um stund. „Við biðjum að heilsa henni.“

Hjarta Soffíu tók auka slag. Kona með hvítt hár. Fyrir fimm hundruð árum. Hún sá Ölbu O fyrir sér í gömlu ritstofunni.

Af einhverjum ástæðum steig þríeygða skrímslið í átt frá Wil og Soffíu eins og það vildi aðskilja sig frá þeim.

„En hún hlýtur að vera dain ef þetta gerðist fyrir mörg hundruð árum síðan!“ sagði Wil.

„Æ, já,“ sagði skrímslið. Það andvarpaði feginslega og glotti. „Við gleymum því alltaf hvað þið smáu manneskjur lifið stutt –“

Svarta medalían leiftraði skyndilega aftur svo öll skrímslin hörfuðu undan ljósinu og muldruðu reiðilega. Þau voru greinilega taugaóstyrk gagnvart medalíunni. Þau virtust ekki vilja abbast upp á hana líkt og þau vissu um verndandi mátt hennar. Og ef svo væri væru Soffía og Wil örugg.

„Hét hún Alba O?“ spurði Soffía. „Hét hún Alba O, konan sem kom til ykkar fyrir fimm hundruð árum?“

Skrímslin svöruðu ekki því ljós medalíunnar blindaði þau enn, en það var augljóst að þau höfðu heyrt nafnið áður því nokkur þeirra brostu.

Wil minnkaði ljósið frá medalíunni með því að halda hönd sinni yfir því.

„Alba O er lifandi, við ... við sáum hana,“ sagði Wil.

„Mörg leyndarmál smá,“ sagði þríeygða trölilið stuttort. Rödd þess náði um allan hellinn. „Hver dirfast að sækja tröllahellinn heim?“

„Ég heiti So ... Soffía,“ stamaði Soffía og velti því fyrir sér hvort þetta væri allt bara martröð. „Og ég kem fr ... frá Miðgarði. Frá stað sem er langt í burtu, Kanada,“ bætti hún við eins og það að vera frá fjarlægum landi myndi vernda hana á einhvern hátt.

„Og ég heiti Wil,“ sagði Wil. „Ég bý líka í Miðgarði í Kanada.“

„Velkomin smáu Soffía og Wil. Velkomin inn í iður jarðar,“ sagði skrímslið. „Velkomin í Tröllahelli í Ríki tröllanna.“

„Trölla?“ endurtók Wil svo skrækri röddu að Soffía kannaðist varla við hana.

„En þið lítið ekki út eins og tröll,“ missti Soffía út úr sér og henni til mikillar furðu var rödd hennar alveg jafn skræk og rödd Wils.

„Ekki tröll!“ sagði tröllið með vanþóknun um leið og han leit á hin tröllin. Þau yggldu sig öll og hlógu ógurlega. Hellirinn skalf af hávaða.

Þríeygða tröllið benti á sjálft sig og sagði: „Þrobnir.“ Hann benti á tröllið sem stóð næst honum, hægra megin. Það var með hálsmen með litríkum steinum. „Ugla, með mánaaugun,“ sagði tröllið.

Það passaði fannst Soffíu. Augu Uglu voru stór, björt og skínandi, á meðan Blíður, við hlið hennar, var grettinn á svip. Fjórða tröllið var með hryllilega ógnvekjandi langar og beittar tennur sem höfðu gulnað með aldrinum. Það hét Draugur. Soffía velti því fyrir sér hvort tröllið hét Draugur af því að það væri ekki eins dökkt og hin tröllin, en Þrobnir útilokaði það þegar hann sagði: „Draugur varð dauðhræddur af óvarkárum smáum.“

Þegar Draugur leit í átt til hennar, tók hjarta Soffíu aukaslag af skelfingu.

Ógn, sem sat við hliðina á Draug, og var með ógnarstór horn, var lýst svo af Þrobnir: „Veldur ógn og skelfingu í öllum bæjum.“

Augu Draugs virtust leiftra af reiði þegar Þrobnir sagði þetta. Og þegar Draugur brosti mundi Soffía skyndilega eftir því sem Peerslie gægir hafði sagt um tröll: „Vanþóknunarbros og bros vanþóknunar, en hlátur er alls staðar hlátur.“ Hún mundi að hún hafði velt því fyrir sér hvað Peerslie ætti við. Það hlaut að vera þetta. Tröllin brostu þegar þau voru reið og voru með vanþóknunarsvip þegar þau voru glöð. Hún var að velta því fyrir sér hvort Draugur og Ógn væru í keppni um hvort þeirra gæti hrætt fleiri mannverur.

Plága, veiðikonan, ákvað bestu veiðisvæðin. Soffía spurði ekki hvað tröllin veiddu því hún var hrædd um að henni myndi mislíka svarið. Þjófur var frægastur allra þjófa. Flissa virtist vera miklu yngri heldur en hin tröllin. Steingerð húð hennar var ekki eins hrukkótt og skorin og vanþóknunarbros hennar var glaðlegra en hinna tröllanna. Gubbi var með risastór eyru og langt nef.

Þegar Þrobnir var búinn að kynna öll tröllin þrettán með nafni, voru komin fleiri nöfn en Soffía gat munað í einu.

„Steinar og berg,“ sagði Þrobnir og munnur hans var grettur í vanþóknunarbrosi að hætti trölla. „Samkvæmt smáum eru tröll eins og risar, hræðileg og ljót, með gula húð og ístru, stór nef, hár eins og gaddavír, eitt, tvö, þrjú eða fleiri höfuð. Smá halda að tröll séu lítil eins og dvergar eða púkar. Lítil lukkuþröll.“

Þrobnir benti á litla steinhillu sem Soffía hafði ekki tekið eftir. Á henni var fullt af litlum trölladúkkum og Soffía sá þar á meðal litla tröllið með hjálminn og sverðið sem þau höfðu séð fyrir utan eina ferðamannabúðina.

Nokkur tröllanna glottu djöfullega í átt að litlu trölladúkkunum og urruðu. Svo hvæstu þau svo hátt að steinarnir í munninum á þeim spýttust yfir allt gólfið.

Soffía stamaði: „Nei, það er bara ... þið eruð ekki ... ég á við þið líkist alls ekki dúkkunum, alls ekki.“

Við þetta svar fóru tröllin að skellihlæja. Háum, dimmum hlátri.

„Fyrir fimm hundruð árum síðan kom ein af ykkur smáu,“ sagði Þrobnir. „Ferðamenn langt að. Af hverju komið þið?“

„Áttu við að þið ætlið ekki að éta okkur?“ tísti Soffía.

Soffía virtist segja eitthvað ofsalega fyndið því tröllin öskruðu af hlátri. Eitt tröllanna hló svo mikið að það grét. „Amber og agat, tröll ... tröll bíta smá?“ frussaði það út úr sér. „Það er ... það er ekkert kristalshröng í beinum smárna,“ sagði Þrobnir. „Aðeins steinar og klettar duga. Orð smárna hvíla of létt á tungunni, eins og þegar fjöður kitlar hálsinn. Þegar tröll tala grefur það djúpt inn að miðju jarðar.“

„Smá halda að tröll séu hrottar,“ sagði Ugla og hristi höfuðið. „Smá láta okkur í friði. Því ógurlegri og blóðþyrstari sem við virðumst því fjær halda hin smáu sig. Þökk sé steinum Purpuraprýðinnar.“

Viss um að þetta væri allt gabb og að tröllin ætluðu samt sem áður að éta þau, hvíslaði Soffía að Wil: „Láttu þau halda áfram að tala. Ef þau tala þá geta þau ekki tuggið og ef þau geta ekki tuggið ...“

„Þá geta þau ekki kyngt okkur!“ muldraði Wil.

Soffía hugsaði í örvæntingu um hvað hún gæti næst sagt og missti út úr sér: „Verða tröll ekki að steini þegar sólin skín á þau? Við sáum stóran klett á Reðasafninu á Húsavík. Það var ungur trölladrengrur sem hafði orðið að steini.“

„Hann fannst fyrir norðan,“ sagði Wil, „fyrir sextíu eða sjötíu árum síðan. Ungur trölladrengur sem hafði orðið að steini.“

Tröllin brostu og Soffía varð hrædd.

Ugla, fitlandi við hálsmenið sitt, svaraði loksins, hægt og varkár, og vatnsstraumur rann niður hrjúfa kinn hennar. „Við tröllin fluttum okkur norðar til að leita kyrrðar og einveru. Einhver okkar urðu að steinum þegar sólin skein á okkur. Það voru þau okkar sem vorum ekki nógu lánsöm að komast í skjól fyrir dögum. Sem betur fer bregðumst við ekki öll svona illa við sólargeislunum. Þetta var sonur minn Viðar. Þetta eru fyrstu fréttirnar sem okkur hafa borist um örlög hans.“

„Þriggja frægustu trölla Íslands biðu þessi örlög,“ sagði Þrobnir og lagði stóra hönd á öxl Uglu. Þessi þrjú reyndu að kljúfa vesturhluta Íslands frá hinum hluta landsins en þegar sólin kom upp þá urðu þau að steini. Núna eru þau aðeins fuglabjörg. Þetta voru Þömb, Kleppa og Þjóðbrók. Þau eru nú steindauð og núna fréttum við að okkar ástkæri Viðar sé einnig steindauður.“

Tröllin lokuðu augunum og hneigðu völdug höfuð sín. Allir þögðu í virðingarskyni um stund.

„Þakka ykkur fyrir þessar fréttir. Við munum ná Viðari okkar aftur,“ sagði Þrobnir djúpri röddu. Hann andvarpaði en klappaði svo á höfuðið á sér. Hljóðið ómaði um hellinn og djúpri sorg tröllanna virtist linna. „En þetta er alls ekki eina sagan um okkur tröllin. Besta sagan um okkur er sagan um tröllasteinana. Smáir kalla þá rúnir.“

„Frænka okkar, hún Fjóla, keypti bók um rúnir,“ sagði Soffía. „Hún sagði okkur að Óðinn, æðsti guð í heiðnum sið, hefði uppgötvað rúnirnar.“

Aftur hölluðu tröllin höfðunum aftur og hlógu ógurlega. Hellirinn skalf af hlátrasköllum og nokkrir grjóthnullungar hrundu úr loftinu og niður á gólf en tröllin tóku ekkert eftir því.

„Þetta er saga sem þau smáu segja um rúnirnar,“ sagði Flissa. „Að æðsti guðinn, Óðinn, hafi öðlast rúnirnar eftir að hafa hangið á hvolfi í tré sem nefnt var Yggdrasill í níu daga og níu nætur.“

„Þetta er nú meiri vitleysan,“ sagði Flissa. „Hvernig ætti einhver að geta öðlast þekkingu á því að hanga á hvolfi?“

Tröllin hristu öll hausinn, eins og þau væru hneyksluð á því að einhverjum gæti dottið í hug að það að hanga á hvolfi væri góð leið til að læra.

Ugla steig fram og sló létt í öxlina á Flissu. „Hér kemur hin sanna saga,“ sagði hún. „Satt er það að hann stakk sig á sverðinu sínu hinn heimski sonur Bors og Bestlu, Óðinn. Hann hengdi sig upp á hælunum í hið helgasta af öllum helgum trjám, Yggdrasil. Óðinn leitaði vísdoms, sannleika og þekkingar en allt það myndi gera hann öflugan í hinum níu heimum tilvistarinnar. Níu langa daga, níu langar nætur hékk hann.“

„Hrafnarnir Huginn og Muninn fljúga út um heim til að leita fréttu. Þeir flugu að fótum hans þar sem þeir gátu ekki sest á axlir hans og hvísluðu fréttum utan úr heimi að honum. Klær þeirra kitluðu iljar hans og hann fór að hlæja. Tréð hristist og því meir sem það hristist því meir hló Óðinn og að lokum urðu hrafnarnir hræddir. Þeir skitu á jörðina og flugu svo á braut. Hvítt dritið lenti á svörtu steinunum sem voru langt fyrir neðan, hjá rótum trésins.“

„Það vildi svo til að kvenkynströll var á ferli því það var komið fram yfir sólsetur. Hún sá hvernig hvítu sletturarnar lýstu í myrkrinu. Hún brosti tröllabrosi (munnvikin sneru niður). Óðinn sá tröllastelpuna og spurði hana hvort hún gæti hjálpað honum niður úr trénu.“

„Hún svaraði því til að hún gæti veitt honum þessa þjónustu en spurði svo hvað hann væri viljugur til að gefa tröllunum í þakklætisskyni fyrir að leysa hann úr trénu.“

„Hann svaraði því til að hann myndi gefa þeim allt það land sem tröllin vildu því það er ég sem skipa eldfjöllum að búa til nýtt land. Það voru því tröllin sem leystu Óðin og Óðinn gaf okkur landið á Norðurlandi, land sem var langt frá hinum smáu. En tröllastelpa spurði Óðin hvort hann langaði ekki til að læra að kasta rúnasteinum og þýða þá til þess að fræðast um fortíðina, nútíðina og framtíðina.“

„Augu Óðins leiftruðu við þetta boð því hann var alltaf að leita leiða til að öðlast meiri þekkingu og hann bauðst til að gefa henni stein lífsins áður en hún gæti skipt um skoðun. Tröllastelpa tók upp steinanna við rætur Yggdrasils, steinana sem voru þaktir driti og hún kenndi Óðni allt sem hún kundi um hvernig ætti að lesa rúnir. Þetta er hin sanna saga um það hvernig Óðinn uppgötvaði rúnasteinana,“ sagði Ugla.

„Þetta er allt öðruvísi saga!“ sagði Wil.

„Sagan breytist eftir því hver segir hana,“ sagði Ugla grettin á svip.

„En hvað er steinn lífsins?“ spurði Soffía.

„Lengi lifi steinninn. Hann öðlast aðeins þeir sem læra vel og lengi,“ sagði Þrobnir.

„Megum við sjá hann?“ spurði Wil spenntur. Af þögninni sem fylgdi vissi Wil að hann hefði ekki átt að spyrja þessarar spurningar.

„Steinninn er of öflugur,“ sagði Þrobnir, „aðeins fáir geta nálgast hann. Aðeins þeir sem hafa spáð mikið í eðli steina og hafa undirbúið sig. Enn færri fá hann snert og enn færri fá hann sleikt. Það fá aðeins þeir sem hafa eytt mörgum mánuðum í undirbúning. Þeir sem hafa verið að flýta sér ...“

Þegar Þrobnir lauk ekki við setninguna var ljóst að afleiðingarnar hlutu að vera alvarlegar.

„Aðeins á hundrað ára fresti. Ef hann er sleiktur einu sinni þá viðheldur það heilsu okkar,“ Þrobnir hélt áfram. Ef moli brotnar af steininum er sá moli mjög máttugur þótt hann sé ekki eins máttugur og sjálfur steinninn. Á síðustu þúsund árum hafa aðeins þrír molar brotnað af steininum.“

„Og hvar eru þeir?“ spurði Soffía.

„Aðeins fáir vita það,“ sagði Þrobnir einfaldlega.

Öll tröllin rumdu og kinkuðu kolli við þessi viturlegu orð.

„Ef þið haldið enn að við viljum éta smá ...“ Hann gaf Draug smá bendingu.

Draugur tók upp stóran disk af borðinu og lét hann fyrir framan Wil og Soffíu. Á diskinum voru ekki fallegar kökur og smákökur eins og Soffíu hafði fyrst sýnst. Á diskinum voru stórar steinflísar, fallega skornar og bónaðar, auk undursamlegra gimsteina. Soffía fékk vatn í munninn þegar hún sá alla þessa fallegu steina jafnvel þótt hún vissi að hún gæti alls ekki borðað þá.

Á miðjum diskinum var risastór steinn, hvítur með gullyrjum.

„Hvers konar steinn er þetta?“ spurði hún og benti á stóra steininn.

„Þetta er enginn venjulegur steinn,“ rumdi í Draug, „þetta er egg eldfuglsins.“

„Eldfugl,“ sögðu Wil og Soffía samtímis, mjög æst.

„Eldfuglar eru risastórir fuglar með þrjá hausa,“ sagði Þrobnir. „Það er ómögulegt að koma eldfugli á óvart. Hreiður þeirra eru risastórar steinhjúgur. Eldfuglar eru eins og álfar. Þeir ráða því sjálfir hvort og hvenær einhver sér þá. Jafnvel ég hef bara séð eldfugl þrisvar sinnum á ævi minni.“

„En við höfum séð egg eldfuglsins,“ sagði Soffía ringluð. „Hinn frægi landkönnuður, Vitellus Albumen, kom með nokkur slík til Miðgarðs þegar hann kom til baka úr ferð sinni til Íslands.“

„Þau eru bláleit og frá þeim stafar eiturgufum,“ sagði Wil.

Tröllin virtust hissa þegar Wil sagði þetta.

„Hvað sem þið eruð með þá er það ekki raunverulegt egg eldfuglsins,“ sagði Draugur ákveðinn. „Plága fann þetta góðgæti handan við tíu fjöll.“

Soffía leit á Wil og velti því fyrir sér hvort hann væri að velta því sama fyrir sér og hún. Annaðhvort hafði hinn mikli landkönnuður Vitellus Albumen ekki vitað hvernig rauverulegt eldfuglsegg lítur út eða þá að hann hafði logið að öllum.

Soffía var við það að spyrja annarrar spurningar um eldfugla þegar hún sá lítinn disk fullan af því sem virtist vera brúnt hár, mannshár. Munnurinn varð skyndilega skraufpurr. Hún benti á diskinn. „Þetta lítur út eins og mannshár,“ stamaði hún og uppgötvaði aðeins of seint að það var ásökun í röddinni.

„Smáhár,“ sagði Draugur og gretti sig.

Hjarta Soffíu missti úr slag og hún gleymdi því um stund að bros þýðir gretta og að gretta þýðir bros, en enn og aftur byrjuðu tröllin að hlæja. Og þegar Þrobnir náði loksins andanum, sagði hann: „Smá nefna þetta nornahár. Þetta eru steinkristallar sem komu upp í Kröflueldgosinu. Þetta er virkilega gott snakk. Það er erfitt að finna það en það er virkilega gómsætt. Kristallarnir bráðna í munnum á þér.“

Hláturinn hljóðnaði og Þrombur leit með öllum augunum sínum þremur á Soffíu. Andrúmsloftið í hellinum varð skyndilega kaldara. „Hvað ert þú með í hendinni, Soffía smá?“ spurði hann, djúpri, rymjandi röddu.



KAFLI XXXVII GÝGURIN

*UNA OBSERVATIO: QUAESTIONES POSSUNT AUGERE SICUT MUSCAE.
ALTERA OBSERVATIO: MOX DONA GIGNUNT DONA.
TERTIA OBSERVATIO: CERTE NARRATOR POTEST DEFINIRE
QUOMODO FABULA EVOLVAT.*

ÁLYKTUN: VANDAMÁL GETA FJÖLGÆÐ SÉR EINS OG FLUGUR,
ÖNNUR ÁLYKTUN: GJAFIR GETA AF SÉR GJAFIR,
ÞRIÐJA ÁLYKTUN: SÖGURNAR FARA SVO SANNARLEGA EFTIR ÞVÍ HVER
SEGIR ÞÆR.

Allra augu hvíldu á Soffíu og langaði hana mest til að skríða inn í rifu á veggnum og hverfa. Hana langaði aldrei aftur að sjá enn eitt tröll.

Þess í stað dró hún einn af rúnasteinunum úr pokanum og hélt honum á lofti.

„Hvar fannstu tröllasteinana?“ spurði Þrombir.

„Tröllasteinana? Ég ... við ...“ Soffíu vafðist tunga um tönn. Hún skynjaði að tröllin urðu allt í einu mjög tortryggin.

„Vinur okkar heima bað okkur um að skila þessum poka með steinum aftur til Íslands,“ sagði Wil snögg. „Hún er veik, hún er að deyja. Kannski er hún dáin nú þegar, en við lofuðum henni að við myndum skila steinunum aftur til Íslands.“

Eitt tröllanna rétti fram höndina og snerti rúnasteininn sem Soffía hélt á líkt og hann væri dýrmætur gimsteinn.

Prombir rauf þögnina fyrst: „Þessir töfra tröllasteinar voru skildir eftir nærri stóra steininum sem við nefnum Höfuð Þórs, fyrir meira en fimm tíu árum síðan. Vinur ykkar hlýtur að hafa fundið rúnirnar þar. En smáir mega ekki eiga tröllasteina, né heldur má flytja þá frá Íslandi. Margir telja að það megi aldrei, hvort sem um töfrastein er að ræða eða ekki, flytja stein frá þeim stað þar sem hann finnst. Steli maður steinunum verður sá sem geymir steinana veikur. Steinarnir þrá að komast til baka. Þeir toga í sál þess sem geymir þá. Eftir því sem árin líða verður sálin veikari og veikari. Jafn örugglega og jörðin er hrufótt vegna hrauns sem spýtt er upp úr iðrum jarðar þá er það frábært að þið hafið ferðast svona langa leið til að skila steinunum.“

Þrobnir tók við rúnasteininum af Soffíu. Hann var eins og pínulítil steinvala í hendinni á honum. Hann hélt honum uppi við eld eins kyndilsins á hellisveggnum. Rúnasteinninn stækkaði þar til hann var á stærð við Soffíu.

Þegar tröllin sáu steininn stækka þá klöppuðu þau öll. Klappið endurómaði enn um hellinn þegar Þrobnir nuddaði steininum við ilina á sér og steinninn minnkaði og varð aftur jafn stór og hann hafði verið í upphafi. Soffía lét Þrobni fá rauða flauelspokann og hann setti steininn varlega aftur í hann.

„Við munum kalla á Gýgina,“ sagði Þrobnir. „Hún mun kveða á um hvort vinkona ykkar mun lifa eða ekki.“

„Hver er Gýgurin,“ spurði Wil.

„Hún horfir og sér það sem aðrir sjá ekki,“ sagði Þrobnir. „Hvað hefur gerst og hvað mun gerast. Hún horfir í kristalla, skugga, ský, stjörnur, slóðir dýra og fiska. Hún skoðar vindinn, hún skoðar reykin, hún ræður drauma og les í lófa, bræðir vax í vatni ... en steinar eru bestir,“ sagði Þrobnir og kinkaði kolli til áherslu. „Hún mun draga steina, litla steina fyrir smá.“

„Gýgurin er elst og vitrust okkar. Hún er meira en tíu þúsund smáár.“

„Gýgurin var gömul og tekin. Húð hennar svo dökk, svo hrjúf og sprungin að það hefði verið hægt að ruglast á henni og gömlum kolamola. Grófur mosi þakti andlitið og litlir runnar uxu úr bakinu á henni. Hraðilegust voru samt skrýtin augun sem skutu

gneistum. Það var sem eldur brynni í augunum á henni. Hún staulaðist inn í hellinn og hin tröllin færðu sig svo að hún kæmist að borðinu.

Probnir talaði lengi djúpri, dynjandi röddu og með miklum handahreyfingum. Hann benti stöðugt á Soffíu og Wil. Þegar hann þagnaði benti Gýgurin Soffíu og Wil að kom og setjast á móti henni, á borðið. Hún dró risastóran leðurpoka upp úr vasa sínum, dró upp kerti og kveikti á því. Loginn var fyrst lítill og óstöðugur en óx svo og varð stöðugur. Gýgurin tók svo stóran stein upp úr leðurpokanum. Þetta var hvítur, hnöttóttur steinn og það lá svört rák yfir miðjan steininn og skipti honum í tvennt.

Þá mælti Gýgurin. Rödd hennar var djúp og kom langt neðan úr hálsinum. „Í upphafi sem og í endalokunum. Steinn hefur verið dreginn. Milli lífs og dauða blakta tveir vinir. Svört lína steinsins er línan á milli. Það er engin örugg niðurstaða, hvorki fyrir annan né hinn.“

Wil hvíslaði að Soffíu: „Herra Bertram og frú Oleander.“

Soffía kinkaði kolli alveg dofin. Milli lífs og dauða. Frú Oleander lá beinlínis fyrir dauðanum og herra Bertram var fangelsaður að eilífu í Púslhöllinni.

Gýgurin rykkti allt í einu höfðinu í átt að Wil og logandi augu hennar galopnuðust. Hún dró skjálfandi andann og sagði eitthvað undarlegri, kokmæltri röddu.

Augu allra tröllanna, öll tuttugu og sjö, beindust að Wil og tröllin brostu.

Hjarta Soffíu barðist ákaft. Hvað hafði Gýgurin sagt? Og af hverju brostu öll tröllin svona breitt? Hvað sem hún hafði sagt þá hlaut það að vera alvarlegt. Jafnvel þótt tröllin hefðu hlegið þegar hún hafði spurt hvort þau ætu menn, gat Soffía ekki gleymt sögunni um Grýlu, þeirri sem Grímur hafði sagt. Hann hafði sagt að uppáhaldsmatur Grýlu væru steikt börn, barnakássa og djúpsteikt börn. Soffía spennti vöðvana til þess að hoppa niður af borðinu og hlaupa þótt hún hefði enga hugmynd um í hvaða átt eða hvort fætur hennar myndu bera hana lengra inn í hellinn eða út í frelsið, það er að segja, ef hún kæmist yfirhöfuð svo langt. Hún fann fyrir spenntum vöðvum Wil við hliðina á sér.

Ugla sneri sér að Probnri: „Tröllasteinunum hefur nú verið skilað á sinn stað,“ sagði hún. „Það er ekki hægt að horfa fram hjá togi steinanna. Gýgurin segir okkur að við eigum að þakka smáfólkinu. Við erum þakklát.“

Probnir kinkaði kolli og Ugla rétti stórt fat af steinum að Wil og Soffíu. „Þið getið valið það sem þið viljið taka með ykkur,“ sagði hún. „Jasmín og agat steinarnir og sjaldgæfir kristallar eru oft gefnir sem gjafir.“

Gleraugu Soffíu urðu appelsínugul og græn þegar hún sá alla litskrúðugu steinana og skínandi kristallana. Hún rétti fram höndina til að taka einn steininn en dró hana svo snögg að sér aftur. „Verðum við þá ekki líka veik?“ spurði hún.

„Við tröllin gætum þessa öskubrunna lands. Þegar tröll gefur gesti stein þá yfirgefur sá steinn Ísland friðsamlega. Hann mun ekki berjast fyrir því að komast aftur til landsins sem honum er kært, til jarðaraflanna sem fæddu hann af sér. En vita skuluð þið að með því að þiggja stein, þá getið þið snúið aftur til Íslands einhvern tímann í framtíðinni því tog steinsins varir að eilífu.“

Heilluð af litadýrðinni völdu Wil og Soffía sér nokkra steina hvort. Glitrandi, hvíta, fjölubláa, röndóttá, bláa, dökkrauða, svarta, glansandi, dökkbrúna steina.

„Þið munuð taka með ykkur tvo sérstaka steina í viðbót,“ sagði Ugly. Hún rétti fram hvítan stein á stærð við hænuegg. „Þetta er óskasteinn,“ sagði hún. „Hann finnst í fjörunni, á milli flóðs og fjöru, nítjándu nótt tunglhringsins.“

Wil tók við steininum sem var mjög þungur. „Uppfyllir hann óskir manns?“ spurði hann vongóður.

Ugly aðvaraði hann: „Steinninn virkar best í fullum sólmyrkva þegar himinninn myrkvast óeðlilega að degi til. Hann kemur úr hreiðri eldfuglsins og er bæði mjög óstöðugur og óáreiðanlegur. Þegar sólin og tunglið sameina krafta sína leysa þau einnig mjög óörugga orku úr læðingi. Þegar steinninn virkar virkar hann mjög vel og ef hann virkar ekki þá muntu að minnsta kosti vita hvers þú óskar þér því ef þú veist það ekki þá geturðu ekki öðlast það. Annars muntu hnjóta um ósk þína án þess að taka eftir því rétt eins og þú dettur um stein sem verður á vegi þínum. Nú skaltu einnig taka þessa,“ sagði Ugly. Hún dró steinafesti af litla fingri sínum og rétti Soffíu. Soffía lét festina um hálsinn á sér.

„Við nefnum svarta heilaga steininn, snákastein,“ sagði Ugly. „Hann er þekktur fyrir hreinsandi og heilandi virkni sína. Takið þrjú hár af manneskjunni sem þjáist. Dragið hárin í gegnum auga steinsins. Dragið þau aftur í gegn og kastið þeim upp til himins.“

Soffía sneri sér að Wil. „Þetta er eins og steinninn sem völvan var með um hálsinn,“ hvíslaði hún. „Kannski getur hann bjargað frú Oleander.“

„Til þess að þrifa steinana þá skuluð þið dýfa þeim í saltvatn. Þið endurhlaðið þá með því að halda þeim upp í tunglsljós á fullu tungli. Það virkar best,“ sagði Þrobnir. „Og núna skulum við syngja, félagar.“

Hátt muldur fyllti hellinn og það var augljóst að tröllin voru að hvetja Gubba, tröllið með risastóru eyrun og nefið, til að syngja. Þau hvísluðu einhverju að honum en hann

hristi höfuðið. Hann virtist vera feiminn en hin tröllin hvöttu hann og ýttu honum fram.

„Gubbi er besti söngvarinn,“ sagði Þrobnir.

Wil vissi ekki við hverju hann ætti að búast. Ef tröll sungu eins og þau töluðu þá væri rödd Gubba bæði djúp og hrjúf.

Tröllin drógu stóra steina upp úr vösunum. Steinarnir voru á stærð við lítil björg. Þrobnir byrjaði að berja steinunum rólega saman og hin tröllin fylgdu í kjölfarið, eitt af öðru, þar til öll tröllin voru farin að berja saman steinum. Þrjú tröllanna byrjuðu á öðrum takti, svona eins og hjartslætti. Hávaðinn hefði átt að vera ærandi en hljóðið var einhvern veginn ómótstæðilegt. Wil fann að hann byrjaði að vagga sér í takt við tónana.

Gubbi beygði höfuð sitt um stund og fylgdi takti hinna tröllanna. Augu hans voru lokuð, munnurinn opinn. Fyrst heyrðist ekkert hljóð, eða svo hélt Wil. Svo heyrði hann vind sem þaut um hellinn og hann áttaði sig á því að þetta hljóð kom frá Gubba. Vindurinn var fyrst léttur og leikandi, síðan varð hann sterkari og bar með sér jarm lambsins eftir mömmu sinni og vængjaþyt hrafnanna. Heillandi söngurinn, sem líktist helst þýðum ómi flautu, fylgdi takti steinanna. Flaututónninn breyttist í sterkan og hrjúfan tón sekkjarpípu. Hárin risu á höfði Wil því söngurinn var svo unaðslegur. Allur líkami hans hreyfðist með söngnum og hægt og hægt var eins og tíminn stæði í stað. Ekkert skipti máli nema söngurinn. Söngurinn hægðist og að lokum var hann eins og hjartsláttur sem tók öll völd. Engar áhyggjur, enginn ótti, ekkert annað en tilfinning fyrir hinu endalaus.

Þegar söngurinn dó út hættu tröllin eitt af öðru að berja saman steinunum. Að lokum var Þrobnir einn eftir. Hann sló hægar og hægar.



Soffía fann fyrir kunnulegu togi. Hún var dregin aftur á bak. Andlit tröllanna urðu óljós. Soffía tók á öllum sínum kröftum og sótti þriðju og síðustu teikninguna sína í vasann. Hún rétti teikninguna að Uglu sem gretti sig illilega. Hellisveggirnir teygðust og togðust.



Það var eins og þau hefðu aldrei yfirgefið matarborðið, hugsaði Soffía. Enginn virtist hafa saknað þeirra. Rabarbarabaka Wil með gyllta marensinum beið enn eftir honum. Einnig hálffullu glösin með eiturgæna safanum sem kallaður var 'trölladjúsi'. Og súkkulaðikaka Soffíu, sem hún hafði tekið einn bita af, var enn á diskinum hennar. Hún glotti til Wil og tók um gaffalinn, heldur betur fegin að vera komin aftur.



Þegar kvöldverðurinn var búinn klöppuðu allir fyrir Grími og margradda bless, blessaður og góða nótt hljómaði. Ástralski sölufulltrúin tók í hendurnar á þeim og óskaði þeim góðrar ferðar. „Og ef þið eruð einhvern tímann hinum megin á hnettinum, félagar,“ sagði hún, „þá leitið þið mig uppi. Mín væri ánægjan.“

Fjóla frænka var að spjalla við Grím þegar hinir voru allir farnir. Soffía og Wil ákváðu að röltu inn í minjagripaverslunina á meðan þau biðu. Álfa- og trölladrasl og minjagripir fylltu hillurnar. Parna voru gljáandi óskasteinar sem sagt var að virkuðu. Krúsir með myndum af tröllum, þjóðbúningadúkkur, litlar styttur af norrænu goðunum og gyðjunum, þar á meðal sjálfur Óðinn, litlar útskornar kindur og lundar og hrafnar, peysur með myndum á, veski, hattar, bækur, lyklakippur og póstkort. Parna voru jafnvel glerflöskur með litlum hraunmolum 'frá Heklugosinu 26. febrúar 2000' með leiðbeiningum um að 'það ætti að halda á hraunmolanum í hendinni að minnsta kosti einu sinni í mánuði til þess að fríska upp á minningarnar frá Íslandsferðinni'. Parna var eitthvað fyrir alla sem væru að leita að minjagrip frá Íslandi hugsaði Soffía og fitlaði við galdrasteinana í vasanum.

„Veistu, ég er viss um að tröllin hafa ekki hlegið svona mikið í mörg ár,“ sagði Wil.

„Manstu þegar ég sagði: Áttu við að þú ætlir ekki að borða okkur?“ sagði Soffía skrækri röddu, „og þegar ég sagði: Þetta er eins og mannshár.“

„Og hvað með: En þú líkist ekki tröllo?“ bætti Wil við, jafnskrækri röddu.

„Veistu, ég get varla beðið eftir því að segja Beatriz og Phinneas frá því hvernig egg eldfugls líta út í raun og veru,“ sagði Soffía.

„Við höfðum greinilega rétt fyrir okkur í sambandi við Vitellus Albumen,“ sagði Wil.

„Sérstaklega eftir alla brandarana um Egg Egg!“ svaraði Soffía.

Soffía og Wil stoppuðu við nokkrar hillur með litlum trölladúkkum úr leir. Sum voru með eitt höfuð, önnur með tvö eða þrjú, öll með mikið úfið hár og hala. Parna voru tröll í fótbolta, tröllabrúðir og tröllabrúðgumar, tröll á skíðum, tröll í snjókúlum, tröll

með íslenska fánann, tröll haldandi á litlum víkingaskipum úr plasti og jafnvel tröll á hlaupabrettum með derhúfu.

Wil og Soffía horfðu á brosandi tröllin án þess að segja orð. Þau þurftu það ekki. Þau voru bæði að hugsa um Þrobni, Uglu, Flissu, Draug, Gubba og öll hin tröllin.



KAFLI XXXVIII HEILAGI STEINNINN

*SAEPE RES PEIOR FACTA EST ANTEQUAM MELIOR FIT.
RES PLUS PEIOR ERIT ANTEQUAM PEIOR EST!
SED MUNDUS SAEPE SE GERIT OCCULTE, NISI FALLOR.*

ÁSTANDIÐ VERÐUR OFT VERRA ÁÐUR EN ÞAÐ BATNAR,
OG ÁSTANDIÐ GETUR VERSNAÐ ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR VERRA!
EN OFT GERAST UNДАРLEGIR HLUTIR,
NEMA ÉG HAFI RANGT FYRIR MÉR.

Þau voru alveg laus við þrumur og eldingar, ógnvekjandi dreka og smjúgandi sæskrímsli á leiðinni heim. Að minnsta kosti tóku hvorki Soffía né Wil eftir neinu. Þau voru bæði svo þreytt eftir ævintýri Íslandsferðarinnar, að þau steinsofndu við taktfast marrið í Hrafnhildi. Jafnvel þótt þau hefðu bæði ætlað að vaka alla ferðina þá voru þau sofnuð innan nokkurra mínútna.

Wil vaknaði næsta morgun í eigin rúmi. Augnlokin voru þung. Hann mundi varla eftir ferðinni með víkingaskipinu, að hafa skjögrað í gegnum stytthliðið, rúllað inn í glæsikerruna og beint upp í rúmið sitt.

Hann geispaði og hjúfraði sig undir sængina sína. Hann var glaður yfir að vera í sínu eigin rúmi með sinn eigin kotta undir höfðinu og glaður að sjá Esme sem hringaði sig í bælinu sínu. Ísland virtist órafjarri. Hann sveif aftur inn í draumalandið og hreyfði

sig varla fyrr en bankað var létt á hurðina. Fjóla frænka kíkti inn í herbergið hans. Hann opnaði annað augað. Fjólublátt hár Fjólu frænku féll laust yfir axlir hennar. Hann muldraði: „Góðan dag, Fjóla frænka.“

„Góðan dag, vinur,“ sagði Fjóla frænka. „Ég er hrædd um að Heilbrigðisstofnunin í Miðgarði hafi haft samband. Það er í sambandi við frú Oleander. Hún hefur það miklu, miklu verr. Rue frænka þín hafði samband við vinnuna sína og sagði þeim að hún myndi ekki koma í vinnuna í dag. Við ætlum öll að fara að heimsækja hana þegar þú ert búinn að borða morgunmat.“



Hlið Heilbrigðisstofnunarinnar í Miðgarði skullu aftur með sama hljómi endalokanna og síðast þegar þau heimsóttu frú Oleander. Núna leið Soffíu aftur á móti betur. Hún horfði á orðin sem höfðu verið skorin inn í steininn fyrir ofan innganginn: ‘Heilaðu sjálfan þig’. Í þetta sinn munum við fá smá hjálp hugsaði hún og kreppti höndina utan um hálsmenið með mjúku steinunum sem hún var með í vasanum. Jafnvel það að sjá andlitin á steinunum, beittar tennurnar og langar klærnar hræddi hana ekki.

Sami sjúkraliði og síðast fylgdi þeim niður langa ganginn og í gegnum læstu dyrnar. Það brakaði í ljósbláum búningi hennar. Hún stoppaði við herbergi 111 og hikaði áður en hún sagði: „Við vitum ekkert hvort hún mun þekkja ykkur,“ sagði hún við Rue og Fjólu frænku. „Ég er ansi hrædd um að ástand hennar hafi versnað frá því að þið voruð hér síðast.“

Hún setti lófann á silfraða skjáinn við hlið dyranna og þær opnuðust.

Veran sem lá í rúminu var svo mjó að það var næstum eins og rúmið væri autt.

Sjúkraliðinn lagði höndina blíðlega á sængina. „Frú Oleander, ertu vakandi? Það eru komnir gestir, Isidorfjölskyldan, nágrannar þínir. Manstu ekki, þau komu hér áður?“

Það heyrðist smá uml undan sænginni.

„Geturðu sest aðeins upp, vina?“ spurði sjúkraliðinn og setti kodda undir höfuð frú Oleander.

Andlit frú Oleander er eins og hauskúpa, hugsaði Soffía. Við komum greinilega á síðustu stundu. Ef við hefðum komið síðar, kannski bara einum degi, hefði frú Oleander kannski verið farin, steindauð eins og tröllin sögðu.

„Guð minn góður,“ sagði Rue frænka þegar hún leit á frú Oleander og var greinlega brugðið. “Guð minn góður,“ endurtók hún.

Sjúkraliðinn ræskti sig lágt. „Við vorum að vona ..., ja, þar sem það virðast ekki vera neinir nánir ættingjar til staðar, þá vorum við að vona að þið gætuð undirritað nokkur skjöl fyrir okkur. Við munum auðvitað láta útbúa skjölin.“

Í fyrstu virtust Rue og Fjóla frænka ekki heyra það sem sjúkraliðinn sagði. Þær voru stjarfar á svip en svo sagði Rue frænka: „Já, auðvitað, auðvitað, ekkert mál.“

Það olli Soffðu vonbrigðum að sjúkraliðinn talaði um frú Oleander eins og hún væri nú þegar ..., en hún var það ekki.

Hún var lifandi. Hún var enn þá lifandi og þau voru með snákasteinana.

Fjóla og Rue frænka fylgdu sjúkraliðanum að dyrunum. „Við komum aftur eftir smástund,“ sagði sjúkraliðinn. „Ekki trufla frú Oleander.“

Ekki höfðu konurnar þrjár fyrr yfirgefið herbergið en Soffía og Wil stukku að rúminu. „Frú Oleander,“ hvíslaði Soffía. „Frú Oleander, þetta erum við, Soffía og Wil. Við erum komin aftur. Við fórum til Íslands og nú erum við komin aftur.“

Þegar minnst var á Ísland breyttist svipurinn á frú Oleander aðeins. Augu hennar voru lokuð en hún sneri höfðinu í átt að Soffíu. „Ís-land,“ hrygldi í henni.

„Og við fundum rúnasteinana og við skiluðum þeim,“ sagði Wil.

Dauft bros birtist á vörum frú Oleander.

„Við komum til baka með sérstakan stein, snákastein,“ sagði Soffía um leið og hún dró steinahálsmenið upp úr vasa sínum. „Þetta er heilandi steinn og við þurfum að klippa þrjú hár af þér.“

Frú Oleander bærði ekki á sér. Hún virtist hafa sokkið æ dýpra undir sængina eins og það, að steinunum hefði verið skilað aftur til Íslands væri allt sem nokkru máli skipti.

„Frú Oleander,“ bað Soffía. Hún leit í átt að dyrunum og átti allt eins von á að Fjóla og Rue frænka kæmu aftur á hverri stundu. „Hvað ef þær koma aftur?“ spurði hún Wil.

„Við skulum vona að þær geri það ekki,“ svaraði Wil samanbitnum vörum.

Með miklum erfiðismunum tókst þeim að lyfta höfðinu á frú Oleander og Soffía setti hálsmenið varlega utan um hálsinn á henni.

„Ég er með skærin,“ sagði Wil og tók varlega utan um hárið á frú Oleander á koddanum.

„Við þurfum aðeins þrjú hárstrá,“ sagði Soffía.

„Ég veit, ég veit,“ sagði Wil og klippti þrjú löng hár af höfði frú Oleander og lét Soffíu fá þau.

Hún pírdi augun þar sem hún þræddi hárin í gegnum auga snákasteinsins. Síðan þræddi hún þau aftur í gegn, en núna hina leiðina. Steinninn leiftraði í örskamma stund en svo varð hann aftur svartur.

Frú Oleander virtist alveg jafn deyjandi og hún hafði verið.

„Hvað ef við erum of sein?“ spurði Wil.

Nokkrum augnablikum seinna titruðu augnlokin á frú Oleander þó og örlítill bleikur roði færðist í áður öskugráar kinnar hennar.

Hrædd um að Fjóla frænka myndi koma og sjá hálsmenið utan um háls frú Oleander, sagði Soffía stressuð: „Hjálpaðu mér að lyfta höfðinu á frú Oleander svo við getum tekið hálsmenið af. Flýttu þér áður en þær koma aftur.“

„Hvað um hárin þrjú?“ spurði Wil.

„Farðu með þau út og fleygðu þeim upp í vindinn, manstu,“ sagði Soffía.

„Ég var búinn að gleyma þeim hluta,“ sagði Wil og stakk hárunum vandlega í vasann.

Soffía var rétt búin að setja hálsmenið í vasann þegar þau heyrðu raddir nálgast. „Þetta er í raun og veru virkilega sorglegt,“ og Fjóla frænka heyrðist segja: „Ég held að hún hafi ekki lifað mjög ánægjulegu lífi.“

Þau heyrðu ekki hverju Rue svaraði þótt Soffíu heyrðist hún segja eitthvað um kvalinn en kannski var það orðið galdurinn.

Dyrnar opnuðust og Rue og Fjóla frænka komu aftur inn í herbergið í fylgd með sjúkraliðanum.

„Fyrirgefið þið, elskurnar,“ sagði Fjóla frænka. „Við þurftum að skrifa undir svo marga pappíra.“

Augu frú Oleander opnuðust, dimm af ákefð og þegar hún talaði var röddin enn hás. „P-pappíra? Hvaða pappíra?“

Sjúkraliðinn flýtti sér að rúminu og beygði sig yfir frú Oleander. „Frú Oleander, þér eruð vakandi,“ hrópaði hún upp yfir sig. „Þetta er kraftaverki líkast!“

„Ekki dauð fyrr en í gröfina er komin!“ sagði Fjóla frænka.



Pegar Rue frænka, Fjóla frænka, Soffía og Wil komu út, tók Wil hárin þrjú laumulega úr vasanum og fleygði þeim upp í vindinn. Hann og Soffía horfðu á þau feykjast glansandi fram og aftur í sólskininu þar til þau hurfu upp í himininn. Soffía og Wil hlupu niður tröppurnar í átt að hliðinu og hlæjandi eltu þau hvort annað.



Soffía og Wil hjálpuðu til við að ganga frá þetta kvöld eftir að hafa borðað uppáhaldsmatinn sinn: steiktan kjúkling með soðnum hrísgrjónum og góðu salati. Það var gott að vera komin aftur heim.

En hjarta Wil tók kipp þegar Fjóla frænka sneri sér að Rue frænku og spurði: „Hvað er að fréttu af Bartholomew?“

Fjóla frænka fitlaði við gaffalinn sinn í smástund svona eins og hún væri að velta því fyrir sér hvað hún ætti að segja. Hún andvarpaði. „Þetta lítur ekki vel út.“

„Ef við gætum fundið handritið þá yrðu þeir að sleppa honum,“ sagði Wil.

„Ég er ansi hrædd um að það sé hægara sagt en gert, Wil,“ sagði Rue frænka. „Handritið gæti verið allsstaðar. Því gæti jafnvel hafa verið eytt. Við vitum ekkert um það.“

„Einhver hlýtur að hafa það,“ sagði Wil þrjóskur.

Rue frænka andvarpaði. „Bartholomew sagði mér að hann hefði ekki tekið það, að hann hefði meira að segja aldrei séð það, að það gæti hafa verið horfið um árábil. Þetta sagði hann.“

„Ef handritið er svona dýrmætt, þá hlýtur sá sem er með það að passa að það sé á mjög öruggum stað,“ sagði Wil.

„Hvernig getur gamalt handrit verið svona dýrmætt?“ spurði Soffía. „Það hljóta að vera önnur handrit sem hægt er að skoða.“

„Þetta ákveðna handrit var víst mjög sérstakt,“ sagði Rue frænka. „Það er margra alda gamalt. Bartholomew sagði mér að í því væri víst frábærlega vel gerð teikning af snáki sem hringaði sig saman.“

„Snáki sem hringar sig saman?“ sagði Soffía. Augu hennar stækkuðu og hún leit örsnöggt á Wil.

„En það myndi ekki breyta neinu þótt við fyndum handritið og gætum sannað að Bertram hefði ekki stolið því,“ sagði Rue frænka.

„Af hverju?“ spurði Wil.

Rue frænka andvarpaði. „Þeir ætla að ákæra hann fyrir landráð.“

„Hvað segirðu!“ hrópuðu Fjóla frænka, Soffía og Wil, öll í einu.

„Landráð?“ sagði Fjóla frænka. „En af hverju?“

„Þeir halda því fram að hann sé hluti af ...“ hún lækkaði röddina. „ ... hluti af Snákakeðjunni,“ hélt hún áfram reiðri röddu.

„Hvernig gat ástandið versnað svona mikið á einni viku?“ spurði Wil sorgmæddur.

„Ástandið versnar oft áður en það verður betra,“ sagði Fjóla frænka reiðilega.


„En ástandið gæti orðið verra áður en það verður verra,“ bætti Soffía við.

Jafnvel Rue frænka gat ekki annað en brosað yfir þessu. „Þetta eru allt slæmar fréttir, ég veit,“ sagði hún. „Ég vildi ekki segja ykkur þær allar í einu, sérstaklega ekki eftir frábæru ferðina ykkar til Íslands. Talandi um það ...“ Rue frænka brosti og reyndi að sýnast hress. „Nóg um allt þetta leiðinlega,“ sagði hún ákveðið, eins og hún hefði safnað öllum áhyggjunum sínum saman, lokað þær ofan í kassa og neglt fyrir. „Er ekki kominn tími til að við lesum einhver af bréfunum sem þið skrifuðuð á Íslandi?“

Kvöldið endaði á miklum hlátrasköllum þegar Rue frænka prófaði nýju sokkana sína, brjálæðislega græn- og bláröndotta með ísaumuðum bleikum rósum – og þegar hún las lýsingu Fjólu frænku á Reðasafninu. Rue frænka sneri póstkortinu við og starði á myndina af safninu. „Áttu við að þú hafir virkilega farið með Soffíu og Wil þarna inn?“ spurði hún.

„Við áttuðum okkur ekki strax á því hvers konar safn þetta var,“ sagði Fjóla frænka virðuleg þótt það væri glettni í augunum. „Allt var vandlega merkt og nöfn allra veranna á latínu og fimm til sex öðrum tungumálum. Og mörg sýnishornin voru í glerkrukkum.“

„Ímynda sér að Fullkomin framleiðsla þyrfti að bjarga ykkur þaðan!“ sagði Rue frænka og hristist af hlátri. „Ímyndið ykkur að takkinn skyldi bregðast svona hrápalega!“



KAFLI XXXIX TUNGA UFSAGRÝLUNNAR

*SAXUM DEVOLVITUR EX OSTIO SPECLUNCAE.
LIBERI INGREDIUNTUR, SAXUM CLAUDUNT, INTERDUM DECIPIUNTUR.
AH ... FABULAM NOTAM VIDERE NON PUTAS?
OMNIS AUTEM FABULA SIMUL SIMILIS ET DISSIMILIS EST.*

STEINN RÚLLAR FRÁ HELLISMUNNANUM.
BÖRNIN FARA INN Í HELLINN. STEINNINN RÚLLAR FYRIR.
BÖRNIN ERU FANGAR.
HMM, SAGAN HLJÓMAR KUNNUGLEGA, EKKI SATT?
ÞAÐ ER EITTHVAÐ LÍKT MEÐ ÖLLUM SÖGUM
EN EINNIG EITTHVAÐ ÓLÍKT.

Næsta morgun héldu Wil og Soffía að Gruffudskólanum. Þau voru með gjafir handa Peerslie, Portia og Portius frá Íslandi. Þau stoppuðu við risastóran hnullunginn fyrir framan skólann, steinn sem vísundar höfðu nuddað sér upp við í gamla daga.

Wil klifraði upp á steininn. „Hvað ætli Trobnir og Uglya og öll hin tröllin myndu segja um þennan hnullung,“ sagði hann.

„Kannski hafa þau aldrei séð svona stóran, mjúkan stein,“ sagði Soffía, og renndi hendinni eftir efri brún steinsins. Þetta var ofsalega heitur dagur. Steininn var svo heitur í brennandi sólinni að það var varla hægt að snerta hann. „Ég þori að veðja að það væri hægt að spæla egg á steininum,“ sagði hún.

Sem betur fer voru rökkvaðir steingangar Gruffudskólans kaldir og hljóðir. Of hljóðir, eins og alltaf á sumrin, þegar skólinn var í frii og engir nemendur á ferli. Peerslie gægir virtist ekki vera við og Portia og Portius sögðu að þau hefðu ekki heyrt í honum á göngunum í marga daga. Wil bjóst við að hann hefði bara komið sér fyrir einhvers staðar þar sem hann gat lesið eða verið í fýlu af því að hann gat ekki unnið neina heimavinnu.

Portia og Portius voru heilluð af teikningu Soffíu af íburðarmiklu P. „Enginn hefur nokkurn tímann fært okkur nokkuð að gjöf og það eru meira að segja tvö höfuð á Péinu,“ sagði Portia. Hún fór að gráta og þetta var allt dálítið vandræðalegt. Jafnvel Portius fékk smá ryk í augun. „Þetta er sannarlega dýrmætt rit,“ sagði hann.

„Ég hef aldrei áður teiknað neitt svona flókið,“ sagði Soffía. Hún virtist mjög ánægð með sjálfa sig.

Þegar Wil heyrði minnst á rit hrukkaði hann nefið. Hann fékk hugmynd, eiginlega hugdettu.

Ef einhver vissi hvar handritið væri falið í skólanum þá væru það Portia og Portius. Þar sem þau voru útskorin og þess vegna bæði tamin og tjóðruð af mannanna verkum fannst þeim ekki við hæfi að skipta sér af málefnum mannanna. Samt sem áður vissu þau eiginlega allt um alla.

Eina önnur manneskjan, sem vissi líklega jafn mikið, þótt hann gæti varla talist manneskja, ekki frekar en Portia og Portius, var Peerslie gægir.

„Portia, Portius,“ sagði Wil, „ef þið ætluðuð að fela eitthvað einhvers staðar hér í skólanum eða á bókasafninu, hvar mynduð þið fela það? Einhvers staðar á góðum stað svo enginn myndi finna það.“

„Ef það væri á svona góðum stað, hvernig ættum við þá að vita það?“ spurði Portia útsmegin.

Þetta verður ekki auðvelt, hugsaði Wil.

Soffía hlýtur að hafa áttað sig á hvað Wil var að reyna að gera og sagði ögrandi: „Þið hljótið að vinna meira en nokkur annar allt um skólann, bókasafnið og allt!“

„Þið hafið lifað lengur en nokkur annar,“ benti Wil á.

Bæði Portia og Portius urðu íbyggjin á svip og brostu sjálfsánægð hvort til annars.

„Það hlýtur að vera einhver staður hérna sem ekki margir vita um,“ sagði Soffía.

„Það er lítill skápur fyrir neðan tröppurnar í eldhúsinu,“ sagði Portius.

„Ó,“ sagði Portia og leit með fyrirlitningu á Portius. „Allir vita um skápinn í eldhúsinu,“ sagði hún.

„Allt í lagi, nefndu þá einhvern annan stað!“ sagði Portius.

„Hvað um hillurnar í bókasafninu, hillurnar sem eru fyrir aftan hinar hillurnar?“

„Svoleiðis hillur eru í öllum bókasöfnum,“ sagði Portius hvasst.

„Aftast í gömlu listnámsstofunni. Leitið að fölskum vegg,“ sagði Portia og var greinilega tilbúin í keppni sem hún ætlaði ekki að láta Portius vinna.

„Já, en hann hefur ekki virkað í mörg ár.“

„Einmitt,“ sagði Portia.

Þau hugsuðu bæði svo stíft að augabrúnirnar urðu að litlum köggjum. Að lokum lifnaði yfir þeim og þau hvísluðu samtímis: „Grafhvelfingin.“

„Þetta hljómar eins og eitthvað úr gamalli hryllingssögu,“ sagði Soffía.

„Hvar er grafhvelfingin?“ spurði Wil spenntur.

„Hún er í kjallara bókasafnsins,“ sagði Portius kæruleysislega. „Ég efast um að nokkur annar viti um hana, nema kannski Peerslie gægir. Ég held að kennararnir viti ekki einu sinni um hana. Að því er ég best veit hefur enginn farið inn í hana svo lengi sem skólinn hefur verið starfræktur hér.“

„Þetta er lítið herbergi með steinveggjum,“ sagði Portia. „Alveg galtómt.“

„Hvar er það?“ spurði Soffía yfir sig spennt.

„Haldið eftir göngunum í átt að bókasafninu. Þið munuð sjá gamla ufsagrýlu úr steini. Togið í tunguna á ufsagrýlunni —“

Wil og Soffía voru svo spennt að þau biðu ekki einu sinni eftir frekari upplýsingum. Þau þutu að göngunum að bókasafninu.

„Bíðið,“ kallaði Portia á eftir þeim. „Mannfólk hlustar aldrei,“ sagði hún pirruð.

„Mannlegt eðli,“ sagði Portius og hristi höfuðið. „Mannfólk er allt svo fljótfært. Hvað ætlaðirðu annars að segja, elskan?“

„Ég ætlaði bara að segja: Togið í tunguna ef þið getið,“ sagði Portia og horfði dálítið áhyggjufull á eftir Wil og Soffíu. „Ertu viss um að við hefðum átt að senda þau í svona erindisleysu, Portius?“ sagði hún.

„Þetta fer allt vel, elsku Portia,“ sagði Portius. „Þau komast ekkert þarna inn. Ég held að steinninn hafi ekki verið færður síðan hann var settur þarna fyrir.“



„Við áttum að toga í tunguna á ufsagrýlunni, er það ekki?“ sagði Wil, þar sem þau Soffía hlupu niður tröppurnar að göngunum. „Skrýtið.“

„Jeps,“ sagði Soffía. „En fyrst verðum við að finna ufsagrýluna. Ég hef aldrei séð neina slíka í göngunum. En þú?“

„Nei,“ sagði Wil.

„Hún hlýtur að vera hérna einhvers staðar,“ sagði Soffía og renndi höndunum eftir köldum steinveggjum ganganna. „Kannski hefðum við átt að spyrja þau hvar hún er. Þessi göng eru ansi löng.“

„Ég sé bara engar steinstyttur hér neins staðar,“ sagði Wil og svipaðist um í flýti eftir endilöngum göngunum.

„Bíddu,“ sagði Soffía og benti á eitthvað falið í skugganum. „Hvað er þetta í skotinu þarna?“

Wil pírdi augun inn í skotið. Það var eitthvað þar en það var of dimmt til að þau gætu séð hvað það var. „Komdu, klifraðu upp og kíktu.“

Wil fór niður á fjóra fætur og Soffía klifraði upp á bakið á honum. Hún stóð á ták og rétti upp höndina. „Já, já, það er eitthvað hérna,“ sagði hún spennt. „Og ég finn að eitthvað stendur út í loftið. Það hlýtur að vera tungan.“

„Drífðu þig að toga í hana,“ sagði Wil og stundi undan þyngd Soffíu.

„Allt í lagi,“ sagði Soffía. Hún veinaði.

„Hvað er að?“ spurði Wil. „Á, passaðu þig. Þú ert að brjóta á mér bakið.“

„Fyrirgefðu,“ sagði Soffía. „Ég reyndi að grípa í tunguna, en hún hvarf.“

„Hvað meinarðu, hvarf?“

„Hún rann aftur inn í munninn á ufsagrýlunni.“

„Þú ert að grínast,“ sagði Wil. „Reyndu aftur.“

„Ég get það ekki,“ sagði Soffía. „Tungan nær ekki lengur út úr munninum. Bíddu, bíddu, þarna er hún aftur!“

„Hvað meinarðu?“ spurði Wil sem var orðið verulega illt í hjánum.

„Tungan stendur núna aftur út úr munninum,“ sagði Soffía.

„Drífðu þig,“ sagði Wil, og kveinkaði sér aftur því það var svo erfitt að halda Soffíu stöðugri.

Soffía var alveg kyrr.

„Hvað er að gerast?“ spurði Wil. „Hvað ertu að gera?“

„Uss,“ hvíslaði Soffía. „Ég er að laumast að henni.“ Hún teygði sig svo hátt upp í átt að tungu ufsagrýlunnar að hún lyftist næstum því af bakinu á Wil. „Náði henni,“ sagði hún.

Soffía hoppaði niður af baki Wils um leið og steinarnir í veggnum vinstra megin við þau runnu í sundur og afhjúpuðu lítil göng. Wil beygði sig í hjánum og þau fóru inn í göngin. Þau lágu að stórum steini sem var að minnsta kosti jafnstór Soffíu og Wil. Steinninn, að því er virtist af sjálfu sér, rúllaði til hliðar og rumdi hátt. Klefi blasti við. Klefinn var galtómur nema ef frá var talið lítið hvítt marmaraduftker sem stóð á miðju gólfi.

„Það lítur ekki út fyrir að neinn hafi verið hérna inni í fjöldamörg ár,“ sagði Soffía. „Líttu á rykið á duftkerinu. Þetta er frábær staður til að fela eitthvað á. Portia og Portius höfðu rétt fyrir sér.“

Þau gengu inn í klefann. Ekki beinlínis það viturlegasta uppgötvaði Wil þegar það var orðið of seint því stóri steinninn rúllaði aftur á sinn stað. Það var kolniðamyrrkur.

„Auðvitað áttum við ekki að fara inn í herbergið,“ sagði Soffía. „Þetta er alltaf það sem gerist í bókum. Steinn rúllar frá, börnin fara inn, steinninn lokar leiðinni. Börnin eru fangar.“

Wil fór niður á fjóra fætur og leitaði að duftkerinu. „Hvað heldurðu að sé í kerinu?“ spurði hann.

„Petta er eins og grafhýsi,“ sagði Soffía aðeins hærri röddu en vanalega. „Heldurðu að það sé nokkuðaska einhvers í duftkerinu?“

„Nú ert þú bara óhugguleg,“ sagði Wil.

„Af hverju tekurðu ekki svörtu medalíuna fram?“ spurði Soffía og tennur hennar glömrðu, „og færð smá ljós í herbergið.“

„Það er rétt,“ sagði Wil. „Ljós.“ Hann togaði í gullkeðjuna utan um hálsinn á sér og tók medalíuna fram. Litlu gylltu tákni af snáki, býflugu, fiski og steini lýstu dauft í myrkrin.

„Láttu hana skína!“ sagði Soffía.

„Ég veit ekki hvernig maður gerir það,“ sagði Wil. „Hún gerir það yfirleitt af sjálfu sér.“

„Eins og þegar við vorum í pottinum í tröllahellinum?“ sagði Soffía. „Ég hélt að þú hefðir gert þetta viljandi.“

„Ég vildi óska þess,“ sagði Wil.

„En af hverju prófarðu ekki að nudda hana?“ stakk Soffía upp á.

„Meinarðu eins og lampa Alladíns og að töfraandi birtist og uppfylli allar óskir okkar?“ sagði Wil.

„Já, eitthvað svoleiðis, eða blásir þrisvar á hana. Gerðu bara eitthvað!“ sagði Soffía.

Wil prófaði að nudda hana en ekkert gerðist. Hann blés á hana, hann snerti litlu gylltu tákni, hvert á fætur öðru og í örvæntingu sinni reyndi hann meira að segja að kyssa medalíuna.

„Hvað ertu að gera?“ spurði Soffía. „Einbeitirðu þér nóg?“

„Já, ég einbeiti mér,“ sagði Wil. „Ég veit bara ekki hvernig ég á að ... kveikja á henni. Hún virkar ekki þannig þessi fáránlegi hlutur. Snákablóð! Af hverju að eiga eitthvað svona ef hún vinnur ekki með manni. Hann reif af sér gylltu keðjuna og fleygði svörtu medalíunni og gullhringnum á gólfið.“

Medalían lýsti svo sterku ljósi að Wil og Soffía blinduðust um stund.

„Fyrirgefðu,“ sagði Wil og skýldi augum sínum sorgmæddur.


„Við sjáum að minnsta kosti eitthvað núna,“ sagði Soffía og skýldi augunum sínum þar til Wil tók medalíuna og hringinn aftur upp af gólfinu og hélt utan um medalíuna eins og hún væri lítil lugt.

Hann leit í kringum sig í herberginu til þess að athuga hvort þar væri eitthvað sem gæti hjálpað þeim að komast út úr herberginu. Herbergið var galtómt fyrir utan duftkerið og mjóa hillu við endavegginn. Hann lýsti með medalíunni inn í horn herbergisins en þar var ekkert.

Soffía þreifaði eftir veggnum í von um að finna einhver göt eða nibbur. Hún kom að hillunni og leitaði eftir hliðum hennar. „Það er lítil sprunga hérna fyrir aftan hilluna.“ Sigríhrósandi dró hún fram upprúllað pergament.

Wil lýsti með medalíunni á pergamentið og Soffía sléttaði úr því.

Þetta var handrit. Á því voru skrátnir stafir ritaðir með máðu brúnu bleki og neðst á blaðinu var teikning af stórum snák sem hringaði sig.



„Þetta lítur út eins og handritið sem við sáum í ...“

„Heldurðu að þetta sé sama handritið?“ spurði Wil.

„Kannski,“ sagði Soffía. „Ég man að það var lítil blekklessa á einu horni handritsins og það lítur út fyrir að það sé einmitt blekklessa á nákvæmlega sama stað í þessu handriti.“

„Það var snákur í handritinu sem er horfið,“ sagði Wil æstur. „Hvað ef þetta er handritið? Handritið sem allir halda að herra Bertram hafi stolið?“

Andlit Soffíu var upplýst vegna ljóssins frá medalíunni. „Ef þetta er handritið þá getum við tekið það og látið Eldveiðarana fá það. Þá verða þeir að láta hann lausan.“

„Heldurðu virkilega að þeir sleppi honum bara svona sí svona?“ spurði Wil og smellti fingrum. „Ég er viss um að þeir upphugsa einhverja fáránlega ástæðu til að halda honum föngrum í Púslhöllinni að eilífu.“ Wil kom auga á eitthvað á gólfi klefans. Það var pappírssnifsi. „Þetta hlýtur að hafa fylgt handritinu,“ sagði hann, um leið og hann beygði sig niður til að taka það upp.

„Hvað er á blaðinu?“ spurði Soffía.

„Það eru tveir samfastir hringir,“ sagði Wil. „Hvað ætli þeir þýði?“

Hann sneri blaðinu við. Hinum megin var krotað, hallandi næstum ólæsilega daufum stöfum: ... Isabelle og Soffía og Rue og Fjóla frænka, ástarkveðja Cyril.

„Pabbi þinn hlýtur að hafa skrifað þetta,“ sagði Wil. „En af hverju er þetta hérna í hvelvingunni?“ Hann lét Soffíu fá miðann. Hún las það sem stóð aftan á honum, sneri svo blaðinu við og renndi fingrunum eftir hringjunum tveimur.

Hún sagði ekkert. Hélt aðeins pergamentinu þétt að sér.

„Þetta líta út eins og hlekkir í keðju,“ sagði Wil. Hann myndaði tvo hringi með þumal- og vísifingri og krækti þeim saman. Um leið og hann gerði það birtist glitrandi hvít mynd konu í klefanum.

Wil brá þegar hann áttaði sig á því að konan var Alba O. Hún horfði á þau og sagði nokkur orð. Hún talaði hátt og skýrt og maður gat rétt heyrt daufan erlendan hreim. „Við biðum eftir ykkur báðum, Wil og Soffía.“

„Við deyjum frekar en að ganga í Snákakeðjuna,“ veinaði Soffía.

Alba O leit bara sorgmædd á þau. Glitrandi útlínur sýnarinnar urðu óljósari eins og orð Soffíu hefðu minnkað ljós hennar.

„Svo fá ár og samt svona mikil heift, unga fólk. Við höfum þurft að lifa í leyni, líkt og eldur undir mosa, og einungis getað vonað að þekkingin, sem kostaði mannlíf að öðlast, myndi lifa áfram,“

Wil rétti medalíuna fram.

Alba O horfði friðsæl á hana.

„Er þetta það sem þú vilt?“ spurði Wil. „Af því að ef þú vilt fá hana þá geturðu svo sannarlega fengið hana. Ég er orðin hundleiður á því að burðast um með hana og vera alltaf hræddur um að einhver sé að reyna að stela henni.“

„Þú veist að það er ómögulegt. Þú átt að varðveita hana. Það eru örlög þín og skylda. Þú getur ekki skorast undan hlutverkinu þegar þú hefur tekið við því. Ef þú hafnar medalíunni þá muntu veslast upp.“

„En hvað með ömmu mína?“

„Hún lét þig fá hana og þú tókst fús við henni.“

„Hún sagði mér ekkert um hana. Hvernig átti ég að vita það?“

“Nei, hún sagði þér ekki neitt, sagði mynd Ölbu O. „Amma þín var ein af okkur. Hún vissi að hún hefði aðeins skamman tíma.“

„Var amma í Snákakeðjunni?“ spurði Wil furðu lostinn. „Það er fáránlegt. Rufus Crookshank sagði að svarta medalían verndaði alltaf þann sem varðveitti hana. Þú ert að ljúga. Amma dó í eldinum og svarta medalían gerði ekkert til að bjarga henni. Snákakeðjan drap ömmu mína.“

„Svarta medalían var þá þegar komin til þín, Wil,“ sagði konan. „Hún ákvað að bjarga lífi þínu svo þú fengir tækifæri til að hjálpa.“

Í smástund var Wil orðlaus. *Bjarga lífi þínu.* Reiðin blossaði aftur upp. „Svo þetta er skylda mín, örlög mín, gæfa mín. Þú átt við að ég er dæmdur til þessa. Þetta er í raun ógæfa mín. Það sem ég ætti í raun og veru að gera er að losa mig við þessa svörtu medalíu í eitt skipti fyrir öll. Ég hefði átt að henda henni í ána þegar ég gat það. Bjarga lífi mínu – til hvers? Og ef ég geri ekki það sem ég á að gera, dey ég. Finnst þér þetta sanngjarnt?“

Wil tók keðjuna með medalíunni og hringnum af sér og rétti í átt að konunni. „Hérna, þú skalt taka þetta.“

Örlítil brosvipra birtist á andliti konunnar. „Ég get það ekki,“ sagði hún bara. „Ef ég myndi taka medalíuna myndi hún einfaldlega verða að dufti og öll vinna okkar yrði til einskis.“

„En hvað með Soffíu?“ vældi Wil. „Ég ætla að láta hana fá medalíuna.“

Soffía varð dauðhrædd á svipinn.

„Það verður að taka við medalíunni af fúsum og frjálsum vilja,“ sagði Alba O. „Ég held að Soffía frænka þín vilji ekki taka við medalíunni. Þér hefur verið treyst fyrir medalíunni og gullhringnum,“ hélt hún áfram. Rödd hennar varð veikari og mynd hennar óljósari. Hún varð sífellt gegnsærri. „Þú getur ekki óskað þess að hlutirnir hverfi,“ sagði hún en nú var rödd hennar aðeins lágt hvísl. „Lykillinn leysir gátuna, kertið lýsir upp myrkrið, hnúturinn leysist, áttavitinn leiðir ...“

„En hvað um verkefnin sem við eigum að leysa fyrir Snákakeðjuna?“ spurði Wil. „Og það þótt þeir séu óvinir okkar? Ef við leysum öll verkefnin lætur Snákakeðjan okkur þá í friði? Og hvernig stendur á því að þú ert enn þá lifandi. Við sáum þig í gömlu ritstofunni og tröllin sögðu að þú hefðir heimsótt þau fyrir meira en fimm hundruð árum síðan. Það stenst ekki.“

„Já, ritstofan. Það var virkilega dimmur dagur. Ég er fegin að þið gátuð heimsótt tröllin,“ sagði hún. „Þú spyrd svo margra spurninga, William Wychwood. Mundu að hlutirnir eru ekki alltaf eins og þeir virðast vera. Verkefnin leiddu ykkur nær okkur. Soffía, pabbi þinn, Cyril Isidor var hugrakkur maður. Við heiðruðum minningu hans, einmitt hérna í klefanum.“

Alba O rétti fram höndina og kúla, sem sveif yfir lófa hennar, kom í ljós. Soffía og Wil stigu fram og horfðu í kúluna.

Parna birtist klefinn og eitthvað sem virtist vera lík lá á gólfinu. Hvítt lak hafði verið breytt yfir það. Umhverfis líkið stóðu sex manneskjur, allar hvítklæddar. Ein las úr gamalli bók. Hinar héldu á kertum. Og á meðan Wil og Soffía horfðu þá umluktu svartir logarnir líkið. Þess í stað stóð lítið hvítt duftker úr marmara. Myndin dofnaði.

„Hver drap hann?“ spurði Soffía.

„Snákakeðjan,“ svaraði Alba O hlutlausri röddu.

„Já, en, þú ert í Snákakeðjunni,“ sagði Soffía hvellri röddu. „Þannig að þú drapst hann,“ sagði hún.

„Það gerði ég ekki.“

„Jæja, kannski ekki þú sjálf, en Snákakeðjan drap hann og þú ert hluti af Snákakeðjunni svo þú berð ábyrgð á dauða hans,“ sagði Soffía og var farin að öskra.

Mynd Ölbu O flökti en það sást að hún var mjög sorgmædd á svip. Hún opnaði munninn eins og hún væri að fara að segja eitthvað en virtist svo skipta um skoðun. „Við tökum öll ákvarðanir,“ sagði hún. Mynd hennar varð æ óljósari.

„Bíddu, þú getur ekki bara farið,“ veinaði Wil. „Hvernig vitum við hvort við erum að gera það sem Snákakeðjan vill að við gerum?“ spurði Wil. „Hvað eru mörg verkefni í viðbót?“

Myndin lýstist um stund. „Quod nigrescens ab igne candidum fiet. Það sem eldurinn dekkir verður hvítt.“

Myndin Ölbú O varð að litlum loga. Hún myndaði V á hvolfi með fingrunum og krækti saman þumalfingri og vísifingri svo úr urðu tveir hringir – eins og á myndinni á miðanum í hönd Wils. Myndin eyddist og eftir voru aðeins nokkrir litlir neistar þar sem hún hafði verið.

Wil og Soffía störfðu á logana uns þeir eyddust. Hvorugt þeirra sagði nokkuð um stund.

„Hvað þýðir: Það sem eldurinn dekkir verður hvítt?“ spurði Wil.

Hann gretti sig. „Í hvert skipti sem við fáum að vita meira um Snákakeðjuna því minna virðumst við vita.“

„Við vitum að minnsta kosti að þú getur ekki losað þig við svörtu medalíuna,“ sagði Soffía. „En við höfum svo sem vitað það í einhvern tíma.“

„Og við vitum að hún er trú þeim sem varðveitir hana,“ sagði Wil.

„Við vitum að hún tengist einhvern veginn verkefnunum sem Snákakeðjan leggur fyrir; kannski stjórnar Snákakeðjan henni,“ sagði Soffía.

„Við vitum líka að við vitum ekki hvernig á að nota medalíuna, nema bara fyrir slysi. En hún á vísit að vera mjög öflug.“

„Góð samantekt,“ sagði Wil. „Við vitum allt þetta og samt langar mig til að losna við hana, jafnvel þótt hún lýsi okkur núna.“

„Wil,“ sagði Soffía og togaði í handlegginn á honum. „Þú deyrð ef þú gerir ekki það sem þú átt að gera. Alveg eins og Rufus Crookshank sagði.“

„Mjög gagnlegt eða hitt þó heldur,“ hvæsti Wil. „Viltu ekki bara endurtaka þetta til að vera viss um að ég skilji það örugglega?“

„Þetta er að minnsta kosti skýrt,“ sagði Soffía. „Og það var eins og hana langaði til að segja okkur meira en hún mátti. Kannski vill hún virkilega hjálpa okkur.“

„Þú gerir þér grein fyrir því að þetta varðar líf mitt,“ sagði Wil og röddin brast. „Og ég treysti alls ekki Ölbú O. Hún hlýtur að nota svarta galdur fyrst henni hefur tekist

að halda sér á lífi í margar aldir. Það er ekki hægt að treysta neinum sem tengist Snákakeðjunni.“

„Og mitt,“ sagði Soffía.

„Og mitt hvað?“ spurði Wil.

„Líf mitt. Þetta varðar líka líf mitt,“ sagði Soffía. „Hættu að vera svona sjálfelskur. Það er ekki eins og þú standir aleinn í þessu. Ég er líka hér, ekki satt? Og ég mun ekki yfirgefa þig,“ sagði hún þrjósk.

„Takk,“ sagði Wil og hljómaði vanþakklátur. „En ég hef ekki beðið um aðstoð þína. Hvað er fengið með því að við deyjum bæði. Og auk þess, hvernig getum við treyst orði af því sem hún sagði?“

„Hver er að tala um að láta lífið?“ sagði Soffía. „Ef við erum með medalíuna til varnar þá bjargast allt.“

„Nei, það verður ekki allt í lagi. Annaðhvort mun medalían drepa okkur eða Snákakeðjan. Alveg frábært.“

„O, láttu ekki svona. Það er ekki eins og líf okkar verði leiðinlegt, er það nokkuð?“ sagði Soffía hress. „Auk þess þá munu Phinneas og Beatriz hjálpa okkur.“

„Jæja, svo nú ertu að bjóða þau fram líka,“ sagði Wil reiður á svip. „Og þau eru ekki einu sinni hér til að afþakka boðið!“


„Við vitum eitt í viðbót,“ sagði Soffía. „Pabbi stóð á móti Snákakeðjunni svo það er líklegt að við eigum líka að gera það.“ Hún varð hörð á svip. „Veistu, það er skrytið,“ sagði hún. „Öll þessi ár vonaði Rue frænka að hann væri á lífi og að hann kæmi heim ... Öll kertin á hverju kvöldi og allt það og nú þetta.“ Hún benti á marmaraduftkerið. „Hvernig í ósköpunum eigum við að segja Rue og Fjólu frænku þetta?“

„Það er nú það minnsta sem við þurfum að hafa áhyggjur af,“ sagði Wil, „því ef við komumst ekki héðan út þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að flytja þeim fréttirnar. Maður hefði nú haldið að Alba O hefði að minnsta kosti getað sagt okkur hvernig við gætum komist héðan út.“

„Ég hélt að þú hefðir sagt að þú treystir henni ekki,“ sagði Soffía í stríðnistón.

„Við eigum að gera akkúrat öfugt við allt sem hún segir okkur að gera,“ sagði Wil.





KAFLI XL TVEIR HRINGIR

*FINIS UNIUS FABULAE EST PRINCIPIUM ALTERIUS.
OMNE NOVUM CAPUT SALIT ATQUE
MULCET FACIEM TUAM SUA LINGUA.
CAVE NE RELINQUAS CALCEOS TUOS.
FORTASSE ILLUD NOVUM CAPUT EOS SCINDAT.*

SÖGULOK ERU UPPHAF ANNARRAR.
HVER NÝR KAFLI STEKKUR UPP OG SLEIKIR ÞIG Í FRAMAN.
VARAÐU ÞIG Á ÞVÍ HVAR ÞÚ SKILUR SKÓNA ÞÍNA EFTIR.
NÝI KAFLINN NAGAR ÞÁ KANNSKI Í TÆTLUR.

Ljós svörtu medalíunnar varð æ daufara og dó svo alveg út. Loftið í klefanum varð kalt og staðið. Soffía var farin að örvænta um hvort þau myndu einhvern tímann losna þaðan. Hún barði í steinveggina en uppskar bara rispur á hendur og olnboga.

„Fífl,“ sagði hún. „Við hefðum átt að spyrja hana hvernig við kæmumst héðan út.“

„Hún hefði örugglega bara komið með einhverjar hálfkveðnar vísur eins og: Leitið lykilsins af auðmykt.“

Soffía gat ekki annað en flissað.

„Það er að vísu eitt sem við gætum prófað,“ sagði Wil.

„Hvað er það?“ spurði Soffía.

„Peerslie gægir,“ sagði Wil. „Við gætum kallað hann til okkar.“

„Eina vandamálið er,“ sagði Soffía, „að maður finnur hann yfirleitt ekki þegar maður ætlar að finna hann og þegar maður vill vera laus við hann þá birtist hann.“

„Hann gæti sótt hjálp,“ hélt Wil áfram, eins og hann hefði ekki heyrt það sem Soffía sagði.

„Jæja þá,“ sagði Soffía. „Hvernig eigum við að kalla hann á okkar fund?“

„Yfirleitt ... með því að hrópa,“ sagði Wil eins og Soffía hefði spurt fáránlegrar spurningar. „Peerslie! Ertu þarna einhvers staðar?“

Þögn.

„Láttu ekki svona, Soffía,“ sagði Wil. „Þú gætir nú hjálpað aðeins.“

Soffía setti stút á varirnar og hugsaði með sér að Peerslie myndi aldrei heyra í þeim. Síðan hrópaði hún: „Peerslie, þetta erum við ... Soffía og Wil. Við erum föst í herbergi í göngunum. S-O-S!“

„Vel gert,“ sagði Wil.

„Hvað eruð þið að gera hér,“ sagði einhver.

„Peerslie, af hverju varstu svona lengi!“ hrópaði Soffía.

„Ég sat bara í uppáhaldsstólnum mínum á bókasafninu á þriðju hæð,“ sagði Peerslie, „og ég var að lesa alveg ofsalega spennandi kafla í bókinni um draugana í Kastalakletti í Skotlandi. Heyrðu, þú gætir nú verið aðeins þakklátari. Í raun, þá heyrði ég ekki í ykkur. Ég fann bara að eitthvað væri að. Portia var líka orðin ansi áhyggjufull af því að þið voruð ekki komin til baka.“

„Ja, við erum virkilega fegin að þú ert kominn,“ sagði Wil. „Heyrðu, hvernig komumst við út?“

„Notið lykilinn,“ sagði Peerslie.

„Hvaða lykil?“ spurði Soffía.

„Sérðu hann ekki?“ spurði Peerslie.

„Sé ekki hvað?“ spurði Wil.

„Ó, ég gleymdi því að þið getið ekki séð mig. Í sannleika sagt þá get ég heldur ekki séð sjálfan mig.“

„Ég vissi ekki að þú gætir ekki séð þig,“ sagði Soffía.

„Þetta eru trúnaðarupplýsingar,“ sagði Peerslie, og flissaði. „Auðvitað, ég, ég sjálfur og ég sé okkur!“

„Peerslie, það er að verða dálítið þröngt hérna,“ sagði Soffía.

„Fyrirgefðu,“ sagði Peerslie. „Þú virðist vera orðin dálítið óþolinmóð – algjörlega skiljanlegt miðað við aðstæður. Búðu til tvo hringa með þumalfingri og vísifingri –,“

„Og tengdu þá saman, ekki satt?“ sagði Wil.

„Mjög gott,“ sagði Peerslie. „Voðalega eruð þið snögg að ná þessu.“

Á sömu sekúndu rúllaði steinninn til hliðar og Wil og Soffía stigu út í ferskt andrúmsloft ganganna. Soffía hafði aldrei verið jafn fegin að sjá heitt og flöktandi ljós kyndlanna á gangavegnum.

Soffía sneri sér að Wil. „Jæja,“ sagði hún fagmannlega, „við virðumst vera með týnda handritið svo nú getum við farið til Eldveiðaranna.“ Hún sneri sér við og gekk nokkur skref. „Komdu Wil, drífum okkur.“

„Það er ekki séns að þeir trúi okkur,“ sagði Wil þar sem hann hallaði sér upp að veggnum. „Hvað eigum við svo sem að gera? Eigum við bara að segja: Hei, sjáið þið hvað við fundum! Týnda handritið ykkar. Já, við fundum það undir steini. Núna getið þið sleppt herra Bertram, er það ekki?“ Wil krosslagði hendurnar og virtist vera að mana Soffíu til að mótmæla honum. „Ég fer ekki fet. Ef Snákakeðjan á þetta handrit og ef það er í raun og veru svona dýrmætt af hverju vorum við látin finna það svo við gætum farið með það til Eldveiðaranna. Af hverju tók Alba O það ekki?“

„Ja, það getur varla verið svo þýðingarmikið fyrir Snákakeðjuna,“ sagði Soffía. „Kannski gerðu þeir afrit og þurfa ekki upprunalega handritið í raun og veru. Eða hvað ef herra Bertram er hluti af Snákakeðjunni og eina leiðin til að ná honum aftur er að afhenda handritið,“ bunaði hún út úr sér. „Æ, ég veit það ekki.“

Wil greip um handlegginn á Soffíu. „Hvað sagðirðu?“

„Hvað meinarðu,“ spurði Soffía og hörfaði þegar hún sá hvað Wil var æstur.

„Þetta sem þú sagðir um herra Bertram og Snákakeðjuna,“ sagði Wil.

„Að hann sé kannski í Snákakeðjunni,“ endurtók Soffía ofurhægt og gerði sér fyrst núna grein fyrir því sem hún hafði sagt.

Wil var á svipinn eins og einhver hefði sparkað í sköflunginn á honum. „Ég trú-ú-i því ekki að þú hafir sa-agt þetta,“ stamaði hann.

„Ég trúi því ekki sjálf,“ sagði Soffía. „En hvað ef hann er það,“ þrjóskaðist hún við. „Því meir sem þú pælir í því því betur gengur það upp. Hvað ef Snákakeðjan sendi herra Bertram til að hafa auga með þér og ömmu þinni? Og síðan þegar Snákakeðjann var tilbúin til að fórna honum, til að ..., til að ...“

„Einmitt,“ sagði Wil. „Við vitum ekki af hverju. Hvað græða þeir á því. Og hvers vegna ættu Eldveiðararnir að sleppa herra Bertram bara af því að við fundum ansans handritið? Þeir segja örugglega að herra Bertram hafi sjálfur falið það. Hann er enn sá sem allir halda að sé sekur.“

„Þá verðum við að fá Peerslie gægi til að ...“ sagði Soffía.

„... til að?“ vildi Wil fá að vita. „Segja þeim hvar við fundum það? Og hver heldurðu að trúi draug, sérstaklega ósýnilegum draug, sem er alltaf að skipta sér af því sem honum kemur ekki við? Hann er ekki beint áreiðanlegt vitni.“

„Heyrðu, ég stend hérna við hliðina á þér,“ sagði Peerslie og virtist hafa sárnað.

Wil og Soffíu krossbrá þegar þau heyrðu rödd Peerslie því þau voru bæði búin að steingleyma að hann væri enn hjá þeim.

„Þið þurfið ekki að tala um mig eins og ég sé ekki hérna beint við hliðina á ykkur,“ sagði Peerslie. „Og hvort ég er áreiðanlegur eða ekki...“

Soffía sneri sér beint að Peerslie, eða að minnsta kosti í áttina að staðnum sem rödd hans virtist koma frá. „Þú veist allt sem fer fram hér,“ sagði hún.

„Já, það geri ég svo sannarlega,“ sagði Peerslie þurrlega.

„Og þú veist örugglega meira en bæði Portia og Portius af því að þú getur flotið ... Ég á við þú getur farið um allt og í gegnum allt.“

„Já, bæði satt og rétt,“ viðurkenndi Peerslie.

„Hvað er í dufthylkinu,“ sagði Soffía skyndilega skipandi röddu.

„Dufthylkinu?“ spurði Peerslie, og rödd hans varð aðeins skrækari.

„Dufthylkinu, sem er á gólfinu þarna í klefanum,“ sagði Soffía og benti í átt að hylkinu.

Peerslie þagði.

„Peerslie,“ sagði Soffía.

Peerslie tók andköf eins og hann væri að kafna. „Ég má ekki ...“

„Peerslie, er í lagi með þig?“

„Ja -á,“ sagði Peerslie kæfðri röddu.

„Peerslie, þú veist að Cyril Isidor var pabbi minn,“ sagði Soffía lágri röddu. „Snákakeðjan drap hann, er það ekki? Snákakeðjan drap pabba minn og það er askan af honum sem er í dufthylkinu. Og þeir gætu alveg eins hafa drepið mömmu mína líka og Oswald Persimmons. Og snákar viti hvern annan!“

Korrandi andardráttur heyrðist yfir höfðum þeirra og síðan andvarp ... kaldur andvari fór um göngin svo Soffía fékk gæsa húð.

„Peerslie?“ kallaði Soffía. „Hvað gengur á?“

Peerslie hóstaði og ræskti sig. „Þegar ég kom aftur, þá var pabbi þinn ... þá var hann ...“

„Dáinn,“ sagði Soffía bara.

„Nei, hann var meðal lifandi,“ sagði Peerslie gægir varlega, „en ég gat lítið gert þótt ég hefði viljað.“

Dálítill efi fór um huga Soffíu. Það var eitthvað sem ekki passaði í því sem Peerslie sagði.

„Það er ekki satt,“ sagði hún. „Ég held að raunverulega ástæðan hafi verið að þú varst hræddur. Þú varst hræddur við Snákakeðjuna og hvað hún myndi gera við þig.“

„Peir geta ekkert gert við mig,“ sagði Peerslie.

„Peir hljóta að hafa gert þér eitthvað,“ sagði Soffía og fylgdi innsæi sínu. „Peir hljóta að hafa gert það. Enginn getur meitt draug. Þú ert nú þegar dauður. Þú dóst fyrir löngu.“ Orð Soffíu hljómuðu harðneskjulega þar sem hún var að reyna að átta sig á staðreyndunum.

Peerslie þagði og þögnin sagði miklu meira en mótmæli hans.

Með þögninni vissi Soffía hvað hafði gerst. „Peerslie, þú sagðir þótt þú hefðir viljað. Peir hljóta að hafa lagt einhvers konar bölvun á þig, svo þú gætir aldrei sagt frá, jafnvel

þótt þig langaði til þess. Einhver annar varð að komast að sannleikanum og segja þér hann.“ Sagði Soffía. „Jafnvel þótt við vitum ekki alveg hvar þú ert,“ bætti hún við.

„Þetta var ekki þér að kenna, Peerslie,“ sagði Wil. „Það var ekki þér að kenna að Oswald Persimmons dó. Og það var ekki þér að kenna að pabbi Soffíu dó. Og það er heldur ekki þér að kenna að herra Bertram er í fangelsi.“

„Og bölvunin hefur ekki lengur vald yfir þér,“ sagði Soffía.

Ekkasog heyrðust, svo þögn. Soffía og Wil stöðu hvort á annað í flóktandi ljósi kyndlanna.

„Peerslie, þetta var ekki þér að kenna,“ sagði Wil. „Heyrirðu í okkur?“

„Ef ég hefði ekki verið dauður draugur, ef ég hefði verið á lífi ...“

„Nei, Peerslie, það hefði ekki skipt máli,“ sagði Wil. „Snákakeðjan hefði hlegið að þér. Þeir hefðu kramið þig eins og litla pöddu undir fótum sér. Þú gast ekkert gert.“

„Og ef einhver fór að spyrjast fyrir um Snákakeðjuna,“ sagði Soffía, „þurftir þú, samkvæmt bölvuninni, að hylja slóð þeirra. Það var ekki Rufus Crookshank sem reif allar blaðsíðurnar úr bókunum, allar blaðsíðurnar sem höfðu eitthvað að geyma um Snákakeðjuna, það varst þú, Peerslie, var það ekki?“

„Ég vildi ekki gera það,“ snökti Peerslie. „Ég elska bækur. Það er hræðilegt að rífa blaðsíður úr bókum. Hljóðið sem heyrir þegar pappírinn rifnar ... það gengur frá þér. Ég ... ég gat ekki stöðvað mig. Álögin voru of öflug,“ vældi hann. „Það eina sem ég hafði tíma til að gera, var að fela handritið sem þeir voru að leita að í þessum klefa, áður en ... áður en þeir ...“

„Hvað gerðu þeir, Peerslie?“ spurði Soffía. „Segðu okkur það. Þú getur sagt okkur það núna. Álögin hafa verið rofin.“

„Þetta var hræðilegt,“ sagði Peerslie. „Einn þeirra hélt á körfu og þeir tóku snák upp úr körfunni. Þeir lyf ... lyftu snáknum hátt á loft og hann iðaði í höndunum á þeim. Þetta var eittraður snákur, einn af þeim hættulegustu. Cyril neitaði að segja þeim hvar handritið væri en ég vissi hvar það var. Ég hafði fylgst með honum þarna seint um kvöldið. Hann var að reyna að þýða það. Hann og Oswald Persimmons höfðu verið að vinna við það saman. En Snákakeðjan drap Oswald af því að hann vildi ekki segja þeim hvar handritið væri. Þá sneru þeir sér að pabba þínum og reyndu að fá hann til liðs við sig. Hann var sá eini sem vissi hvernig ætti að þýða handritið. Hann var lykillinn að þeirri vitneskju sem handritið geymdi. Fyrst voru þeir vingjarnlegir og buðu honum gull og græna skóga. Hann neitaði. Þá klínðu þeir morðinu á Oswald á hann. Þeir sögðu honum að hann myndi aldrei hitta fjölskyldu sína aftur nema hann

fengist til að aðstoða þá. Hann neitaði enn. Og nóttina sem hann ...“ Peerslie gægir hikaði, hann hryllti við að rifja upp atburði næturinnar.

„Þessa nótt,“ sagði Soffía og átti erfitt með andardrátt því Peerslie var sá síðasti sem hafði séð pabba hennar á lífi. „Þú verður að segja okkur hvað gerðist, Peerslie,“ sagði hún skjálfandi röddu.

„Þessa nótt náðu þeir honum á bókasafninu. Hann hafði komið aftur til að ná í handritið. Þeir ógnuðu honum með snáknum, þeir sögðu að þeir myndu láta snákinn bíta hann nema hann segði þeim hvar handritið væri. Aftur neitaði hann. Þeir urðu reiðir, svo ofsalega reiðir. Mig langaði til að hjálpa honum svo ég ákvað að fela handritið.“ Það tók greinilega á Peerslie að rifja þetta upp. „Það eina sem ég gat gert var að fela handritið svo þeir myndu aldrei finna það og þegar ég kom aftur til pabba þíns, heyrði einn þeirra í mér.“

„Og það var þá sem þeir lögðu álögin á þig,“ sagði Wil.

„Já,“ sagði Peerslie. „Þetta var mjög undarleg tilfinning. Þeir fleygðu ískaldri skikkju yfir mig. Hún var eins og íshella.“ Rödd Peerslie skalf. „Ég reyndi að flýja en þeir slepptu mér ekki. Ísköld hönd greip um hálsinn á mér. Ég gat ekki hreyft mig og þeir neyddu mig til að horfa á. Ég var neyddur til að horfa á þegar þeir neyddu Cyril til að segja þeim hvar handritið væri. Þeir slitu orðin út úr honum.“

Orð Peerslie höfðu gert Soffíu sorgmædda.

„Og þegar þeir höfðu fengið vitneskju um hvar handritið væri falið þá höfðu þeir ekki lengur not fyrir hann. Þeir fóru til að ná í handritið.“

„Og pabbi?“ spurði Soffía.

„Þeir skildu hann deyjandi eftir. Eitrið hafði enn ekki náð til hjartans. Hann var enn á lífi.“

„Svo þú hjálpaðir honum að komast inn í klefann,“ sagði Wil.

„Já,“ sagði Peerslie. „Hann gat aðeins skriðið og hann var orðinn blindur. Rödd mín leiðbeindi honum rétta leið.“


„Ég var hræddur um að þeir myndu snúa aftur, þegar þeim tækist ekki að finna handritið. Ég var hræddur um að þeir myndu neyða mig til að segja þeim hvar handritið væri.“

„Takk Peerslie,“ sagði Soffía.

„Fyrir hvað?“ snökkti Peerslie.

„Fyrir hjálpina.“

Við þessu var ekkert svar og allt hringnerist í höfðinu á Soffnu vegna alls sem Peerslie hafði sagt þeim. Hún gat ekki tekið við meiru. Allt hvarf úr huga hennar nema eitt. Gjöf Peerslie. Hún varð að gefa honum gjöfina sína. Þetta var ekki stór gjöf, en þetta var þó alltaf eitthvað. Það varð að þakka honum. Hann varð að fá að vita hversu þakklát þau voru honum fyrir allt sem hann hafði gert. Hún tók pergamentssnifsið upp úr vasanum og gat rétt sagt þessi orð: „Peerslie. Gjöf. Ísland.“ Orðin voru samhengislaus en þau höfðu tilætluð áhrif á Peerslie.



„Gjöf,“ sagði Peerslie, aðeins léttari í bragði. „Ég hef ekki fengið gjöf síðan ég man ekki hvenær.“

„Þetta er rún ósýnileikans,“ sagði Soffía. „Hafðu hana undir vinstri handleggnum því þá ertu ósýnilegur en getur samt séð allt sem fram fer í kringum þig. Ef þú vilt að rúnin virki vel þarftu að vefja hárlokki utan um hana einu sinni í mánuði eða lambsull.“

„Má ég nú sjá,“ sagði Peerslie. „Hún virkar! Ég get hvorki séð hendina né handlegginn á mér. Sjáið, öxlin á mér er að hverfa. Ég er í raun og veru ósýnilegur. Ég verð að segja Portiu og Portiusi þetta.“

„Peerslie, bíddu,“ sagði Wil ákafur. „Það er eitt sem ég verð að vita. Var ... er Alba O í Snákakeðjunni? Var hún þarna um kvöldið? Tók hún þátt í þessu?“

„Ég veit ekki hver Alba O er,“ sagði Peerslie. „Þetta voru aðallega karlmenn. Rufus Crookshank var þarna. Einnig Lucretia Daggar. Hinir voru í skikkjum með hettur. Ég veit ekki hver þau voru.“

„Svo Alba O gæti hafa verið þarna?“ spurði Soffía.

„Ég heyrði enga aðra kvenmannsrödd,“ sagði Peerslie. „Bara rödd Lucretiu Daggar.“

„Það er skrýtið,“ sagði Wil.



Soffía dró sængina undan Cadmus sem virtist halda að hann ætti einn allt rúmið. Hún varð að viðurkenna að það hafði hljómað vel þegar hún sagði þrjóskulega við Wil: „Ég mun ekki yfirgefa þig.“ Mjög sannfærandi.

En sannleikurinn var sá að Soffía var alls ekkert viss um að allt yrði í himnalagi. Rufus Crookshank hafði rænt þeim Wil og reynt að drepa þau. Snákakeðjan hafði reynt að ná yfirráðum í Höll Purpuraprýðinnar og það hafði orðið mikill öryggisbrestur í kristalskúlum Fullkominnar framleiðslu. Snákakeðjan hafði myrt svo marga, meðal annarra ömmu Wils, Hazel Wychwood og hennar eigin pabba, Cyril Isidor. Snákakeðjan varð æ öflugri. Hvernig gátu þau Wil barist gegn henni.

Jafnvel þótt svarta medalían verndaði þann sem varðveitti hana og líklega einnig Soffíu lá samt ekki hollusta hennar hjá Snákakeðjunni? Þegar öllu var á botninn hvolft voru það þá ekki þeir sem höfðu búið medalíuna til í upphafi. Og ef Snákakeðjan var að reyna að ná Wil og endurheimta hina stolnu eign, þ.e. svörtu medalíuna, þá var ekkert víst að þessi saga myndi hljóta farsælan endi.

Soffíu langaði svo að sagan myndi enda vel, því hver vill lesa sögu sem endar illa.



Eftirmáli

Tveimur vikum eftir að þau sneru aftur heim úr Íslandsferðinni fékk Fjóla frænka gljáandi bækling með upplýsingum um nýju vörulínuna sem framleidd var á Íslandi. Í henni voru meðal annars guðdómlegar fjaðrir og kjúkubox úr svínaþvagblöðru sem áttu að segja fyrir um og spá eins og hugur manns. Wil og Soffía voru að reyna að tala Fjólu frænku ofan af því að panta þessar vörur því þær væru allt of dýrar (tíu dollarar fyrir eina guðdómlega fjöður!) en það leit ekki út fyrir að þau hefðu erindi sem erfiði. Fjóla frænka gat hvorki staðist það að eyða í flotta kvöldverði né heldur gat hún staðist skrifstofuvörur (eins og hún kallaði þær) fyrir Spádómsbúð Fjólu frænku.

Ursula von Scrum gat á endanum talað Fjólu frænku inn á að fá lánaðan einn af ballkjólum Ursulu, íburðarmikinn bláan satínkjól, til að sitja fyrir í á málverkinu og það þótt hann væri allt, allt of lítill og allt, allt of síður. Það skipti svo sem ekki máli því Fjóla frænka átti að vera sitjandi á myndinni. Smá auka efni við fætur Fjólu frænku myndi ekki eyðileggja neitt og í sambandi við rennilásinn á bakinu. Ja, það væri þá ekki í fyrsta sinn sem ekki væri hægt að renna upp rennilás.

Þann 23. júlí birtist stutt klausa í Dagblaðinu í sambandi við ákveðinn ónefndan galla í nýjustu kristalskúlulínunni sem framleidd var af Fullkominni framleiðslu. Verið var að kalla inn kristalskúlur, sem nýlega höfðu verið framleiddar, í varúðarskyni. Verið var að hafa samband við viðskiptavinum til að tryggja fullkomna ánægju viðskiptavinarins og honum boðin endurgreiðsla eða önnur kristalskúla að eigin vali. Gallinn hafði ekki haft áhrif á eldri gerðir. Fjóla frænka las greinina af mikilli ánægju og tautaði í sífellu að hún gæti aldrei skilið við sína uppáhalds litlu kristalskúlu. Wil og Soffía voru ekkert hissa þegar kassi fullur af súkkulaði með lakkrís og karamellu birtist á dyraþrepinu hjá þeim í vikunni. Í kassanum var bréf frá forstjóra Fullkominnar framleiðslu, hvorki meira né minna, þar sem hann þakkaði þeim hollustuna og óskaði þeim gæfu og gengis í framtíðinni. Í kassanum var einnig lítill hnífur, í líki snáks, fyrir Wil og fallegur fjaðurpenni fyrir Soffíu. Bréfinu lauk á boði um að koma aftur til Íslands, hvenær sem þau vildu. Fjóla frænka og Rue frænka voru yfir sig spenntar. Wil og Soffía vissu upp á hárfur þau höfðu fengið þessar gjafir. Þau höfðu auðvitað átt sinn þátt í því að bjarga orðspori Fullkominnar framleiðslu sem sagðist framleiða fullkomnustu kristalskúlur í heimi.

Um mitt sumar sendi skólameistari Gruffuds skóla, Agassiz norn, bréf til allra nemenda við skólann þar sem þeim var tjáð að nýr listakennari, Ishbel Montagu, yrði ráðin næsta skólaár. „Við erum svo lánsöm að hafa náð í svona glæsilegan kennara. Eins og mörg ykkar vita hefur Montagu norn hlotið lof um allan heim fyrir teikningar sínar og kemur til okkar með frábær meðmæli. Við hlökkum til að fá hana í hópinn í

september. Til að komast í áfanga til hennar eru nemendur beðnir um að senda inn möppu með sýnishorni af verkum sínum og aðeins takmarkaður fjöldi nemenda kemst í áfangann.“ Daginn sem bréfið barst var Soffía svo spennt að hún gat varla haldið pennanum stöðugum í hendinni.

Fjóla frænka litaði hárið á sér íslenskubleikt og einhvern veginn tókst henni að sannfæra Rue frænku um að gera slíkt hið sama. Þegar Soffía og Wil komu niður í morgunverð einn morguninn þá höfðu frænkurnar litað hárið. Þau vissu varla hvað þau áttu að segja og frænkurnar skellihlógu þegar þær sáu svipinn á þeim. Sem betur fer entist liturinn aðeins í viku og það urðu endalok íslenskubleiks.

Herra Bertram var sleppt úr haldi og tók aftur við stöðu sinni í bókasafni Miðgarðs. Þetta gerðist allt mjög skyndilega. Það hvíldi mikil leynd yfir málinu og Peerslie gægir var víst lykilverni. Hann er nú byrjaður að fylgja herra Bertram við hvert fótmál því hann er svo glaður að hafa aftur fengið hann sem yfirbókavörð.

Og munið þið eftir steininum sem Fjóla frænka faldi einhvers staðar í húsinu þegar þau fóru í fjársjóðsleit? Nei, hann hefur enn ekki fundist.

Auk þess eiga Wil og Soffía eftir að upphugsa einhverja leið til að afla fjár því eins og Soffía orðaði það: „Rue og Fjóla frænka eru ekki beinlínis ríkar.“

Og það skrátnasta af öllu. Calvino og Cadmus eru núna bestu vinir og óaðskiljanleg. Þau elta hvort annað út um allt, bara í gríni. Og hvort sem þið trúið því eða ekki þá hefur frú Oleander nokkrum sinnum boðið Wil og Soffíu heim til sín í smákökur og mjólk.



Þakkir

Kærar þakkir fær Carol Steer fyrir áhugann og hugvitsamlega aðstoð við að þýða setningarnar í upphafi hvers kafla yfir á latínu.

Og Halldóru Tómasdóttur færi ég endalaust þakklæti mitt fyrir vináttu hennar í gegnum árin og vinnu hennar við að þýða *The Kingdom of Trolls (Ríki tröllanna)* yfir á íslensku. Megi þýðing hennar gleðja íslensk börn um allan heim.

Einnig vil ég þakka Listaráði Manitoba fyrir aðstoð við fyrstu stig rannsóknvinnunnar fyrir þessa bók.

Ég þakka Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, Rannsóknarmiðstöð Reykjavíkurakademíunnar í Svartárkoti og Garldrasafninu á Hólmavík innilega fyrir frábæra íslenska gestrisni og innblástur fyrir bókina.

Að lokum vil ég þakka Viðari Hreinssyni, Atla Ásmundssyni og Björk Bjarnadóttur.

Um höfundinn

Rae St. Clair Bridgman hefur skrifað og myndskreytt nokkrar fantasíuskáldsögur fyrir ungmenni. Meðal þeirra eru *Álög snáksins* (e. *The Serpent's Spell*), sem komst í úrslit hjá Ungmennabókaverðlaunum McNally Robinson, Raf og guðafæða (e. *Amber Ambrosia*) og Fiskurinn og svinxinn (e. *Fish & Sphinx*) sem hlaut lofsamleg ummæli hjá Speculative Literature Foundation og var tilnefnd til Cybils verðlaunanna í fantasíu- og vísindaskáldskap.

Hún er prófessor við borgarskipulagsdeild arkitektasviðs Manitoba háskóla og einn stofnenda BridgmanCollaborative Architecture en það er verðlauna arkitektafyrirtæki í Winnipeg.

Hún ólst upp á gömlum sveitabæ í Maple, Ontario, fyrir norðan Toronto og lauk B.A. prófi og bachelorgráðu í tónlist frá Torontoháskóla. Hún lauk meistaraprófi og doktorsgráðu frá Yorkháskóla.

Um þýðandann

Halldóra Tómasdóttir fæddist í Reykjavík 1967. Ung fluttist hún ásamt foreldrum sínum til Danmerkur þar sem foreldrar hennar stunduðu nám. Eftir nokkur ár í Danmerku flutti Halldóra aftur til Íslands og hlaut þar hefðbundna skólagöngu. Halldóra er með M.A. próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og B.A. próf í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla. Á fullorðinsárum hefur Halldóra búið alltaf af og til í Danmörku og kenndi við háskólann í Kiel í Þýskalandi á árunum 2003-2004. Árið 2006 flutti hún ásamt eiginmanni og þremur börnum frá Danmörku til Austur-Íslands og hefur búið þar síðan. Halldóra hitti Rae Bridgman þegar Rae dvaldi í fræðimannsíbúðinni á Skriðuklaustri sumarið 2009. Frá haustinu 2011 hefur Halldóra unnið við Menntaskólann á Egilsstöðum þar sem hún kennir dönsku og íslensku. *The Kingdom of Trolls* er fyrsta og eina skáldsagan sem Halldóra hefur þýtt.



www.raebridgman.com